AUGLÝSING

um gildistöku alþjóðapóstsamninga.

Hinn 9. júlí 1985 var svissneska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna eftirtaldra alþjóðapóstsamninga sem gerðir voru í Rio de Janeiro 26. október 1979 og undirritaðir fyrir Íslands hönd sama dag:

1. Almenn reglugerð fyrir Alþjóðapóstsambandið.
2. Lokabókun almennu reglugerðarinnar fyrir Alþjóðapóstsambandið.
3. Alþjóðapóstsamningurinn.
4. Lokabókun Alþjóðapóstsamningsins.
5. Starfsreglugerð Alþjóðapóstsamningsins.
6. Samningurinn um póstböggla.
7. Lokabókun samningsins um póstböggla.
8. Starfsreglugerð samningsins um póstböggla.
9. Samningurinn um póstávísanir og ferðapóstávísanir.
10. Starfsreglugerð samningsins um póstávísanir og ferðapóstávísanir.
11. Lokabókun samningsins um póstávísanir og ferðapóstávísanir.
12. Samningurinn um póstfærslur.
13. Starfsreglugerð samningsins um póstfærslur.
14. Samningurinn um póstkröfusendingar.
15. Starfsreglugerð samningsins um póstkröfusendingar.

Gildistaka samninganna miðaðist við 1. júlí 1981.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. október 1985.

Geir Hallgrímsson.

Ingvi S. Ingvarsson.

10. október 1985 Nr. 7

AUGLÝSING

um hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna.

Fullgildingarskjal Íslands vegna hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna var afhent á skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í New York 21. júní 1985. Samningurinn var lagður fram til undirritunar í Montego Bay 10. desember 1982 og undirritaður fyrir Íslands hönd sama dag. Samningurinn var fullgiltur samkvæmt heimild í ályktun Alþingis frá 23. maí 1985. Tilkynnt verður um gildistöku síðar.

Við afhendingu fullgildingarskjalsins var afhent yfirlýsing skv. 298. gr. samningsins.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari og yfirlýsingin sem fylgiskjal 2.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. október 1985.

Geir Hallgrímsson.

Ingvi S. Ingvarsson.

Fylgiskjal 1.

HAFRÉTTARSAMNINGUR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Ríkin, sem aðilar eru að samningi þessum,

vilja gjarna leysa öll hafréttarmál í anda gagnkvæms skilnings og samstarfs og gera sér grein fyrir sögulegri þýðingu samnings þessa sem mikilvægs framlags til varðveislu friðar, réttlætis og framfara í þágu allra þjóða heims,

gefa því gaum að atburðarásin eftir hafréttarráðstefnur Sameinuðu þjóðanna, sem haldnar voru í Genf árið 1958 og 1960, hefur aukið þörfina á nýjum og almennt viðurkenndum hafréttarsamningi,

gera sér ljóst að vandamál hafgeimsins eru náskyld og líta þarf á þau í heild,

viðurkenna gildi þess að með samningi þessum sé með tilhlýðilegu tilliti til fullveldis allra ríkja komið á réttarskipun fyrir smá sem stór höf sem muni auðvelda alþjóðlegar samgöngur og stuðla að friðsamlegum notum smárra sem stórra hafa, sanngjarnri og góðri nýtingu auðlinda þeirra, verndun lífrænna auðlinda þeirra og könnun, verndun og varðveislu hafrýmisins,

hafa í huga að það mun stuðla að því að koma á réttlátri og sanngjarnri skipan alþjóðlegra efnahagsmála, sem tekur tillit til hagsmuna og þarfa mannkynsins í heild og einkum sérstakra hagsmuna og þarfa þróunarlanda hvort sem þau eru strandríki eða landlukt ríki, ef þessum markmiðum verður náð,

vilja með samningi þessum þróa meginreglurnar sem geymdar eru í ályktun nr. 2749 (XXV) frá 17. desember 1970 þar sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna lýsti því m. a. hátíðlega yfir að botnsvæði smárra sem stórra hafa og botnlög þess utan marka innlendrar lögsögu, svo og auðlindir þeirra, væru sameiginleg arfleifð mannkynsins og skyldu rannsóknir á þeim og hagnýting þeirra fara fram til hagsbóta fyrir mannkynið í heild án tillits til landfræðilegrar legu ríkja,

álíta að sú bálkun og framþróun hafréttar, sem birtist í samningi þessum, muni stuðla að eflingu friðar, öryggis, samstarfs og vinsamlegra samskipta með öllum þjóðum í samræmi við meginreglurnar um réttlæti og jöfn réttindi, svo og auknum framförum í efnahags- og félagsmálum allra þjóða heims, samkvæmt markmiðum og meginreglum Sameinuðu þjóðanna sem greint er frá í sáttmála þeirra,

staðfesta að reglur og meginreglur almenns þjóðaréttar gilda áfram um mál sem ekki eru settar reglur um í samningi þessum,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

UNITED NATIONS CONVENTION ON THE LAW OF THE SEA

The States Parties to this Convention,

Prompted by the desire to settle, in a spirit of mutual understanding and co-operation, all issues relating to the law of the sea and aware of the historic significance of this Convention as an important contribution to the maintenance of peace, justice and progress for all peoples of the world,

Noting that developments since the United Nations Conferences on the Law of the Sea held at Geneva in 1958 and 1960 have accentuated the need for a new and generally acceptable Convention on the law of the sea,

Conscious that the problems of ocean space are closely interrelated and need to be considered as a whole,

Recognizing the desirability of establishing through this Convention, with due regard for the sovereignty of all States, a legal order for the seas and oceans which will facilitate international communication, and will promote the peaceful uses of the seas and oceans, the equitable and efficient utilization of their resources, the conservation of their living resources, and the study, protection and preservation of the marine environment,

Bearing in mind that the achievement of these goals will contribute to the realization of a just and equitable international economic order which takes into account the interests and needs of mankind as a whole and, in particular, the special interests and needs of developing countries, whether coastal or land-locked,

Desiring by this Convention to develop the principles embodied in resolution 2749 (XXV) of 17 December 1970 in which the General Assembly of the United Nations solemnly declared *inter alia* that the area of the sea-bed and ocean floor and the subsoil thereof, beyond the limits of national jurisdiction, as well as its resources, are the common heritage of mankind, the exploration and exploitation of which shall be carried out for the benefit of mankind as a whole, irrespective of the geographical location of States,

Believing that the codification and progressive development of the law of the sea achieved in this Convention will contribute to the strengthening of peace, security, co-operation and friendly relations among all nations in conformity with the principles of justice and equal rights and will promote the economic and social advancement of all peoples of the world, in accordance with the Purposes and Principles of the United Nations as set forth in the Charter,

Affirming that matters not regulated by this Convention continue to be governed by the rules and principles of general international law,

Have agreed as follows:

I. HLUTI

INNGANGUR

1. gr.
Notkun hugtaka og gildissvið

1. Í samningi þessum:

1) merkir „svæði“ botn smárra sem stórra hafa og botnlög hans utan marka innlendrar lögsögu;

2) merkir „stofnun“ Alþjóðahafsbotnsstofnunina;

3) merkir „starfsemi á svæðinu“ alla starfsemi vegna rannsókna á auðlindum svæðisins og hagnýtingar þeirra;

4) merkir „mengun hafrýmisins“ að menn setji beint eða óbeint í hafrýmið, m. a. árósa, efni eða orku þannig að það hafi eða sé líklegt til að hafa skaðvænleg áhrif, svo sem skaða lífrænar auðlindir og sjávarlíf, stofna heilsu manna í hættu, hindra starfsemi á sjó, m. a. veiðar og önnur lögmæt not hafsins, spilla vatnsgæðum sjávar með tilliti til notkunar og fækka þokkafullum svæðum;

5) a) merkir „losun“:

i) að úrgangsefnum eða öðrum efnum sé af ásetningi varpað í hafið úr skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum á hafi úti;

ii) að skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum á hafi úti sé af ásetningi sökkt í hafið;

b) nær „losun“ ekki yfir það:

i) að varpað sé í hafið úrgangsefnum eða öðrum efnum sem eru samfara eða stafa frá venjulegri starfrækslu skipa, loftfara, palla eða annarra mannvirkja á hafi úti og búnaðar þeirra, þó ekki úrgangsefnum eða öðrum efnum sem flutt eru með eða í skip, loftför, palla eða önnur mannvirki á hafi úti, starfrækt til að varpa þessum efnum í hafið, ellegar stafa frá meðferð þessara úrgangsefna eða annarra efna í þessum skipum, loftförum, pöllum eða mannvirkjum;

ii) að efnum sé komið fyrir í öðrum tilgangi en að losna eingöngu við þau enda sé þessi staðsetning ekki andstæð markmiðum samnings þessa.

2. 1) „Aðildarríki“ merkja ríki sem hafa samþykkt að vera bundin af samningi þessum og hann gildir gagnvart.

2) Samningur þessi gildir að breyttu breytanda um aðilana sem getið er í 305. gr., 1. tl. b), c), d), e) og f), og aðilar verða að samningi þessum með skilyrðunum fyrir hvern um sig, og að því leyti eiga „aðildarríki“ við um þá aðila.

PART I

INTRODUCTION

Article 1
Use of terms and scope

1. For the purposes of this Convention:

(1) "Area" means the sea-bed and ocean floor and subsoil thereof, beyond the limits of national jurisdiction;

(2) "Authority" means the International Sea-Bed Authority;

(3) "activities in the Area" means all activities of exploration for, and exploitation of, the resources of the Area;

(4) "pollution of the marine environment" means the introduction by man, directly or indirectly, of substances or energy into the marine environment, including estuaries, which results or is likely to result in such deleterious effects as harm to living resources and marine life, hazards to human health, hindrance to marine activities, including fishing and other legitimate uses of the sea, impairment of quality for use of sea water and reduction of amenities;

(5) (a) "dumping" means:

(i) any deliberate disposal of wastes or other matter from vessels, aircraft, platforms or other man-made structures at sea;

(ii) any deliberate disposal of vessels, aircraft, platforms or other man-made structures at sea;

(b) "dumping" does not include:

(i) the disposal of wastes or other matter incidental to, or derived from the normal operations of vessels, aircraft, platforms or other man-made structures at sea and their equipment, other than wastes or other matter transported by or to vessels, aircraft, platforms or other man-made structures at sea, operating for the purpose of disposal of such matter or derived from the treatment of such wastes or other matter on such vessels, aircraft, platforms or structures;

(ii) placement of matter for a purpose other than the mere disposal thereof, provided that such placement is not contrary to the aims of this Convention.

2. (1) "States Parties" means States which have consented to be bound by this Convention and for which this Convention is in force.

(2) This Convention applies *mutatis mutandis* to the entities referred to in article 305, paragraph 1(b), (c), (d), (e) and (f), which become Parties to this Convention in accordance with the conditions relevant to each, and to that extent "States Parties" refers to those entities.

II. HLUTI

LANDHELGI OG AÐLÆGT BELTI

1. KAFLI. ALMENN ÁKVÆÐI

2. gr.
Réttarstaða landhelginnar, loftrýmisins yfir landhelginni og botns og botnlaga hennar

1. Fullveldisréttur strandríkis nær utan landsvæðis og innsævis þess, og hjá eyjaklasaríki utan eyjaklasahafs þess, til aðlægs sjávarbeltis sem nefnist landhelgi.

2. Þessi fullveldisréttur nær til loftrýmisins yfir landhelginni, svo og botns og botnlaga hennar.
3. Fullveldisréttinum yfir landhelginni er beitt í samræmi við samning þennan og aðrar reglur þjóðaréttar.

2. KAFLI. MÖRK LANDHELGINNAR

3. gr.
Víðátta landhelginnar

Sérhvert ríki hefur rétt til að ákveða víðáttu landhelgi sinnar allt að mörkum sem eru ekki utar en 12 sjómílur, mælt frá grunnlínum sem ákveðnar eru samkvæmt samningi þessum.

4. gr.
Ytri mörk landhelginnar

Ytri mörk landhelginnar afmarkast af línu sem er á hverjum stað í sömu fjarlægð frá næsta stað grunnlínunnar og nemur víðáttu landhelginnar.

5. gr.
Venjuleg grunnlína

Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hin venjulega grunnlína til að mæla víðáttu landhelginnar frá stórstraumsfjöruborð strandarinnar eins og það er merkt á kort í stórum mælikvarða sem strandríkið hefur viðurkennt opinberlega.

6. gr.
Rif

Á eyjum, sem eru á kóralrifum, eða eyjum með útrifum er grunnlínan til að mæla víðáttu landhelginnar frá stórstraumsfjöruborð rifsins sjávarmegin eins og það er merkt með viðeigandi tákni á kort sem strandríkið hefur viðurkennt opinberlega.

PART II

TERRITORIAL SEA AND CONTIGUOUS ZONE

SECTION 1. GENERAL PROVISIONS

Article 2
Legal status of the territorial sea, of the air space over the territorial sea and of its bed and subsoil

1. The sovereignty of a coastal State extends, beyond its land territory and internal waters and, in the case of an archipelagic State, its archipelagic waters, to an adjacent belt of sea, described as the territorial sea.

2. This sovereignty extends to the air space over the territorial sea as well as to its bed and subsoil.

3. The sovereignty over the territorial sea is exercised subject to this Convention and to other rules of international law.

SECTION 2. LIMITS OF THE TERRITORIAL SEA

Article 3
Breadth of the territorial sea

Every State has the right to establish the breadth of its territorial sea up to a limit not exceeding 12 nautical miles, measured from baselines determined in accordance with this Convention.

Article 4
Outer limit of the territorial sea

The outer limit of the territorial sea is the line every point of which is at a distance from the nearest point of the baseline equal to the breadth of the territorial sea.

Article 5
Normal baseline

Except where otherwise provided in this Convention, the normal baseline for measuring the breadth of the territorial sea is the low-water line along the coast as marked on large-scale charts officially recognized by the coastal State.

Article 6
Reefs

In the case of islands situated on atolls or of islands having fringing reefs, the baseline for measuring the breadth of the territorial sea is the seaward low-water line of the reef, as shown by the appropriate symbol on charts officially recognized by the coastal State.

7. gr.
Beinar grunnlínur

1. Á stöðum, þar sem strandlengjan er mjög vogskorin og óregluleg, eða ef strandeyjaröð er í næsta nágrenni hennar, má nota þá aðferð að draga beinar grunnlínur milli viðeigandi staða þegar grunnlínan, sem víðátta landhelginnar er mæld frá, er dregin.

2. Þar sem strandlengjan er mjög breytileg vegna óshólma og annarra náttúrlegra aðstæðna má velja viðeigandi staði þar sem stórstraumsfjöruborðið teygir sig lengst til sjávar og skulu beinu grunnlínurnar halda gildi sínu þótt stórstraumsfjöruborðið hopi síðar uns strandríkið breytir þeim samkvæmt samningi þessum.

3. Beinar grunnlínur má ekki draga þannig að þær víki að sýnilegu leyti frá almennri stefnu strandarinnar og hafsvæðin, sem eru innan línanna, verða að vera nægilega nátengd landsvæðinu til að falla undir reglurnar um innsævi.

4. Beinar grunnlínur skal ekki draga að og frá flæðiskerjum nema vitar eða svipuð mannvirki, sem eru stöðugt ofansjávar, hafi verið byggð á þeim eða svo hátti til að mörkun grunnlína að og frá þessum skerjum hafi verið almennt viðurkennd á alþjóðavettvangi.

5. Þar sem beita má þeirri aðferð að draga beinar grunnlínur samkvæmt 1. tl. má við ákvörðun einstakra grunnlína hafa hliðsjón af efnahagslegum hagsmunum sem snerta viðkomandi svæði sérstaklega enda hafi langvarandi nýting leitt berlega í ljós að þeir séu raunverulegir og mikilvægir.

6. Ríki má ekki beita reglunum um beinar grunnlínur þannig að landhelgi annars ríkis sé aðskilin frá úthafinu eða sérefnahagslögsögu.

8. gr.
Innsævi

1. Hafsvæði, sem er landmegin við grunnlínu landhelginnar, er hluti af innsævi ríkisins nema kveðið sé á um annað í IV. hluta.

2. Þar sem ákvörðun beinnar grunnlínu með aðferðinni, sem greint er frá í 7. gr., verður til þess að afmarka innan hennar sem innsævi svæði sem voru ekki áður talin það skal réttur til friðsamlegrar ferðar samkvæmt ákvæðum samnings þessa gilda á þessu hafsvæði.

9. gr.
Árósar

Ef á rennur beint til sjávar skal grunnlínan vera bein lína yfir ós árinnar milli staða í stórstraumsfjöruborði bakka hennar.

10. gr.
Flóar

1. Þessi grein gildir aðeins um flóa með ströndum í eigu eins ríkis.

2. Í samningi þessum er flói skýrt afmarkaður vogur sem nær svo langt inn í hlutfalli við breidd mynnis hans að þar inni verður landlukt hafsvæði og meira en einföld bugða er á ströndinni. Vog skal þó ekki telja flóa nema flatarmál hans sé jafnmikið eða meira en flatarmál hálfhrings sem hefur að þvermáli línu, dregna yfir mynni þess vogs.

Article 7
Straight baselines

1. In localities where the coastline is deeply indented and cut into, or if there is a fringe of islands along the coast in its immediate vicinity, the method of straight baselines joining appropriate points may be employed in drawing the baseline from which the breadth of the territorial sea is measured.

2. Where because of the presence of a delta and other natural conditions the coastline is highly unstable, the appropriate points may be selected along the furthest seaward extent of the low-water line and, notwithstanding subsequent regression of the low-water line, the straight baselines shall remain effective until changed by the coastal State in accordance with this Convention.

3. The drawing of straight baselines must not depart to any appreciable extent from the general direction of the coast, and the sea areas lying within the lines must be sufficiently closely linked to the land domain to be subject to the régime of internal waters.

4. Straight baselines shall not be drawn to and from low-tide elevations, unless lighthouses or similar installations which are permanently above sea level have been built on them or except in instances where the drawing of baselines to and from such elevations has received general international recognition.

5. Where the method of straight baselines is applicable under paragraph 1, account may be taken, in determining particular baselines, of economic interests peculiar to the region concerned, the reality and the importance of which are clearly evidenced by long usage.

6. The system of straight baselines may not be applied by a State in such a manner as to cut off the territorial sea of another State from the high seas or an exclusive economic zone.

Article 8
Internal waters

1. Except as provided in Part IV, waters on the landward side of the baseline of the territorial sea form part of the internal waters of the State.

2. Where the establishment of a straight baseline in accordance with the method set forth in article 7 has the effect of enclosing as internal waters areas which had not previously been considered as such, a right of innocent passage as provided in this Convention shall exist in those waters.

Article 9
Mouths of rivers

If a river flows directly into the sea, the baseline shall be a straight line across the mouth of the river between points on the low-water line of its banks.

Article 10
Bays

1. This article relates only to bays the coasts of which belong to a single State.

2. For the purposes of this Convention, a bay is a well-marked indentation whose penetration is in such proportion to the width of its mouth as to contain land-locked waters and constitute more than a mere curvature of the coast. An indentation shall not, however, be regarded as a bay unless its area is as large as, or larger than, that of the semi-circle whose diameter is a line drawn across the mouth of that indentation.

3. Flatarmál vogs er mælt milli stórstraumsfjöruborðsins umhverfis strönd vogsins og línu milli stórstraumsfjöruborðs staða í náttúrlegu mynni hans. Þar sem mynni vogs eru fleiri en eitt vegna eyja skal draga hálfhringinn á línu sem er jafnlöng og samanlögð lengd línanna yfir hin einstöku mynni. Eyjar inni á vogi skal telja með sem væru þær hluti af lagarsvæði vogsins.

4. Ef fjarlægðin milli stórstraumsfjöruborðs staðanna í náttúrlegu mynni flóa er ekki meiri en 24 sjómílur má draga lokunarlínu milli stórstraumsfjöruborðsins beggja vegna og skal hafsvæðið, sem verður þá fyrir innan hana, teljast innsævi.

5. Þar sem fjarlægðin milli stórstraumsfjöruborðs staðanna í náttúrlegu mynni flóa er meiri en 24 sjómílur skal draga 24 sjómílna langa beina grunnlínu inni í flóanum þannig að innan hennar verði eins mikið hafsvæði og unnt er miðað við línu af þeirri lengd.

6. Undanfarandi ákvæði taka ekki til svokallaðra „sögulegra" flóa né til nokkurs tilviks þar sem beitt er reglunum um beinar grunnlínur sem kveðið er á um í 7. gr.

11. gr.
Hafnir

Við afmörkun landhelginnar eru ystu föstu hafnarmannvirkin, sem eru óaðskiljanlegur hluti hafnarsvæðisins, talin hluti strandarinnar. Útbúnað undan ströndum fram og tilbúnar eyjar skal ekki telja föst hafnarmannvirki.

12. gr.
Skipalægi

Skipalægi, sem eru venjulega notuð sem fermingar-, affermingar- og legustaður skipa og væru annars að öllu eða nokkru leyti utan ytri marka landhelginnar, teljast til landhelginnar.

13. gr.
Flæðisker

1. Flæðisker er náttúrlega myndað landsvæði sem er umflotið og upp úr sjó á stórstraumsfjöru en í kafi á stórstraumsflóði. Þar sem flæðisker er að öllu eða nokkru leyti ekki fjær meginlandinu eða eyju en víðáttu landhelginnar nemur má nota stórstraumsfjöruborðið á því skeri sem grunnlínuna til að mæla víðáttu landhelginnar frá.

2. Þar sem flæðisker er að öllu leyti fjær meginlandinu eða eyju en víðáttu landhelginnar nemur hefur það enga eigin landhelgi.

14. gr.
Notkun mismunandi aðferða til að ákveða grunnlínur

Strandríkið getur ákveðið grunnlínur með þeim aðferðum, sem kveðið er á um í undanfarandi greinum, hverri um sig, og tekið þannig tillit til mismunandi aðstæðna.

15. gr.
Afmörkun landhelginnar milli ríkja með mótlægum eða aðlægum ströndum

Þar sem strendur tveggja ríkja liggja á móti eða að hvor annarri hefur hvorugt ríkjanna tveggja rétt til þess, nema samkomulag sé um annað þeirra á milli, að færa

3. For the purpose of measurement, the area of an indentation is that lying between the low-water mark around the shore of the indentation and a line joining the low-water mark of its natural entrance points. Where, because of the presence of islands, an indentation has more than one mouth, the semi-circle shall be drawn on a line as long as the sum total of the lengths of the lines across the different mouths. Islands within an indentation shall be included as if they were part of the water area of the indentation.

4. If the distance between the low-water marks of the natural entrance points of a bay does not exceed 24 nautical miles, a closing line may be drawn between these two low-water marks, and the waters enclosed thereby shall be considered as internal waters.

5. Where the distance between the low-water marks of the natural entrance points of a bay exceeds 24 nautical miles, a straight baseline of 24 nautical miles shall be drawn within the bay in such a manner as to enclose the maximum area of water that is possible with a line of that length.

6. The foregoing provisions do not apply to so-called "historic" bays, or in any case where the system of straight baselines provided for in article 7 is applied.

Article 11
Ports

For the purpose of delimiting the territorial sea, the outermost permanent harbour works which form an integral part of the harbour system are regarded as forming part of the coast. Off-shore installations and artificial islands shall not be considered as permanent harbour works.

Article 12
Roadsteads

Roadsteads which are normally used for the loading, unloading and anchoring of ships, and which would otherwise be situated wholly or partly outside the outer limit of the territorial sea, are included in the territorial sea.

Article 13
Low-tide elevations

1. A low-tide elevation is a naturally formed area of land which is surrounded by and above water at low tide but submerged at high tide. Where a low-tide elevation is situated wholly or partly at a distance not exceeding the breadth of the territorial sea from the mainland or an island, the low-water line on that elevation may be used as the baseline for measuring the breadth of the territorial sea.

2. Where a low-tide elevation is wholly situated at a distance exceeding the breadth of the territorial sea from the mainland or an island, it has no territorial sea of its own.

Article 14
Combination of methods for determining baselines

The coastal State may determine baselines in turn by any of the methods provided for in the foregoing articles to suit different conditions.

Article 15
Delimitation of the territorial sea between States with opposite or adjacent coasts

Where the coasts of two States are opposite or adjacent to each other, neither of the two States is entitled, failing agreement between them to the contrary, to

landhelgi sína út fyrir miðlínu sem er á hverjum stað jafnlangt frá næstu stöðum á grunnlínunum sem viðátta landhelgi hvors ríkjanna tveggja er mæld frá. Ofangreint ákvæði á þó ekki við þar sem nauðsynlegt er vegna sögulegs réttar eða annarra sérstakra aðstæðna að afmarka landhelgi ríkjanna tveggja öðruvísi en í ákvæðinu greinir.

16. gr.
Kort og skrár með landfræðilegum hnitum

1. Grunnlínurnar til að mæla víðáttu landhelginnar frá, ákveðnar samkvæmt 7., 9. og 10. gr., eða mörkin á grundvelli þeirra, svo og markalínurnar sem dregnar eru samkvæmt 12. og 15. gr., skal sýna á kortum í mælikvarða eða -kvörðum er nægja til að ganga megi úr skugga um staðsetningu þeirra. Frjálst er að gera í staðinn skrá með landfræðilegum hnitum staða er tilgreini landmælingaatriði.

2. Strandríkið skal birta þessi kort eða skrár með landfræðilegum hnitum á tilhlýðilegan hátt og koma í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna endurriti af hverju þessara korta eða skráa.

3. KAFLI. FRIÐSAMLEG FERÐ Í LANDHELGINNI

A-LIÐUR. REGLUR UM ÖLL SKIP

17. gr.
Réttur til friðsamlegrar ferðar

Skip allra ríkja, hvort sem þau eru strandríki eða landlukt ríki, hafa rétt til friðsamlegrar ferðar um landhelgina í samræmi við samning þennan.

18. gr.
Merking ferðar

1. Ferð merkir siglingu um landhelgina í því skyni:
a) að fara um hana án þess að koma inn á innsævi eða að leggjast á skipalægi eða að hafnarmannvirki utan innsævis; eða
b) að halda inn á eða út af innsævi eða að leggjast á slíkt skipalægi eða að slíku hafnarmannvirki.
2. Ferð skal vera óslitin og greið. Ferð felur þó í sér rétt til að nema staðar og varpa akkerum en aðeins að svo miklu leyti sem það er samfara venjulegri siglingu ellegar reynist nauðsynlegt af óviðráðanlegum ástæðum eða vegna neyðar eða til að veita mönnum, skipum eða loftförum í háska eða neyð aðstoð.

19. gr.
Merking friðsamlegrar ferðar

1. Ferð er friðsamleg svo framarlega sem hún stofnar friði, góðri reglu eða öryggi strandríkisins ekki í hættu. Þessa ferð skal fara í samræmi við samning þennan og aðrar reglur þjóðaréttar.
2. Ferð erlends skips skal talin stofna friði, góðri reglu eða öryggi strandríkisins í hættu ef það fæst við einhverja af eftirfarandi athöfnum í landhelginni:

extend its territorial sea beyond the median line every point of which is equidistant from the nearest points on the baselines from which the breadth of the territorial seas of each of the two States is measured. The above provision does not apply, however, where it is necessary by reason of historic title or other special circumstances to delimit the territorial seas of the two States in a way which is at variance therewith.

Article 16
Charts and lists of geographical co-ordinates

1. The baselines for measuring the breadth of the territorial sea determined in accordance with articles 7, 9 and 10, or the limits derived therefrom, and the lines of delimitation drawn in accordance with articles 12 and 15 shall be shown on charts of a scale or scales adequate for ascertaining their position. Alternatively, a list of geographical co-ordinates of points, specifying the geodetic datum, may be substituted.

2. The coastal State shall give due publicity to such charts or lists of geographical co-ordinates and shall deposit a copy of each such chart or list with the Secretary-General of the United Nations.

SECTION 3. INNOCENT PASSAGE IN THE TERRITORIAL SEA

SUBSECTION A. RULES APPLICABLE TO ALL SHIPS

Article 17
Right of innocent passage

Subject to this Convention, ships of all States, whether coastal or land-locked, enjoy the right of innocent passage through the territorial sea.

Article 18
Meaning of passage

1. Passage means navigation through the territorial sea for the purpose of:
(a) traversing that sea without entering internal waters or calling at a roadstead or port facility outside internal waters; or
(b) proceeding to or from internal waters or a call at such roadstead or port facility.

2. Passage shall be continuous and expeditious. However, passage includes stopping and anchoring, but only in so far as the same are incidental to ordinary navigation or are rendered necessary by *force majeure* or distress or for the purpose of rendering assistance to persons, ships or aircraft in danger or distress.

Article 19
Meaning of innocent passage

1. Passage is innocent so long as it is not prejudicial to the peace, good order or security of the coastal State. Such passage shall take place in conformity with this Convention and with other rules of international law.

2. Passage of a foreign ship shall be considered to be prejudicial to the peace, good order or security of the coastal State if in the territorial sea it engages in any of the following activities:

a) hótun um valdbeitingu eða beitingu valds gegn fullveldisrétti, landamærahelgi eða stjórnmálasjálfstæði strandríkisins eða á annan hátt í bága við meginreglur þjóðaréttar sem geymdar eru í sáttmála Sameinuðu þjóðanna;

b) æfingu eða þjálfun með vopn af hvaða tegund sem er;
c) aðgerð til upplýsingaöflunar sem stofnar vörnum eða öryggi strandríkisins í hættu;
d) áróðursaðgerð til að hafa áhrif á varnir eða öryggi strandríkisins;

e) flugtak, lendingu eða töku loftfars um borð;
f) skot, lendingu eða töku hernaðartækis um borð;
g) lestun eða losun vöru, móttöku eða afhendingu gjaldeyris ellegar ferð manna um borð eða frá borði, andstætt lögum og reglum strandríkisins í tolla-, fjár-, innflytjenda- eða heilbrigðismálum;
h) vísvitandi og alvarlega mengun sem brýtur gegn samningi þessum;
i) veiði;
j) framkvæmd rannsókna- eða mælingastarfsemi;
k) aðgerð sem miðar að afskiptum af fjarskiptakerfum ellegar annarri aðstöðu eða útbúnaði strandríkisins;
l) aðra iðju sem er ekki í beinum tengslum við ferð.

20. gr.
Kafbátar og önnur neðansjávarför

Í landhelginni skulu kafbátar og önnur neðansjávarför sigla ofansjávar og hafa fána sinn uppi.

21. gr.
Lög og reglur strandríkisins um friðsamlega ferð

1. Strandríkið getur í samræmi við ákvæði samnings þessa og aðrar reglur þjóðaréttar sett lög og reglur um friðsamlega ferð um landhelgina sem snerta öll eða einhver eftirfarandi atriða:

a) öryggi í siglingum og stjórnun umferðar á sjó;
b) verndun siglingabúnaðar og -aðstöðu og annarrar aðstöðu eða útbúnaðar;

c) verndun strengja og leiðslna;
d) verndun lífrænna auðlinda hafsins;
e) varnir gegn brotum á lögum og reglum strandríkisins um veiðar;

f) verndun umhverfisins í strandríkinu og varnir gegn, minnkun á og eftirlit með mengun þess;
g) hafrannsóknir og sjómælingar;
h) varnir gegn brotum á lögum og reglum strandríkisins í tolla-, fjár-, innflytjenda- eða heilbrigðismálum.

2. Þessi lög og reglur skulu ekki gilda um hönnun, smíði, mönnun eða búnað erlendra skipa nema þau hrindi í framkvæmd almennt viðurkenndum alþjóðlegum stöðlum eða mælikvörðum.

3. Strandríkið skal birta öll þessi lög og reglur á tilhlýðilegan hátt.

(a) any threat or use of force against the sovereignty, territorial integrity or political independence of the coastal State, or in any other manner in violation of the principles of international law embodied in the Charter of the United Nations;
(b) any exercise or practice with weapons of any kind;
(c) any act aimed at collecting information to the prejudice of the defence or security of the coastal State;
(d) any act of propaganda aimed at affecting the defence or security of the coastal State;
(e) the launching, landing or taking on board of any aircraft;
(f) the launching, landing or taking on board of any military device;
(g) the loading or unloading of any commodity, currency or person contrary to the customs, fiscal, immigration or sanitary laws and regulations of the coastal State;
(h) any act of wilful and serious pollution contrary to this Convention;
(i) any fishing activities;
(j) the carrying out of research or survey activities;
(k) any act aimed at interfering with any systems of communication or any other facilities or installations of the coastal State;
(l) any other activity not having a direct bearing on passage.

Article 20
Submarines and other underwater vehicles

In the territorial sea, submarines and other underwater vehicles are required to navigate on the surface and to show their flag.

Article 21
Laws and regulations of the coastal State relating to innocent passage

1. The coastal State may adopt laws and regulations, in conformity with the provisions of this Convention and other rules of international law, relating to innocent passage through the territorial sea, in respect of all or any of the following:
(a) the safety of navigation and the regulation of maritime traffic;
(b) the protection of navigational aids and facilities and other facilities or installations;
(c) the protection of cables and pipelines;
(d) the conservation of the living resources of the sea;
(e) the prevention of infringement of the fisheries laws and regulations of the coastal State;
(f) the preservation of the environment of the coastal State and the prevention, reduction and control of pollution thereof;
(g) marine scientific research and hydrographic surveys;
(h) the prevention of infringement of the customs, fiscal, immigration or sanitary laws and regulations of the coastal State.

2. Such laws and regulations shall not apply to the design, construction, manning or equipment of foreign ships unless they are giving effect to generally accepted international rules or standards.

3. The coastal State shall give due publicity to all such laws and regulations.

4. Erlend skip, sem neyta réttarins til friðsamlegrar ferðar um landhelgina, skulu fara eftir öllum þessum lögum og reglum og öllum almennt viðurkenndum alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó.

22. gr.
Siglingaleiðir og aðskildar siglingaleiðir í landhelginni

1. Ef nauðsyn krefur með tilliti til öryggis í siglingum getur strandríkið krafist þess að erlend skip, sem neyta réttarins til friðsamlegrar ferðar um landhelgi þess, sigli á þeim siglingaleiðum og aðskildu siglingaleiðum sem það kann að tiltaka eða mæla fyrir um til að skipuleggja ferð skipa.

2. Einkum má krefjast þess að tankskip, kjarnorkuknúin skip og skip, sem flytja kjarnaefni eða -efnivörur eða önnur efni eða efnivörur, eðli sínu samkvæmt hættulegar eða skaðlegar, takmarki ferð sína við þessar siglingaleiðir.

3. Þegar siglingaleiðir eru tilteknar og mælt fyrir um aðskildar siglingaleiðir samkvæmt þessari grein skal strandríkið hafa hliðsjón af:

a) ályktunum þar til bærrar alþjóðastofnunar;
b) sundum sem eru venjulega notuð til alþjóðlegra siglinga;
c) séreinkennum sérstakra skipa og sunda; og
d) umferðarþunga.

4. Strandríkið skal sýna þessar siglingaleiðir og aðskildu siglingaleiðir greinilega á kortum sem birta skal á tilhlýðilegan hátt.

23. gr.
Erlend kjarnorkuknúin skip og skip sem flytja kjarnaefni eða önnur efni, eðli sínu samkvæmt hættuleg eða skaðleg

Þegar erlend kjarnorkuknúin skip og skip, sem flytja kjarnaefni eða önnur efni, eðli sínu samkvæmt hættuleg eða skaðleg, neyta réttarins til friðsamlegrar ferðar um landhelgina skulu þau vera með skjöl og gera sérstakar varúðarráðstafanir svo sem ákveðið er vegna þessara skipa í alþjóðasamningum.

24. gr.
Skyldur strandríkisins

1. Strandríkið skal ekki hindra friðsamlega ferð erlendra skipa um landhelgina nema samkvæmt samningi þessum. Við beitingu samnings þessa eða laga eða reglna, sem settar eru í samræmi við hann, skal strandríkið einkum varast að:

a) gera kröfur til erlendra skipa sem verða raunverulega til að girða fyrir eða skerða réttinn til friðsamlegrar ferðar; eða
b) hafa í frammi mismunun í orði eða á borði gagnvart skipum nokkurs ríkis eða gagnvart skipum sem flytja farm til, frá eða fyrir hönd einhvers ríkis.

2. Strandríkið skal vekja fullnægjandi athygli á hættum sem því er kunnugt um að steðji að siglingum í landhelgi þess.

25. gr.
Verndarréttur strandríkisins

1. Strandríkið getur gert nauðsynlegar ráðstafanir í landhelgi sinni til að afstýra ferð sem er ekki friðsamleg.

2. Ef skip halda inn á innsævi eða leggjast að hafnarmannvirki utan innsævis hefur strandríkið einnig rétt til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að afstýra broti

4. Foreign ships exercising the right of innocent passage through the territorial sea shall comply with all such laws and regulations and all generally accepted international regulations relating to the prevention of collisions at sea.

Article 22
Sea lanes and traffic separation schemes in the territorial sea

1. The coastal State may, where necessary having regard to the safety of navigation, require foreign ships exercising the right of innocent passage through its territorial sea to use such sea lanes and traffic separation schemes as it may designate or prescribe for the regulation of the passage of ships.

2. In particular, tankers, nuclear-powered ships and ships carrying nuclear or other inherently dangerous or noxious substances or materials may be required to confine their passage to such sea lanes.

3. In the designation of sea lanes and the prescription of traffic separation schemes under this article, the coastal State shall take into account:

(a) the recommendations of the competent international organization;

(b) any channels customarily used for international navigation;

(c) the special characteristics of particular ships and channels; and

(d) the density of traffic.

4. The coastal State shall clearly indicate such sea lanes and traffic separation schemes on charts to which due publicity shall be given.

Article 23
Foreign nuclear-powered ships and ships carrying nuclear or other inherently dangerous or noxious substances

Foreign nuclear-powered ships and ships carrying nuclear or other inherently dangerous or noxious substances shall, when exercising the right of innocent passage through the territorial sea, carry documents and observe special precautionary measures established for such ships by international agreements.

Article 24
Duties of the coastal State

1. The coastal State shall not hamper the innocent passage of foreign ships through the territorial sea except in accordance with this Convention. In particular, in the application of this Convention or of any laws or regulations adopted in conformity with this Convention, the coastal State shall not:

(a) impose requirements on foreign ships which have the practical effect of denying or impairing the right of innocent passage; or

(b) discriminate in form or in fact against the ships of any State or against ships carrying cargoes to, from or on behalf of any State.

2. The coastal State shall give appropriate publicity to any danger to navigation, of which it has knowledge, within its territorial sea.

Article 25
Rights of protection of the coastal State

1. The coastal State may take the necessary steps in its territorial sea to prevent passage which is not innocent.

2. In the case of ships proceeding to internal waters or a call at a port facility outside internal waters, the coastal State also has the right to take the necessary

á skilyrðunum sem sett eru fyrir aðgangi þeirra skipa að innsævi eða fyrir þessari viðkomu.

3. Strandríkið getur, án þess að mismuna erlendum skipum í orði eða á borði, bannað friðsamlega ferð erlendra skipa um ákveðin svæði í landhelgi sinni til bráðabirgða ef þetta bann er nauðsynlegt til að vernda öryggi þess, m. a. æfingar með vopn. Þetta bann skal þá fyrst ganga í gildi er það hefur verið birt á tilhlýðilegan hátt.

26. gr.
Gjöld sem leggja má á erlend skip

1. Ekkert gjald má leggja á erlend skip einvörðungu vegna ferðar þeirra um landhelgina.

2. Gjöld má einungis leggja á erlent skip, er fer um landhelgina, sem greiðslu fyrir sérstaka þjónustu sem veitt er skipinu. Þessi gjöld skal leggja á án mismununar.

B-LIÐUR. REGLUR UM KAUPSKIP OG RÍKISSKIP SEM ERU GERÐ ÚT TIL KAUPSIGLINGA

27. gr.
Refsilögsaga um borð í erlendu skipi

1. Refsilögsögu strandríkisins skal ekki halda uppi um borð í erlendu skipi, sem fer um landhelgina, með því að handtaka mann eða láta fara fram rannsókn vegna afbrots, sem framið er um borð í skipinu í ferð þess, nema aðeins í eftirfarandi tilvikum:

a) ef afleiðingar afbrotsins koma fram í strandríkinu;
b) ef afbrotið er þess eðlis að það spillir friði í landinu eða góðri reglu í landhelginni;
c) ef skipstjórinn eða sendi- eða ræðiserindreki fánaríkisins hefur óskað eftir aðstoð yfirvaldanna á staðnum; eða
d) ef þessar ráðstafanir eru nauðsynlegar til að bæla niður ólögleg viðskipti með eiturlyf eða ávana- og fíkniefni.

2. Ofangreind ákvæði hafa ekki áhrif á rétt strandríkisins til að gera hverjar þær ráðstafanir, er lög þess heimila, til handtöku eða rannsóknar um borð í erlendu skipi sem fer um landhelgina eftir að hafa farið út af innsævi.

3. Í tilvikunum, sem kveðið er á um í 1. og 2. tl., skal strandríkið, ef skipstjórinn æskir þess, koma tilkynningu til sendi- eða ræðiserindreka fánaríkisins, áður en það gerir nokkrar ráðstafanir, og auðvelda tengsl þessara erindreka og áhafnar skipsins. Í neyðartilvikum má koma þessari tilkynningu á framfæri meðan ráðstafanirnar eru gerðar.

4. Við mat á því, hvort eða á hvern hátt handtaka skuli framkvæmd, skulu yfirvöldin á staðnum taka tilhlýðilegt tillit til siglingahagsmuna.

5. Strandríkið má ekki, nema kveðið sé á um annað í XII. hluta eða að því er snertir brot á lögum og reglum sem settar eru samkvæmt V. hluta, gera nokkrar ráðstafanir um borð í erlendu skipi, sem fer um landhelgina, til að handtaka mann eða láta fara fram rannsókn vegna afbrots sem framið er áður en skipið kom inn í landhelgina ef skipið, sem er á leið frá erlendri höfn, fer eingöngu um landhelgina án þess að koma inn á innsævi.

steps to prevent any breach of the conditions to which admission of those ships to internal waters or such a call is subject.

3. The coastal State may, without discrimination in form or in fact among foreign ships, suspend temporarily in specified areas of its territorial sea the innocent passage of foreign ships if such suspension is essential for the protection of its security, including weapons exercises. Such suspension shall take effect only after having been duly published.

Article 26
Charges which may be levied upon foreign ships

1. No charge may be levied upon foreign ships by reason only of their passage through the territorial sea.

2. Charges may be levied upon a foreign ship passing through the territorial sea as payment only for specific services rendered to the ship. These charges shall be levied without discrimination.

SUBSECTION B. RULES APPLICABLE TO MERCHANT SHIPS AND GOVERNMENT SHIPS OPERATED FOR COMMERCIAL PURPOSES

Article 27
Criminal jurisdiction on board a foreign ship

1. The criminal jurisdiction of the coastal State should not be exercised on board a foreign ship passing through the territorial sea to arrest any person or to conduct any investigation in connection with any crime committed on board the ship during its passage, save only in the following cases:

(a) if the consequences of the crime extend to the coastal State;

(b) if the crime is of a kind to disturb the peace of the country or the good order of the territorial sea;

(c) if the assistance of the local authorities has been requested by the master of the ship or by a diplomatic agent or consular officer of the flag State; or

(d) if such measures are necessary for the suppression of illicit traffic in narcotic drugs or psychotropic substances.

2. The above provisions do not affect the right of the coastal State to take any steps authorized by its laws for the purpose of an arrest or investigation on board a foreign ship passing through the territorial sea after leaving internal waters.

3. In the cases provided for in paragraphs 1 and 2, the coastal State shall, if the master so requests, notify a diplomatic agent or consular officer of the flag State before taking any steps, and shall facilitate contact between such agent or officer and the ship's crew. In cases of emergency this notification may be communicated while the measures are being taken.

4. In considering whether or in what manner an arrest should be made, the local authorities shall have due regard to the interests of navigation.

5. Except as provided in Part XII or with respect to violations of laws and regulations adopted in accordance with Part V, the coastal State may not take any steps on board a foreign ship passing through the territorial sea to arrest any person or to conduct any investigation in connection with any crime committed before the ship entered the territorial sea, if the ship, proceeding from a foreign port, is only passing through the territorial sea without entering internal waters.

28. gr.
Einkamálalögsaga gagnvart erlendum skipum

1. Strandríkið skal ekki stöðva erlent skip, sem fer um landhelgina, né beina því af leið til að halda uppi einkamálalögsögu gagnvart manni um borð í skipinu.

2. Strandríkið má ekki gera aðför að né kyrrsetja skipið með meðferð einkamála í huga nema aðeins vegna skuldbindinga, sem skipið sjálft hefur tekið á sig, eða skulda, sem það hefur stofnað til, á siglingu sinni um hafsvæði strandríkisins eða vegna hennar.

3. Annar töluliður hnekkir ekki rétti strandríkisins samkvæmt lögum sínum til að gera aðför að eða kyrrsetja, með meðferð einkamála í huga, erlent skip sem liggur í landhelginni eða fer um landhelgina eftir að hafa farið út af innsævi.

C-LIÐUR. REGLUR UM HERSKIP OG ÖNNUR RÍKISSKIP SEM ERU GERÐ ÚT TIL ANNARS EN KAUPSIGLINGA

29. gr.
Skilgreining á herskipum

Í samningi þessum merkir „herskip" skip sem telst til hers ríkis, ber hin ytri merki til að auðkenna slík skip af þjóðerni þess, er undir stjórn yfirmanns, sem stjórn ríkisins hefur formlega skipað og nafngreindur er í viðeigandi herþjónustuskrá eða á jafngildan hátt, og er með áhöfn undir venjulegum heraga.

30. gr.
Brot herskipa á lögum og reglum strandríkisins

Ef herskip fer ekki eftir lögum og reglum strandríkisins um ferð um landhelgina og hefur að engu tilmæli sem gerð eru til þess um að virða þau getur strandríkið krafist þess að það fari þegar í stað út úr landhelginni.

31. gr.
Ábyrgð fánaríkisins á skaða af völdum herskips eða annars ríkisskips sem er gert út til annars en kaupsiglinga

Fánaríkið skal bera alþjóðlega ábyrgð á tjóni eða skaða er strandríkið verður fyrir vegna brots herskips eða annars ríkisskips, sem er gert út til annars en kaupsiglinga, á lögum og reglum strandríkisins um ferð um landhelgina ellegar á ákvæðum samnings þessa eða öðrum reglum þjóðaréttar.

32. gr.
Friðhelgi herskipa og annarra ríkisskipa sem eru gerð út til annars en kaupsiglinga

Með þeim undantekningum, sem felast í A-lið og 30. og 31. gr., hefur ekkert í samningi þessum áhrif á friðhelgi herskipa og annarra ríkisskipa sem eru gerð út til annars en kaupsiglinga.

Article 28
Civil jurisdiction in relation to foreign ships

1. The coastal State should not stop or divert a foreign ship passing through the territorial sea for the purpose of exercising civil jurisdiction in relation to a person on board the ship.

2. The coastal State may not levy execution against or arrest the ship for the purpose of any civil proceedings, save only in respect of obligations or liabilities assumed or incurred by the ship itself in the course or for the purpose of its voyage through the waters of the coastal State.

3. Paragraph 2 is without prejudice to the right of the coastal State, in accordance with its laws, to levy execution against or to arrest, for the purpose of any civil proceedings, a foreign ship lying in the territorial sea, or passing through the territorial sea after leaving internal waters.

SUBSECTION C. RULES APPLICABLE TO WARSHIPS AND OTHER GOVERNMENT SHIPS OPERATED FOR NON-COMMERCIAL PURPOSES

Article 29
Definition of warships

For the purposes of this Convention, "warship" means a ship belonging to the armed forces of a State bearing the external marks distinguishing such ships of its nationality, under the command of an officer duly commissioned by the government of the State and whose name appears in the appropriate service list or its equivalent, and manned by a crew which is under regular armed forces discipline.

Article 30
Non-compliance by warships with the laws and regulations of the coastal State

If any warship does not comply with the laws and regulations of the coastal State concerning passage through the territorial sea and disregards any request for compliance therewith which is made to it, the coastal State may require it to leave the territorial sea immediately.

Article 31
Responsibility of the flag State for damage caused by a warship or other government ship operated for non-commercial purposes

The flag State shall bear international responsibility for any loss or damage to the coastal State resulting from the non-compliance by a warship or other government ship operated for non-commercial purposes with the laws and regulations of the coastal State concerning passage through the territorial sea or with the provisions of this Convention or other rules of international law.

Article 32
Immunities of warships and other government ships operated for non-commercial purposes

With such exceptions as are contained in subsection A and in articles 30 and 31, nothing in this Convention affects the immunities of warships and other government ships operated for non-commercial purposes.

4. KAFLI. AÐLÆGT BELTI

33. gr.
Aðlægt belti

1. Á belti, sem liggur að landhelginni og nefnist aðlæga beltið, getur strandríkið farið með nauðsynlegt vald til að:
a) afstýra brotum á lögum og reglum þess í tolla-, fjár-, innflytjenda- eða heilbrigðismálum í landi eða landhelgi þess;
b) refsa fyrir brot á ofangreindum lögum og reglum sem framin eru í landi eða landhelgi þess.
2. Aðlæga beltið má ekki ná lengra en 24 sjómílur frá grunnlínunum sem víðátta landhelginnar er mæld frá.

III. HLUTI

SUND, NOTUÐ TIL ALÞJÓÐLEGRA SIGLINGA

1. KAFLI. ALMENN ÁKVÆÐI

34. gr.
Réttarstaða hafsvæða sem mynda sund, notuð til alþjóðlegra siglinga

1. Reglurnar um ferð um sund, notuð til alþjóðlegra siglinga, sem settar eru í þessum hluta, skulu ekki að öðru leyti hafa áhrif á réttarstöðu hafsvæðanna, sem mynda þessi sund, né beitingu ríkjanna, sem liggja að sundunum, á fullveldisrétti sínum eða lögsögu sinni yfir þessum hafsvæðum og loftrými, botni og botnlögum þeirra.
2. Fullveldisrétti eða lögsögu ríkjanna, sem liggja að sundunum, er beitt samkvæmt þessum hluta og öðrum reglum þjóðaréttar.

35. gr.
Gildissvið þessa hluta

Ekkert í þessum hluta hefur áhrif á:
a) innsævissvæði á sundi nema þar sem mörkun beinnar grunnlínu með aðferðinni, sem greint er frá í 7. gr., verður til þess að afmarka innan hennar sem innsævi svæði sem voru ekki áður talin það;

b) réttarstöðu hafsvæðanna utan landhelgi ríkja, sem liggja að sundum, sem sérefnahagslögsögu eða úthafs; eða
c) réttarreglurnar um sund sem gamalgrónir gildandi alþjóðasamningar um þessi sund sérstaklega geyma að öllu eða nokkru leyti reglur um ferð á.

36. gr.
Úthafsleiðir eða leiðir um sérefnahagslögsögu sem liggja um sund, notuð til alþjóðlegra siglinga

Þessi hluti gildir ekki um sund, notað til alþjóðlegra siglinga, ef um sundið liggur leið um úthafið eða sérefnahagslögsögu, álíka hentug að því er snertir siglingafræði-

SECTION 4. CONTIGUOUS ZONE

Article 33
Contiguous zone

1. In a zone contiguous to its territorial sea, described as the contiguous zone, the coastal State may exercise the control necessary to:

(a) prevent infringement of its customs, fiscal, immigration or sanitary laws and regulations within its territory or territorial sea;

(b) punish infringement of the above laws and regulations committed within its territory or territorial sea.

2. The contiguous zone may not extend beyond 24 nautical miles from the baselines from which the breadth of the territorial sea is measured.

PART III

STRAITS USED FOR INTERNATIONAL NAVIGATION

SECTION 1. GENERAL PROVISIONS

Article 34
Legal status of waters forming straits used for international navigation

1. The régime of passage through straits used for international navigation established in this Part shall not in other respects affect the legal status of the waters forming such straits or the exercise by the States bordering the straits of their sovereignty or jurisdiction over such waters and their air space, bed and subsoil.

2. The sovereignty or jurisdiction of the States bordering the straits is exercised subject to this Part and to other rules of international law.

Article 35
Scope of this Part

Nothing in this Part affects:

(a) any areas of internal waters within a strait, except where the establishment of a straight baseline in accordance with the method set forth in article 7 has the effect of enclosing as internal waters areas which had not previously been considered as such;

(b) the legal status of the waters beyond the territorial seas of States bordering straits as exclusive economic zones or high seas; or

(c) the legal régime in straits in which passage is regulated in whole or in part by long-standing international conventions in force specifically relating to such straits.

Article 36
High seas routes or routes through exclusive economic zones through straits used for international navigation

This Part does not apply to a strait used for international navigation if there exists through the strait a route through the high seas or through an exclusive

legar og sjómælingalegar aðstæður; á þessum leiðum gilda aðrir viðeigandi hlutar samnings þessa, m. a. ákvæðin um frelsi til siglinga og yfirflugs.

2. KAFLI. GEGNUMFERÐ

37. gr.
Gildissvið þessa kafla

Þessi kafli gildir um sund sem eru notuð til alþjóðlegra siglinga milli eins hluta úthafsins eða sérefnahagslögsögu og annars hluta úthafsins eða sérefnahagslögsögu.

38. gr.
Réttur til gegnumferðar

1. Á sundum, sem getið er í 37. gr., hafa öll skip og loftför rétt til gegnumferðar sem skal ekki hindra; mótist sundið af eyju ríkis, sem liggur að sundinu, og meginlandi þess gilda reglur um gegnumferð þó ekki ef sjávarmegin við eyjuna liggur leið um úthafið eða sérefnahagslögsögu, álíka hentug að því er snertir siglingafræðilegar og sjómælingalegar aðstæður.

2. Gegnumferð merkir notkun frelsis til siglinga og yfirflugs, samkvæmt þessum hluta, einvörðungu til óslitinnar og greiðrar gegnumferðar um sundið milli eins hluta úthafsins eða sérefnahagslögsögu og annars hluta úthafsins eða sérefnahagslögsögu. Krafan um óslitna og greiða gegnumferð kemur þó ekki í veg fyrir ferð um sundið í því skyni að koma til, fara frá eða snúa aftur frá ríki, sem liggur að sundinu, í samræmi við skilyrði fyrir komu til þess ríkis.

3. Athöfn, sem felur ekki í sér notkun réttarins til gegnumferðar um sund, er háð öðrum viðeigandi ákvæðum samnings þessa.

39. gr.
Skyldur skipa og loftfara meðan á gegnumferð stendur

1. Skip og loftför skulu, meðan þau neyta réttarins til gegnumferðar:
a) halda án dráttar um eða yfir sundið;
b) varast hótun um valdbeitingu eða beitingu valds gegn fullveldisrétti, landamærahelgi eða stjórnmálasjálfstæði ríkja, sem liggja að sundinu, eða á annan hátt í bága við meginreglur þjóðaréttar sem geymdar eru í sáttmála Sameinuðu þjóðanna;
c) varast aðrar athafnir en þær sem eru samfara venjulegum háttum þeirra á óslitinni og greiðri gegnumferð nema þær reynist nauðsynlegar af óviðráðanlegum ástæðum eða vegna neyðar;
d) fara eftir öðrum viðeigandi ákvæðum þessa hluta.
2. Skip á gegnumferð skulu:
a) fara eftir almennt viðurkenndum alþjóðlegum reglum, starfsháttum og venjum um öryggi á sjó, m. a. alþjóðareglunum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó;

economic zone of similar convenience with respect to navigational and hydrographical characteristics; in such routes, the other relevant Parts of this Convention, including the provisions regarding the freedoms of navigation and overflight, apply.

SECTION 2. TRANSIT PASSAGE

Article 37
Scope of this section

This section applies to straits which are used for international navigation between one part of the high seas or an exclusive economic zone and another part of the high seas or an exclusive economic zone.

Article 38
Right of transit passage

1. In straits referred to in article 37, all ships and aircraft enjoy the right of transit passage, which shall not be impeded; except that, if the strait is formed by an island of a State bordering the strait and its mainland, transit passage shall not apply if there exists seaward of the island a route through the high seas or through an exclusive economic zone of similar convenience with respect to navigational and hydrographical characteristics.

2. Transit passage means the exercise in accordance with this Part of the freedom of navigation and overflight solely for the purpose of continuous and expeditious transit of the strait between one part of the high seas or an exclusive economic zone and another part of the high seas or an exclusive economic zone. However, the requirement of continuous and expeditious transit does not preclude passage through the strait for the purpose of entering, leaving or returning from a State bordering the strait, subject to the conditions of entry to that State.

3. Any activity which is not an exercise of the right of transit passage through a strait remains subject to the other applicable provisions of this Convention.

Article 39
Duties of ships and aircraft during transit passage

1. Ships and aircraft, while exercising the right of transit passage, shall:

(a) proceed without delay through or over the strait;

(b) refrain from any threat or use of force against the sovereignty, territorial integrity or political independence of States bordering the strait, or in any other manner in violation of the principles of international law embodied in the Charter of the United Nations;

(c) refrain from any activities other than those incident to their normal modes of continuous and expeditious transit unless rendered necessary by *force majeure* or by distress;

(d) comply with other relevant provisions of this Part.

2. Ships in transit passage shall:

(a) comply with generally accepted international regulations, procedures and practices for safety at sea, including the International Regulations for Preventing Collisions at Sea;

b) fara eftir almennt viðurkenndum alþjóðlegum reglum, starfsháttum og venjum til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun frá skipum.

3. Loftför á gegnumferð skulu:
a) fara eftir loftferðareglunum sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur sett eins og þær gilda um loftför til kaupferða; ríkisloftför munu venjulega fara eftir þessum öryggisreglum og ætíð athafna sig með tilhlýðilegu tilliti til öryggis í siglingum;
b) ætíð fylgjast með radíótíðninni, sem þar til bært alþjóðlega tilnefnt flugumferðarstjórnvald úthlutar, eða með viðeigandi alþjóðlegri neyðarradíótíðni.

40. gr.
Rannsókna- og mælingastörf

Meðan á gegnumferð stendur mega erlend skip, m. a. hafrannsóknaskip og sjómælingaskip, ekki stunda rannsókna- eða mælingastörf án leyfis fyrirfram frá ríkjunum sem liggja að sundunum.

41. gr.
Siglingaleiðir og aðskildar siglingaleiðir á sundum, notuðum til alþjóðlegra siglinga

1. Í samræmi við þennan hluta geta ríki, sem liggja að sundum, tiltekið siglingaleiðir og mælt fyrir um aðskildar siglingaleiðir vegna siglinga um sund ef nauðsyn krefur til að stuðla að öruggri ferð skipa.

2. Þessi ríki geta, þegar aðstæður krefja, og að undangenginni tilhlýðilegri birtingu þar að lútandi, ákveðið aðrar siglingaleiðir eða aðskildar siglingaleiðir í stað siglingaleiða eða aðskilinna siglingaleiða sem þau hafa áður tiltekið eða mælt fyrir um.

3. Þessar siglingaleiðir og aðskildu siglingaleiðir skulu vera í samræmi við almennt viðurkenndar alþjóðareglur.

4. Áður en ríki, sem liggja að sundum, tiltaka siglingaleiðir eða breyta þeim ellegar mæla fyrir um aðskildar siglingaleiðir eða breyta þeim skulu þau vísa tillögum til þar til bærrar alþjóðastofnunar til samþykktar. Stofnunin getur aðeins samþykkt þær siglingaleiðir og aðskildu siglingaleiðir er samkomulag hefur náðst um við ríkin sem liggja að sundunum en að því búnu geta ríkin tiltekið þær, mælt fyrir um þær eða breytt þeim.

5. Að því er snertir sund þar sem gerð er tillaga um siglingaleiðir eða aðskildar siglingaleiðir um hafsvæði tveggja eða fleiri ríkja sem liggja að sundinu skulu hlutaðeigandi ríki starfa saman að mótun tillagna í samráði við þar til bæra alþjóðastofnun.

6. Ríki, sem liggja að sundum, skulu sýna allar siglingaleiðir og aðskildar siglingaleiðir, sem þau hafa tiltekið eða mælt fyrir um, greinilega á kortum sem skulu birt á tilhlýðilegan hátt.

7. Skip á gegnumferð skulu halda sig á viðeigandi siglingaleiðum og aðskildum siglingaleiðum sem ákveðnar eru samkvæmt þessari grein.

42. gr.
Lög og reglur ríkja, sem liggja að sundum, um gegnumferð

1. Ríki, sem liggja að sundum, geta í samræmi við ákvæði þessa kafla sett lög og reglur um gegnumferð um sund sem snerta öll eða einhver eftirfarandi atriða:

(b) comply with generally accepted international regulations, procedures and practices for the prevention, reduction and control of pollution from ships.

3. Aircraft in transit passage shall:

(a) observe the Rules of the Air established by the International Civil Aviation Organization as they apply to civil aircraft; state aircraft will normally comply with such safety measures and will at all times operate with due regard for the safety of navigation;

(b) at all times monitor the radio frequency assigned by the competent internationally designated air traffic control authority or the appropriate international distress radio frequency.

Article 40
Research and survey activities

During transit passage, foreign ships, including marine scientific research and hydrographic survey ships, may not carry out any research or survey activities without the prior authorization of the States bordering straits.

Article 41
Sea lanes and traffic separation schemes in straits used for international navigation

1. In conformity with this Part, States bordering straits may designate sea lanes and prescribe traffic separation schemes for navigation in straits where necessary to promote the safe passage of ships.

2. Such States may, when circumstances require, and after giving due publicity thereto, substitute other sea lanes or traffic separation schemes for any sea lanes or traffic separation schemes previously designated or prescribed by them.

3. Such sea lanes and traffic separation schemes shall conform to generally accepted international regulations.

4. Before designating or substituting sea lanes or prescribing or substituting traffic separation schemes, States bordering straits shall refer proposals to the competent international organization with a view to their adoption. The organization may adopt only such sea lanes and traffic separation schemes as may be agreed with the States bordering the straits, after which the States may designate, prescribe or substitute them.

5. In respect of a strait where sea lanes or traffic separation schemes through the waters of two or more States bordering the strait are being proposed, the States concerned shall co-operate in formulating proposals in consultation with the competent international organization.

6. States bordering straits shall clearly indicate all sea lanes and traffic separation schemes designated or prescribed by them on charts to which due publicity shall be given.

7. Ships in transit passage shall respect applicable sea lanes and traffic separation schemes established in accordance with this article.

Article 42
Laws and regulations of States bordering straits relating to transit passage

1. Subject to the provisions of this section, States bordering straits may adopt laws and regulations relating to transit passage through straits, in respect of all or any of the following:

a) öryggi í siglingum og stjórnun umferðar á sjó eins og kveðið er á um í 41. gr.;

b) varnir gegn, minnkun á og eftirlit með mengun með því að hrinda í framkvæmd viðeigandi alþjóðareglum um losun olíu, olíuúrgangsefna og annarra skaðlegra efna í sundið;

c) að því er snertir veiðiskip bann við veiðum, m. a. búlkun veiðarfæra;

d) lestun eða losun vöru, móttöku eða afhendingu gjaldeyris ellegar ferð manna um borð eða frá borði, andstætt lögum og reglum ríkja, sem liggja að sundum, í tolla-, fjár-, innflytjenda- eða heilbrigðismálum.

2. Þessi lög og reglur skulu ekki mismuna erlendum skipum í orði né á borði né skal beiting þeirra raunverulega verða til að girða fyrir, hindra eða skerða réttinn til gegnumferðar eins og hann er skilgreindur í þessum kafla.

3. Ríki, sem liggja að sundum, skulu birta öll þessi lög og reglur á tilhlýðilegan hátt.

4. Erlend skip, sem neyta réttarins til gegnumferðar, skulu fara eftir þessum lögum og reglum.

5. Fánaríki skips eða skrásetningarríki loftfars, sem á rétt á friðhelgi á grundvelli fullveldis en brýtur gegn þessum lögum og reglum eða öðrum ákvæðum þessa hluta, skal bera alþjóðlega ábyrgð á tjóni eða skaða er ríki, sem liggja að sundum, verða fyrir.

43. gr.
Siglinga- og öryggisbúnaður og aðrar endurbætur auk varna gegn, minnkunar á og eftirlits með mengun

Afnotaríki og ríki, sem liggja að sundi, skulu með samningi sín á milli starfa saman:

a) að gerð og viðhaldi nauðsynlegs siglinga- og öryggisbúnaðar á sundi eða annarra endurbóta þar til að greiða fyrir alþjóðlegum siglingum; og

b) að vörnum gegn, minnkun á og eftirliti með mengun frá skipum.

44. gr.
Skyldur ríkja sem liggja að sundum

Ríki, sem liggja að sundum, skulu ekki hindra gegnumferð og skulu vekja fullnægjandi athygli á hættum sem þeim er kunnugt um að steðji að siglingum á eða yfirflugi yfir sund. Ekkert bann skal leggja við gegnumferð.

3. KAFLI. FRIÐSAMLEG FERÐ

45. gr.
Friðsamleg ferð

1. Reglurnar um friðsamlega ferð samkvæmt II. hluta, 3. kafla, skulu gilda á sundum, notuðum til alþjóðlegra siglinga:

a) sem eru undanþegin beitingu reglnanna um gegnumferð samkvæmt 38. gr., 1. tl.; eða

b) milli hluta úthafsins eða sérefnahagslögsögu og landhelgi erlends ríkis.

2. Ekkert bann skal leggja við friðsamlegri ferð um þessi sund.

(a) the safety of navigation and the regulation of maritime traffic, as provided in article 41;

(b) the prevention, reduction and control of pollution, by giving effect to applicable international regulations regarding the discharge of oil, oily wastes and other noxious substances in the strait;

(c) with respect to fishing vessels, the prevention of fishing, including the stowage of fishing gear;

(d) the loading or unloading of any commodity, currency or person in contravention of the customs, fiscal, immigration or sanitary laws and regulations of States bordering straits.

2. Such laws and regulations shall not discriminate in form or in fact among foreign ships or in their application have the practical effect of denying, hampering or impairing the right of transit passage as defined in this section.

3. States bordering straits shall give due publicity to all such laws and regulations.

4. Foreign ships exercising the right of transit passage shall comply with such laws and regulations.

5. The flag State of a ship or the State of registry of an aircraft entitled to sovereign immunity which acts in a manner contrary to such laws and regulations or other provisions of this Part shall bear international responsibility for any loss or damage which results to States bordering straits.

Article 43
Navigational and safety aids and other improvements and the prevention, reduction and control of pollution

User States and States bordering a strait should by agreement co-operate:

(a) in the establishment and maintenance in a strait of necessary navigational and safety aids or other improvements in aid of international navigation; and

(b) for the prevention, reduction and control of pollution from ships.

Article 44
Duties of States bordering straits

States bordering straits shall not hamper transit passage and shall give appropriate publicity to any danger to navigation or overflight within or over the strait of which they have knowledge. There shall be no suspension of transit passage.

SECTION 3. INNOCENT PASSAGE

Article 45
Innocent passage

1. The régime of innocent passage, in accordance with Part II, section 3, shall apply in straits used for international navigation:

(a) excluded from the application of the régime of transit passage under article 38, paragraph 1; or

(b) between a part of the high seas or an exclusive economic zone and the territorial sea of a foreign State.

2. There shall be no suspension of innocent passage through such straits.

IV. HLUTI

EYJAKLASARÍKI

46. gr.
Notkun hugtaka

Í samningi þessum:

a) merkir „eyjaklasaríki“ ríki sem er algerlega samsett af einum eða fleiri eyjaklösum og jafnvel öðrum eyjum;

b) merkir „eyjaklasi“ fjölda eyja, m. a. eyjahluta, hafsvæðin milli þeirra og aðrar náttúrumyndanir sem eru svo nátengdar innbyrðis að þessar eyjar, hafsvæði og aðrar náttúrumyndanir mynda eðlilega landfræðilega, efnahagslega og stjórnmálalega heild eða sem sögulega séð hefur verið litið á sem heild.

47. gr.
Eyjaklasagrunnlínur

1. Eyjaklasaríki má draga beinar eyjaklasagrunnlínur milli ystu staða á ystu eyjum og þurrrifum eyjaklasans enda liggi innan þessara grunnlína helstu eyjarnar og svæði þar sem hlutfall lagarsvæðisins á móti landsvæðinu að kóralrifum meðtöldum er milli 1 á móti 1 og 9 á móti 1.

2. Lengd þessara grunnlína skal ekki vera meiri en 100 sjómílur nema hvað allt að 3 hundraðshlutar heildarfjölda grunnlína, sem umlykja eyjaklasa, mega vera lengri, þó ekki lengri en 125 sjómílur.

3. Þessar grunnlínur skal ekki draga þannig að þær víki að sýnilegu leyti frá almennri lögun eyjaklasans.

4. Þessar grunnlínur skal ekki draga að eða frá flæðiskerjum nema vitar eða svipuð mannvirki, sem eru stöðugt ofansjávar, hafi verið byggð á þeim eða þar sem flæðisker er að öllu eða nokkru leyti ekki fjær næstu eyju en víðáttu landhelginnar nemur.

5. Eyjaklasaríki skal ekki beita reglunum um þessar grunnlínur þannig að landhelgi annars ríkis sé aðskilin frá úthafinu eða sérefnahagslögsögunni.

6. Ef hluti eyjaklasahafs eyjaklasaríkis liggur á milli tveggja hluta næsta aðlægs nágrannaríkis skulu gild réttindi og allir aðrir lögmætir hagsmunir, sem síðarnefnda ríkið hefur venjulega notið á þessu hafi, svo og öll réttindi, áskilin með samningi milli þessara ríkja, haldast og vera virt.

7. Þegar hlutfall lagar á móti landi samkvæmt 1. tl. er reiknað má telja til landsvæða hafsvæði sem eru innan útrifa eyja og kóralrifa, m. a. þann hluta neðansjávarhásléttu með bröttum hlíðum sem er gyrtur eða nálega gyrtur röð kalksteinseyja og þurrrifa á jaðri hásléttunnar.

8. Grunnlínurnar, sem dregnar eru samkvæmt þessari grein, skal sýna á kortum í mælikvarða eða -kvörðum er nægja til að ganga megi úr skugga um staðsetningu þeirra. Frjálst er að gera í staðinn skrár með landfræðilegum hnitum staða er tilgreini landmælingaatriði.

9. Eyjaklasaríkið skal birta þessi kort eða skrár með landfræðilegum hnitum á tilhlýðilegan hátt og koma í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna endurriti af hverju þessara korta eða skráa.

PART IV

ARCHIPELAGIC STATES

Article 46
Use of terms

For the purposes of this Convention:

(a) "archipelagic State" means a State constituted wholly by one or more archipelagos and may include other islands;

(b) "archipelago" means a group of islands, including parts of islands, interconnecting waters and other natural features which are so closely interrelated that such islands, waters and other natural features form an intrinsic geographical, economic and political entity, or which historically have been regarded as such.

Article 47
Archipelagic baselines

1. An archipelagic State may draw straight archipelagic baselines joining the outermost points of the outermost islands and drying reefs of the archipelago provided that within such baselines are included the main islands and an area in which the ratio of the area of the water to the area of the land, including atolls, is between 1 to 1 and 9 to 1.

2. The length of such baselines shall not exceed 100 nautical miles, except that up to 3 per cent of the total number of baselines enclosing any archipelago may exceed that length, up to a maximum length of 125 nautical miles.

3. The drawing of such baselines shall not depart to any appreciable extent from the general configuration of the archipelago.

4. Such baselines shall not be drawn to and from low-tide elevations, unless lighthouses or similar installations which are permanently above sea level have been built on them or where a low-tide elevation is situated wholly or partly at a distance not exceeding the breadth of the territorial sea from the nearest island.

5. The system of such baselines shall not be applied by an archipelagic State in such a manner as to cut off from the high seas or the exclusive economic zone the territorial sea of another State.

6. If a part of the archipelagic waters of an archipelagic State lies between two parts of an immediately adjacent neighbouring State, existing rights and all other legitimate interests which the latter State has traditionally exercised in such waters and all rights stipulated by agreement between those States shall continue and be respected.

7. For the purpose of computing the ratio of water to land under paragraph 1, land areas may include waters lying within the fringing reefs of islands and atolls, including that part of a steep-sided oceanic plateau which is enclosed or nearly enclosed by a chain of limestone islands and drying reefs lying on the perimeter of the plateau.

8. The baselines drawn in accordance with this article shall be shown on charts of a scale or scales adequate for ascertaining their position. Alternatively, lists of geographical co-ordinates of points, specifying the geodetic datum, may be substituted.

9. The archipelagic State shall give due publicity to such charts or lists of geographical co-ordinates and shall deposit a copy of each such chart or list with the Secretary-General of the United Nations.

48. gr.
Mæling á víðáttu landhelginnar, aðlæga beltisins, sérefnahagslögsögunnar og landgrunnsins

Víðáttu landhelginnar, aðlæga beltisins, sérefnahagslögsögunnar og landgrunnsins skal mæla frá eyjaklasagrunnlínum sem dregnar eru samkvæmt 47. gr.

49. gr.
Réttarstaða eyjaklasahafs, loftrýmisins yfir eyjaklasahafi og botns og botnlaga þess

1. Fullveldisréttur eyjaklasaríkis nær til hafsvæðanna innan eyjaklasagrunnlínanna sem dregnar eru samkvæmt 47. gr., án tillits til dýptar eða fjarlægðar þeirra frá ströndinni, og nefnast þau eyjaklasahaf.

2. Þessi fullveldisréttur nær til loftrýmisins yfir eyjaklasahafinu, svo og botns og botnlaga þess og auðlindanna sem þar eru.

3. Þessum fullveldisrétti er beitt í samræmi við þennan hluta.

4. Reglurnar um ferð á siglingaleiðum eyjaklasa, sem settar eru í þessum hluta, skulu ekki að öðru leyti hafa áhrif á stöðu eyjaklasahafsins, m. a. siglingaleiðanna, né beitingu eyjaklasaríkisins á fullveldisrétti sínum yfir þessu hafi og loftrými, botni og botnlögum þess ásamt auðlindunum sem þar eru.

50. gr.
Afmörkun innsævis

Innan eyjaklasahafs síns getur eyjaklasaríkið dregið lokunarlínur til afmörkunar innsævis samkvæmt 9., 10. og 11. gr.

51. gr.
Gildandi samningar, hefðbundin veiðiréttindi og fyrirliggjandi neðansjávarstrengir

1. Að óhnekktri 49. gr. skal eyjaklasaríki virða gildandi samninga við önnur ríki og viðurkenna hefðbundin veiðiréttindi og aðrar lögmætar athafnir næstu aðlægra nágrannaríkja á vissum svæðum sem eru á eyjaklasahafi. Að beiðni einhvers hlutaðeigandi ríkja skal í tvíhliða samningum þeirra á milli ákveða skilmála og skilyrði fyrir framkvæmd þessara réttinda og athafna, m. a. eðli þeirra, umfang og gildissvæði. Þessi réttindi skal ekki framselja né deila með þriðja ríki eða ríkisborgurum þess.

2. Eyjaklasaríki skal taka tillit til fyrirliggjandi neðansjávarstrengja sem önnur ríki hafa lagt og liggja um hafsvæði þess án þess að koma á land. Skal eyjaklasaríki leyfa viðhald og endurnýjun á þessum strengjum eftir að hafa fengið fullnægjandi tilkynningu um staðsetningu þeirra og áformin um að gera við eða endurnýja þá.

52. gr.
Réttur til friðsamlegrar ferðar

1. Í samræmi við 53. gr. og að óhnekktri 50. gr. hafa skip allra ríkja rétt til friðsamlegrar ferðar um eyjaklasahaf samkvæmt II. hluta, 3. kafla.

2. Eyjaklasaríkið getur, án þess að mismuna erlendum skipum í orði eða á borði, bannað friðsamlega ferð erlendra skipa um ákveðin svæði á eyjaklasahafi sínu til

Article 48
Measurement of the breadth of the territorial sea, the contiguous zone, the exclusive economic zone and the continental shelf

The breadth of the territorial sea, the contiguous zone, the exclusive economic zone and the continental shelf shall be measured from archipelagic baselines drawn in accordance with article 47.

Article 49
Legal status of archipelagic waters, of the air space over archipelagic waters and of their bed and subsoil

1. The sovereignty of an archipelagic State extends to the waters enclosed by the archipelagic baselines drawn in accordance with article 47, described as archipelagic waters, regardless of their depth or distance from the coast.

2. This sovereignty extends to the air space over the archipelagic waters, as well as to their bed and subsoil, and the resources contained therein.

3. This sovereignty is exercised subject to this Part.

4. The régime of archipelagic sea lanes passage established in this Part shall not in other respects affect the status of the archipelagic waters, including the sea lanes, or the exercise by the archipelagic State of its sovereignty over such waters and their air space, bed and subsoil, and the resources contained therein.

Article 50
Delimitation of internal waters

Within its archipelagic waters, the archipelagic State may draw closing lines for the delimitation of internal waters, in accordance with articles 9, 10 and 11.

Article 51
Existing agreements, traditional fishing rights and existing submarine cables

1. Without prejudice to article 49, an archipelagic State shall respect existing agreements with other States and shall recognize traditional fishing rights and other legitimate activities of the immediately adjacent neighbouring States in certain areas falling within archipelagic waters. The terms and conditions for the exercise of such rights and activities, including the nature, the extent and the areas to which they apply, shall, at the request of any of the States concerned, be regulated by bilateral agreements between them. Such rights shall not be transferred to or shared with third States or their nationals.

2. An archipelagic State shall respect existing submarine cables laid by other States and passing through its waters without making a landfall. An archipelagic State shall permit the maintenance and replacement of such cables upon receiving due notice of their location and the intention to repair or replace them.

Article 52
Right of innocent passage

1. Subject to article 53 and without prejudice to article 50, ships of all States enjoy the right of innocent passage through archipelagic waters, in accordance with Part II, section 3.

2. The archipelagic State may, without discrimination in form or in fact among foreign ships, suspend temporarily in specified areas of its archipelagic

bráðabirgða ef þetta bann er nauðsynlegt til að vernda öryggi þess. Þetta bann skal þá fyrst ganga í gildi er það hefur verið birt á tilhlýðilegan hátt.

53. gr.
Réttur til ferðar á siglingaleiðum eyjaklasa

1. Eyjaklasaríki getur tiltekið siglingaleiðir og þar yfir flugleiðir sem eru hentugar til óslitinnar og greiðrar ferðar erlendra skipa og loftfara um eða yfir eyjaklasahaf þess og hina aðlægu landhelgi.

2. Öll skip og loftför hafa rétt til ferðar á siglingaleiðum eyjaklasa á þessum siglinga- og flugleiðum.

3. Ferð á siglingaleiðum eyjaklasa merkir notkun réttinda til siglinga og yfirflugs á venjulegan hátt, samkvæmt samningi þessum, einvörðungu til óslitinnar, greiðrar og hindrunarlausrar gegnumferðar milli eins hluta úthafsins eða sérefnahagslögsögu og annars hluta úthafsins eða sérefnahagslögsögu.

4. Þessar siglinga- og flugleiðir skulu liggja um eyjaklasahafið og hina aðlægu landhelgi og ná yfir allar venjulegar umferðarleiðir sem eru notaðar sem leiðir til alþjóðlegra siglinga um eða yfirflugs yfir eyjaklasahaf, svo og á þessum leiðum, hvað skip áhrærir, allar venjulegar siglingaleiðir enda sé ekki nauðsynlegt að sjá fyrir álíka hentugum leiðum milli sömu komu- og brottfararstaða.

5. Þessar siglinga- og flugleiðir skal afmarka með röð samfelldra áslína milli komu- og brottfararstaða á umferðarleiðum. Skip og loftför á ferð á siglingaleiðum eyjaklasa skulu ekki, meðan á ferð stendur, víkja meira en 25 sjómílur frá þessum áslínum til annarrar hvorrar hliðarinnar enda sigli þessi skip og loftför ekki nær ströndunum en sem nemur 10 hundraðshlutum fjarlægðarinnar milli næstu staða á eyjum sem liggja að siglingaleiðinni.

6. Eyjaklasaríki, sem tiltekur siglingaleiðir samkvæmt þessari grein, getur einnig mælt fyrir um aðskildar siglingaleiðir með tilliti til öruggrar ferðar skipa um þröng sund á þessum siglingaleiðum.

7. Eyjaklasaríki getur, þegar aðstæður krefja, að undangenginni tilhlýðilegri birtingu þar að lútandi, ákveðið aðrar siglingaleiðir eða aðskildar siglingaleiðir í stað siglingaleiða eða aðskilinna siglingaleiða sem það hefur áður tiltekið eða mælt fyrir um.

8. Þessar siglingaleiðir og aðskildu siglingaleiðir skulu vera í samræmi við almennt viðurkenndar alþjóðareglur.

9. Þegar eyjaklasaríki tiltekur siglingaleiðir eða breytir þeim ellegar mælir fyrir um aðskildar siglingaleiðir eða breytir þeim skal það vísa tillögum til þar til bærrar alþjóðastofnunar til samþykktar. Stofnunin getur aðeins samþykkt þær siglingaleiðir og aðskildu siglingaleiðir er samkomulag hefur náðst um við eyjaklasaríkið en að því búnu getur eyjaklasaríkið tiltekið þær, mælt fyrir um þær eða breytt þeim.

10. Eyjaklasaríkið skal sýna ás siglingaleiðanna og aðskildu siglingaleiðirnar, sem það hefur tiltekið eða mælt fyrir um, greinilega á kortum sem skulu birt á tilhlýðilegan hátt.

11. Skip á ferð á siglingaleiðum eyjaklasa skulu halda sig á viðeigandi siglingaleiðum og aðskildum siglingaleiðum sem ákveðnar eru samkvæmt þessari grein.

12. Ef eyjaklasaríki tiltekur ekki siglinga- eða flugleiðir má neyta réttarins til ferðar á siglingaleiðum eyjaklasa á leiðum sem eru venjulega notaðar til alþjóðlegra siglinga.

waters the innocent passage of foreign ships if such suspension is essential for the protection of its security. Such suspension shall take effect only after having been duly published.

Article 53
Right of archipelagic sea lanes passage

1. An archipelagic State may designate sea lanes and air routes thereabove, suitable for the continuous and expeditious passage of foreign ships and aircraft through or over its archipelagic waters and the adjacent territorial sea.

2. All ships and aircraft enjoy the right of archipelagic sea lanes passage in such sea lanes and air routes.

3. Archipelagic sea lanes passage means the exercise in accordance with this Convention of the rights of navigation and overflight in the normal mode solely for the purpose of continuous, expeditious and unobstructed transit between one part of the high seas or an exclusive economic zone and another part of the high seas or an exclusive economic zone.

4. Such sea lanes and air routes shall traverse the archipelagic waters and the adjacent territorial sea and shall include all normal passage routes used as routes for international navigation or overflight through or over archipelagic waters and, within such routes, so far as ships are concerned, all normal navigational channels, provided that duplication of routes of similar convenience between the same entry and exit points shall not be necessary.

5. Such sea lanes and air routes shall be defined by a series of continuous axis lines from the entry points of passage routes to the exit points. Ships and aircraft in archipelagic sea lanes passage shall not deviate more than 25 nautical miles to either side of such axis lines during passage, provided that such ships and aircraft shall not navigate closer to the coasts than 10 per cent of the distance between the nearest points on islands bordering the sea lane.

6. An archipelagic State which designates sea lanes under this article may also prescribe traffic separation schemes for the safe passage of ships through narrow channels in such sea lanes.

7. An archipelagic State may, when circumstances require, after giving due publicity thereto, substitute other sea lanes or traffic separation schemes for any sea lanes or traffic separation schemes previously designated or prescribed by it.

8. Such sea lanes and traffic separation schemes shall conform to generally accepted international regulations.

9. In designating or substituting sea lanes or prescribing or substituting traffic separation schemes, an archipelagic State shall refer proposals to the competent international organization with a view to their adoption. The organization may adopt only such sea lanes and traffic separation schemes as may be agreed with the archipelagic State, after which the archipelagic State may designate, prescribe or substitute them.

10. The archipelagic State shall clearly indicate the axis of the sea lanes and the traffic separation schemes designated or prescribed by it on charts to which due publicity shall be given.

11. Ships in archipelagic sea lanes passage shall respect applicable sea lanes and traffic separation schemes established in accordance with this article.

12. If an archipelagic State does not designate sea lanes or air routes, the right of archipelagic sea lanes passage may be exercised through the routes normally used for international navigation.

54. gr.
Skyldur skipa og loftfara meðan á ferð þeirra stendur, rannsókna- og mælingastörf, skyldur eyjaklasaríkisins og lög og reglur eyjaklasaríkisins um ferð á siglingaleiðum eyjaklasa

Að breyttu breytanda gilda 39., 40., 42. og 44. gr. um ferð á siglingaleiðum eyjaklasa.

V. HLUTI

SÉREFNAHAGSLÖGSAGA

55. gr.
Sérstakar réttarreglur um sérefnahagslögsöguna

Sérefnahagslögsagan er svæði sem er utan landhelginnar og liggur að henni, háð sérstökum réttarreglum sem settar eru í þessum hluta en samkvæmt þeim fer um réttindi og lögsögu strandríkisins og réttindi og frelsi annarra ríkja eftir viðeigandi ákvæðum samnings þessa.

56. gr.
Réttindi, lögsaga og skyldur strandríkisins í sérefnahagslögsögunni

1. Í sérefnahagslögsögunni hefur strandríkið:

a) fullveldisréttindi að því er varðar rannsóknir og hagnýtingu, verndun og stjórnun lífrænna sem ólífrænna náttúruauðlinda hafsins, sem liggur yfir hafsbotninum, og hafsbotnsins og botnlaga hans, svo og aðrar athafnir vegna efnahagslegrar hagnýtingar og rannsókna í lögsögunni, svo sem framleiðslu orku úr sjónum, straumum og vindum;

b) lögsögu eins og kveðið er á um í viðeigandi ákvæðum samnings þessa að því er varðar:
   i) gerð og afnot tilbúinna eyja, útbúnaðar og mannvirkja;
   ii) hafrannsóknir;
   iii) verndun og varðveislu hafrýmisins;

c) önnur réttindi og skyldur sem kveðið er á um í samningi þessum.

2. Þegar strandríkið fer með réttindi sín og rækir skyldur sínar samkvæmt samningi þessum í sérefnahagslögsögunni skal það taka tilhlýðilegt tillit til réttinda og skyldna annarra ríkja og fara að á þann hátt er samrýmist ákvæðum samnings þessa.

3. Réttindunum, sem greint er frá í þessari grein að því er snertir hafsbotninn og botnlögin, skal beita samkvæmt VI. hluta.

57. gr.
Víðátta sérefnahagslögsögunnar

Sérefnahagslögsagan skal ekki ná lengra en 200 sjómílur frá grunnlínunum sem víðátta landhelginnar er mæld frá.

Article 54
Duties of ships and aircraft during their passage, research and survey activities, duties of the archipelagic State and laws and regulations of the archipelagic State relating to archipelagic sea lanes passage

Articles 39, 40, 42 and 44 apply *mutatis mutandis* to archipelagic sea lanes passage.

PART V

EXCLUSIVE ECONOMIC ZONE

Article 55
Specific legal régime of the exclusive economic zone

The exclusive economic zone is an area beyond and adjacent to the territorial sea, subject to the specific legal régime established in this Part, under which the rights and jurisdiction of the coastal State and the rights and freedoms of other States are governed by the relevant provisions of this Convention.

Article 56
Rights, jurisdiction and duties of the coastal State in the exclusive economic zone

1. In the exclusive economic zone, the coastal State has:
(a) sovereign rights for the purpose of exploring and exploiting, conserving and managing the natural resources, whether living or non-living, of the waters superjacent to the sea-bed and of the sea-bed and its subsoil, and with regard to other activities for the economic exploitation and exploration of the zone, such as the production of energy from the water, currents and winds;
(b) jurisdiction as provided for in the relevant provisions of this Convention with regard to:
  (i) the establishment and use of artificial islands, installations and structures;
  (ii) marine scientific research;
  (iii) the protection and preservation of the marine environment;
(c) other rights and duties provided for in this Convention.

2. In exercising its rights and performing its duties under this Convention in the exclusive economic zone, the coastal State shall have due regard to the rights and duties of other States and shall act in a manner compatible with the provisions of this Convention.

3. The rights set out in this article with respect to the sea-bed and subsoil shall be exercised in accordance with Part VI.

Article 57
Breadth of the exclusive economic zone

The exclusive economic zone shall not extend beyond 200 nautical miles from the baselines from which the breadth of the territorial sea is measured.

58. gr.
Réttindi og skyldur annarra ríkja í sérefnahagslögsögunni

1. Í sérefnahagslögsögunni hafa öll ríki, hvort sem þau eru strandríki eða landlukt ríki, í samræmi við viðeigandi ákvæði samnings þessa, frelsi, sem getið er í 87. gr., til siglinga og yfirflugs og til lagningar neðansjávarstrengja og -leiðslna, svo og önnur alþjóðlega lögmæt not hafsins sem snerta þetta frelsi, t. d. þau not er tengjast starfrækslu skipa, loftfara og neðansjávarstrengja og -leiðslna, og samrýmast öðrum ákvæðum samnings þessa.

2. Greinar 88—115 og aðrar viðeigandi reglur þjóðaréttar gilda um sérefnahagslögsöguna að svo miklu leyti sem þær eru ekki ósamrýmanlegar þessum hluta.

3. Þegar ríki fara með réttindi sín og rækja skyldur sínar samkvæmt samningi þessum í sérefnahagslögsögunni skulu þau taka tilhlýðilegt tillit til réttinda og skyldna strandríkisins og fara eftir lögunum og reglunum sem strandríkið hefur sett samkvæmt ákvæðum samnings þessa og öðrum reglum þjóðaréttar að svo miklu leyti sem þær eru ekki ósamrýmanlegar þessum hluta.

59. gr.
Grundvöllur að lausn deilna um veitingu réttinda og lögsögu í sérefnahagslögsögunni

Ef samningur þessi veitir strandríkinu eða öðrum ríkjum ekki réttindi eða lögsögu í sérefnahagslögsögunni og hagsmunir strandríkisins og annars eða annarra ríkja rekast á skal leysa deiluna á sanngirnisgrundvelli og með tilliti til allra þeirra atriða sem máli skipta enda sé höfð hliðsjón af mikilvægi viðkomandi hagsmuna fyrir hvern aðila um sig og þjóðasamfélagið í heild.

60. gr.
Tilbúnar eyjar, útbúnaður og mannvirki í sérefnahagslögsögunni

1. Í sérefnahagslögsögunni skal strandríkið hafa einkarétt til gerðar og til að heimila og setja reglur um gerð, rekstur og afnot:

a) tilbúinna eyja;
b) útbúnaðar og mannvirkja í þeim tilgangi, sem kveðið er á um í 56. gr., og í öðrum efnahagslegum tilgangi;
c) útbúnaðar og mannvirkja sem kunna að hindra strandríkið í að beita réttindum sínum í lögsögunni.

2. Strandríkið skal hafa sérlögsögu yfir þessum tilbúnu eyjum, útbúnaði og mannvirkjum, m. a. lögsögu að því er varðar lög og reglur í tolla-, fjár-, heilbrigðis-, öryggis- og innflytjendamálum.

3. Tilkynna verður á tilhlýðilegan hátt gerð þessara tilbúnu eyja, útbúnaðar eða mannvirkja og hafa verður varanlegan búnað til að vara við tilvist þeirra. Fjarlægja verður útbúnað eða mannvirki, sem hafa verið yfirgefin eða tekin úr notkun, til að tryggja öryggi siglinga enda sé höfð hliðsjón af almennt viðurkenndum alþjóðareglum sem þar til bær alþjóðastofnun hefur sett þar að lútandi. Við þetta brottnám skal einnig taka tilhlýðilegt tillit til veiða, verndunar hafrýmisins og réttinda og

Article 58
Rights and duties of other States in the exclusive economic zone

1. In the exclusive economic zone, all States, whether coastal or land-locked, enjoy, subject to the relevant provisions of this Convention, the freedoms referred to in article 87 of navigation and overflight and of the laying of submarine cables and pipelines, and other internationally lawful uses of the sea related to these freedoms, such as those associated with the operation of ships, aircraft and submarine cables and pipelines, and compatible with the other provisions of this Convention.

2. Articles 88 to 115 and other pertinent rules of international law apply to the exclusive economic zone in so far as they are not incompatible with this Part.

3. In exercising their rights and performing their duties under this Convention in the exclusive economic zone, States shall have due regard to the rights and duties of the coastal State and shall comply with the laws and regulations adopted by the coastal State in accordance with the provisions of this Convention and other rules of international law in so far as they are not incompatible with this Part.

Article 59
Basis for the resolution of conflicts regarding the attribution of rights and jurisdiction in the exclusive economic zone

In cases where this Convention does not attribute rights or jurisdiction to the coastal State or to other States within the exclusive economic zone, and a conflict arises between the interests of the coastal State and any other State or States, the conflict should be resolved on the basis of equity and in the light of all the relevant circumstances, taking into account the respective importance of the interests involved to the parties as well as to the international community as a whole.

Article 60
Artificial islands, installations and structures in the exclusive economic zone

1. In the exclusive economic zone, the coastal State shall have the exclusive right to construct and to authorize and regulate the construction, operation and use of:

(a) artificial islands;

(b) installations and structures for the purposes provided for in article 56 and other economic purposes;

(c) installations and structures which may interfere with the exercise of the rights of the coastal State in the zone.

2. The coastal State shall have exclusive jurisdiction over such artificial islands, installations and structures, including jurisdiction with regard to customs, fiscal, health, safety and immigration laws and regulations.

3. Due notice must be given of the construction of such artificial islands, installations or structures, and permanent means for giving warning of their presence must be maintained. Any installations or structures which are abandoned or disused shall be removed to ensure safety of navigation, taking into account any generally accepted international standards established in this regard by the competent international organization. Such removal shall also have due regard

skyldna annarra ríkja. Vekja skal viðeigandi athygli á dýpt, staðsetningu og stærð útbúnaðar eða mannvirkja sem eru ekki fjarlægð að fullu og öllu.

4. Ef nauðsyn krefur getur strandríkið ákveðið hæfilega stór öryggisbelti umhverfis þessar tilbúnu eyjar, útbúnað og mannvirki þar sem það getur gert viðeigandi ráðstafanir til að tryggja bæði öryggi siglinga og tilbúnu eyjanna, útbúnaðarins og mannvirkjanna.

5. Strandríkið skal ákveða víðáttu öryggisbeltanna með hliðsjón af viðeigandi alþjóðareglum. Skal afmörkun þessara belta miða að því að tryggja að þau séu í hæfilegu samræmi við eðli tilbúnu eyjanna, útbúnaðarins eða mannvirkjanna og starfsemina þar og skulu þau ekki ná lengra út en 500 metra þar í kring, mælt frá hverjum stað á ytri brún, nema annað sé heimilað í almennt viðurkenndum alþjóðareglum eða felist í tillögu þar til bærrar alþjóðastofnunar. Tilkynna skal víðáttu öryggisbeltanna á tilhlýðilegan hátt.

6. Öllum skipum ber að virða þessi öryggisbelti og skulu þau fara eftir almennt viðurkenndum alþjóðareglum um siglingar í nágrenni tilbúinna eyja, útbúnaðar, mannvirkja og öryggisbelta.

7. Ekki má koma upp tilbúnum eyjum, útbúnaði og mannvirkjum og ákveða öryggisbeltin þar í kring þar sem það getur tálmað notkun viðurkenndra siglingaleiða sem eru nauðsynlegar til alþjóðlegra siglinga.

8. Tilbúnar eyjar, útbúnaður og mannvirki hafa ekki stöðu eyja. Þau hafa enga eigin landhelgi og tilvist þeirra hefur ekki áhrif á afmörkun landhelginnar, sérefnahagslögsögunnar né landgrunnsins.

61. gr.
Verndun hinna lífrænu auðlinda

1. Strandríkið skal ákveða leyfilegan afla hinna lífrænu auðlinda í sérefnahagslögsögu sinni.

2. Strandríkið skal tryggja með viðeigandi verndunar- og stjórnunarráðstöfunum, á grundvelli bestu vísindalegu niðurstaðna sem því eru tiltækar, að tilveru hinna lífrænu auðlinda í sérefnahagslögsögunni sé ekki stofnað í hættu með ofnýtingu. Eftir því sem við á skulu strandríkið og þar til bærar alþjóðastofnanir, hvort sem þær eru undirsvæðis-, svæðis- eða heimsstofnanir, starfa saman að þessu marki.

3. Þessar ráðstafanir skulu einnig miða að því að stofnum nýttra tegunda sé haldið í eða komið aftur upp í stærð sem getur gefið af sér hámarkslangtímaafla, með þeim takmörkunum sem felast í viðkomandi umhverfis- og efnahagsaðstæðum, m. a. efnahagslegum þörfum strandveiðistöðva og sérþörfum þróunarríkja, og skal hafa hliðsjón af veiðiháttum, innbyrðis tengslum stofna og almennt viðurkenndum alþjóðlegum lágmarksreglum hvort sem þær ná til undirsvæðis, svæðis eða heimsins.

4. Þegar strandríkið gerir þessar ráðstafanir skal það taka tillit til áhrifa þeirra á tegundir sem eru tengdar eða háðar nýttum tegundum svo að stofnum þessara tengdu eða háðu tegunda sé haldið ofan við eða komið aftur upp fyrir mörk þar sem viðkomu þeirra kann að verða alvarlega ógnað.

5. Reglulega skal láta í té og skiptast á tiltækum vísindalegum upplýsingum, afla- og veiðisóknarskýrslum og öðrum gögnum viðkomandi verndun fiskstofna fyrir milligöngu þar til bærra alþjóðastofnana, hvort sem þær eru undirsvæðis-, svæðis-

to fishing, the protection of the marine environment and the rights and duties of other States. Appropriate publicity shall be given to the depth, position and dimensions of any installations or structures not entirely removed.

4. The coastal State may, where necessary, establish reasonable safety zones around such artificial islands, installations and structures in which it may take appropriate measures to ensure the safety both of navigation and of the artificial islands, installations and structures.

5. The breadth of the safety zones shall be determined by the coastal State, taking into account applicable international standards. Such zones shall be designed to ensure that they are reasonably related to the nature and function of the artificial islands, installations or structures, and shall not exceed a distance of 500 metres around them, measured from each point of their outer edge, except as authorized by generally accepted international standards or as recommended by the competent international organization. Due notice shall be given of the extent of safety zones.

6. All ships must respect these safety zones and shall comply with generally accepted international standards regarding navigation in the vicinity of artificial islands, installations, structures and safety zones.

7. Artificial islands, installations and structures and the safety zones around them may not be established where interference may be caused to the use of recognized sea lanes essential to international navigation.

8. Artificial islands, installations and structures do not possess the status of islands. They have no territorial sea of their own, and their presence does not affect the delimitation of the territorial sea, the exclusive economic zone or the continental shelf.

Article 61

Conservation of the living resources

1. The coastal State shall determine the allowable catch of the living resources in its exclusive economic zone.

2. The coastal State, taking into account the best scientific evidence available to it, shall ensure through proper conservation and management measures that the maintenance of the living resources in the exclusive economic zone is not endangered by over-exploitation. As appropriate, the coastal State and competent international organizations, whether subregional, regional or global, shall co-operate to this end.

3. Such measures shall also be designed to maintain or restore populations of harvested species at levels which can produce the maximum sustainable yield, as qualified by relevant environmental and economic factors, including the economic needs of coastal fishing communities and the special requirements of developing States, and taking into account fishing patterns, the interdependence of stocks and any generally recommended international minimum standards, whether subregional, regional or global.

4. In taking such measures the coastal State shall take into consideration the effects on species associated with or dependent upon harvested species with a view to maintaining or restoring populations of such associated or dependent species above levels at which their reproduction may become seriously threatened.

5. Available scientific information, catch and fishing effort statistics, and other data relevant to the conservation of fish stocks shall be contributed and exchanged on a regular basis through competent international organizations, whether subregional, regional or global, where appropriate and with participa-

eða heimsstofnanir, þar sem við á og með þátttöku allra hlutaðeigandi ríkja, m. a. ríkja sem ríkisborgarar frá geta veitt í sérefnahagslögsögunni.

62. gr.
Nýting hinna lífrænu auðlinda

1. Að óhnekktri 61. gr. skal strandríkið stuðla að því að markmiðinu um bestu nýtingu hinna lífrænu auðlinda í sérefnahagslögsögunni verði náð.

2. Strandríkið skal ákveða getu sína til að nýta hinar lífrænu auðlindir sérefnahagslögsögunnar. Þegar strandríkið getur ekki nýtt allan leyfilegan afla skal það, með samningum eða öðrum ráðstöfunum og samkvæmt skilmálunum, skilyrðunum, lögunum og reglunum sem getið er í 4. tl., veita öðrum ríkjum aðgang að afgangi hins leyfilega afla með sérstöku tilliti til ákvæða 69. og 70. gr., einkum viðvíkjandi þróunarríkjunum sem þar eru nefnd.

3. Þegar strandríkið veitir öðrum ríkjum aðgang að sérefnahagslögsögu sinni samkvæmt þessari grein skal það hafa hliðsjón af öllum atriðum er máli skipta, þar undir m. a. mikilvægi hinna lífrænu auðlinda svæðisins í efnahag hlutaðeigandi strandríkis og öðrum þjóðarhagsmunum þess, ákvæðum 69. og 70. gr., þörfum þróunarríkja á undirsvæðinu eða svæðinu á að nýta hluta afgangsins og þörfinni á að draga sem mest úr efnahagslegu áfalli í ríkjum sem ríkisborgarar frá hafa venjulega veitt í lögsögunni eða gert hafa verulegt átak í að rannsaka og greina stofna.

4. Ríkisborgarar annarra ríkja, sem veiða í sérefnahagslögsögunni, skulu hlíta verndunarráðstöfununum og öðrum skilmálum og skilyrðum sem sett eru í lögum og reglum strandríkisins. Þessi lög og reglur skulu vera í samræmi við samning þennan og geta m. a. snert eftirfarandi:

a) veitingu leyfa fyrir veiðimenn, veiðiskip og veiðibúnað, m. a. greiðslu þóknunar og annars konar endurgjald er gagnvart þróunarríkjum í hópi strandríkja getur verið fólgið í fullnægjandi umbun á sviði fjármögnunar, búnaðar og tækni sem tengist sjávarútveginum;

b) ákvörðun tegundanna, sem veiða má, og ákvörðun aflahluta með tilliti til einstakra stofna, fjölda stofna, afla á skip á ákveðnum tíma eða afla ríkisborgara ríkis á tilteknu tímabili;

c) ákvæði um veiðitíma og veiðisvæði, tegundir, stærðir og fjölda veiðarfæra og tegundir, stærðir og fjölda veiðiskipa sem nota má;

d) ákvörðun um aldur og stærð fisks og annarra tegunda sem veiða má;

e) tilgreiningu upplýsinga sem krafist er af veiðiskipum, m. a. afla- og veiðisóknarskýrslna og skýrslna um staðsetningu skipa;

f) kröfur um framkvæmd tilgreindra fiskirannsóknaáætlana samkvæmt heimild frá strandríkinu og undir eftirliti þess og ákvæði um framkvæmd þessara rannsókna, m. a. töku aflasýnishorna, meðferð sýnishorna og skýrslugjöf um skyld vísindaleg gögn;

g) setningu eftirlitsmanna eða nema um borð í þessi skip af hálfu strandríkisins;

h) löndun alls eða hluta afla þessara skipa í höfnum strandríkisins;

i) skilmála og skilyrði viðvíkjandi sameiginlegum fyrirtækjum eða öðrum samstarfsráðstöfunum;

j) kröfur um þjálfun starfsliðs og miðlun veiðitækni, m. a. aukningu á getu

tion by all States concerned, including States whose nationals are allowed to fish in the exclusive economic zone.

Article 62
Utilization of the living resources

1. The coastal State shall promote the objective of optimum utilization of the living resources in the exclusive economic zone without prejudice to article 61.

2. The coastal State shall determine its capacity to harvest the living resources of the exclusive economic zone. Where the coastal State does not have the capacity to harvest the entire allowable catch, it shall, through agreements or other arrangements and pursuant to the terms, conditions, laws and regulations referred to in paragraph 4, give other States access to the surplus of the allowable catch, having particular regard to the provisions of articles 69 and 70, especially in relation to the developing States mentioned therein.

3. In giving access to other States to its exclusive economic zone under this article, the coastal State shall take into account all relevant factors, including, *inter alia*, the significance of the living resources of the area to the economy of the coastal State concerned and its other national interests, the provisions of articles 69 and 70, the requirements of developing States in the subregion or region in harvesting part of the surplus and the need to minimize economic dislocation in States whose nationals have habitually fished in the zone or which have made substantial efforts in research and identification of stocks.

4. Nationals of other States fishing in the exclusive economic zone shall comply with the conservation measures and with the other terms and conditions established in the laws and regulations of the coastal State. These laws and regulations shall be consistent with this Convention and may relate, *inter alia*, to the following:

(a) licensing of fishermen, fishing vessels and equipment, including payment of fees and other forms of remuneration, which, in the case of developing coastal States, may consist of adequate compensation in the field of financing, equipment and technology relating to the fishing industry;

(b) determining the species which may be caught, and fixing quotas of catch, whether in relation to particular stocks or groups of stocks or catch per vessel over a period of time or to the catch by nationals of any State during a specified period;

(c) regulating seasons and areas of fishing, the types, sizes and amount of gear, and the types, sizes and number of fishing vessels that may be used;

(d) fixing the age and size of fish and other species that may be caught;

(e) specifying information required of fishing vessels, including catch and effort statistics and vessel position reports;

(f) requiring, under the authorization and control of the coastal State, the conduct of specified fisheries research programmes and regulating the conduct of such research, including the sampling of catches, disposition of samples and reporting of associated scientific data;

(g) the placing of observers or trainees on board such vessels by the coastal State;

(h) the landing of all or any part of the catch by such vessels in the ports of the coastal State;

(i) terms and conditions relating to joint ventures or other co-operative arrangements;

(j) requirements for the training of personnel and the transfer of fisheries

strandríkisins til að ráðast í fiskirannsóknir;

k) framkvæmdaraðferðir.

5. Strandríki skulu tilkynna lög og reglur um verndun og stjórnun á tilhlýðilegan hátt.

63. gr.
Stofnar sem eru í sérefnahagslögsögu tveggja eða fleiri strandríkja eða bæði í sérefnahagslögsögunni og á aðlægu svæði utan hennar

1. Þar sem sami stofninn eða stofnar tengdra tegunda eru í sérefnahagslögsögu tveggja eða fleiri strandríkja skulu þessi ríki, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu viðeigandi undirsvæðis- eða svæðisstofnana, leitast við að koma sér saman um nauðsynlegar ráðstafanir til að samræma og tryggja verndun og þróun þessara stofna, þó að óhnekktum öðrum ákvæðum þessa hluta.

2. Þar sem sami stofninn eða stofnar tengdra tegunda eru bæði í sérefnahagslögsögunni og á aðlægu svæði utan lögsögunnar skulu strandríkið og ríkin, sem veiða þessa stofna á aðlæga svæðinu, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu viðeigandi undirsvæðis- eða svæðisstofnana, leitast við að koma sér saman um nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda þessa stofna á aðlæga svæðinu.

64. gr.
Miklar fartegundir

1. Strandríkið og önnur ríki, sem ríkisborgarar frá veiða á svæðinu hinar miklu fartegundir er taldar eru upp í I. viðauka, skulu starfa saman beint eða á vettvangi viðeigandi alþjóðastofnana með það í huga að tryggja verndun og stuðla að því að náð verði markmiðinu um bestu nýtingu þessara tegunda á öllu svæðinu, bæði í sérefnahagslögsögunni og utan hennar. Á svæðum, sem engin viðeigandi alþjóðastofnun sinnir, skulu strandríkið og önnur ríki, ef ríkisborgarar þeirra nýta þessar tegundir á svæðinu, starfa saman að því að koma slíkri stofnun á fót og taka þátt í starfi hennar.

2. Ákvæði 1. tl. gilda auk annarra ákvæða þessa hluta.

65. gr.
Sjávarspendýr

Ekkert í þessum hluta skerðir rétt strandríkis eða vald alþjóðastofnunar, eftir atvikum, til að banna, takmarka eða setja reglur um hagnýtingu sjávarspendýra með strangari hætti en kveðið er á um í þessum hluta. Ríki skulu starfa saman með verndun sjávarspendýra í huga og skulu, hvað hvali snertir, einkum starfa á vettvangi viðeigandi alþjóðastofnana að verndun og stjórnun þeirra og rannsóknum á þeim.

66. gr.
Stofnar sem leita aftur upp í ár

1. Ríki skulu hafa aðalrétt til og bera höfuðábyrgð á þeim stofnum sem leita aftur upp í ár og koma upprunalega úr ám þeirra.

2. Upprunaríki stofna, sem leita aftur upp í ár, skal tryggja verndun þeirra með því að ákveða viðeigandi ráðstafanir í reglum um veiðar á öllum hafsvæðum, sem eru landmegin við ytri mörk sérefnahagslögsögu þess, og veiðar sem kveðið er á um

technology, including enhancement of the coastal State's capability of undertaking fisheries research;

(k) enforcement procedures.

5. Coastal States shall give due notice of conservation and management laws and regulations.

Article 63

Stocks occurring within the exclusive economic zones of two or more coastal States or both within the exclusive economic zone and in an area beyond and adjacent to it

1. Where the same stock or stocks of associated species occur within the exclusive economic zones of two or more coastal States, these States shall seek, either directly or through appropriate subregional or regional organizations, to agree upon the measures necessary to co-ordinate and ensure the conservation and development of such stocks without prejudice to the other provisions of this Part.

2. Where the same stock or stocks of associated species occur both within the exclusive economic zone and in an area beyond and adjacent to the zone, the coastal State and the States fishing for such stocks in the adjacent area shall seek, either directly or through appropriate subregional or regional organizations, to agree upon the measures necessary for the conservation of these stocks in the adjacent area.

Article 64

Highly migratory species

1. The coastal State and other States whose nationals fish in the region for the highly migratory species listed in Annex I shall co-operate directly or through appropriate international organizations with a view to ensuring conservation and promoting the objective of optimum utilization of such species throughout the region, both within and beyond the exclusive economic zone. In regions for which no appropriate international organization exists, the coastal State and other States whose nationals harvest these species in the region shall co-operate to establish such an organization and participate in its work.

2. The provisions of paragraph 1 apply in addition to the other provisions of this Part.

Article 65

Marine mammals

Nothing in this Part restricts the right of a coastal State or the competence of an international organization, as appropriate, to prohibit, limit or regulate the exploitation of marine mammals more strictly than provided for in this Part. States shall co-operate with a view to the conservation of marine mammals and in the case of cetaceans shall in particular work through the appropriate international organizations for their conservation, management and study.

Article 66

Anadromous stocks

1. States in whose rivers anadromous stocks originate shall have the primary interest in and responsibility for such stocks.

2. The State of origin of anadromous stocks shall ensure their conservation by the establishment of appropriate regulatory measures for fishing in all waters landward of the outer limits of its exclusive economic zone and for fishing

í 3. tl. b). Upprunaríkið getur, að höfðu samráði við hin ríkin sem veiða þessa stofna og getið er í 3. og 4. tl., ákveðið hámark leyfilegs afla af stofnum sem koma upprunalega úr ám þess.

3. a) Veiðar á stofnum, sem leita aftur upp í ár, skal aðeins stunda á hafsvæðum sem eru landmegin við ytri mörk sérefnahagslögsögu nema svo hátti til að þetta ákvæði mundi leiða til efnahagslegs áfalls hjá öðru ríki en upprunaríkinu. Að því er snertir þessar veiðar utan ytri marka sérefnahagslögsögunnar skulu hlutaðeigandi ríki ráðgast við í því skyni að ná samkomulagi um skilmála og skilyrði fyrir þessum veiðum enda sé tekið tilhlýðilegt tillit til verndunarþarfar og þarfa upprunaríkisins viðvíkjandi þessum stofnum.

b) Upprunaríkið skal taka þátt í samstarfi um að draga sem mest úr efnahagslegu áfalli í hinum ríkjunum sem veiða þessa stofna enda sé höfð hliðsjón af venjubundnum afla og veiðiháttum þessara ríkja og öllum svæðunum sem þessar veiðar hafa verið stundaðar á.

c) Við nýtingu stofna, sem koma upprunalega úr ám þess, skal upprunaríkið taka sérstakt tillit til ríkja sem getið er í b-lið og taka samkvæmt samningi við upprunaríkið þátt í ráðstöfunum til að endurnýja stofna sem leita aftur upp í ár, einkum með útgjöldum í því skyni.

d) Utan sérefnahagslögsögunnar skal framkvæmd reglna um stofna, sem leita aftur upp í ár, vera samkvæmt samningi milli upprunaríkisins og annarra hlutaðeigandi ríkja.

4. Þegar stofnar, sem leita aftur upp í ár, fara inn á eða um hafsvæði sem eru landmegin við ytri mörk sérefnahagslögsögu annars ríkis en upprunaríkisins skal þetta ríki starfa með upprunaríkinu að verndun og stjórnun þessara stofna.

5. Upprunaríki stofna, sem leita aftur upp í ár, og önnur ríki, sem veiða þessa stofna, skulu gera ráðstafanir til að framkvæma ákvæði þessarar greinar, eftir atvikum, á vettvangi svæðisstofnana.

67. gr.
Tegundir sem leita aftur niður til sjávar

1. Nú eru tegundir, sem leita aftur niður til sjávar, meirihluta lífsskeiðs síns á hafsvæðum strandríkis og skal það þá bera ábyrgð á stjórnun þessara tegunda og tryggja göngu farfisks til og frá.

2. Veiðar á tegundum, sem leita aftur niður til sjávar, skal aðeins stunda á hafsvæðum sem eru landmegin við ytri mörk sérefnahagslögsögu. Þegar veiðar eru stundaðar í sérefnahagslögsögu skulu þær vera í samræmi við þessa grein og önnur ákvæði samnings þessa um veiðar í þessari lögsögu.

3. Þegar fiskur, sem leitar aftur niður til sjávar, fer um sérefnahagslögsögu annars ríkis hvort heldur sem ungfiskur eða fiskur á þroskaskeiði skal með samningi milli ríkisins, sem nefnt er í 1. tl., og annars hlutaðeigandi ríkis setja reglur um stjórnun, m. a. veiðar, þessa fisks. Í þessum samningi skal tryggja skynsamlega stjórnun tegundanna og hafa hliðsjón af skyldum ríkisins, sem nefnt er í 1. tl., til að varðveita þessar tegundir.

68. gr.
Botnsetutegundir

Þessi hluti gildir ekki um botnsetutegundir eins og þær eru skilgreindar í 77. gr., 4. tl.

provided for in paragraph 3(b). The State of origin may, after consultations with the other States referred to in paragraphs 3 and 4 fishing these stocks, establish total allowable catches for stocks originating in its rivers.

3. (a) Fisheries for anadromous stocks shall be conducted only in waters landward of the outer limits of exclusive economic zones, except in cases where this provision would result in economic dislocation for a State other than the State of origin. With respect to such fishing beyond the outer limits of the exclusive economic zone, States concerned shall maintain consultations with a view to achieving agreement on terms and conditions of such fishing giving due regard to the conservation requirements and the needs of the State of origin in respect of these stocks.

(b) The State of origin shall co-operate in minimizing economic dislocation in such other States fishing these stocks, taking into account the normal catch and the mode of operations of such States, and all the areas in which such fishing has occurred.

(c) States referred to in subparagraph (b), participating by agreement with the State of origin in measures to renew anadromous stocks, particularly by expenditures for that purpose, shall be given special consideration by the State of origin in the harvesting of stocks originating in its rivers.

(d) Enforcement of regulations regarding anadromous stocks beyond the exclusive economic zone shall be by agreement between the State of origin and the other States concerned.

4. In cases where anadromous stocks migrate into or through the waters landward of the outer limits of the exclusive economic zone of a State other than the State of origin, such State shall co-operate with the State of origin with regard to the conservation and management of such stocks.

5. The State of origin of anadromous stocks and other States fishing these stocks shall make arrangements for the implementation of the provisions of this article, where appropriate, through regional organizations.

Article 67
Catadromous species

1. A coastal State in whose waters catadromous species spend the greater part of their life cycle shall have responsibility for the management of these species and shall ensure the ingress and egress of migrating fish.

2. Harvesting of catadromous species shall be conducted only in waters landward of the outer limits of exclusive economic zones. When conducted in exclusive economic zones, harvesting shall be subject to this article and the other provisions of this Convention concerning fishing in these zones.

3. In cases where catadromous fish migrate through the exclusive economic zone of another State, whether as juvenile or maturing fish, the management, including harvesting, of such fish shall be regulated by agreement between the State mentioned in paragraph 1 and the other State concerned. Such agreement shall ensure the rational management of the species and take into account the responsibilities of the State mentioned in paragraph 1 for the maintenance of these species.

Article 68
Sedentary species

This Part does not apply to sedentary species as defined in article 77, paragraph 4.

69. gr.
Réttur landluktra ríkja

1. Landlukt ríki skulu hafa rétt til að eiga með sanngjörnum hætti hlutdeild í hagnýtingu hæfilegs hluta af afgangi hinna lífrænu auðlinda í sérefnahagslögsögu strandríkja á sama undirsvæði eða svæði, með hliðsjón af viðeigandi efnahagslegum og landfræðilegum aðstæðum allra hlutaðeigandi ríkja og í samræmi við ákvæði þessarar greinar og 61. og 62. gr.

2. Hlutaðeigandi ríki skulu í tvíhliða samningum, undirsvæðissamningum eða svæðissamningum kveða á um skilmála og aðferðir vegna þessarar hlutdeildar, m. a. með hliðsjón af:

a) þörfinni á að forðast skaðleg áhrif á verstöðvar eða fiskiðnað strandríkisins;

b) því, hversu mikla hlutdeild landlukta ríkið, samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, á eða má eiga á grundvelli gildandi tvíhliða samninga, undirsvæðissamninga eða svæðissamninga í hagnýtingu lífrænna auðlinda í sérefnahagslögsögu annarra strandríkja;

c) því, hversu mikla hlutdeild önnur landlukt ríki og landfræðilega afskipt ríki eiga í hagnýtingu hinna lífrænu auðlinda í sérefnahagslögsögu strandríkisins, og þar af leiðandi þörfinni á að forðast að leggja sérstaka byrði á einstakt strandríki eða hluta þess;

d) næringarþörfum íbúa ríkjanna hvers um sig.

3. Þegar nýtingargeta strandríkis nálgast þau mörk að það geti nýtt allan leyfilegan afla hinna lífrænu auðlinda í sérefnahagslögsögu sinni skulu strandríkið og önnur hlutaðeigandi ríki starfa saman að því að gera sanngjarna tvíhliða samninga, undirsvæðissamninga eða svæðissamninga þar sem gert sé ráð fyrir hlutdeild þróunarríkja í hópi landluktra ríkja á sama undirsvæði eða svæði í hagnýtingu hinna lífrænu auðlinda í sérefnahagslögsögu strandríkja á undirsvæðinu eða svæðinu, eftir því sem við getur átt miðað við aðstæður og með skilmálum sem allir aðilar sætta sig við. Við framkvæmd þessa ákvæðis skal einnig hafa hliðsjón af atriðunum sem nefnd eru í 2. tl.

4. Iðnþróuðum landluktum ríkjum skal samkvæmt ákvæðum þessarar greinar aðeins heimilt að eiga hlutdeild í hagnýtingu lífrænna auðlinda í sérefnahagslögsögu iðnþróaðra strandríkja á sama undirsvæði eða svæði með tilliti til þess að hve miklu leyti strandríkið, þegar það hefur veitt öðrum ríkjum aðgang að hinum lífrænu auðlindum í sérefnahagslögsögu sinni, hefur haft hliðsjón af þörfinni á að hafa sem minnst skaðleg áhrif á verstöðvar og draga sem mest úr efnahagslegu áfalli í ríkjum sem ríkisborgarar frá hafa venjulega veitt á svæðinu.

5. Ofangreind ákvæði hnekkja ekki ráðstöfunum sem samið hefur verið um á undirsvæðum eða svæðum þar sem strandríkin kunna að veita landluktum ríkjum á sama undirsvæði eða svæði jöfn réttindi eða forréttindi til hagnýtingar á hinum lífrænu auðlindum í sérefnahagslögsögunni.

70. gr.
Réttur landfræðilega afskiptra ríkja

1. Landfræðilega afskipt ríki skulu hafa rétt til að eiga með sanngjörnum hætti hlutdeild í hagnýtingu hæfilegs hluta af afgangi hinna lífrænu auðlinda í sérefnahagslögsögu strandríkja á sama undirsvæði eða svæði, með hliðsjón af viðeigandi efnahagslegum og landfræðilegum aðstæðum allra hlutaðeigandi ríkja og í samræmi

Article 69
Right of land-locked States

1. Land-locked States shall have the right to participate, on an equitable basis, in the exploitation of an appropriate part of the surplus of the living resources of the exclusive economic zones of coastal States of the same subregion or region, taking into account the relevant economic and geographical circumstances of all the States concerned and in conformity with the provisions of this article and of articles 61 and 62.

2. The terms and modalities of such participation shall be established by the States concerned through bilateral, subregional or regional agreements taking into account, *inter alia*:

(a) the need to avoid effects detrimental to fishing communities or fishing industries of the coastal State;

(b) the extent to which the land-locked State, in accordance with the provisions of this article, is participating or is entitled to participate under existing bilateral, subregional or regional agreements in the exploitation of living resources of the exclusive economic zones of other coastal States;

(c) the extent to which other land-locked States and geographically disadvantaged States are participating in the exploitation of the living resources of the exclusive economic zone of the coastal State and the consequent need to avoid a particular burden for any single coastal State or a part of it;

(d) the nutritional needs of the populations of the respective States.

3. When the harvesting capacity of a coastal State approaches a point which would enable it to harvest the entire allowable catch of the living resources in its exclusive economic zone, the coastal State and other States concerned shall co-operate in the establishment of equitable arrangements on a bilateral, subregional or regional basis to allow for participation of developing land-locked States of the same subregion or region in the exploitation of the living resources of the exclusive economic zones of coastal States of the subregion or region, as may be appropriate in the circumstances and on terms satisfactory to all parties. In the implementation of this provision the factors mentioned in paragraph 2 shall also be taken into account.

4. Developed land-locked States shall, under the provisions of this article, be entitled to participate in the exploitation of living resources only in the exclusive economic zones of developed coastal States of the same subregion or region having regard to the extent to which the coastal State, in giving access to other States to the living resources of its exclusive economic zone, has taken into account the need to minimize detrimental effects on fishing communities and economic dislocation in States whose nationals have habitually fished in the zone.

5. The above provisions are without prejudice to arrangements agreed upon in subregions or regions where the coastal States may grant to land-locked States of the same subregion or region equal or preferential rights for the exploitation of the living resources in the exclusive economic zones.

Article 70
Right of geographically disadvantaged States

1. Geographically disadvantaged States shall have the right to participate, on an equitable basis, in the exploitation of an appropriate part of the surplus of the living resources of the exclusive economic zones of coastal States of the same subregion or region, taking into account the relevant economic and geographi-

við ákvæði þessarar greinar og 61. og 62. gr.

2. Í þessum hluta merkja „landfræðilega afskipt ríki" strandríki, m. a. ríki sem liggja að umluktum eða hálfumluktum höfum, sem vegna landfræðilegrar legu sinnar eru háð hagnýtingu hinna lífrænu auðlinda í sérefnahagslögsögu annarra ríkja á undirsvæðinu eða svæðinu til þess að fá nægilegt magn af fiski til að næra íbúa sína eða hluta þeirra, svo og strandríki sem geta ekki gert tilkall til nokkurrar eigin sérefnahagslögsögu.

3. Hlutaðeigandi ríki skulu í tvíhliða samningum, undirsvæðissamningum eða svæðissamningum kveða á um skilmála og aðferðir vegna þessarar hlutdeildar, m. a. með hliðsjón af:

a) þörfinni á að forðast skaðleg áhrif á verstöðvar eða fiskiðnað strandríkisins;

b) því, hversu mikla hlutdeild landfræðilega afskipta ríkið, samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, á eða má eiga á grundvelli gildandi tvíhliða samninga, undirsvæðissamninga eða svæðissamninga í hagnýtingu lífrænna auðlinda í sérefnahagslögsögu annarra strandríkja;

c) því, hversu mikla hlutdeild önnur landfræðilega afskipt ríki og landlukt ríki eiga í hagnýtingu hinna lífrænu auðlinda í sérefnahagslögsögu strandríkisins, og þar af leiðandi þörfinni á að forðast að leggja sérstaka byrði á einstakt strandríki eða hluta þess;

d) næringarþörfum íbúa ríkjanna hvers um sig.

4. Þegar nýtingargeta strandríkis nálgast þau mörk að það geti nýtt allan leyfilegan afla hinna lífrænu auðlinda í sérefnahagslögsögu sinni skulu strandríkið og önnur hlutaðeigandi ríki starfa saman að því að gera sanngjarna tvíhliða samninga, undirsvæðissamninga eða svæðissamninga þar sem gert sé ráð fyrir hlutdeild þróunarríkja í hópi landfræðilega afskiptra ríkja á sama undirsvæði eða svæði í hagnýtingu hinna lífrænu auðlinda í sérefnahagslögsögu strandríkja á undirsvæðinu eða svæðinu, eftir því sem við getur átt miðað við aðstæður og með skilmálum sem allir aðilar sætta sig við. Við framkvæmd þessa ákvæðis skal einnig hafa hliðsjón af atriðunum sem nefnd eru í 3. tl.

5. Iðnþróuðum landfræðilega afskiptum ríkjum skal samkvæmt ákvæðum þessarar greinar aðeins heimilt að eiga hlutdeild í hagnýtingu lífrænna auðlinda í sérefnahagslögsögu iðnþróaðra strandríkja á sama undirsvæði eða svæði með tilliti til þess að hve miklu leyti strandríkið, þegar það hefur veitt öðrum ríkjum aðgang að hinum lífrænu auðlindum í sérefnahagslögsögu sinni, hefur haft hliðsjón af þörfinni á að hafa sem minnst skaðleg áhrif á verstöðvar og draga sem mest úr efnahagslegu áfalli í ríkjum sem ríkisborgarar frá hafa venjulega veitt á svæðinu.

6. Ofangreind ákvæði hnekkja ekki ráðstöfunum sem samið hefur verið um á undirsvæðum eða svæðum þar sem strandríkin kunna að veita landfræðilega afskiptum ríkjum á sama undirsvæði eða svæði jöfn réttindi eða forréttindi til hagnýtingar á hinum lífrænu auðlindum í sérefnahagslögsögunni.

71. gr.

Undantekning frá gildi 69. og 70. gr.

Ákvæði 69. og 70. gr. gilda ekki gagnvart strandríki ef efnahagur þess er í mjög miklum mæli háður hagnýtingu hinna lífrænu auðlinda í sérefnahagslögsögu þess.

cal circumstances of all the States concerned and in conformity with the provisions of this article and of articles 61 and 62.

2. For the purposes of this Part, "geographically disadvantaged States" means coastal States, including States bordering enclosed or semi-enclosed seas, whose geographical situation makes them dependent upon the exploitation of the living resources of the exclusive economic zones of other States in the subregion or region for adequate supplies of fish for the nutritional purposes of their populations or parts thereof, and coastal States which can claim no exclusive economic zones of their own.

3. The terms and modalities of such participation shall be established by the States concerned through bilateral, subregional or regional agreements taking into account, *inter alia*:

(a) the need to avoid effects detrimental to fishing communities or fishing industries of the coastal State;

(b) the extent to which the geographically disadvantaged State, in accordance with the provisions of this article, is participating or is entitled to participate under existing bilateral, subregional or regional agreements in the exploitation of living resources of the exclusive economic zones of other coastal States;

(c) the extent to which other geographically disadvantaged States and landlocked States are participating in the exploitation of the living resources of the exclusive economic zone of the coastal State and the consequent need to avoid a particular burden for any single coastal State or a part of it;

(d) the nutritional needs of the populations of the respective States.

4. When the harvesting capacity of a coastal State approaches a point which would enable it to harvest the entire allowable catch of the living resources in its exclusive economic zone, the coastal State and other States concerned shall co-operate in the establishment of equitable arrangements on a bilateral, subregional or regional basis to allow for participation of developing geographically disadvantaged States of the same subregion or region in the exploitation of the living resources of the exclusive economic zones of coastal States of the subregion or region, as may be appropriate in the circumstances and on terms satisfactory to all parties. In the implementation of this provision the factors mentioned in paragraph 3 shall also be taken into account.

5. Developed geographically disadvantaged States shall, under the provisions of this article, be entitled to participate in the exploitation of living resources only in the exclusive economic zones of developed coastal States of the same subregion or region having regard to the extent to which the coastal State, in giving access to other States to the living resources of its exclusive economic zone, has taken into account the need to minimize detrimental effects on fishing communities and economic dislocation in States whose nationals have habitually fished in the zone.

6. The above provisions are without prejudice to arrangements agreed upon in subregions or regions where the coastal States may grant to geographically disadvantaged States of the same subregion or region equal or preferential rights for the exploitation of the living resources in the exclusive economic zones.

Article 71

Non-applicability of articles 69 and 70

The provisions of articles 69 and 70 do not apply in the case of a coastal State whose economy is overwhelmingly dependent on the exploitation of the living resources of its exclusive economic zone.

72. gr.
Takmarkanir á framsali réttinda

1. Réttindi, sem veitt eru samkvæmt 69. og 70. gr. til að hagnýta lífrænar auðlindir, skal ekki framselja þriðja ríki né ríkisborgurum þess beint eða óbeint með leigumála eða leyfi, stofnun sameiginlegra fyrirtækja eða á annan hátt sem hefur sömu áhrif og slíkt framsal nema hlutaðeigandi ríki semji um annað.

2. Undanfarandi ákvæði girðir ekki fyrir það að hlutaðeigandi ríki fái tæknilega eða fjárhagslega aðstoð frá þriðja ríki eða alþjóðastofnunum til að auðvelda beitingu réttinda samkvæmt 69. og 70. gr. enda hafi það ekki þau áhrif sem getið er í 1. tl.

73. gr.
Framkvæmd laga og reglna strandríkisins

1. Þegar strandríkið beitir fullveldisréttindum sínum til að rannsaka, hagnýta, vernda og stjórna hinum lífrænu auðlindum í sérefnahagslögsögunni getur það gert þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að tryggja að farið sé eftir lögunum og reglunum sem það hefur sett í samræmi við samning þennan, m. a. ákveðið uppgöngu á skip, skoðun, töku og málarekstur.

2. Skipum, sem tekin hafa verið, og áhöfnum þeirra skal sleppt undireins og viðhlítandi skuldabréf eða önnur trygging hefur verið lögð fram.

3. Refsingar strandríkisins fyrir brot á lögum og reglum um veiðar í sérefnahagslögsögunni mega ekki fela í sér refsivist, nema hlutaðeigandi ríki hafi gert samninga um annað, né annars konar líkamlega refsingu.

4. Þegar erlend skip hafa verið tekin eða hald lagt á þau skal strandríkið tafarlaust tilkynna fánaríkinu eftir viðeigandi leiðum aðgerðina, sem gripið hefur verið til, og refsingar sem síðar hafa verið lagðar á.

74. gr.
Afmörkun sérefnahagslögsögunnar milli ríkja með mótlægum eða aðlægum ströndum

1. Afmörkun sérefnahagslögsögunnar milli ríkja með mótlægum eða aðlægum ströndum skal komið í kring með samningi á grundvelli þjóðaréttar, eins og getið er í 38. gr. samþykktar Alþjóðadómstólsins, svo að sanngjarnri lausn verði náð.

2. Ef ekki er unnt að ná nokkru samkomulagi innan hæfilegs tíma skulu hlutaðeigandi ríki fara að eftir reglunum sem kveðið er á um í XV. hluta.

3. Meðan samningurinn, sem kveðið er á um í 1. tl., hefur ekki verið gerður skulu hlutaðeigandi ríki í anda skilnings og samstarfs gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til að ná hagnýtri bráðabirgðalausn og stofna því ekki í hættu né hindra það á þessu biðtímabili að lokasamkomulaginu verði náð. Þessi lausn skal ekki hnekkja lokaafmörkuninni.

4. Þegar í gildi er samningur milli hlutaðeigandi ríkja skal leysa úr málum, sem snerta afmörkun sérefnahagslögsögunnar, samkvæmt ákvæðum þess samnings.

75. gr.
Kort og skrár með landfræðilegum hnitum

1. Í samræmi við þennan hluta skal sýna línur ytri marka sérefnahagslögsögunnar og markalínurnar, sem dregnar eru samkvæmt 74. gr., á kortum í mælikvarða eða

Article 72
Restrictions on transfer of rights

1. Rights provided under articles 69 and 70 to exploit living resources shall not be directly or indirectly transferred to third States or their nationals by lease or licence, by establishing joint ventures or in any other manner which has the effect of such transfer unless otherwise agreed by the States concerned.

2. The foregoing provision does not preclude the States concerned from obtaining technical or financial assistance from third States or international organizations in order to facilitate the exercise of the rights pursuant to articles 69 and 70, provided that it does not have the effect referred to in paragraph 1.

Article 73
Enforcement of laws and regulations of the coastal State

1. The coastal State may, in the exercise of its sovereign rights to explore, exploit, conserve and manage the living resources in the exclusive economic zone, take such measures, including boarding, inspection, arrest and judicial proceedings, as may be necessary to ensure compliance with the laws and regulations adopted by it in conformity with this Convention.

2. Arrested vessels and their crews shall be promptly released upon the posting of reasonable bond or other security.

3. Coastal State penalties for violations of fisheries laws and regulations in the exclusive economic zone may not include imprisonment, in the absence of agreements to the contrary by the States concerned, or any other form of corporal punishment.

4. In cases of arrest or detention of foreign vessels the coastal State shall promptly notify the flag State, through appropriate channels, of the action taken and of any penalties subsequently imposed.

Article 74
Delimitation of the exclusive economic zone between States with opposite or adjacent coasts

1. The delimitation of the exclusive economic zone between States with opposite or adjacent coasts shall be effected by agreement on the basis of international law, as referred to in Article 38 of the Statute of the International Court of Justice, in order to achieve an equitable solution.

2. If no agreement can be reached within a reasonable period of time, the States concerned shall resort to the procedures provided for in Part XV.

3. Pending agreement as provided for in paragraph 1, the States concerned, in a spirit of understanding and co-operation, shall make every effort to enter into provisional arrangements of a practical nature and, during this transitional period, not to jeopardize or hamper the reaching of the final agreement. Such arrangements shall be without prejudice to the final delimitation.

4. Where there is an agreement in force between the States concerned, questions relating to the delimitation of the exclusive economic zone shall be determined in accordance with the provisions of that agreement.

Article 75
Charts and lists of geographical co-ordinates

1. Subject to this Part, the outer limit lines of the exclusive economic zone and the lines of delimitation drawn in accordance with article 74 shall be shown

-kvörðum er nægja til að ganga megi úr skugga um staðsetningu þeirra. Þar sem við á má gera skrár með landfræðilegum hnitum staða, er tilgreini landmælingaatriði, í staðinn fyrir þessar línur ytri marka eða markalínur.

2. Strandríkið skal birta þessi kort eða skrár með landfræðilegum hnitum á tilhlýðilegan hátt og koma í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna endurriti af hverju þessara korta eða skráa.

VI. HLUTI

LANDGRUNN

76. gr.

Skilgreining á landgrunninu

1. Landgrunn strandríkis tekur yfir hafsbotn og botnlög neðansjávarsvæðanna sem ná utan landhelgi þess til allrar eðlilegrar og óslitinnar framlengingar á landsvæði þess allt að ytri brún landgrunnssvæðisins eða allt að 200 sjómílum frá grunnlínunum sem víðátta landhelginnar er mæld frá þar sem ytri brún landgrunnssvæðisins nær ekki svo langt út.

2. Landgrunn strandríkis skal ekki ná út fyrir mörkin sem kveðið er á um í 4.—6. tl.

3. Landgrunnssvæðið tekur yfir neðansjávarframlengingu landmassa strandríkisins og er samsett af hafsbotni og botnlögum grunnsins, hlíðinni og hlíðardrögunum. Til þess teljast ekki djúpsævisbotninn með úthafshryggjum sínum né botnlög hans.

4. a) Samkvæmt samningi þessum skal strandríkið ákveða ytri brún landgrunnssvæðisins hvar sem svæðið nær lengra en 200 sjómílur frá grunnlínunum sem víðátta landhelginnar er mæld frá, annaðhvort með:

i) línu, dreginni samkvæmt 7. tl. með tilliti til ystu ákveðnu staðanna þar sem þykkt setlaga á hverjum stað er a. m. k. 1 hundraðshluti minnstu fjarlægðar frá þessum stað til róta landgrunnshlíðarinnar; eða

ii) línu, dreginni samkvæmt 7. tl. með tilliti til ákveðinna staða sem eru ekki lengra en 60 sjómílur frá rótum landgrunnshlíðarinnar.

b) Ef annað sannast ekki skulu rætur landgrunnshlíðarinnar ákveðnar sem mesti hallabreytingarstaðurinn á lægsta hluta hennar.

5. Ákveðnu staðirnir, sem mynda línu ytri marka landgrunnsins á hafsbotninum, dregna samkvæmt 4. tl. a) i) og ii), skulu annaðhvort ekki vera lengra en 350 sjómílur frá grunnlínunum, sem víðátta landhelginnar er mæld frá, eða lengra en 100 sjómílur frá 2 500 metra jafndýptarlínunni sem er lína milli staða þar sem dýpi er 2 500 metrar.

6. Þrátt fyrir ákvæði 5. tl. skulu ytri mörk landgrunnsins á neðansjávarhryggjum ekki vera lengra en 350 sjómílur frá grunnlínunum sem víðátta landhelginnar er mæld frá. Þessi töluliður gildir ekki um neðansjávarhæðir sem eru náttúrlegir hlutar landgrunnssvæðisins, svo sem hásléttur, bungur, kolla, grunn og rana þess.

on charts of a scale or scales adequate for ascertaining their position. Where appropriate, lists of geographical co-ordinates of points, specifying the geodetic datum, may be substituted for such outer limit lines or lines of delimitation.

2. The coastal State shall give due publicity to such charts or lists of geographical co-ordinates and shall deposit a copy of each such chart or list with the Secretary-General of the United Nations.

PART VI

CONTINENTAL SHELF

Article 76
Definition of the continental shelf

1. The continental shelf of a coastal State comprises the sea-bed and subsoil of the submarine areas that extend beyond its territorial sea throughout the natural prolongation of its land territory to the outer edge of the continental margin, or to a distance of 200 nautical miles from the baselines from which the breadth of the territorial sea is measured where the outer edge of the continental margin does not extend up to that distance.

2. The continental shelf of a coastal State shall not extend beyond the limits provided for in paragraphs 4 to 6.

3. The continental margin comprises the submerged prolongation of the land mass of the coastal State, and consists of the sea-bed and subsoil of the shelf, the slope and the rise. It does not include the deep ocean floor with its oceanic ridges or the subsoil thereof.

4. (a) For the purposes of this Convention, the coastal State shall establish the outer edge of the continental margin wherever the margin extends beyond 200 nautical miles from the baselines from which the breadth of the territorial sea is measured, by either:
   (i) a line delineated in accordance with paragraph 7 by reference to the outermost fixed points at each of which the thickness of sedimentary rocks is at least 1 per cent of the shortest distance from such point to the foot of the continental slope; or
   (ii) a line delineated in accordance with paragraph 7 by reference to fixed points not more than 60 nautical miles from the foot of the continental slope.

(b) In the absence of evidence to the contrary, the foot of the continental slope shall be determined as the point of maximum change in the gradient at its base.

5. The fixed points comprising the line of the outer limits of the continental shelf on the sea-bed, drawn in accordance with paragraph 4 (a)(i) and (ii), either shall not exceed 350 nautical miles from the baselines from which the breadth of the territorial sea is measured or shall not exceed 100 nautical miles from the 2,500 metre isobath, which is a line connecting the depth of 2,500 metres.

6. Notwithstanding the provisions of paragraph 5, on submarine ridges, the outer limit of the continental shelf shall not exceed 350 nautical miles from the baselines from which the breadth of the territorial sea is measured. This paragraph does not apply to submarine elevations that are natural components of the continental margin, such as its plateaux, rises, caps, banks and spurs.

7. Strandríkið skal draga ytri mörk landgrunns síns, þar sem það grunn nær lengra en 200 sjómílur frá grunnlínunum sem víðátta landhelginnar er mæld frá, með beinum línum, ekki lengri en 60 sjómílur milli ákveðinna staða sem tilgreindir eru með hnitum breiddar og lengdar.

8. Strandríkið skal leggja upplýsingar um mörk landgrunnsins utan 200 sjómílna frá grunnlínunum, sem víðátta landhelginnar er mæld frá, fyrir nefnd um mörk landgrunnsins sem skipuð er samkvæmt II. viðauka á grundvelli sanngjarnrar hnattsvæðisdreifingar fulltrúa. Nefndin skal gera tillögur til strandríkja um mál sem snerta ákvörðun ytri marka landgrunnsins. Mörk grunnsins, sem strandríki hefur ákveðið á grundvelli þessara tillagna, skulu vera endanleg og bindandi.

9. Strandríkið skal koma í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna kortum og viðeigandi upplýsingum, m. a. um landmælingaatriði, þar sem ytri mörk landgrunnsins eru endanlega skýrð. Skal aðalframkvæmdastjórinn birta þetta á tilhlýðilegan hátt.

10. Ákvæði þessarar greinar hafa ekki áhrif á afmörkun landgrunnsins milli ríkja með mótlægum eða aðlægum ströndum.

77. gr.

Réttindi strandríkisins yfir landgrunninu

1. Strandríkið beitir fullveldisréttindum yfir landgrunninu að því er varðar rannsóknir á því og hagnýtingu náttúruauðlinda þess.

2. Réttindin samkvæmt 1. tl. eru sérréttindi í þeim skilningi að rannsaki strandríkið ekki landgrunnið né hagnýti náttúruauðlindir þess má enginn ráðast í þessa starfsemi án skýlauss samþykkis strandríkisins.

3. Réttindi strandríkisins yfir landgrunninu eru ekki háð töku, virkri eða að nafninu til, né sérstakri yfirlýsingu.

4. Til náttúruauðlindanna, sem getið er í þessum hluta, teljast jarðefnaauðlindir og aðrar ólífrænar auðlindir hafsbotnsins og botnlaganna ásamt lífverum í flokki botnsetutegunda, þ. e. a. s. verum sem á nýtingarstigi eru annaðhvort hreyfingarlausar á eða undir hafsbotninum eða geta ekki hreyft sig nema í stöðugri snertingu við hafsbotninn eða botnlögin.

78. gr.

Réttarstaða yfirlæga hafsins og loftrýmisins og réttindi og frelsi annarra ríkja

1. Réttindi strandríkisins yfir landgrunninu hafa ekki áhrif á réttarstöðu yfirlæga hafsins né loftrýmisins yfir þessu hafi.

2. Beiting réttinda strandríkisins yfir landgrunninu má ekki fara í bága við né valda óréttlætanlegum tálma á siglingum og öðrum réttindum og frelsi annarra ríkja sem kveðið er á um í samningi þessum.

79. gr.

Neðansjávarstrengir og -leiðslur á landgrunninu

1. Öllum ríkjum er heimilt að leggja neðansjávarstrengi og -leiðslur á landgrunnið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

2. Strandríkið má ekki hindra lagningu né viðhald þessara strengja eða leiðslna, samanber þó rétt þess til að gera sanngjarnar ráðstafanir vegna rannsókna á

7. The coastal State shall delineate the outer limits of its continental shelf, where that shelf extends beyond 200 nautical miles from the baselines from which the breadth of the territorial sea is measured, by straight lines not exceeding 60 nautical miles in length, connecting fixed points, defined by co-ordinates of latitude and longitude.

8. Information on the limits of the continental shelf beyond 200 nautical miles from the baselines from which the breadth of the territorial sea is measured shall be submitted by the coastal State to the Commission on the Limits of the Continental Shelf set up under Annex II on the basis of equitable geographical representation. The Commission shall make recommendations to coastal States on matters related to the establishment of the outer limits of their continental shelf. The limits of the shelf established by a coastal State on the basis of these recommendations shall be final and binding.

9. The coastal State shall deposit with the Secretary-General of the United Nations charts and relevant information, including geodetic data, permanently describing the outer limits of its continental shelf. The Secretary-General shall give due publicity thereto.

10. The provisions of this article are without prejudice to the question of delimitation of the continental shelf between States with opposite or adjacent coasts.

Article 77
Rights of the coastal State over the continental shelf

1. The coastal State exercises over the continental shelf sovereign rights for the purpose of exploring it and exploiting its natural resources.

2. The rights referred to in paragraph 1 are exclusive in the sense that if the coastal State does not explore the continental shelf or exploit its natural resources, no one may undertake these activities without the express consent of the coastal State.

3. The rights of the coastal State over the continental shelf do not depend on occupation, effective or notional, or on any express proclamation.

4. The natural resources referred to in this Part consist of the mineral and other non-living resources of the sea-bed and subsoil together with living organisms belonging to sedentary species, that is to say, organisms which, at the harvestable stage, either are immobile on or under the sea-bed or are unable to move except in constant physical contact with the sea-bed or the subsoil.

Article 78
Legal status of the superjacent waters and air space and the rights and freedoms of other States

1. The rights of the coastal State over the continental shelf do not affect the legal status of the superjacent waters or of the air space above those waters.

2. The exercise of the rights of the coastal State over the continental shelf must not infringe or result in any unjustifiable interference with navigation and other rights and freedoms of other States as provided for in this Convention.

Article 79
Submarine cables and pipelines on the continental shelf

1. All States are entitled to lay submarine cables and pipelines on the continental shelf, in accordance with the provisions of this article.

2. Subject to its right to take reasonable measures for the exploration of the continental shelf, the exploitation of its natural resources and the prevention,

landgrunninu, hagnýtingar náttúruauðlinda þess og varna gegn, minnkunar á og eftirlits með mengun úr leiðslum.

3. Afmörkun leiðar til að leggja þessar leiðslur á landgrunnið er háð samþykki strandríkisins.

4. Ekkert í þessum hluta hefur áhrif á rétt strandríkisins til að setja skilyrði vegna strengja eða leiðslna, sem ná inn í land eða landhelgi þess, ellegar á lögsögu þess yfir strengjum og leiðslum sem eru gerðar eða notaðar vegna rannsókna á landgrunni þess, hagnýtingar auðlinda þess eða rekstrar tilbúinna eyja, útbúnaðar og mannvirkja sem það hefur lögsögu yfir.

5. Þegar ríki leggja neðansjávarstrengi eða -leiðslur skulu þau taka tilhlýðilegt tillit til strengja eða leiðslna sem þegar hafa verið lagðar. Einkum skal varast að skerða möguleika á að gera við fyrirliggjandi strengi eða leiðslur.

80. gr.
Tilbúnar eyjar, útbúnaður og mannvirki á landgrunninu

Að breyttu breytanda gildir 60. gr. um tilbúnar eyjar, útbúnað og mannvirki á landgrunninu.

81. gr.
Boranir á landgrunninu

Strandríkið skal hafa einkarétt á að heimila og setja reglur um boranir á landgrunninu í hvaða tilgangi sem er.

82. gr.
Greiðslur og framlög vegna hagnýtingar landgrunnsins utan 200 sjómílna

1. Strandríkið skal inna af hendi greiðslur eða framlög í fríðu vegna hagnýtingar hinna ólífrænu auðlinda landgrunnsins utan 200 sjómílna frá grunnlínunum sem víðátta landhelginnar er mæld frá.

2. Greiðslurnar og framlögin skal inna af hendi árlega vegna allrar framleiðslu á vinnslustað að loknum fyrstu fimm framleiðsluárunum á þeim vinnslustað. Á sjötta árinu skal upphæð greiðslunnar eða framlagsins vera 1 hundraðshluti verðmætis eða magns framleiðslunnar á vinnslustaðnum. Upphæðin skal hækka um 1 hundraðshluta á hverju ári þar á eftir allt fram á tólfta árið og skal síðan vera áfram 7 hundraðshlutar. Til framleiðslu teljast ekki verðmæti sem eru notuð í sambandi við hagnýtingu.

3. Ef þróunarríki er nettóinnflytjandi jarðefnaauðlindar sem unnin er úr landgrunni þess er það undanþegið greiðslu- eða framlagsskyldu vegna þeirrar jarðefnaauðlindar.

4. Greiðslurnar eða framlögin skal inna af hendi fyrir milligöngu stofnunarinnar sem skal úthluta þeim til aðildarríkja samnings þessa á grundvelli reglna um sanngjarna skiptingu með hliðsjón af hagsmunum og þörfum þróunarríkja, einkum hinna minnst iðnþróuðu og hinna landluktu í þeirra hópi.

83. gr.
Afmörkun landgrunnsins milli ríkja með mótlægum eða aðlægum ströndum

1. Afmörkun landgrunnsins milli ríkja með mótlægum eða aðlægum ströndum skal komið í kring með samningi á grundvelli þjóðaréttar, eins og getið er í 38. gr.

reduction and control of pollution from pipelines, the coastal State may not impede the laying or maintenance of such cables or pipelines.

3. The delineation of the course for the laying of such pipelines on the continental shelf is subject to the consent of the coastal State.

4. Nothing in this Part affects the right of the coastal State to establish conditions for cables or pipelines entering its territory or territorial sea, or its jurisdiction over cables and pipelines constructed or used in connection with the exploration of its continental shelf or exploitation of its resources or the operations of artificial islands, installations and structures under its jurisdiction.

5. When laying submarine cables or pipelines, States shall have due regard to cables or pipelines already in position. In particular, possibilities of repairing existing cables or pipelines shall not be prejudiced.

Article 80
Artificial islands, installations and structures on the continental shelf

Article 60 applies *mutatis mutandis* to artificial islands, installations and structures on the continental shelf.

Article 81
Drilling on the continental shelf

The coastal State shall have the exclusive right to authorize and regulate drilling on the continental shelf for all purposes.

Article 82
Payments and contributions with respect to the exploitation of the continental shelf beyond 200 nautical miles

1. The coastal State shall make payments or contributions in kind in respect of the exploitation of the non-living resources of the continental shelf beyond 200 nautical miles from the baselines from which the breadth of the territorial sea is measured.

2. The payments and contributions shall be made annually with respect to all production at a site after the first five years of production at that site. For the sixth year, the rate of payment or contribution shall be 1 per cent of the value or volume of production at the site. The rate shall increase by 1 per cent for each subsequent year until the twelfth year and shall remain at 7 per cent thereafter. Production does not include resources used in connection with exploitation.

3. A developing State which is a net importer of a mineral resource produced from its continental shelf is exempt from making such payments or contributions in respect of that mineral resource.

4. The payments or contributions shall be made through the Authority, which shall distribute them to States Parties to this Convention, on the basis of equitable sharing criteria, taking into account the interests and needs of developing States, particularly the least developed and the land-locked among them.

Article 83
Delimitation of the continental shelf between States with opposite or adjacent coasts

1. The delimitation of the continental shelf between States with opposite or adjacent coasts shall be effected by agreement on the basis of international law,

samþykktar Alþjóðadómstólsins, svo að sanngjarnri lausn verði náð.

2. Ef ekki er unnt að ná nokkru samkomulagi innan hæfilegs tíma skulu hlutaðeigandi ríki fara að eftir reglunum sem kveðið er á um í XV. hluta.

3. Meðan samningurinn, sem kveðið er á um í 1. tl., hefur ekki verið gerður skulu hlutaðeigandi ríki í anda skilnings og samstarfs gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til að ná hagnýtri bráðabirgðalausn og stofna því ekki í hættu né hindra það á þessu biðtímabili að lokasamkomulaginu verði náð. Þessi lausn skal ekki hnekkja lokaafmörkuninni.

4. Þegar í gildi er samningur milli hlutaðeigandi ríkja skal leysa úr málum, sem snerta afmörkun landgrunnsins, samkvæmt ákvæðum þess samnings.

84. gr.
Kort og skrár með landfræðilegum hnitum

1. Í samræmi við þennan hluta skal sýna línur ytri marka landgrunnsins og markalínurnar, sem dregnar eru samkvæmt 83. gr., á kortum í mælikvarða eða -kvörðum er nægja til að ganga megi úr skugga um staðsetningu þeirra. Þar sem við á má gera skrár með landfræðilegum hnitum staða, er tilgreini landmælingaatriði, í staðinn fyrir þessar línur ytri marka eða markalínur.

2. Strandríkið skal birta þessi kort eða skrár með landfræðilegum hnitum á tilhlýðilegan hátt og koma í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna endurriti af hverju þessara korta eða skráa, svo og hjá aðalframkvæmdastjóra stofnunarinnar endurriti af þeim sem sýna línur ytri marka landgrunnsins.

85. gr.
Jarðgangagerð

Þessi hluti hnekkir ekki rétti strandríkisins til að hagnýta botnlögin með jarðgangagerð, án tillits til dýptar hafsins yfir botnlögunum.

VII. HLUTI

ÚTHAF

1. KAFLI. ALMENN ÁKVÆÐI

86. gr.
Beiting ákvæða þessa hluta

Ákvæði þessa hluta gilda um alla hluta hafsins sem teljast ekki til sérefnahagslögsögu, landhelgi né innsævis ríkis ellegar eyjaklasahafs eyjaklasaríkis. Þessi grein hefur ekki í för með sér skerðingu á frelsinu sem öll ríki njóta í sérefnahagslögsögunni samkvæmt 58. gr.

87. gr.
Frelsi úthafsins

1. Úthafið er opið öllum ríkjum hvort sem þau eru strandríki eða landlukt ríki. Frelsi úthafsins er notað samkvæmt skilyrðunum sem sett eru í samningi þessum og

as referred to in Article 38 of the Statute of the International Court of Justice, in order to achieve an equitable solution.

2. If no agreement can be reached within a reasonable period of time, the States concerned shall resort to the procedures provided for in Part XV.

3. Pending agreement as provided for in paragraph 1, the States concerned, in a spirit of understanding and co-operation, shall make every effort to enter into provisional arrangements of a practical nature and, during this transitional period, not to jeopardize or hamper the reaching of the final agreement. Such arrangements shall be without prejudice to the final delimitation.

4. Where there is an agreement in force between the States concerned, questions relating to the delimitation of the continental shelf shall be determined in accordance with the provisions of that agreement.

Article 84
Charts and lists of geographical co-ordinates

1. Subject to this Part, the outer limit lines of the continental shelf and the lines of delimitation drawn in accordance with article 83 shall be shown on charts of a scale or scales adequate for ascertaining their position. Where appropriate, lists of geographical co-ordinates of points, specifying the geodetic datum, may be substituted for such outer limit lines or lines of delimitation.

2. The coastal State shall give due publicity to such charts or lists of geographical co-ordinates and shall deposit a copy of each such chart or list with the Secretary-General of the United Nations and, in the case of those showing the outer limit lines of the continental shelf, with the Secretary-General of the Authority.

Article 85
Tunnelling

This Part does not prejudice the right of the coastal State to exploit the subsoil by means of tunnelling, irrespective of the depth of water above the subsoil.

PART VII

HIGH SEAS

SECTION 1. GENERAL PROVISIONS

Article 86
Application of the provisions of this Part

The provisions of this Part apply to all parts of the sea that are not included in the exclusive economic zone, in the territorial sea or in the internal waters of a State, or in the archipelagic waters of an archipelagic State. This article does not entail any abridgement of the freedoms enjoyed by all States in the exclusive economic zone in accordance with article 58.

Article 87
Freedom of the high seas

1. The high seas are open to all States, whether coastal or land-locked. Freedom of the high seas is exercised under the conditions laid down by this Con-

öðrum reglum þjóðaréttar. Bæði fyrir strandríki og landlukt ríki felur það m. a. í sér:

a) frelsi til siglinga;
b) frelsi til yfirflugs;
c) frelsi til að leggja neðansjávarstrengi og -leiðslur, samanber þó VI. hluta;
d) frelsi til að gera tilbúnar eyjar og annan útbúnað sem þjóðaréttur heimilar, samanber þó VI. hluta;
e) frelsi til veiða, samanber þó skilyrðin sem sett eru í 2. kafla;
f) frelsi til vísindarannsókna, samanber þó VI. og XIII. hluta.

2. Öll ríki skulu nota þetta frelsi með tilhlýðilegu tilliti til hagsmuna annarra ríkja, sem nota frelsi úthafsins, og einnig með tilhlýðilegu tilliti til réttindanna samkvæmt samningi þessum að því er snertir starfsemi á svæðinu.

88. gr.

Not úthafsins í friðsamlegum tilgangi einvörðungu

Úthafið skal einvörðungu nota í friðsamlegum tilgangi.

89. gr.

Ógildi krafna um fullveldisrétt yfir úthafinu

Ekkert ríki getur með réttu krafist þess að hluti úthafsins sé felldur undir fullveldisrétt sinn.

90. gr.

Réttur til siglinga

Sérhvert ríki, hvort sem það er strandríki eða landlukt ríki, hefur rétt til að sigla skipum undir fána sínum um úthafið.

91. gr.

Þjóðerni skipa

1. Sérhvert ríki skal setja skilyrði fyrir veitingu þjóðernis síns til handa skipum, skráningu skipa í landi sínu og réttinum til að sigla undir fána sínum. Nú er skipum heimilt að sigla undir fána ríkis og eru þau þá af þjóðerni þess. Raunveruleg tengsl verða að vera milli ríkisins og skipsins.

2. Sérhvert ríki, sem veitt hefur skipum rétt til að sigla undir fána þess, skal gefa út handa þeim skjöl þar að lútandi.

92. gr.

Staða skipa

1. Skip skulu aðeins sigla undir fána eins ríkis og skulu þau lúta sérlögsögu þess á úthafinu nema í undantekningartilvikum sem skýlaust er kveðið á um í alþjóðasamningum eða samningi þessum. Skip má ekki skipta um fána sinn meðan það er í ferð eða viðkomuhöfn nema raunverulegt framsal eignarréttar eða breyting á skráningu hafi farið fram.

2. Skip, sem siglir undir fánum tveggja eða fleiri ríkja og notar þá eftir sinni hentisemi, getur ekki gert kröfu til nokkurs viðkomandi þjóðernis gagnvart öðru ríki og má líkja því við þjóðernislaust skip.

93. gr.

Skip sem sigla undir fána Sameinuðu þjóðanna, sérstofnana þeirra og Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar

Greinarnar hér á undan hafa ekki áhrif á stöðu skipa sem eru notuð í opinberri þjónustu Sameinuðu þjóðanna, sérstofnana þeirra eða Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar og sigla undir fána stofnunarinnar.

vention and by other rules of international law. It comprises, *inter alia*, both for coastal and land-locked States:

(a) freedom of navigation;
(b) freedom of overflight;
(c) freedom to lay submarine cables and pipelines, subject to Part VI;
(d) freedom to construct artificial islands and other installations permitted under international law, subject to Part VI;
(e) freedom of fishing, subject to the conditions laid down in section 2;
(f) freedom of scientific research, subject to Parts VI and XIII.

2. These freedoms shall be exercised by all States with due regard for the interests of other States in their exercise of the freedom of the high seas, and also with due regard for the rights under this Convention with respect to activities in the Area.

Article 88
Reservation of the high seas for peaceful purposes

The high seas shall be reserved for peaceful purposes.

Article 89
Invalidity of claims of sovereignty over the high seas

No State may validly purport to subject any part of the high seas to its sovereignty.

Article 90
Right of navigation

Every State, whether coastal or land-locked, has the right to sail ships flying its flag on the high seas.

Article 91
Nationality of ships

1. Every State shall fix the conditions for the grant of its nationality to ships, for the registration of ships in its territory, and for the right to fly its flag. Ships have the nationality of the State whose flag they are entitled to fly. There must exist a genuine link between the State and the ship.

2. Every State shall issue to ships to which it has granted the right to fly its flag documents to that effect.

Article 92
Status of ships

1. Ships shall sail under the flag of one State only and, save in exceptional cases expressly provided for in international treaties or in this Convention, shall be subject to its exclusive jurisdiction on the high seas. A ship may not change its flag during a voyage or while in a port of call, save in the case of a real transfer of ownership or change of registry.

2. A ship which sails under the flags of two or more States, using them according to convenience, may not claim any of the nationalities in question with respect to any other State, and may be assimilated to a ship without nationality.

Article 93
Ships flying the flag of the United Nations, its specialized agencies and the International Atomic Energy Agency

The preceding articles do not prejudice the question of ships employed on the official service of the United Nations, its specialized agencies or the International Atomic Energy Agency, flying the flag of the organization.

94. gr.
Skyldur fánaríkisins

1. Sérhvert ríki skal á virkan hátt halda uppi lögsögu og stjórn sinni í stjórnarfars-, tækni- og félagsmálum yfir skipum sem sigla undir fána þess.

2. Sérhvert ríki skal einkum:

a) halda skipaskrá með nöfnum og upplýsingum um skip sem sigla undir fána þess, þó ekki þau sem almennt viðurkenndar alþjóðareglur taka ekki til vegna lítillar stærðar þeirra; og

b) taka sér lögsögu samkvæmt landslögum sínum yfir sérhverju skipi, sem siglir undir fána þess, og skipstjóra, yfirmönnum og áhöfn þess að því er snertir stjórnarfars-, tækni- og félagsmál sem varða skipið.

3. Sérhvert ríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna skipa, sem sigla undir fána þess, til að tryggja öryggi á hafinu, m. a. með tilliti til:

a) smíði, búnaðar og haffæri skipa;

b) mönnunar skipa, vinnuskilyrða og þjálfunar áhafna með hliðsjón af viðeigandi alþjóðasamningum;

c) notkunar merkja, viðhalds fjarskiptasambands og varna gegn árekstrum.

4. Meðal þessara ráðstafana skulu vera ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að tryggja:

a) að þar til bær skipaskoðunarmaður skoði sérhvert skip fyrir skráningu og síðan með hæfilegu millibili og um borð séu þau kort, siglingabækur og siglingabúnaður og -tæki sem þörf er á til öruggrar siglingar skipsins;

b) að sérhvert skip sé í umsjá skipstjóra og yfirmanna, sem hafi viðeigandi hæfileika, einkum hvað snertir sjómennsku, siglingar, fjarskiptasamband og skipsvélstjórn, og áhöfnin sé nægilega hæf og stór miðað við tegund, stærð, vél og búnað skipsins;

c) að skipstjórinn, yfirmennirnir og, að svo miklu leyti sem við á, áhöfnin þekki til fulls og sé gert að virða viðeigandi alþjóðareglur um öryggi mannslífa á hafinu, varnir gegn árekstrum, varnir gegn, minnkun á og eftirlit með mengun hafsins og viðhald radíósambands.

5. Þegar ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í 3. og 4. tl., eru gerðar þarf sérhvert ríki að fara eftir almennt viðurkenndum alþjóðlegum reglum, starfsháttum og venjum og gera ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að tryggja að farið sé eftir þeim.

6. Ríki, sem hefur augljósa ástæðu til að ætla að eðlilegri lögsögu og stjórn að því er snertir skip hafi ekki verið haldið uppi, getur gefið fánaríkinu skýrslu um staðreyndir. Þegar fánaríkið fær þessa skýrslu skal það rannsaka málið og eftir atvikum grípa til nauðsynlegra aðgerða til að ráða bót á ástandinu.

7. Sérhvert ríki skal láta fara fram rannsókn af hálfu eða fyrir nægilega hæfum manni eða mönnum á sérhverju óhappi á sjó eða siglingaóhappi á úthafinu þegar í hlut á skip, sem siglir undir fána þess, og af hlýst líftjón eða alvarleg meiðsl ríkisborgara annars ríkis ellegar alvarleg spjöll á skipum eða útbúnaði annars ríkis eða hafrýminu. Fánaríkið og hitt ríkið skulu starfa saman að framkvæmd rannsóknar sem hitt ríkið lætur fara fram á þessu óhappi á sjó eða siglingaóhappi.

Article 94
Duties of the flag State

1. Every State shall effectively exercise its jurisdiction and control in administrative, technical and social matters over ships flying its flag.

2. In particular every State shall:

(a) maintain a register of ships containing the names and particulars of ships flying its flag, except those which are excluded from generally accepted international regulations on account of their small size; and

(b) assume jurisdiction under its internal law over each ship flying its flag and its master, officers and crew in respect of administrative, technical and social matters concerning the ship.

3. Every State shall take such measures for ships flying its flag as are necessary to ensure safety at sea with regard, *inter alia*, to:

(a) the construction, equipment and seaworthiness of ships;

(b) the manning of ships, labour conditions and the training of crews, taking into account the applicable international instruments;

(c) the use of signals, the maintenance of communications and the prevention of collisions.

4. Such measures shall include those necessary to ensure:

(a) that each ship, before registration and thereafter at appropriate intervals, is surveyed by a qualified surveyor of ships, and has on board such charts, nautical publications and navigational equipment and instruments as are appropriate for the safe navigation of the ship;

(b) that each ship is in the charge of a master and officers who possess appropriate qualifications, in particular in seamanship, navigation, communications and marine engineering, and that the crew is appropriate in qualification and numbers for the type, size, machinery and equipment of the ship;

(c) that the master, officers and, to the extent appropriate, the crew are fully conversant with and required to observe the applicable international regulations concerning the safety of life at sea, the prevention of collisions, the prevention, reduction and control of marine pollution, and the maintenance of communications by radio.

5. In taking the measures called for in paragraphs 3 and 4 each State is required to conform to generally accepted international regulations, procedures and practices and to take any steps which may be necessary to secure their observance.

6. A State which has clear grounds to believe that proper jurisdiction and control with respect to a ship have not been exercised may report the facts to the flag State. Upon receiving such a report, the flag State shall investigate the matter and, if appropriate, take any action necessary to remedy the situation.

7. Each State shall cause an inquiry to be held by or before a suitably qualified person or persons into every marine casualty or incident of navigation on the high seas involving a ship flying its flag and causing loss of life or serious injury to nationals of another State or serious damage to ships or installations of another State or to the marine environment. The flag State and the other State shall co-operate in the conduct of any inquiry held by that other State into any such marine casualty or incident of navigation.

95. gr.

Friðhelgi herskipa á úthafinu

Herskip á úthafinu eru algerlega undanþegin lögsögu annarra ríkja en fánaríkisins.

96. gr.

Friðhelgi skipa sem ríki notar aðeins til annars en kaupsiglinga

Skip, sem ríki á eða gerir út og notar aðeins til annars en kaupsiglinga, skulu vera algerlega undanþegin lögsögu annarra ríkja en fánaríkisins á úthafinu.

97. gr.

Refsilögsaga vegna árekstra eða annarra siglingaóhappa

1. Ef árekstur verður eða annað siglingaóhapp sem varðar skip á úthafinu og snertir refsi- eða agaábyrgð skipstjórans eða annars manns í þjónustu skipsins má ekki höfða nokkurt refsi- eða agamál gegn þessum manni nema fyrir dómstólum eða stjórnvöldum fánaríkisins eða ríkisins sem þessi maður er ríkisborgari í.

2. Í agamálum skal ríkið, sem hefur gefið út skipstjóraskírteini, réttindaskírteini eða leyfisbréf, eitt vera bært um, að undangenginni lögformlegri málsmeðferð, að lýsa yfir afturköllun þessara skilríkja jafnvel þótt handhafinn sé ekki ríkisborgari ríkisins sem gaf þau út.

3. Ekki skulu önnur yfirvöld en yfirvöld fánaríkisins fyrirskipa nokkra kyrrsetningu eða hald á skipi, jafnvel ekki sem lið í rannsókn.

98. gr.

Skylda til að veita aðstoð

1. Sérhvert ríki skal skylda skipstjóra skips sem siglir undir fána þess, að svo miklu leyti sem hann getur gert það án þess að stofna skipinu, áhöfninni eða farþegunum í verulega hættu:

a) til að veita aðstoð hverjum þeim manni sem finnst á sjó og á það á hættu að farast;
b) til að sigla eins hratt og unnt er til hjálpar mönnum í neyð ef hann er látinn vita um þörf þeirra á aðstoð, að svo miklu leyti sem ætlast má til þess með sanngirni af honum;
c) til að veita í kjölfar áreksturs hinu skipinu, áhöfn og farþegum þess aðstoð og láta hitt skipið vita, ef unnt er, um nafn síns eigin skips, skráningarhöfn þess og næstu höfn sem það mun hafa viðkomu í.

2. Sérhvert strandríki skal stuðla að stofnun, rekstri og viðhaldi fullnægjandi og virkrar leitar- og björgunarþjónustu vegna öryggis á og yfir hafinu og skal, ef aðstæður krefja, hafa samstarf við nágrannaríkin um sameiginlegar svæðisráðstafanir í þessu skyni.

99. gr.

Bann við þrælaflutningi

Sérhvert ríki skal gera virkar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir og refsa fyrir þrælaflutning með skipum, sem hafa rétt til að sigla undir fána þess, og til þess að girða fyrir ólöglega notkun fána þess í því skyni. Þræll, sem leitar hælis um borð í skipi, skal sjálfkrafa vera frjáls hvaða fána sem það siglir undir.

100. gr.

Skylda til samstarfs um að bæla niður sjórán

Að svo miklu leyti sem unnt er skulu öll ríki starfa saman að því að bæla niður sjórán á úthafinu eða annars staðar utan lögsögu ríkja.

Article 95

Immunity of warships on the high seas

Warships on the high seas have complete immunity from the jurisdiction of any State other than the flag State.

Article 96

Immunity of ships used only on government non-commercial service

Ships owned or operated by a State and used only on government non-commercial service shall, on the high seas, have complete immunity from the jurisdiction of any State other than the flag State.

Article 97

Penal jurisdiction in matters of collision or any other incident of navigation

1. In the event of a collision or any other incident of navigation concerning a ship on the high seas, involving the penal or disciplinary responsibility of the master or of any other person in the service of the ship, no penal or disciplinary proceedings may be instituted against such person except before the judicial or administrative authorities either of the flag State or of the State of which such person is a national.

2. In disciplinary matters, the State which has issued a master's certificate or a certificate of competence or licence shall alone be competent, after due legal process, to pronounce the withdrawal of such certificates, even if the holder is not a national of the State which issued them.

3. No arrest or detention of the ship, even as a measure of investigation, shall be ordered by any authorities other than those of the flag State.

Article 98

Duty to render assistance

1. Every State shall require the master of a ship flying its flag, in so far as he can do so without serious danger to the ship, the crew or the passengers:

(a) to render assistance to any person found at sea in danger of being lost;

(b) to proceed with all possible speed to the rescue of persons in distress, if informed of their need of assistance, in so far as such action may reasonably be expected of him;

(c) after a collision, to render assistance to the other ship, its crew and its passengers and, where possible, to inform the other ship of the name of his own ship, its port of registry and the nearest port at which it will call.

2. Every coastal State shall promote the establishment, operation and maintenance of an adequate and effective search and rescue service regarding safety on and over the sea and, where circumstances so require, by way of mutual regional arrangements co-operate with neighbouring States for this purpose.

Article 99

Prohibition of the transport of slaves

Every State shall take effective measures to prevent and punish the transport of slaves in ships authorized to fly its flag and to prevent the unlawful use of its flag for that purpose. Any slave taking refuge on board any ship, whatever its flag, shall *ipso facto* be free.

Article 100

Duty to co-operate in the repression of piracy

All States shall co-operate to the fullest possible extent in the repression of piracy on the high seas or in any other place outside the jurisdiction of any State.

101. gr.
Skilgreining á sjóráni

Sjórán felst í einhverri eftirfarandi aðgerða:

a) ólöglegri ofbeldis- eða haldsaðgerð, eða ruplaðgerð, sem áhöfn eða farþegar skips eða loftfars í einkaeign grípa til í eiginhagsmunaskyni og beina:

   i) gegn öðru skipi eða loftfari á úthafinu eða gegn mönnum eða eignum um borð í þessu skipi eða loftfari;
   ii) gegn skipi, loftfari, mönnum eða eignum á stað utan lögsögu ríkja;

b) aðgerð, fólginni í sjálfviljugri hlutdeild í starfrækslu skips eða loftfars með vitund um staðreyndir sem gera það að sjóræningjaskipi eða -loftfari;

c) aðgerð, fólginni í því að hvetja til aðgerðar, sem lýst er í a- eða b-lið, eða auðvelda hana af ásettu ráði.

102. gr.
Sjórán af hálfu herskips, ríkisskips eða ríkisloftfars þar sem áhöfnin hefur gert uppreisn

Ef herskip, ríkisskip eða ríkisloftfar, þar sem áhöfnin hefur gert uppreisn og tekið stjórn skipsins eða loftfarsins í sínar hendur, grípur til sjóránsaðgerðanna sem skilgreindar eru í 101. gr. eru þær lagðar að jöfnu við aðgerðir sem skip eða loftfar í einkaeign grípur til.

103. gr.
Skilgreining á sjóræningjaskipi eða -loftfari

Skip eða loftfar telst sjóræningjaskip eða -loftfar ef mennirnir, sem ráða mestu um stjórn þess, hyggjast nota það til þess að grípa til einhverrar af aðgerðunum sem getið er í 101. gr. Sama máli gegnir ef skipið eða loftfarið hefur verið notað til þess að grípa til einhverrar slíkrar aðgerðar svo framarlega sem það er enn undir stjórn mannanna sem eru sekir um þá aðgerð.

104. gr.
Varðveisla eða missir þjóðernis sjóræningjaskips eða -loftfars

Skip eða loftfar getur haldið þjóðerni sínu þótt það hafi orðið sjóræningjaskip eða -loftfar. Kveðið er á um varðveislu eða missi þjóðernis í lögum ríkisins sem þetta þjóðerni er rakið til.

105. gr.
Taka sjóræningaskips eða -loftfars

Á úthafinu eða annars staðar utan lögsögu ríkja getur sérhvert ríki tekið sjóræningjaskip eða -loftfar, ellegar skip eða loftfar sem þolað hefur sjórán og er undir stjórn sjóræningja, og handtekið mennina og tekið eignirnar um borð. Dómstólar ríkisins, sem framkvæmdu tökuna, mega ákveða refsingarnar, sem lagðar skulu á, og mega einnig ákveða til hvaða aðgerða skuli grípa vegna skipanna, loftfaranna eða eignanna í samræmi við réttindi þriðja aðila sem var í góðri trú.

106. gr.
Ábyrgð vegna töku án fullnægjandi ástæðu

Þegar taka skips eða loftfars vegna gruns um sjórán hefur verið framkvæmd án fullnægjandi ástæðu skal ríkið, sem tökuna framkvæmdi, bera ábyrgð á tjóni eða skaða af völdum tökunnar gagnvart þjóðernisríki skipsins eða loftfarsins.

Article 101
Definition of piracy

Piracy consists of any of the following acts:

(a) any illegal acts of violence or detention, or any act of depredation, committed for private ends by the crew or the passengers of a private ship or a private aircraft, and directed:
  (i) on the high seas, against another ship or aircraft, or against persons or property on board such ship or aircraft;
  (ii) against a ship, aircraft, persons or property in a place outside the jurisdiction of any State;
(b) any act of voluntary participation in the operation of a ship or of an aircraft with knowledge of facts making it a pirate ship or aircraft;
(c) any act of inciting or of intentionally facilitating an act described in subparagraph (a) or (b).

Article 102
Piracy by a warship, government ship or government aircraft whose crew has mutinied

The acts of piracy, as defined in article 101, committed by a warship, government ship or government aircraft whose crew has mutinied and taken control of the ship or aircraft are assimilated to acts committed by a private ship or aircraft.

Article 103
Definition of a pirate ship or aircraft

A ship or aircraft is considered a pirate ship or aircraft if it is intended by the persons in dominant control to be used for the purpose of committing one of the acts referred to in article 101. The same applies if the ship or aircraft has been used to commit any such act, so long as it remains under the control of the persons guilty of that act.

Article 104
Retention or loss of the nationality of a pirate ship or aircraft

A ship or aircraft may retain its nationality although it has become a pirate ship or aircraft. The retention or loss of nationality is determined by the law of the State from which such nationality was derived.

Article 105
Seizure of a pirate ship or aircraft

On the high seas, or in any other place outside the jurisdiction of any State, every State may seize a pirate ship or aircraft, or a ship or aircraft taken by piracy and under the control of pirates, and arrest the persons and seize the property on board. The courts of the State which carried out the seizure may decide upon the penalties to be imposed, and may also determine the action to be taken with regard to the ships, aircraft or property, subject to the rights of third parties acting in good faith.

Article 106
Liability for seizure without adequate grounds

Where the seizure of a ship or aircraft on suspicion of piracy has been effected without adequate grounds, the State making the seizure shall be liable to the State the nationality of which is possessed by the ship or aircraft for any loss or damage caused by the seizure.

107. gr.
Skip og loftför sem hafa heimild til töku vegna sjóráns

Framkvæmd töku vegna sjóráns má aðeins vera í höndum herskipa eða herloftfara ellegar annarra skipa eða loftfara sem eru skýrt auðkennd og bera það með sér að þau séu í þjónustu ríkis og hafa umboð til þess.

108. gr.
Ólögleg viðskipti með eiturlyf eða ávana- og fíkniefni

1. Öll ríki skulu starfa saman að því að bæla niður ólögleg viðskipti með eiturlyf og ávana- og fíkniefni sem skip á úthafinu fást við andstætt alþjóðasamningum.

2. Ríki, sem hefur rökstudda ástæðu til að ætla að skip, sem siglir undir fána þess, fáist við ólögleg viðskipti með eiturlyf eða ávana- og fíkniefni, getur farið fram á samstarf af hálfu annarra ríkja til að bæla þessi viðskipti niður.

109. gr.
Óleyfilegar útvarpssendingar frá úthafinu

1. Öll ríki skulu starfa saman að því að þagga niður í óleyfilegum útvarpssendingum frá úthafinu.

2. Í samningi þessum merkja „óleyfilegar útvarpssendingar" útsendingu andstætt alþjóðareglum á hljóðvarps- eða sjónvarpsefni sem ætlast er til að almenningur nái frá skipi eða útbúnaði á úthafinu, þó ekki útsendingu neyðarkalla.

3. Lögsækja má mann, sem fæst við óleyfilegar útvarpssendingar, fyrir dómstóli:

a) fánaríkis skipsins;
b) skráningarríkis útbúnaðarins;
c) ríkisins sem maðurinn er ríkisborgari í;
d) ríkis þar sem ná má útsendingunum; eða
e) ríkis þar sem leyfilegar útvarpssendingar verða fyrir truflun.

4. Á úthafinu getur ríki, sem hefur lögsögu samkvæmt 3. tl., handtekið mann eða tekið skip, sem fæst við óleyfilegar útvarpssendingar, og tekið útvarpstækjabúnaðinn, í samræmi við 110. gr.

110. gr.
Uppgönguréttur

1. Herskip, sem mætir erlendu skipi á úthafinu, öðru en skipi sem á rétt á algerri friðhelgi samkvæmt 95. og 96. gr., hefur ekki heimild til að láta menn fara um borð í það, veiti samningur ekki vald til afskipta, nema rökstuddur grunur sé um að:

a) skipið fremji sjórán;
b) skipið leggi stund á þrælaviðskipti;
c) skipið fáist við óleyfilegar útvarpssendingar og fánaríki herskipsins hafi lögsögu samkvæmt 109. gr.;
d) skipið sé þjóðernislaust; eða
e) skipið sé í raun og veru af sama þjóðerni og herskipið þótt það sigli undir erlendum fána eða neiti að sýna fána sinn.

2. Í tilvikunum, sem kveðið er á um í 1. tl., má herskipið ganga úr skugga um rétt skipsins til að sigla undir fána sínum. Í þessu skyni getur það sent bát undir stjórn liðsforingja að hinu grunaða skipi. Ef grunur er enn fyrir hendi eftir að skjölin hafa

Article 107

Ships and aircraft which are entitled to seize on account of piracy

A seizure on account of piracy may be carried out only by warships or military aircraft, or other ships or aircraft clearly marked and identifiable as being on government service and authorized to that effect.

Article 108

Illicit traffic in narcotic drugs or psychotropic substances

1. All States shall co-operate in the suppression of illicit traffic in narcotic drugs and psychotropic substances engaged in by ships on the high seas contrary to international conventions.

2. Any State which has reasonable grounds for believing that a ship flying its flag is engaged in illicit traffic in narcotic drugs or psychotropic substances may request the co-operation of other States to suppress such traffic.

Article 109

Unauthorized broadcasting from the high seas

1. All States shall co-operate in the suppression of unauthorized broadcasting from the high seas.

2. For the purposes of this Convention, "unauthorized broadcasting" means the transmission of sound radio or television broadcasts from a ship or installation on the high seas intended for reception by the general public contrary to international regulations, but excluding the transmission of distress calls.

3. Any person engaged in unauthorized broadcasting may be prosecuted before the court of:

(a) the flag State of the ship;

(b) the State of registry of the installation;

(c) the State of which the person is a national;

(d) any State where the transmissions can be received; or

(e) any State where authorized radio communication is suffering interference.

4. On the high seas, a State having jurisdiction in accordance with paragraph 3 may, in conformity with article 110, arrest any person or ship engaged in unauthorized broadcasting and seize the broadcasting apparatus.

Article 110

Right of visit

1. Except where acts of interference derive from powers conferred by treaty, a warship which encounters on the high seas a foreign ship, other than a ship entitled to complete immunity in accordance with articles 95 and 96, is not justified in boarding it unless there is reasonable ground for suspecting that:

(a) the ship is engaged in piracy;

(b) the ship is engaged in the slave trade;

(c) the ship is engaged in unauthorized broadcasting and the flag State of the warship has jurisdiction under article 109;

(d) the ship is without nationality; or

(e) though flying a foreign flag or refusing to show its flag, the ship is, in reality, of the same nationality as the warship.

2. In the cases provided for in paragraph 1, the warship may proceed to verify the ship's right to fly its flag. To this end, it may send a boat under the command of an officer to the suspected ship. If suspicion remains after the

verið skoðuð má það láta fara fram frekari rannsókn um borð í skipinu enda sé hún framkvæmd með eins mikilli tillitssemi og unnt er.

3. Ef grunsemdirnar reynast ástæðulausar og skipið, sem farið hefur verið um borð í, hefur ekki gripið til aðgerðar sem réttlætir þær skal því bætt tjón eða skaði sem kann að hafa hlotist af.

4. Þessi ákvæði gilda að breyttu breytanda um herloftför.

5. Þessi ákvæði gilda einnig um önnur skip eða loftför með fullu umboði sem eru skýrt auðkennd og bera það með sér að þau séu í þjónustu ríkis.

111. gr.
Réttur til óslitinnar eftirfarar

1. Veita má erlendu skipi óslitna eftirför þegar þar til bær yfirvöld strandríkisins hafa góða ástæðu til að ætla að skipið hafi brotið lög og reglur þess ríkis. Eftirför þessa verður að hefja þegar erlenda skipið eða einhver af bátum þess er á innsævi, á eyjaklasahafi, í landhelgi eða á aðlægu belti ríkisins sem veitir eftirför og má aðeins halda henni áfram utan landhelginnar eða aðlæga beltisins ef eftirförin hefur verið óslitin. Ekki er nauðsynlegt að skipið, sem gefur erlenda skipinu í landhelginni eða á aðlæga beltinu skipun um að stöðva, sé líka í landhelginni eða á aðlæga beltinu þegar það fær skipunina. Ef erlenda skipið er á aðlægu belti eins og það er skilgreint í 33. gr. má aðeins veita eftirför ef brotið hefur verið gegn réttindunum sem beltið var ákveðið til að vernda.

2. Rétturinn til óslitinnar eftirfarar skal að breyttu breytanda gilda um brot í sérefnahagslögsögunni eða á landgrunninu, m. a. öryggisbeltum umhverfis landgrunnsútbúnað, framin á þeim lögum og reglum strandríkisins sem gilda samkvæmt samningi þessum um sérefnahagslögsöguna eða landgrunnið, m. a. þessi öryggisbelti.

3. Rétturinn til óslitinnar eftirfarar fellur niður um leið og skipið, sem veitt er eftirför, kemur inn í landhelgi síns eigin ríkis eða þriðja ríkis.

4. Óslitin eftirför telst ekki hafin nema skipið, sem veitir eftirför, hafi gengið úr skugga um það með þeim ráðum sem tiltæk kunna að vera að skipið, sem veitt er eftirför — eða einhver af bátum þess eða öðrum förum sem starfa saman og nota skipið, sem veitt er eftirför, sem móðurskip — sé innan marka landhelginnar ellegar eftir atvikum á aðlæga beltinu, í sérefnahagslögsögunni eða yfir landgrunninu. Eftirförina má aðeins hefja eftir að sjáanlegt eða heyranlegt stöðvunarmerki hefur verið gefið ekki fjær en svo að það megi sjá eða heyra frá erlenda skipinu.

5. Beiting réttarins til óslitinnar eftirfarar má aðeins vera í höndum herskipa eða herloftfara ellegar annarra skipa eða loftfara sem eru skýrt auðkennd og bera það með sér að þau séu í þjónustu ríkis og hafa umboð til þess.

6. Þegar loftfar veitir óslitna eftirför:

a) skulu ákvæði 1.—4. tl. gilda að breyttu breytanda;

b) verður loftfarið, sem gefur skipunina um að stöðva, sjálft að veita skipinu virka eftirför uns skip eða annað loftfar strandríkisins, sem loftfarið hefur kvatt til, kemur til að taka við eftirförinni nema loftfarið geti sjálft tekið skipið. Það nægir ekki til að réttlæta töku utan landhelginnar að loftfarið hafi eingöngu séð skipið vera brotlegt eða grunsamlegt ef því er ekki bæði skipað að stöðva og veitt eftirför af loftfarinu sjálfu eða öðrum loftförum eða skipum sem halda eftirförinni linnulaust áfram.

documents have been checked, it may proceed to a further examination on board the ship, which must be carried out with all possible consideration.

3. If the suspicions prove to be unfounded, and provided that the ship boarded has not committed any act justifying them, it shall be compensated for any loss or damage that may have been sustained.

4. These provisions apply *mutatis mutandis* to military aircraft.

5. These provisions also apply to any other duly authorized ships or aircraft clearly marked and identifiable as being on government service.

Article 111
Right of hot pursuit

1. The hot pursuit of a foreign ship may be undertaken when the competent authorities of the coastal State have good reason to believe that the ship has violated the laws and regulations of that State. Such pursuit must be commenced when the foreign ship or one of its boats is within the internal waters, the archipelagic waters, the territorial sea or the contiguous zone of the pursuing State, and may only be continued outside the territorial sea or the contiguous zone if the pursuit has not been interrupted. It is not necessary that, at the time when the foreign ship within the territorial sea or the contiguous zone receives the order to stop, the ship giving the order should likewise be within the territorial sea or the contiguous zone. If the foreign ship is within a contiguous zone, as defined in article 33, the pursuit may only be undertaken if there has been a violation of the rights for the protection of which the zone was established.

2. The right of hot pursuit shall apply *mutatis mutandis* to violations in the exclusive economic zone or on the continental shelf, including safety zones around continental shelf installations, of the laws and regulations of the coastal State applicable in accordance with this Convention to the exclusive economic zone or the continental shelf, including such safety zones.

3. The right of hot pursuit ceases as soon as the ship pursued enters the territorial sea of its own State or of a third State.

4. Hot pursuit is not deemed to have begun unless the pursuing ship has satisfied itself by such practicable means as may be available that the ship pursued or one of its boats or other craft working as a team and using the ship pursued as a mother ship is within the limits of the territorial sea, or, as the case may be, within the contiguous zone or the exclusive economic zone or above the continental shelf. The pursuit may only be commenced after a visual or auditory signal to stop has been given at a distance which enables it to be seen or heard by the foreign ship.

5. The right of hot pursuit may be exercised only by warships or military aircraft, or other ships or aircraft clearly marked and identifiable as being on government service and authorized to that effect.

6. Where hot pursuit is effected by an aircraft:

(a) the provisions of paragraphs 1 to 4 shall apply *mutatis mutandis*;

(b) the aircraft giving the order to stop must itself actively pursue the ship until a ship or another aircraft of the coastal State, summoned by the aircraft, arrives to take over the pursuit, unless the aircraft is itself able to arrest the ship. It does not suffice to justify an arrest outside the territorial sea that the ship was merely sighted by the aircraft as an offender or suspected offender, if it was not both ordered to stop and pursued by the aircraft itself or other aircraft or ships which continue the pursuit without interruption.

7. Ekki er unnt að krefjast þess að skipi, sem hefur verið tekið í lögsögu ríkis og fylgt til hafnar þess ríkis til yfirheyrslu fyrir þar til bærum yfirvöldum, verði sleppt þegar af þeirri ástæðu að skipinu var í ferð sinni fylgt yfir hluta sérefnahagslögsögunnar eða úthafsins ef nauðsynlegt reyndist vegna aðstæðna.

8. Þegar skip hefur verið stöðvað eða tekið utan landhelginnar við aðstæður sem réttlæta ekki beitingu réttarins til óslitinnar eftirfarar skal því bætt tjón eða skaði sem kann að hafa hlotist þar af.

112. gr.
Réttur til að leggja neðansjávarstrengi og -leiðslur

1. Öllum ríkjum er heimilt að leggja neðansjávarstrengi og -leiðslur á botn úthafsins utan landgrunnsins.
2. Um þessa strengi og leiðslur gildir 79. gr., 5. tl.

113. gr.
Slit eða skemmdir á neðansjávarstreng eða -leiðslu

Sérhvert ríki skal setja nauðsynleg lög og reglur sem kveða á um að það skuli vera refsivert brot ef skip, sem siglir undir fána þess, eða maður, sem er undir lögsögu þess, slítur eða skemmir af ásetningi eða vítaverðu gáleysi neðansjávarstreng í úthafinu þannig að hætt sé við truflun á eða rofi ritsíma- eða talsímasambands, svo og neðansjávarleiðslu eða háspennustrengs. Þetta ákvæði skal einnig gilda um athæfi sem ætlað er að valda þessu sliti eða skemmdum eða er líklegt til þess. Þó skal það ekki gilda um slit eða skemmdir af völdum manna sem höfðust eingöngu að í því löglega augnamiði að bjarga lífi sínu eða skipum sínum eftir að hafa gert allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að forðast þetta slit eða skemmdir.

114. gr.
Slit eða skemmdir af völdum eigenda neðansjávarstrengs eða -leiðslu á öðrum neðansjávarstreng eða -leiðslu

Sérhvert ríki skal setja nauðsynleg lög og reglur sem kveða á um að menn undir lögsögu þess, sem eiga neðansjávarstreng eða -leiðslu í úthafinu og valda við lagningu eða viðgerð á þeim streng eða leiðslu sliti eða skemmdum á öðrum streng eða leiðslu, skuli bera kostnað af viðgerðunum.

115. gr.
Bætur fyrir tjón vegna ráðstafana til að forðast skemmdir á neðansjávarstreng eða -leiðslu

Sérhvert ríki skal setja nauðsynleg lög og reglur til að tryggja að eigendur skipa, sem geta sannað að þeir hafi fórnað akkeri, neti eða öðrum veiðarfærum til að forðast skemmdir á neðansjávarstreng eða -leiðslu, skuli fá bætur frá eiganda strengsins eða leiðslunnar enda hafi eigandi skipsins áður gert allar eðlilegar varúðarráðstafanir.

7. The release of a ship arrested within the jurisdiction of a State and escorted to a port of that State for the purposes of an inquiry before the competent authorities may not be claimed solely on the ground that the ship, in the course of its voyage, was escorted across a portion of the exclusive economic zone or the high seas, if the circumstances rendered this necessary.

8. Where a ship has been stopped or arrested outside the territorial sea in circumstances which do not justify the exercise of the right of hot pursuit, it shall be compensated for any loss or damage that may have been thereby sustained.

Article 112
Right to lay submarine cables and pipelines

1. All States are entitled to lay submarine cables and pipelines on the bed of the high seas beyond the continental shelf.

2. Article 79, paragraph 5, applies to such cables and pipelines.

Article 113
Breaking or injury of a submarine cable or pipeline

Every State shall adopt the laws and regulations necessary to provide that the breaking or injury by a ship flying its flag or by a person subject to its jurisdiction of a submarine cable beneath the high seas done wilfully or through culpable negligence, in such a manner as to be liable to interrupt or obstruct telegraphic or telephonic communications, and similarly the breaking or injury of a submarine pipeline or high-voltage power cable, shall be a punishable offence. This provision shall apply also to conduct calculated or likely to result in such breaking or injury. However, it shall not apply to any break or injury caused by persons who acted merely with the legitimate object of saving their lives or their ships, after having taken all necessary precautions to avoid such break or injury.

Article 114
Breaking or injury by owners of a submarine cable or pipeline of another submarine cable or pipeline

Every State shall adopt the laws and regulations necessary to provide that, if persons subject to its jurisdiction who are the owners of a submarine cable or pipeline beneath the high seas, in laying or repairing that cable or pipeline, cause a break in or injury to another cable or pipeline, they shall bear the cost of the repairs.

Article 115
Indemnity for loss incurred in avoiding injury to a submarine cable or pipeline

Every State shall adopt the laws and regulations necessary to ensure that the owners of ships who can prove that they have sacrificed an anchor, a net or any other fishing gear, in order to avoid injuring a submarine cable or pipeline, shall be indemnified by the owner of the cable or pipeline, provided that the owner of the ship has taken all reasonable precautionary measures beforehand.

2. KAFLI. VERNDUN OG STJÓRNUN HINNA LÍFRÆNU AUÐLINDA ÚTHAFSINS

116. gr.
Réttur til veiða á úthafinu

Öll ríki hafa rétt til að láta ríkisborgara sína stunda veiðar á úthafinu í samræmi við:

a) samningsbundnar skuldbindingar sínar;
b) réttindi, skyldur og hagsmuni strandríkja sem m. a. er kveðið á um í 63. gr., 2. tl., og 64.—67. gr.; og
c) ákvæði þessa kafla.

117. gr.
Skylda ríkja til að gera með tilliti til ríkisborgara sinna ráðstafanir til verndunar hinna lífrænu auðlinda úthafsins

Öllum ríkjum ber skylda til að gera, einum sér eða í samstarfi við önnur ríki, þær ráðstafanir vegna ríkisborgara sinna hvers um sig sem nauðsynlegar kunna að vera til verndunar hinna lífrænu auðlinda úthafsins.

118. gr.
Samstarf ríkja um verndun og stjórnun lífrænna auðlinda

Ríki skulu starfa hvert með öðru að verndun og stjórnun lífrænna auðlinda á úthafssvæðunum. Ef ríkisborgarar ríkja hagnýta sömu lífrænu auðlindirnar, eða mismunandi lífrænar auðlindir á sama svæði, skulu þau hefja samningaviðræður með það í huga að gera nauðsynlegar ráðstafanir til verndunar hinna lífrænu auðlinda sem um ræðir. Skulu þau eftir atvikum starfa saman að því að setja á laggirnar í þessu skyni veiðistofnanir á undirsvæðinu eða svæðinu.

119. gr.
Verndun hinna lífrænu auðlinda úthafsins

1. Þegar ríki ákveða leyfilegan afla og gera aðrar verndunarráðstafanir vegna hinna lífrænu auðlinda í úthafinu skulu þau:

a) gera ráðstafanir sem miða að því, á grundvelli bestu vísindalegu niðurstaðna sem hlutaðeigandi ríkjum eru tiltækar, að stofnum nýttra tegunda sé haldið í eða komið aftur upp í stærð sem getur gefið af sér hámarkslangtímaafla, með þeim takmörkunum sem felast í viðkomandi umhverfis- og efnahagsaðstæðum, m. a. sérþörfum þróunarríkja, og skal hafa hliðsjón af veiðiháttum, innbyrðis tengslum stofna og almennt viðurkenndum alþjóðlegum lágmarksreglum hvort sem þær ná til undirsvæðis, svæðis eða heimsins;

b) taka tillit til áhrifa þeirra á tegundir sem eru tengdar eða háðar nýttum tegundum svo að stofnum þessara tengdu eða háðu tegunda sé haldið ofan við eða komið aftur upp fyrir mörk þar sem viðkomu þeirra kann að verða alvarlega ógnað.

2. Reglulega skal láta í té og skiptast á tiltækum vísindalegum upplýsingum, afla- og veiðisóknarskýrslum og öðrum gögnum viðkomandi verndun fiskstofna fyrir milligöngu þar til bærra alþjóðastofnana, hvort sem þær eru undirsvæðis-, svæðis- eða heimsstofnanir, þar sem við á og með þátttöku allra hlutaðeigandi ríkja.

SECTION 2. CONSERVATION AND MANAGEMENT OF THE LIVING RESOURCES OF THE HIGH SEAS

Article 116
Right to fish on the high seas

All States have the right for their nationals to engage in fishing on the high seas subject to:

(a) their treaty obligations;

(b) the rights and duties as well as the interests of coastal States provided for, *inter alia*, in article 63, paragraph 2, and articles 64 to 67; and

(c) the provisions of this section.

Article 117
Duty of States to adopt with respect to their nationals measures for the conservation of the living resources of the high seas

All States have the duty to take, or to co-operate with other States in taking, such measures for their respective nationals as may be necessary for the conservation of the living resources of the high seas.

Article 118
Co-operation of States in the conservation and management of living resources

States shall co-operate with each other in the conservation and management of living resources in the areas of the high seas. States whose nationals exploit identical living resources, or different living resources in the same area, shall enter into negotiations with a view to taking the measures necessary for the conservation of the living resources concerned. They shall, as appropriate, co-operate to establish subregional or regional fisheries organizations to this end.

Article 119
Conservation of the living resources of the high seas

1. In determining the allowable catch and establishing other conservation measures for the living resources in the high seas, States shall:

(a) take measures which are designed, on the best scientific evidence available to the States concerned, to maintain or restore populations of harvested species at levels which can produce the maximum sustainable yield, as qualified by relevant environmental and economic factors, including the special requirements of developing States, and taking into account fishing patterns, the interdependence of stocks and any generally recommended international minimum standards, whether subregional, regional or global;

(b) take into consideration the effects on species associated with or dependent upon harvested species with a view to maintaining or restoring populations of such associated or dependent species above levels at which their reproduction may become seriously threatened.

2. Available scientific information, catch and fishing effort statistics, and other data relevant to the conservation of fish stocks shall be contributed and exchanged on a regular basis through competent international organizations, whether subregional, regional or global, where appropriate and with participation by all States concerned.

3. Hlutaðeigandi ríki skulu tryggja að verndunarráðstafanir og framkvæmd þeirra feli ekki í sér mismunun gagnvart veiðimönnum nokkurs ríkis, hvorki í orði né á borði.

120. gr.
Sjávarspendýr

Grein 65 gildir einnig um verndun og stjórnun sjávarspendýra í úthafinu.

VIII. HLUTI

REGLUR UM EYJAR

121. gr.
Reglur um eyjar

1. Eyja er náttúrlega myndað, umflotið landsvæði sem er upp úr sjó á stórstraumsflóði.
2. Landhelgi, aðlægt belti, sérefnahagslögsaga og landgrunn eyjar er ákveðið samkvæmt ákvæðum samnings þessa um annað landsvæði nema kveðið sé á um annað í 3. tl.

3. Klettar, sem geta ekki borið mannabyggð eða eigið efnahagslíf, skulu ekki hafa nokkra sérefnahagslögsögu né landgrunn.

IX. HLUTI

UMLUKT EÐA HÁLFUMLUKT HÖF

122. gr.
Skilgreining

Í samningi þessum merkir „umlukt eða hálfumlukt haf" flóa, grunn eða haf sem tvö eða fleiri ríki umkringja og mjótt belti tengir öðru hafi eða meginhafinu ellegar sem landhelgi og sérefnahagslögsaga tveggja eða fleiri strandríkja mynda að öllu eða mestu leyti.

123. gr.
Samstarf ríkja sem liggja að umluktum eða hálfumluktum höfum

Ríki, sem liggja að umluktu eða hálfumluktu hafi, skulu starfa hvert með öðru að því að fara með réttindi sín og rækja skyldur sínar samkvæmt samningi þessum. Í þessu skyni skulu þau, beint eða á vettvangi viðeigandi svæðisstofnunar, leitast við:

a) að samræma stjórnun, verndun, rannsóknir og hagnýtingu hinna lífrænu auðlinda hafsins;
b) að samræma framkvæmd réttinda sinna og skyldna að því er snertir verndun og varðveislu hafrýmisins;
c) að samræma stefnu sína á sviði vísindarannsókna og beita sér, þar sem við á, fyrir sameiginlegum áætlunum um vísindarannsóknir á svæðinu;

3. States concerned shall ensure that conservation measures and their implementation do not discriminate in form or in fact against the fishermen of any State.

Article 120
Marine mammals

Article 65 also applies to the conservation and management of marine mammals in the high seas.

PART VIII

REGIME OF ISLANDS

Article 121
Régime of islands

1. An island is a naturally formed area of land, surrounded by water, which is above water at high tide.

2. Except as provided for in paragraph 3, the territorial sea, the contiguous zone, the exclusive economic zone and the continental shelf of an island are determined in accordance with the provisions of this Convention applicable to other land territory.

3. Rocks which cannot sustain human habitation or economic life of their own shall have no exclusive economic zone or continental shelf.

PART IX

ENCLOSED OR SEMI-ENCLOSED SEAS

Article 122
Definition

For the purposes of this Convention, "enclosed or semi-enclosed sea" means a gulf, basin or sea surrounded by two or more States and connected to another sea or the ocean by a narrow outlet or consisting entirely or primarily of the territorial seas and exclusive economic zones of two or more coastal States.

Article 123
Co-operation of States bordering enclosed or semi-enclosed seas

States bordering an enclosed or semi-enclosed sea should co-operate with each other in the exercise of their rights and in the performance of their duties under this Convention. To this end they shall endeavour, directly or through an appropriate regional organization:

(a) to co-ordinate the management, conservation, exploration and exploitation of the living resources of the sea;

(b) to co-ordinate the implementation of their rights and duties with respect to the protection and preservation of the marine environment;

(c) to co-ordinate their scientific research policies and undertake where appropriate joint programmes of scientific research in the area;

d) að bjóða, eftir því sem við á, öðrum hlutaðeigandi ríkjum eða alþjóðastofnunum samstarf um framkvæmd ákvæða þessarar greinar.

X. HLUTI

AÐGÖNGURÉTTUR LANDLUKTRA RÍKJA AÐ OG FRÁ SJÓ OG FRELSI TIL GEGNUMFERÐAR

124. gr.
Notkun hugtaka

1. Í samningi þessum:

a) merkir „landlukt ríki" ríki sem á ekki land að sjó;

b) merkir „gegnumferðarríki" ríki, með eða án lands að sjó, sem liggur milli landlukts ríkis og sjávar og tekur við umferð á gegnumferð um land sitt;

c) merkir „umferð á gegnumferð" gegnumferð manna, farangurs, vara og flutningatækja um land eins eða fleiri gegnumferðarríkja þegar ferðin gegnum þetta land — með eða án umhleðslu, geymslu í vöruhúsi, affermingar á hluta farms eða breytingar á tegund flutningatækis — er aðeins hluti af heilli ferð sem byrjar eða endar á landi landlukta ríkisins;

d) merkja „flutningatæki":
   i) járnbrautarlestir, hafskip, vatna- og fljótabáta og ökutæki til umferðar á vegum;
   ii) burðarfólk og áburðardýr ef staðhættir krefja.

2. Landlukt ríki og gegnumferðarríki geta með samningi sín á milli talið til flutningatækja leiðslur og gasleiðslur og önnur flutningatæki en þau sem nefnd eru í 1. tl.

125. gr.
Aðgönguréttur að og frá sjó og frelsi til gegnumferðar

1. Landlukt ríki skulu hafa aðgöngurétt að og frá sjó til að beita réttindunum sem kveðið er á um í samningi þessum, m. a. þeim sem snerta frelsi úthafsins og sameiginlega arfleifð mannkynsins. Í þessu skyni skulu landlukt ríki hafa frelsi til gegnumferðar um land gegnumferðarríkja með öllum flutningatækjum.

2. Hlutaðeigandi landlukt ríki og gegnumferðarríki skulu í tvíhliða samningum, undirsvæðissamningum eða svæðissamningum kveða á um skilmála og aðferðir vegna notkunar frelsisins til gegnumferðar.

3. Við beitingu gegnumferðarríkja á óskoruðum fullveldisrétti sínum yfir landi sínu skulu þau hafa rétt til þess að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að réttindin og aðstaðan, sem kveðið er á um í þessum hluta til handa landluktum ríkjum, skuli á engan hátt fara í bága við lögmæta hagsmuni sína.

126. gr.
Undantekning frá beitingu bestu kjara ákvæðisins

Bestu kjara ákvæðinu verður ekki beitt um ákvæði samnings þessa, svo og sérstakra samninga um beitingu aðgönguréttarins að og frá sjó, sem veita réttindi og aðstöðu vegna hinnar sérstöku landfræðilegu legu landluktra ríkja.

(d) to invite, as appropriate, other interested States or international organizations to co-operate with them in furtherance of the provisions of this article.

PART X

RIGHT OF ACCESS OF LAND-LOCKED STATES TO AND FROM THE SEA AND FREEDOM OF TRANSIT

Article 124
Use of terms

1. For the purposes of this Convention:

(a) "land-locked State" means a State which has no sea-coast;

(b) "transit State" means a State, with or without a sea-coast, situated between a land-locked State and the sea, through whose territory traffic in transit passes;

(c) "traffic in transit" means transit of persons, baggage, goods and means of transport across the territory of one or more transit States, when the passage across such territory, with or without trans-shipment, warehousing, breaking bulk or change in the mode of transport, is only a portion of a complete journey which begins or terminates within the territory of the land-locked State;

(d) "means of transport" means:

(i) railway rolling stock, sea, lake and river craft and road vehicles;

(ii) where local conditions so require, porters and pack animals.

2. Land-locked States and transit States may, by agreement between them, include as means of transport pipelines and gas lines and means of transport other than those included in paragraph 1.

Article 125
Right of access to and from the sea and freedom of transit

1. Land-locked States shall have the right of access to and from the sea for the purpose of exercising the rights provided for in this Convention including those relating to the freedom of the high seas and the common heritage of mankind. To this end, land-locked States shall enjoy freedom of transit through the territory of transit States by all means of transport.

2. The terms and modalities for exercising freedom of transit shall be agreed between the land-locked States and transit States concerned through bilateral, subregional or regional agreements.

3. Transit States, in the exercise of their full sovereignty over their territory, shall have the right to take all measures necessary to ensure that the rights and facilities provided for in this Part for land-locked States shall in no way infringe their legitimate interests.

Article 126
Exclusion of application of the most-favoured-nation clause

The provisions of this Convention, as well as special agreements relating to the exercise of the right of access to and from the sea, establishing rights and facilities on account of the special geographical position of land-locked States, are excluded from the application of the most-favoured-nation clause.

127. gr.
Tollar, skattar og önnur gjöld

1. Umferð á gegnumferð skal undanþegin tollum, sköttum eða öðrum gjöldum nema gjöldum sem lögð eru á fyrir sérstaka veitta þjónustu í sambandi við þessa umferð.

2. Ekki skal leggja hærri skatta né gjöld á flutningatæki á gegnumferð og aðra aðstöðu, sem landluktum ríkjum er látin í té og þau nota, en lögð eru á vegna notkunar á flutningatækjum gegnumferðarríkisins.

128. gr.
Tollfrelsissvæði og önnur tollaðstaða

Til hægðarauka fyrir umferð á gegnumferð má leggja til tollfrelsissvæði eða aðra tollaðstöðu í komu- og brottfararhöfnum gegnumferðarríkjanna með samningi milli þessara ríkja og landluktu ríkjanna.

129. gr.
Samstarf um smíði og endurbætur á flutningatækjum

Þegar ekki eru fyrir hendi í gegnumferðarríkjum flutningatæki, þannig að frelsið til gegnumferðar verði raunverulegt, eða tiltæk tæki, m. a. hafnarmannvirkin og -búnaðurinn, eru ófullnægjandi að einhverju leyti geta hlutaðeigandi gegnumferðarríki og landlukt ríki starfað saman að því að smíða eða endurbæta þau.

130. gr.
Ráðstafanir til að forðast eða útrýma töfum eða öðrum erfiðleikum tæknilegs eðlis í umferð á gegnumferð

1. Gegnumferðarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að forðast tafir eða aðra erfiðleika tæknilegs eðlis í umferð á gegnumferð.

2. Komi þessar tafir eða erfiðleikar upp skulu þar til bær yfirvöld hlutaðeigandi gegnumferðarríkja og landluktra ríkja starfa saman að því að útrýma þeim fljótt.

131. gr.
Sömu kjör í sjávarhöfnum

Skip, sem sigla undir fána landluktra ríkja, skulu njóta sömu kjara og veitt eru öðrum erlendum skipum í sjávarhöfnum.

132. gr.
Veiting betri aðstöðu til gegnumferðar

Samningur þessi hefur á engan hátt í för með sér sviptingu betri aðstöðu til gegnumferðar en þeirrar sem kveðið er á um í samningi þessum og aðildarríki samnings þessa hafa samið um eða aðildarríki hefur veitt. Samningur þessi girðir ekki heldur fyrir það að betri aðstaða sé veitt að þessu leyti í framtíðinni.

Article 127
Customs duties, taxes and other charges

1. Traffic in transit shall not be subject to any customs duties, taxes or other charges except charges levied for specific services rendered in connection with such traffic.

2. Means of transport in transit and other facilities provided for and used by land-locked States shall not be subject to taxes or charges higher than those levied for the use of means of transport of the transit State.

Article 128
Free zones and other customs facilities

For the convenience of traffic in transit, free zones or other customs facilities may be provided at the ports of entry and exit in the transit States, by agreement between those States and the land-locked States.

Article 129
Co-operation in the construction and improvement of means of transport

Where there are no means of transport in transit States to give effect to the freedom of transit or where the existing means, including the port installations and equipment, are inadequate in any respect, the transit States and land-locked States concerned may co-operate in constructing or improving them.

Article 130
Measures to avoid or eliminate delays or other difficulties of a technical nature in traffic in transit

1. Transit States shall take all appropriate measures to avoid delays or other difficulties of a technical nature in traffic in transit.

2. Should such delays or difficulties occur, the competent authorities of the transit States and land-locked States concerned shall co-operate towards their expeditious elimination.

Article 131
Equal treatment in maritime ports

Ships flying the flag of land-locked States shall enjoy treatment equal to that accorded to other foreign ships in maritime ports.

Article 132
Grant of greater transit facilities

This Convention does not entail in any way the withdrawal of transit facilities which are greater than those provided for in this Convention and which are agreed between States Parties to this Convention or granted by a State Party. This Convention also does not preclude such grant of greater facilities in the future.

XI. HLUTI

SVÆÐIÐ

1. KAFLI. ALMENN ÁKVÆÐI

133. gr.
Notkun hugtaka

Í þessum hluta:

a) merkja „auðlindir" allar fastar, fljótandi eða loftkenndar jarðefnaauðlindir á vinnslustað á svæðinu, á eða undir hafsbotninum, m. a. fjölmálmsmola;

b) kallast auðlindir, sem hafa náðst af svæðinu, „jarðefni".

134. gr.
Gildissvið þessa hluta

1. Þessi hluti gildir um svæðið.

2. Um starfsemi á svæðinu skal fara eftir ákvæðum þessa hluta.

3. Í VI. hluta er greint frá kröfum um afhendingu korta eða skráa með landfræðilegum hnitum, þar sem sýnd eru mörkin sem getið er í 1. gr., 1. tl. 1), til vörslu, svo og um tilskilda birtingu þeirra.

4. Ekkert í þessari grein hefur áhrif á ákvörðun ytri marka landgrunnsins samkvæmt VI. hluta né gildi samninga sem snerta afmörkun milli ríkja með mótlægum eða aðlægum ströndum.

135. gr.
Réttarstaða yfirlæga hafsins og loftrýmisins

Hvorki þessi hluti né réttindi, sem veitt eru eða beitt er samkvæmt honum, skulu hafa áhrif á réttarstöðu hafsins, sem liggur yfir svæðinu, eða loftrýmisins yfir því hafi.

2. KAFLI. MEGINREGLUR UM SVÆÐIÐ

136. gr.
Sameiginleg arfleifð mannkynsins

Svæðið og auðlindir þess eru sameiginleg arfleifð mannkynsins.

137. gr.
Réttarstaða svæðisins og auðlinda þess

1. Ekkert ríki skal gera tilkall til eða beita fullveldisrétti eða -réttindum yfir hluta svæðisins eða auðlinda þess né heldur skal ríki ellegar einstaklingur eða lögpersóna kasta eign sinni á hluta þeirra. Ekki skal viðurkenna nokkurt slíkt tilkall eða beitingu fullveldisréttar eða -réttinda né þetta eignarhald.

2. Öll réttindi til auðlinda svæðisins eru í höndum mannkynsins í heild en stofnunin skal starfa fyrir hönd þess. Þessum auðlindum má ekki afsala. Jarðefnunum, sem náð er af svæðinu, má þó aðeins afsala samkvæmt þessum hluta og reglum, reglugerðum og starfsháttum stofnunarinnar.

PART XI

THE AREA

SECTION 1. GENERAL PROVISIONS

Article 133
Use of terms

For the purposes of this Part:

(a) "resources" means all solid, liquid or gaseous mineral resources *in situ* in the Area at or beneath the sea-bed, including polymetallic nodules;

(b) resources, when recovered from the Area, are referred to as "minerals".

Article 134
Scope of this Part

1. This Part applies to the Area.

2. Activities in the Area shall be governed by the provisions of this Part.

3. The requirements concerning deposit of, and publicity to be given to, the charts or lists of geographical co-ordinates showing the limits referred to in article 1, paragraph 1(1), are set forth in Part VI.

4. Nothing in this article affects the establishment of the outer limits of the continental shelf in accordance with Part VI or the validity of agreements relating to delimitation between States with opposite or adjacent coasts.

Article 135
Legal status of the superjacent waters and air space

Neither this Part nor any rights granted or exercised pursuant thereto shall affect the legal status of the waters superjacent to the Area or that of the air space above those waters.

SECTION 2. PRINCIPLES GOVERNING THE AREA

Article 136
Common heritage of mankind

The Area and its resources are the common heritage of mankind.

Article 137
Legal status of the Area and its resources

1. No State shall claim or exercise sovereignty or sovereign rights over any part of the Area or its resources, nor shall any State or natural or juridical person appropriate any part thereof. No such claim or exercise of sovereignty or sovereign rights nor such appropriation shall be recognized.

2. All rights in the resources of the Area are vested in mankind as a whole, on whose behalf the Authority shall act. These resources are not subject to alienation. The minerals recovered from the Area, however, may only be alienated in accordance with this Part and the rules, regulations and procedures of the Authority.

3. Ekkert ríki né einstaklingur eða lögpersóna skal gera tilkall til, eignast eða beita réttindum að því er snertir jarðefnin, sem náð er af svæðinu, nema samkvæmt þessum hluta. Ella skal ekki viðurkenna nokkurt slíkt tilkall til þessara réttinda, eignarráð yfir þeim né beitingu þeirra.

138. gr.
Almennt atferli ríkja með tilliti til svæðisins

Hið almenna atferli ríkja með tilliti til svæðisins skal vera samkvæmt ákvæðum þessa hluta, meginreglunum, sem sáttmáli Sameinuðu þjóðanna geymir, og öðrum reglum þjóðaréttar í þágu varðveislu friðar og öryggis og eflingar alþjóðasamstarfs og gagnkvæms skilnings.

139. gr.
Skylda til að tryggja hlýðni og ábyrgð á skaða

1. Aðildarríkjum ber skylda til að tryggja að starfsemi á svæðinu sé stunduð í samræmi við þennan hluta hvort sem hana stunda aðildarríki eða ríkisfyrirtæki ellegar einstaklingar eða lögpersónur sem eru af þjóðerni aðildarríkja ellegar undir virkri stjórn þeirra eða ríkisborgara þeirra. Sama skylda hvílir á alþjóðastofnunum vegna starfsemi á svæðinu sem þessar stofnanir stunda.

2. Að óhnekktum reglum þjóðaréttar og III. viðauka, 22. gr., skal skaði, vegna þess að aðildarríki eða alþjóðastofnun lætur undir höfuð leggjast að rækja skyldur sínar samkvæmt þessum hluta, leiða til ábyrgðar; aðildarríki eða alþjóðastofnanir, sem starfa saman, skulu bera óskipta ábyrgð. Aðildarríki skal þó ekki bera ábyrgð á skaða vegna þess að einstaklingur eða lögpersóna, sem það hefur stutt samkvæmt 153. gr., 2. tl. b), lætur undir höfuð leggjast að fara eftir þessum hluta ef aðildarríkið hefur gert allar nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir til að tryggja góða hlýðni samkvæmt 153. gr., 4. tl., og III. viðauka, 4. gr., 4. tl.

3. Aðildarríki, sem eru aðilar að alþjóðastofnunum, skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja framkvæmd þessarar greinar að því er snertir þessar stofnanir.

140. gr.
Hagsbætur fyrir mannkynið

1. Eins og sérstaklega er kveðið á um í þessum hluta skal stunda starfsemi á svæðinu til hagsbóta fyrir mannkynið í heild án tillits til landfræðilegrar legu ríkja, hvort sem þau eru strandríki eða landlukt ríki, og með sérstöku tilliti til hagsmuna og þarfa þróunarríkja og þjóða sem hafa ekki öðlast fullt sjálfstæði né aðra sjálfstjórnarstöðu, viðurkennda af Sameinuðu þjóðunum samkvæmt ályktun allsherjarþingsins nr. 1514 (XV) og öðrum viðeigandi ályktunum allsherjarþingsins.

2. Samkvæmt 160. gr., 2. tl. f) i), skal stofnunin með viðeigandi fyrirkomulagi og án mismununar sjá um sanngjarna skiptingu fjárhagslegra og annarra efnahagslegra hagsbóta sem eiga rætur að rekja til starfsemi á svæðinu.

141. gr.
Not svæðisins í friðsamlegum tilgangi einvörðungu

Öll ríki, hvort sem þau eru strandríki eða landlukt ríki, geta án mismununar og að óhnekktum öðrum ákvæðum þessa hluta haft not svæðisins í friðsamlegum tilgangi einvörðungu.

3. No State or natural or juridical person shall claim, acquire or exercise rights with respect to the minerals recovered from the Area except in accordance with this Part. Otherwise, no such claim, acquisition or exercise of such rights shall be recognized.

Article 138
General conduct of States in relation to the Area

The general conduct of States in relation to the Area shall be in accordance with the provisions of this Part, the principles embodied in the Charter of the United Nations and other rules of international law in the interests of maintaining peace and security and promoting international co-operation and mutual understanding.

Article 139
Responsibility to ensure compliance and liability for damage

1. States Parties shall have the responsibility to ensure that activities in the Area, whether carried out by States Parties, or state enterprises or natural or juridical persons which possess the nationality of States Parties or are effectively controlled by them or their nationals, shall be carried out in conformity with this Part. The same responsibility applies to international organizations for activities in the Area carried out by such organizations.

2. Without prejudice to the rules of international law and Annex III, article 22, damage caused by the failure of a State Party or international organization to carry out its responsibilities under this Part shall entail liability; States Parties or international organizations acting together shall bear joint and several liability. A State Party shall not however be liable for damage caused by any failure to comply with this Part by a person whom it has sponsored under article 153, paragraph 2(b), if the State Party has taken all necessary and appropriate measures to secure effective compliance under article 153, paragraph 4, and Annex III, article 4, paragraph 4.

3. States Parties that are members of international organizations shall take appropriate measures to ensure the implementation of this article with respect to such organizations.

Article 140
Benefit of mankind

1. Activities in the Area shall, as specifically provided for in this Part, be carried out for the benefit of mankind as a whole, irrespective of the geographical location of States, whether coastal or land-locked, and taking into particular consideration the interests and needs of developing States and of peoples who have not attained full independence or other self-governing status recognized by the United Nations in accordance with General Assembly resolution 1514 (XV) and other relevant General Assembly resolutions.

2. The Authority shall provide for the equitable sharing of financial and other economic benefits derived from activities in the Area through any appropriate mechanism, on a non-discriminatory basis, in accordance with article 160, paragraph 2(f)(i).

Article 141
Use of the Area exclusively for peaceful purposes

The Area shall be open to use exclusively for peaceful purposes by all States, whether coastal or land-locked, without discrimination and without prejudice to the other provisions of this Part.

142. gr.
Réttindi og lögmætir hagsmunir strandríkja

1. Starfsemi á svæðinu viðvíkjandi auðlindabotnlögum þess, sem liggja yfir mörk innlendrar lögsögu, skal stunda með tilhlýðilegu tilliti til réttinda og lögmætra hagsmuna strandríkis ef þessi botnlög liggja yfir lögsögu þess.

2. Halda skal uppi samráði við hlutaðeigandi ríki, m. a. miðlun tilkynninga fyrirfram, í því skyni að forðast skerðingu á þessum réttindum og hagsmunum. Þegar svo háttar til að starfsemi á svæðinu kann að leiða til hagnýtingar auðlinda sem eru í innlendri lögsögu þarf samþykki hlutaðeigandi strandríkis fyrirfram.

3. Hvorki þessi hluti né réttindi, sem veitt eru eða beitt er samkvæmt honum, skulu hafa áhrif á rétt strandríkja til að gera þær ráðstafanir í samræmi við viðeigandi ákvæði XII. hluta sem nauðsynlegar kunna að vera til að koma í veg fyrir, draga úr eða bægja frá alvarlegri og yfirvofandi hættu er steðjar að strönd eða skyldum hagsmunum þeirra vegna mengunar eða hættu á henni ellegar annarra hættulegra viðburða sem stafa frá eða orsakast af starfsemi á svæðinu.

143. gr.
Hafrannsóknir

1. Hafrannsóknir á svæðinu skal samkvæmt XIII. hluta stunda í friðsamlegum tilgangi einvörðungu og til hagsbóta fyrir mannkynið í heild.

2. Stofnunin getur stundað hafrannsóknir, sem varða svæðið og auðlindir þess, og má gera samninga í þeim tilgangi. Stofnunin skal efla og hvetja til framkvæmdar hafrannsókna á svæðinu, svo og samræma og dreifa niðurstöðum þessara rannsókna og athugana þegar þær liggja fyrir.

3. Aðildarríki mega stunda hafrannsóknir á svæðinu. Aðildarríki skulu efla alþjóðasamstarf um hafrannsóknir á svæðinu með því að:

a) taka þátt í alþjóðlegum áætlunum og hvetja til samstarfs um hafrannsóknir með starfsliði frá ýmsum löndum og stofnuninni;

b) tryggja að mótaðar séu áætlanir á vettvangi stofnunarinnar eða annarra alþjóðastofnana, eftir því sem við á, til hagsbóta fyrir þróunarríki og tæknilega minna þróuð ríki í því skyni að:
   i) efla möguleika þeirra til rannsókna;
   ii) þjálfa starfslið þeirra og starfslið stofnunarinnar í tækni við rannsóknir og hagnýtingu þeirra;
   iii) auka notkun hæfs starfsliðs þeirra við rannsóknir á svæðinu;

c) dreifa niðurstöðum rannsókna og athugana á virkan hátt þegar þær liggja fyrir, eftir atvikum fyrir milligöngu stofnunarinnar eða eftir öðrum alþjóðlegum leiðum.

144. gr.
Miðlun tækni

1. Stofnunin skal gera ráðstafanir samkvæmt samningi þessum:
a) til að afla tækni og vísindalegrar þekkingar sem snertir starfsemi á svæðinu; og

Article 142
Rights and legitimate interests of coastal States

1. Activities in the Area, with respect to resource deposits in the Area which lie across limits of national jurisdiction, shall be conducted with due regard to the rights and legitimate interests of any coastal State across whose jurisdiction such deposits lie.

2. Consultations, including a system of prior notification, shall be maintained with the State concerned, with a view to avoiding infringement of such rights and interests. In cases where activities in the Area may result in the exploitation of resources lying within national jurisdiction, the prior consent of the coastal State concerned shall be required.

3. Neither this Part nor any rights granted or exercised pursuant thereto shall affect the rights of coastal States to take such measures consistent with the relevant provisions of Part XII as may be necessary to prevent, mitigate or eliminate grave and imminent danger to their coastline, or related interests from pollution or threat thereof or from other hazardous occurrences resulting from or caused by any activities in the Area.

Article 143
Marine scientific research

1. Marine scientific research in the Area shall be carried out exclusively for peaceful purposes and for the benefit of mankind as a whole, in accordance with Part XIII.

2. The Authority may carry out marine scientific research concerning the Area and its resources, and may enter into contracts for that purpose. The Authority shall promote and encourage the conduct of marine scientific research in the Area, and shall co-ordinate and disseminate the results of such research and analysis when available.

3. States Parties may carry out marine scientific research in the Area. States Parties shall promote international co-operation in marine scientific research in the Area by:

(a) participating in international programmes and encouraging co-operation in marine scientific research by personnel of different countries and of the Authority;

(b) ensuring that programmes are developed through the Authority or other international organizations as appropriate for the benefit of developing States and technologically less developed States with a view to:

  (i) strengthening their research capabilities;

  (ii) training their personnel and the personnel of the Authority in the techniques and applications of research;

  (iii) fostering the employment of their qualified personnel in research in the Area;

(c) effectively disseminating the results of research and analysis when available, through the Authority or other international channels when appropriate.

Article 144
Transfer of technology

1. The Authority shall take measures in accordance with this Convention:

(a) to acquire technology and scientific knowledge relating to activities in the Area; and

b) til að efla og hvetja til miðlunar þessarar tækni og vísindalegu þekkingar til þróunarríkja svo að öll aðildarríki geti haft hag af.

2. Í þessu skyni skulu stofnunin og aðildarríki starfa saman að því að efla miðlun tækni og vísindalegrar þekkingar sem snertir starfsemi á svæðinu svo að fyrirtækið og öll aðildarríki geti haft hag af. Einkum skulu þau hafa frumkvæði að og efla:

a) áætlanir um að miðla fyrirtækinu og þróunarríkjum tækni með tilliti til starfsemi á svæðinu, þar undir m. a. auðvelda aðgang fyrirtækisins og þróunarríkja að viðeigandi tækni með sanngjörnum og hóflegum skilmálum og skilyrðum;
b) ráðstafanir sem miða að því að þróa tækni hjá fyrirtækinu og innanlandstækni í þróunarríkjum, einkum með því að veita starfsliði frá fyrirtækinu og þróunarríkjum tækifæri til að þjálfa sig í hafvísindum og tækni og taka fullan þátt í starfsemi á svæðinu.

145. gr.
Verndun hafrýmisins

Að því er snertir starfsemi á svæðinu skal gera nauðsynlegar ráðstafanir samkvæmt samningi þessum til að tryggja hafrýminu virka vernd gegn skaðlegum áhrifum sem kunna að stafa af þessari starfsemi. Í þessu skyni skal stofnunin móta viðeigandi reglur, reglugerðir og starfshætti varðandi m. a.:

a) varnir gegn, minnkun á og eftirlit með mengun og öðrum hættum sem steðja að hafrýminu, m. a. ströndinni, svo og röskun á vistfræðilegu jafnvægi hafrýmisins, enda sé sérstakur gaumur gefinn þörfinni á vernd gegn skaðlegum áhrifum starfsemi eins og borana, dýpkunar, uppgraftar, losunar úrgangsefna, gerðar og starfrækslu eða viðhalds útbúnaðar, leiðslna og annars búnaðar sem tengist þessari starfsemi;

b) verndun og varðveislu náttúruauðlinda svæðisins og varnir gegn skaða á gróður- og dýraríki hafrýmisins.

146. gr.
Verndun mannslífa

Að því er snertir starfsemi á svæðinu skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja mannslífum virka vernd. Í þessu skyni skal stofnunin móta viðeigandi reglur, reglugerðir og starfshætti til fyllingar gildandi þjóðarétti sem viðeigandi samningar geyma.

147. gr.
Fyrirkomulag starfsemi á svæðinu og í hafrýminu

1. Stunda skal starfsemi á svæðinu með hæfilegu tilliti til annarrar starfsemi í hafrýminu.

2. Útbúnaður, sem notaður er til að stunda starfsemi á svæðinu, skal háður eftirfarandi skilyrðum:

a) Þennan útbúnað skal eingöngu smíða, staðsetja og fjarlægja samkvæmt þessum hluta og í samræmi við reglur, reglugerðir og starfshætti stofnunarinnar. Tilkynna verður á tilhlýðilegan hátt smíði, staðsetningu og brottnám þessa

(b) to promote and encourage the transfer to developing States of such technology and scientific knowledge so that all States Parties benefit therefrom.

2. To this end the Authority and States Parties shall co-operate in promoting the transfer of technology and scientific knowledge relating to activities in the Area so that the Enterprise and all States Parties may benefit therefrom. In particular they shall initiate and promote:

(a) programmes for the transfer of technology to the Enterprise and to developing States with regard to activities in the Area, including, *inter alia,* facilitating the access of the Enterprise and of developing States to the relevant technology, under fair and reasonable terms and conditions;

(b) measures directed towards the advancement of the technology of the Enterprise and the domestic technology of developing States, particularly by providing opportunities to personnel from the Enterprise and from developing States for training in marine science and technology and for their full participation in activities in the Area.

Article 145
Protection of the marine environment

Necessary measures shall be taken in accordance with this Convention with respect to activities in the Area to ensure effective protection for the marine environment from harmful effects which may arise from such activities. To this end the Authority shall adopt appropriate rules, regulations and procedures for *inter alia:*

(a) the prevention, reduction and control of pollution and other hazards to the marine environment, including the coastline, and of interference with the ecological balance of the marine environment, particular attention being paid to the need for protection from harmful effects of such activities as drilling, dredging, excavation, disposal of waste, construction and operation or maintenance of installations, pipelines and other devices related to such activities;

(b) the protection and conservation of the natural resources of the Area and the prevention of damage to the flora and fauna of the marine environment.

Article 146
Protection of human life

With respect to activities in the Area, necessary measures shall be taken to ensure effective protection of human life. To this end the Authority shall adopt appropriate rules, regulations and procedures to supplement existing international law as embodied in relevant treaties.

Article 147
Accommodation of activities in the Area and in the marine environment

1. Activities in the Area shall be carried out with reasonable regard for other activities in the marine environment.

2. Installations used for carrying out activities in the Area shall be subject to the following conditions:

(a) such installations shall be erected, emplaced and removed solely in accordance with this Part and subject to the rules, regulations and procedures of the Authority. Due notice must be given of the erection, em-

útbúnaðar og hafa verður varanlegan búnað til að vara við tilvist hans;

b) þessum útbúnaði má ekki koma upp þar sem það getur tálmað notkun viðurkenndra siglingaleiða sem eru nauðsynlegar til alþjóðlegra siglinga né á svæðum þar sem mjög mikil veiði er stunduð;
c) ákveða skal öryggisbelti umhverfis þennan útbúnað með viðeigandi merkingum til að tryggja bæði öryggi siglinga og útbúnaðarins. Lögun og staðsetning þessara öryggisbelta skal ekki vera þannig að til verði belti sem hindrar löglegan aðgang skipa að sérstökum hafsvæðum eða siglingar á alþjóðlegum siglingaleiðum;
d) þennan útbúnað skal einvörðungu nota í friðsamlegum tilgangi;
e) þessi útbúnaður hefur ekki stöðu eyja. Hann hefur enga eigin landhelgi og tilvist hans hefur ekki áhrif á afmörkun landhelginnar, sérefnahagslögsögunnar né landgrunnsins.

3. Stunda skal aðra starfsemi í hafrýminu með hæfilegu tilliti til starfsemi á svæðinu.

148. gr.
Þátttaka þróunarríkja í starfsemi á svæðinu

Eins og sérstaklega er kveðið á um í þessum hluta skal stuðla að virkri þátttöku þróunarríkja í starfsemi á svæðinu með tilhlýðilegu tilliti til sérstakra hagsmuna og þarfa þeirra og einkum hinnar sérstöku þarfar landluktu og landfræðilega afskiptu ríkjanna í þeirra hópi á að yfirstíga erfiðleika vegna óhagstæðrar legu þeirra, m. a. fjarlægðar frá svæðinu og vandkvæða á að komast að og frá því.

149. gr.
Fornleifar og sögulegir munir

Alla muni, sem eru fornleifafræðilegs og sögulegs eðlis og finnast á svæðinu, skal varðveita eða ráðstafa til hagsbóta fyrir mannkynið í heild með sérstöku tilliti til forréttinda upprunaríkisins eða upprunalandsins, menningarupprunaríkisins eða sögu- og fornleifaupprunaríkisins.

3. KAFLI. ÞRÓUN AUÐLINDA SVÆÐISINS

150. gr.
Stefna varðandi starfsemi á svæðinu

Eins og sérstaklega er kveðið á um í þessum hluta skal stunda starfsemi á svæðinu á þann hátt að það hvetji til heilbrigðrar þróunar efnahagsmála heimsins og stöðugrar aukningar alþjóðaviðskipta og efli alþjóðasamstarf um alhliða þróun allra landa, einkum þróunarríkja, svo og í því skyni að tryggð verði:

a) þróun auðlinda svæðisins;
b) skipuleg, örugg og skynsamleg stjórnun auðlinda svæðisins, m. a. virk framkvæmd starfsemi á svæðinu, svo og vörn gegn ónauðsynlegri sóun samkvæmt skynsamlegum meginreglum um verndun;

c) fjölgun tækifæra til þátttöku í þessari starfsemi, einkum samkvæmt 144. og 148. gr.;

placement and removal of such installations, and permanent means for giving warning of their presence must be maintained;

(b) such installations may not be established where interference may be caused to the use of recognized sea lanes essential to international navigation or in areas of intense fishing activity;

(c) safety zones shall be established around such installations with appropriate markings to ensure the safety of both navigation and the installations. The configuration and location of such safety zones shall not be such as to form a belt impeding the lawful access of shipping to particular maritime zones or navigation along international sea lanes;

(d) such installations shall be used exclusively for peaceful purposes;

(e) such installations do not possess the status of islands. They have no territorial sea of their own, and their presence does not affect the delimitation of the territorial sea, the exclusive economic zone or the continental shelf.

3. Other activities in the marine environment shall be conducted with reasonable regard for activities in the Area.

Article 148
Participation of developing States in activities in the Area

The effective participation of developing States in activities in the Area shall be promoted as specifically provided for in this Part, having due regard to their special interests and needs, and in particular to the special need of the landlocked and geographically disadvantaged among them to overcome obstacles arising from their disadvantaged location, including remoteness from the Area and difficulty of access to and from it.

Article 149
Archaeological and historical objects

All objects of an archaeological and historical nature found in the Area shall be preserved or disposed of for the benefit of mankind as a whole, particular regard being paid to the preferential rights of the State or country of origin, or the State of cultural origin, or the State of historical and archaeological origin.

SECTION 3. DEVELOPMENT OF RESOURCES OF THE AREA

Article 150
Policies relating to activities in the Area

Activities in the Area shall, as specifically provided for in this Part, be carried out in such a manner as to foster healthy development of the world economy and balanced growth of international trade, and to promote international cooperation for the over-all development of all countries, especially developing States, and with a view to ensuring:

(a) the development of the resources of the Area;

(b) orderly, safe and rational management of the resources of the Area, including the efficient conduct of activities in the Area and, in accordance with sound principles of conservation, the avoidance of unnecessary waste;

(c) the expansion of opportunities for participation in such activities consistent in particular with articles 144 and 148;

d) hlutdeild stofnunarinnar í tekjum og miðlun tækni til fyrirtækisins og þróunarríkja eins og kveðið er á um í samningi þessum;

e) aukning á framboði jarðefnanna, sem fást af svæðinu, eftir því sem þörf er á ásamt jarðefnum, sem fást á öðrum stöðum, til að tryggja notendum þessara jarðefna aðdrætti;

f) þróun réttláts og stöðugs verðs á jarðefnum, bæði af svæðinu og frá öðrum stöðum, sem skilar framleiðendum arði og er sanngjarnt gagnvart notendum, svo og þróun langtímajafnvægis milli framboðs og eftirspurnar;

g) fleiri tækifæri til handa öllum aðildarríkjum, án tillits til þjóðfélags- og efnahagskerfis eða landfræðilegrar legu þeirra, til að taka þátt í þróun auðlinda svæðisins, svo og viðnám gegn einokun starfsemi á svæðinu;

h) vernd til handa þróunarlöndum samkvæmt ákvæðum 151. gr. gegn því að lækkun á verði viðkomandi jarðefnis eða minnkun á útflutningsmagni þess jarðefnis hafi óhagstæð áhrif á efnahag eða útflutningstekjur þeirra að því leyti sem starfsemi á svæðinu veldur þessari skerðingu;

i) þróun sameiginlegu arfleifðarinnar til hagsbóta fyrir mannkynið í heild; og

j) kjör varðandi aðgang að mörkuðum fyrir innflutning jarðefna, sem unnin eru úr auðlindum svæðisins, og vara, sem framleiddar eru úr þessum jarðefnum, skulu ekki vera hagstæðari en bestu kjör sem innflutningur frá öðrum stöðum nýtur.

151. gr.
Framleiðslustefna

1. a) Að óhnekktum markmiðunum sem greint er frá í 150. gr. og í því skyni að framkvæma h-lið þeirrar greinar skal stofnunin — með starfi á vettvangi stofnana, sem til eru, eða á grundvelli þeirra nýju samþykkta eða samninga sem kunna að eiga við, þar sem allir hlutaðeigandi aðilar eru þátttakendur, m. a. bæði framleiðendur og notendur — gera nauðsynlegar ráðstafanir til að stuðla að stækkun, virkni og stöðugleika markaða fyrir þær vörur sem framleiddar eru úr jarðefnum af svæðinu, á verði sem skilar framleiðendum arði og er sanngjarnt gagnvart notendum. Öll aðildarríki skulu starfa saman að þessu marki.

b) Stofnunin skal hafa rétt til að taka þátt í sérhverri vöruráðstefnu sem fjallar um þessar vörur og allir hlutaðeigandi aðilar eru þátttakendur í, m. a. bæði framleiðendur og notendur. Stofnunin skal hafa rétt til að gerast aðili að samþykkt eða samningi sem þessar ráðstefnur leiða til. Þátttaka stofnunarinnar í stofnunum, sem komið er á fót samkvæmt þeim samþykktum eða samningum, skal snerta framleiðslu á svæðinu og vera samkvæmt viðeigandi reglum þeirra stofnana.

c) Stofnunin skal standa þannig við skuldbindingar sínar samkvæmt samþykktunum eða samningunum sem getið er í þessum tölulið að tryggð sé samræmd framkvæmd án mismununar að því er snertir alla vinnslu hlutaðeigandi jarðefna á svæðinu. Þegar þetta er gert skal stofnunin fara að samkvæmt skilmálum gildandi samninga og samþykktra starfsáætlana fyrirtækisins.

(d) participation in revenues by the Authority and the transfer of technology to the Enterprise and developing States as provided for in this Convention;

(e) increased availability of the minerals derived from the Area as needed in conjunction with minerals derived from other sources, to ensure supplies to consumers of such minerals;

(f) the promotion of just and stable prices remunerative to producers and fair to consumers for minerals derived both from the Area and from other sources, and the promotion of long-term equilibrium between supply and demand;

(g) the enhancement of opportunities for all States Parties, irrespective of their social and economic systems or geographical location, to participate in the development of the resources of the Area and the prevention of monopolization of activities in the Area;

(h) the protection of developing countries from adverse effects on their economies or on their export earnings resulting from a reduction in the price of an affected mineral, or in the volume of exports of that mineral, to the extent that such reduction is caused by activities in the Area, as provided in article 151;

(i) the development of the common heritage for the benefit of mankind as a whole; and

(j) conditions of access to markets for the imports of minerals produced from the resources of the Area and for imports of commodities produced from such minerals shall not be more favourable than the most favourable applied to imports from other sources.

Article 151
Production policies

1. (a) Without prejudice to the objectives set forth in article 150 and for the purpose of implementing subparagraph (h) of that article, the Authority, acting through existing forums or such new arrangements or agreements as may be appropriate, in which all interested parties, including both producers and consumers, participate, shall take measures necessary to promote the growth, efficiency and stability of markets for those commodities produced from the minerals derived from the Area, at prices remunerative to producers and fair to consumers. All States Parties shall co-operate to this end.

(b) The Authority shall have the right to participate in any commodity conference dealing with those commodities and in which all interested parties including both producers and consumers participate. The Authority shall have the right to become a party to any arrangement or agreement resulting from such conferences. Participation of the Authority in any organs established under those arrangements or agreements shall be in respect of production in the Area and in accordance with the relevant rules of those organs.

(c) The Authority shall carry out its obligations under the arrangements or agreements referred to in this paragraph in a manner which assures a uniform and non-discriminatory implementation in respect of all production in the Area of the minerals concerned. In doing so, the Authority shall act in a manner consistent with the terms of existing contracts and approved plans of work of the Enterprise.

2. a) Á bráðabirgðatímabilinu, sem tiltekið er í 3. tl., skal ekki hefja vinnslu í viðskiptatilgangi samkvæmt samþykktri starfsáætlun fyrr en framkvæmdaaðilinn hefur sótt um vinnsluleyfi og stofnunin veitt honum það. Ekki má sækja um né veita þessi vinnsluleyfi meira en fimm árum fyrir áætlað upphaf vinnslu í viðskiptatilgangi samkvæmt starfsáætluninni nema reglur, reglugerðir og starfshættir stofnunarinnar mæli fyrir um annað tímabil með tilliti til eðlis og tímasetningar verkefnisþróunar.

b) Í umsókninni um vinnsluleyfið skal framkvæmdaaðilinn tiltaka árlegt magn nikkils sem búist er við að náist samkvæmt samþykktu starfsáætluninni. Umsóknin skal geyma áætlun um gjöld sem framkvæmdaaðilinn mun greiða, eftir að hann hefur fengið leyfið, og eru réttilega reiknuð þannig að hann geti hafið vinnslu í viðskiptatilgangi á áætluðum tíma.

c) Að því er varðar a- og b-lið skal stofnunin gera viðeigandi framkvæmdarkröfur samkvæmt III. viðauka, 17. gr.

d) Stofnunin skal veita vinnsluleyfi fyrir framleiðslumagninu sem sótt er um nema samanlagt það magn og þegar leyft magn fari, á einhverju ári áætlaðrar vinnslu á bráðabirgðatímabilinu, yfir nikkilframleiðsluhámarkið eins og það er reiknað samkvæmt 4. tl. á árinu þegar leyfið er veitt.

e) Eftir veitinguna skulu vinnsluleyfið og samþykkt umsókn verða hluti af samþykktu starfsáætluninni.

f) Ef umsókn framkvæmdaaðilans um vinnsluleyfi er hafnað samkvæmt d-lið getur hann hvenær sem er sótt aftur um til stofnunarinnar.

3. Bráðabirgðatímabilið skal byrja fimm árum fyrir 1. janúar á árinu þegar áætlað er að upphafsvinnsla í viðskiptatilgangi hefjist samkvæmt samþykktri starfsáætlun. Ef upphafsvinnsla í viðskiptatilgangi tefst fram yfir árið sem var upphaflega áætlað skal hagræða byrjun bráðabirgðatímabilsins og framleiðsluhámarkinu, sem var upphaflega reiknað, eftir því. Bráðabirgðatímabilið skal vara 25 ár eða til loka endurskoðunarráðstefnunnar, sem getið er í 155. gr., ellegar til þess dags er þær nýju samþykktir eða samningar, sem getið er í 1. tl., ganga í gildi, hvað sem fyrst verður. Stofnunin skal fara aftur með valdið, sem kveðið er á um í þessari grein, það sem eftir lifir bráðabirgðatímabilsins ef áðurnefndar samþykktir eða samningar skyldu falla úr gildi eða verða óvirkar af einhverri ástæðu.

4. a) Framleiðsluhámarkið á hverju ári bráðabirgðatímabilsins skal vera samanlagður:

i) munurinn á stefnulínuverðmæti nikkilnotkunar, eins og það er reiknað samkvæmt b-lið, á árinu, sem er næst á undan ári upphafsvinnslu í viðskiptatilgangi, og árinu sem er næst á undan upphafi bráðabirgðatímabilsins; og

ii) sextíu hundraðshlutar af muninum á stefnulínuverðmæti nikkilnotkunar, eins og það er reiknað samkvæmt b-lið, á árinu, sem umsókn um vinnsluleyfi tekur til, og árinu sem er næst á undan ári upphafsvinnslu í viðskiptatilgangi.

2. (a) During the interim period specified in paragraph 3, commercial production shall not be undertaken pursuant to an approved plan of work until the operator has applied for and has been issued a production authorization by the Authority. Such production authorizations may not be applied for or issued more than five years prior to the planned commencement of commercial production under the plan of work unless, having regard to the nature and timing of project development, the rules, regulations and procedures of the Authority prescribe another period.

(b) In the application for the production authorization, the operator shall specify the annual quantity of nickel expected to be recovered under the approved plan of work. The application shall include a schedule of expenditures to be made by the operator after he has received the authorization which are reasonably calculated to allow him to begin commercial production on the date planned.

(c) For the purposes of subparagraphs (a) and (b), the Authority shall establish appropriate performance requirements in accordance with Annex III, article 17.

(d) The Authority shall issue a production authorization for the level of production applied for unless the sum of that level and the levels already authorized exceeds the nickel production ceiling, as calculated pursuant to paragraph 4 in the year of issuance of the authorization, during any year of planned production falling within the interim period.

(e) When issued, the production authorization and approved application shall become a part of the approved plan of work.

(f) If the operator's application for a production authorization is denied pursuant to subparagraph (d), the operator may apply again to the Authority at any time.

3. The interim period shall begin five years prior to 1 January of the year in which the earliest commercial production is planned to commence under an approved plan of work. If the earliest commercial production is delayed beyond the year originally planned, the beginning of the interim period and the production ceiling originally calculated shall be adjusted accordingly. The interim period shall last 25 years or until the end of the Review Conference referred to in article 155 or until the day when such new arrangements or agreements as are referred to in paragraph 1 enter into force, whichever is earliest. The Authority shall resume the power provided in this article for the remainder of the interim period if the said arrangements or agreements should lapse or become ineffective for any reason whatsoever.

4. (a) The production ceiling for any year of the interim period shall be the sum of:

(i) the difference between the trend line values for nickel consumption, as calculated pursuant to subparagraph (b), for the year immediately prior to the year of the earliest commercial production and the year immediately prior to the commencement of the interim period; and

(ii) sixty per cent of the difference between the trend line values for nickel consumption, as calculated pursuant to subparagraph (b), for the year for which the production authorization is being applied for and the year immediately prior to the year of the earliest commercial production.

b) Í a-lið:

i) skal stefnulínuverðmætið, sem notað er til að reikna nikkilframleiðsluhámarkið, vera það árlega nikkilnotkunarverðmæti á stefnulínu sem reiknað er á árinu þegar vinnsluleyfi er veitt. Stefnulínuna skal leiða af línubraut lógaritma raunverulegrar nikkilnotkunar á nýjasta 15 ára tímabili sem þessi gögn liggja fyrir um og skal tíminn vera sjálfstæði breytilegi þátturinn. Þessa stefnulínu skal kalla upphaflegu stefnulínuna;

ii) skal stefnulínan, sem notuð er til að ákveða magnið samkvæmt a-lið, ef árleg hækkun upphaflegu stefnulínunnar er minna en 3 hundraðshlutar, í staðinn skera upphaflegu stefnulínuna við verðmæti fyrsta ársins á viðeigandi 15 ára tímabili og hækka um 3 hundraðshluta árlega. Það er þó skilyrði að framleiðsluhámarkið, sem ákveðið er fyrir hvert ár bráðabirgðatímabilsins, megi ekki í nokkru tilviki vera meira en munurinn á upphaflega stefnulínuverðmætinu á því ári og upphaflega stefnulínuverðmætinu á árinu sem er næst á undan upphafi bráðbirgðatímabilsins.

5. Stofnunin skal áskilja fyrirtækinu til upphafsvinnslu þess 38 000 tonna magn af nikkli af gildandi framleiðsluhámarki sem reiknað er samkvæmt 4. tl.

6. a) Framkvæmdaaðili getur á hverju ári unnið minna en eða allt að 8 hundraðshlutum meira en það árlega framleiðslumagn jarðefna úr fjölmálmsmolum sem tiltekið er í vinnsluleyfi hans enda skal heildarframleiðslumagnið ekki fara yfir það sem tiltekið er í leyfinu. Semja skal við stofnunina um allt umframmagn, sem er yfir 8 hundraðshlutum og allt að 20 hundraðshlutum á einhverju ári, eða um allt umframmagn á fyrsta og síðari árum í kjölfar tveggja ára í röð þar sem um er að ræða umframmagn og getur hún krafist þess að framkvæmdaaðilinn fái viðbótarvinnsluleyfi sem taki til viðbótarframleiðslu.

b) Stofnunin skal þá fyrst athuga umsóknir um þessi viðbótarvinnsluleyfi er allar óafgreiddar umsóknir framkvæmdaaðila, sem hafa enn ekki fengið vinnsluleyfi, hafa verið afgreiddar og tilhlýðileg hliðsjón hefur verið höfð af öðrum líklegum umsækjendum. Stofnunin skal taka mið af meginreglunni um að fara ekki fram úr heildarframleiðslunni sem leyfð er á grundvelli framleiðsluhámarksins á hverju ári bráðabirgðatímabilsins. Hún skal ekki heimila samkvæmt nokkurri starfsáætlun framleiðslu á magni sem fer fram úr 46 500 tonnum af nikkli á ári.

7. Framleiðslumagn annarra málma, svo sem kopars, kóbolts og mangans, sem unnir eru úr fjölmálmsmolum, fengnum samkvæmt vinnsluleyfi, skal ekki vera meira en það sem mundi hafa verið framleitt ef framkvæmdaaðilinn hefði unnið hámarksmagn nikkils úr þeim molum samkvæmt þessari grein. Stofnunin skal móta reglur, reglugerðir og starfshætti samkvæmt III. viðauka, 17. gr., til að framkvæma þennan tölulið.

8. Réttindi og skyldur viðvíkjandi óréttmætum efnahagsháttum samkvæmt viðeigandi marghliða viðskiptasamningum skulu eiga við um rannsóknir á jarðefnum af svæðinu og hagnýtingu þeirra. Við lausn deilumála, sem koma upp samkvæmt þessu ákvæði, skulu aðildarríki, sem eru aðilar að þessum marghliða viðskiptasamningum, fara eftir reglum þessara samninga um lausn deilumála.

(b) For the purposes of subparagraph (a):

(i) trend line values used for computing the nickel production ceiling shall be those annual nickel consumption values on a trend line computed during the year in which a production authorization is issued. The trend line shall be derived from a linear regression of the logarithms of actual nickel consumption for the most recent 15-year period for which such data are available, time being the independent variable. This trend line shall be referred to as the original trend line;

(ii) if the annual rate of increase of the original trend line is less than 3 per cent, then the trend line used to determine the quantities referred to in subparagraph (a) shall instead be one passing through the original trend line at the value for the first year of the relevant 15-year period, and increasing at 3 per cent annually; provided however that the production ceiling established for any year of the interim period may not in any case exceed the difference between the original trend line value for that year and the original trend line value for the year immediately prior to the commencement of the interim period.

5. The Authority shall reserve to the Enterprise for its initial production a quantity of 38,000 metric tonnes of nickel from the available production ceiling calculated pursuant to paragraph 4.

6. (a) An operator may in any year produce less than or up to 8 per cent more than the level of annual production of minerals from polymetallic nodules specified in his production authorization, provided that the over-all amount of production shall not exceed that specified in the authorization. Any excess over 8 per cent and up to 20 per cent in any year, or any excess in the first and subsequent years following two consecutive years in which excesses occur, shall be negotiated with the Authority, which may require the operator to obtain a supplementary production authorization to cover additional production.

(b) Applications for such supplementary production authorizations shall be considered by the Authority only after all pending applications by operators who have not yet received production authorizations have been acted upon and due account has been taken of other likely applicants. The Authority shall be guided by the principle of not exceeding the total production allowed under the production ceiling in any year of the interim period. It shall not authorize the production under any plan of work of a quantity in excess of 46,500 metric tonnes of nickel per year.

7. The levels of production of other metals such as copper, cobalt and manganese extracted from the polymetallic nodules that are recovered pursuant to a production authorization should not be higher than those which would have been produced had the operator produced the maximum level of nickel from those nodules pursuant to this article. The Authority shall establish rules, regulations and procedures pursuant to Annex III, article 17, to implement this paragraph.

8. Rights and obligations relating to unfair economic practices under relevant multilateral trade agreements shall apply to the exploration for and exploitation of minerals from the Area. In the settlement of disputes arising under this provision, States Parties which are Parties to such multilateral trade agreements shall have recourse to the dispute settlement procedures of such agreements.

9. Stofnunin skal hafa vald til að takmarka framleiðslumagn annarra jarðefna af svæðinu en jarðefna úr fjölmálmsmolum, með þeim skilyrðum og með því að beita þeim aðferðum sem viðeigandi kunna að vera, og skal hún þá samþykkja reglugerðir samkvæmt 161. gr., 8. tl.

10. Þingið skal, eftir tillögu ráðsins á grundvelli álits efnahagsáætlananefndarinnar, koma upp bótakerfi eða gera aðrar ráðstafanir til að styðja efnahagslega aðlögun, m. a. taka upp samstarf við sérstofnanir og aðrar alþjóðastofnanir til að aðstoða þróunarlönd sem verða fyrir því að lækkun á verði viðkomandi jarðefnis eða minnkun á útflutningsmagni þess jarðefnis hefur mjög óhagstæð áhrif á útflutningstekjur eða efnahag þeirra, að því leyti sem starfsemi á svæðinu veldur þessari skerðingu. Stofnunin skal samkvæmt beiðni hefja kannanir á vandamálum þeirra ríkja, sem líklegt er að verði verst úti, í því skyni að draga sem mest úr erfiðleikum þeirra og aðstoða þau við efnahagslega aðlögun þeirra.

152. gr.
Framkvæmd valds og starfa af hálfu stofnunarinnar

1. Stofnunin skal forðast mismunun þegar hún framkvæmir vald sitt og störf, m. a. þegar hún veitir tækifæri til starfsemi á svæðinu.

2. Engu að síður skal heimilt, eins og sérstaklega er kveðið á um í þessum hluta, að taka sérstakt tillit til þróunarríkja, m. a. gefa landluktu og landfræðilega afskiptu ríkjunum í þeirra hópi sérstakan gaum.

153. gr.
Rannsókna- og hagnýtingarkerfi

1. Stofnunin skal skipuleggja, stunda og hafa eftirlit með starfsemi á svæðinu fyrir hönd mannkynsins í heild samkvæmt þessari grein auk annarra viðeigandi ákvæða þessa hluta og viðeigandi viðauka, svo og samkvæmt reglum, reglugerðum og starfsháttum stofnunarinnar.

2. Eftirfarandi skulu stunda starfsemi á svæðinu eins og mælt er fyrir um í 3. tl.:

a) fyrirtækið og —

b) í tengslum við stofnunina — aðildarríki eða ríkisfyrirtæki ellegar einstaklingar eða lögpersónur sem eru af þjóðerni aðildarríkja ellegar undir virkri stjórn þeirra eða ríkisborgara þeirra, þegar þessi ríki veita þeim stuðning, eða einhver hópur hinna framangreindu sem uppfyllir kröfur samkvæmt ákvæðum þessa hluta og III. viðauka.

3. Stunda skal starfsemi á svæðinu samkvæmt formlegri, skriflegri starfsáætlun sem gerð er samkvæmt III. viðauka og ráðið samþykkir að undangenginni athugun laga- og tækninefndarinnar. Þegar aðilarnir, sem tilteknir eru í 2. tl. b), stunda starfsemi á svæðinu samkvæmt leyfi frá stofnuninni skal starfsáætlunin, samkvæmt III. viðauka, 3. gr., vera í formi samnings. Í þessum samningum má kveða á um sameiginlegar ráðstafanir samkvæmt III. viðauka, 11. gr.

4. Stofnunin skal hafa það eftirlit með starfsemi á svæðinu sem nauðsynlegt er til að tryggja að farið sé eftir viðeigandi ákvæðum þessa hluta og viðaukanna sem snerta hann, reglum, reglugerðum og starfsháttum stofnunarinnar og starfsáætlununum sem samþykktar eru samkvæmt 3. tl. Aðildarríki skulu aðstoða stofnunina með því að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja þessa hlýðni samkvæmt 139. gr.

9. The Authority shall have the power to limit the level of production of minerals from the Area, other than minerals from polymetallic nodules, under such conditions and applying such methods as may be appropriate by adopting regulations in accordance with article 161, paragraph 8.

10. Upon the recommendation of the Council on the basis of advice from the Economic Planning Commission, the Assembly shall establish a system of compensation or take other measures of economic adjustment assistance including co-operation with specialized agencies and other international organizations to assist developing countries which suffer serious adverse effects on their export earnings or economies resulting from a reduction in the price of an affected mineral or in the volume of exports of that mineral, to the extent that such reduction is caused by activities in the Area. The Authority on request shall initiate studies on the problems of those States which are likely to be most seriously affected with a view to minimizing their difficulties and assisting them in their economic adjustment.

Article 152
Exercise of powers and functions by the Authority

1. The Authority shall avoid discrimination in the exercise of its powers and functions, including the granting of opportunities for activities in the Area.

2. Nevertheless, special consideration for developing States, including particular consideration for the land-locked and geographically disadvantaged among them, specifically provided for in this Part shall be permitted.

Article 153
System of exploration and exploitation

1. Activities in the Area shall be organized, carried out and controlled by the Authority on behalf of mankind as a whole in accordance with this article as well as other relevant provisions of this Part and the relevant Annexes, and the rules, regulations and procedures of the Authority.

2. Activities in the Area shall be carried out as prescribed in paragraph 3:

(a) by the Enterprise, and

(b) in association with the Authority by States Parties, or state enterprises or natural or juridical persons which possess the nationality of States Parties or are effectively controlled by them or their nationals, when sponsored by such States, or any group of the foregoing which meets the requirements provided in this Part and in Annex III.

3. Activities in the Area shall be carried out in accordance with a formal written plan of work drawn up in accordance with Annex III and approved by the Council after review by the Legal and Technical Commission. In the case of activities in the Area carried out as authorized by the Authority by the entities specified in paragraph 2(b), the plan of work shall, in accordance with Annex III, article 3, be in the form of a contract. Such contracts may provide for joint arrangements in accordance with Annex III, article 11.

4. The Authority shall exercise such control over activities in the Area as is necessary for the purpose of securing compliance with the relevant provisions of this Part and the Annexes relating thereto, and the rules, regulations and procedures of the Authority, and the plans of work approved in accordance with paragraph 3. States Parties shall assist the Authority by taking all measures necessary to ensure such compliance in accordance with article 139.

5. Stofnunin skal hvenær sem er hafa rétt til að gera ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessum hluta, til að tryggja að farið sé eftir ákvæðum hans og eftirlits- og stjórnunarstörfin, sem henni eru falin í honum eða í samningi, séu framkvæmd. Stofnunin skal hafa rétt til að skoða allan útbúnað á svæðinu sem notaður er í sambandi við starfsemi á svæðinu.

6. Í samningi samkvæmt 3. tl. skal kveða á um tryggingu fyrir framkvæmd samningsins. Þar af leiðandi skal ekki endurskoða samninginn, fresta framkvæmd hans né segja honum upp nema samkvæmt III. viðauka, 18. og 19. gr.

154. gr.
Regluleg endurskoðun

Fimmta hvert ár frá gildistöku samnings þessa skal þingið framkvæma almenna og kerfisbundna endurskoðun á því hvernig hið alþjóðlega stjórnkerfi svæðisins, sem komið er á í samningi þessum, hefur reynst í framkvæmd. Með tilliti til þessarar endurskoðunar getur þingið gert, eða lagt til að aðrar deildir geri, þær ráðstafanir samkvæmt ákvæðum og starfsháttum þessa hluta og viðaukanna, sem snerta hann, er leiða til endurbóta á framkvæmd stjórnkerfisins.

155. gr.
Endurskoðunarráðstefnan

1. Fimmtán árum frá 1. janúar á því ári, er upphafsvinnsla í viðskiptatilgangi hefst samkvæmt samþykktri starfsáætlun, skal þingið boða til ráðstefnu til að endurskoða þau ákvæði þessa hluta og viðeigandi viðauka sem gilda um rannsókna- og hagnýtingarkerfi vegna auðlinda svæðisins. Með tilliti til reynslunnar, sem fengist hefur á því tímabili, skal endurskoðunarráðstefnan athuga nákvæmlega:

a) hvort ákvæði þessa hluta, sem gilda um rannsókna- og hagnýtingarkerfi vegna auðlinda svæðisins, hafi náð tilgangi sínum að öllu leyti, m. a. hvort þau hafi komið mannkyninu í heild að gagni;

b) hvort frátekin svæði hafi á 15 ára tímabilinu verið hagnýtt á virkan og stöðugan hátt í samanburði við ófrátekin svæði;

c) hvort þróun og not svæðisins og auðlinda þess hafi farið fram á þann hátt að það hvetti til heilbrigðrar þróunar efnahagsmála heimsins og stöðugrar aukningar alþjóðaviðskipta;

d) hvort komið hafi verið í veg fyrir einokun starfsemi á svæðinu;

e) hvort stefnan, sem greint er frá í 150. og 151. gr., hafi verið framkvæmd; og

f) hvort kerfið hafi leitt til sanngjarnrar skiptingar hagsbóta sem eiga rætur að rekja til starfsemi á svæðinu og skal þá taka sérstakt tillit til hagsmuna og þarfa þróunarríkja.

2. Endurskoðunarráðstefnan skal tryggja að ekki sé hvikað frá meginreglunni um sameiginlega arfleifð mannkynsins, alþjóðlega stjórnkerfið sem ætlað er að tryggja sanngjarna hagnýtingu auðlinda svæðisins til hagsbóta fyrir öll lönd, einkum þróunarríkin, og stofnun til að skipuleggja, stjórna og hafa eftirlit með starfsemi á svæðinu. Hún skal einnig tryggja að ekki sé hvikað frá meginreglunum sem settar eru í þessum hluta um höfnun á kröfum eða beitingu fullveldisréttar yfir hluta svæðisins, réttindi ríkja og gerðir þeirra almennt viðvíkjandi svæðinu og

5. The Authority shall have the right to take at any time any measures provided for under this Part to ensure compliance with its provisions and the exercise of the functions of control and regulation assigned to it thereunder or under any contract. The Authority shall have the right to inspect all installations in the Area used in connection with activities in the Area.

6. A contract under paragraph 3 shall provide for security of tenure. Accordingly, the contract shall not be revised, suspended or terminated except in accordance with Annex III, articles 18 and 19.

Article 154
Periodic review

Every five years from the entry into force of this Convention, the Assembly shall undertake a general and systematic review of the manner in which the international régime of the Area established in this Convention has operated in practice. In the light of this review the Assembly may take, or recommend that other organs take, measures in accordance with the provisions and procedures of this Part and the Annexes relating thereto which will lead to the improvement of the operation of the régime.

Article 155
The Review Conference

1. Fifteen years from 1 January of the year in which the earliest commercial production commences under an approved plan of work, the Assembly shall convene a conference for the review of those provisions of this Part and the relevant Annexes which govern the system of exploration and exploitation of the resources of the Area. The Review Conference shall consider in detail, in the light of the experience acquired during that period:

(a) whether the provisions of this Part which govern the system of exploration and exploitation of the resources of the Area have achieved their aims in all respects, including whether they have benefited mankind as a whole;

(b) whether, during the 15-year period, reserved areas have been exploited in an effective and balanced manner in comparison with non-reserved areas;

(c) whether the development and use of the Area and its resources have been undertaken in such a manner as to foster healthy development of the world economy and balanced growth of international trade;

(d) whether monopolization of activities in the Area has been prevented;

(e) whether the policies set forth in articles 150 and 151 have been fulfilled; and

(f) whether the system has resulted in the equitable sharing of benefits derived from activities in the Area, taking into particular consideration the interests and needs of the developing States.

2. The Review Conference shall ensure the maintenance of the principle of the common heritage of mankind, the international régime designed to ensure equitable exploitation of the resources of the Area for the benefit of all countries, especially the developing States, and an Authority to organize, conduct and control activities in the Area. It shall also ensure the maintenance of the principles laid down in this Part with regard to the exclusion of claims or exercise of sovereignty over any part of the Area, the rights of States and their

þátttöku þeirra í starfsemi á svæðinu í samræmi við samning þennan, um viðnám gegn einokun starfsemi á svæðinu, not svæðisins í friðsamlegum tilgangi einvörðungu, efnahagsleg atriði varðandi starfsemi á svæðinu, hafrannsóknir, miðlun tækni, verndun hafrýmisins, verndun mannslífa, réttindi strandríkja, réttarstöðu hafsins, sem liggur yfir svæðinu, og loftrýmisins yfir því hafi og um innbyrðis fyrirkomulag starfsemi á svæðinu og annarrar starfsemi í hafrýminu.

3. Beita skal sömu aðferð við ákvarðanatöku á endurskoðunarráðstefnunni og beitt var á þriðju hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Ráðstefnan skal gera allt, sem í hennar valdi stendur, til að ná samkomulagi um breytingar samhljóða og skal engin atkvæðagreiðsla fara fram um þau mál fyrr en reynt hefur verið til þrautar að taka samhljóða ákvörðun.

4. Ef endurskoðunarráðstefnan hefur ekki náð samkomulagi um rannsókna- og hagnýtingarkerfi vegna auðlinda svæðisins fimm árum eftir að hún hófst getur hún á næstu 12 mánuðum ákveðið með atkvæðum þriggja fjórðu aðildarríkjanna að samþykkja og leggja fyrir aðildarríkin til fullgildingar eða aðildar þær breytingar sem hún telur nauðsynlegar og viðeigandi til að breyta kerfinu eða útfæra það. Þessar breytingar skulu ganga í gildi gagnvart öllum aðildarríkjum 12 mánuðum eftir að þrír fjórðu aðildarríkjanna hafa komið fullgildingar- eða aðildarskjölum í vörslu.

5. Breytingar, sem endurskoðunarráðstefnan samþykkir samkvæmt þessari grein, skulu ekki hafa áhrif á réttindi sem áunnin eru samkvæmt gildandi samningum.

4. KAFLI. STOFNUNIN

A-LIÐUR. ALMENN ÁKVÆÐI

156. gr.
Stofnsetning stofnunarinnar

1. Alþjóðahafsbotnsstofnunin, sem skal starfa samkvæmt þessum hluta, er hér með stofnsett.

2. Öll aðildarríki eru sjálfkrafa aðilar að stofnuninni.

3. Áheyrnaraðilar á þriðju hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem hafa undirritað lokasamþykktina og er ekki getið í 305. gr., 1. tl. c), d), e) né f), skulu hafa rétt til að taka þátt í stofnuninni sem áheyrnaraðilar samkvæmt reglum, reglugerðum og starfsháttum hennar.

4. Aðsetur stofnunarinnar skal vera á Jamaíku.

5. Stofnunin getur stofnsett þær svæðisbundnu miðstöðvar eða skrifstofur sem hún telur nauðsynlegar til að framkvæma störf sín.

157. gr.
Eðli og grundvallarreglur stofnunarinnar

1. Stofnunin er sú stofnun þar sem aðildarríki skulu samkvæmt þessum hluta skipuleggja og hafa eftirlit með starfsemi á svæðinu, einkum með stjórnun auðlinda svæðisins í huga.

2. Stofnunin fer með það vald og þau störf sem henni eru veitt berum orðum í samningi þessum. Stofnunin skal jafnframt hafa það vald í samræmi við samning

general conduct in relation to the Area, and their participation in activities in the Area in conformity with this Convention, the prevention of monopolization of activities in the Area, the use of the Area exclusively for peaceful purposes, economic aspects of activities in the Area, marine scientific research, transfer of technology, protection of the marine environment, protection of human life, rights of coastal States, the legal status of the waters superjacent to the Area and that of the air space above those waters and accommodation between activities in the Area and other activities in the marine environment.

3. The decision-making procedure applicable at the Review Conference shall be the same as that applicable at the Third United Nations Conference on the Law of the Sea. The Conference shall make every effort to reach agreement on any amendments by way of consensus and there should be no voting on such matters until all efforts at achieving consensus have been exhausted.

4. If, five years after its commencement, the Review Conference has not reached agreement on the system of exploration and exploitation of the resources of the Area, it may decide during the ensuing 12 months, by a three-fourths majority of the States Parties, to adopt and submit to the States Parties for ratification or accession such amendments changing or modifying the system as it determines necessary and appropriate. Such amendments shall enter into force for all States Parties 12 months after the deposit of instruments of ratification or accession by three fourths of the States Parties.

5. Amendments adopted by the Review Conference pursuant to this article shall not affect rights acquired under existing contracts.

SECTION 4. THE AUTHORITY

SUBSECTION A. GENERAL PROVISIONS

Article 156
Establishment of the Authority

1. There is hereby established the International Sea-Bed Authority, which shall function in accordance with this Part.

2. All States Parties are *ipso facto* members of the Authority.

3. Observers at the Third United Nations Conference on the Law of the Sea who have signed the Final Act and who are not referred to in article 305, paragraph 1(c), (d), (e) or (f), shall have the right to participate in the Authority as observers, in accordance with its rules, regulations and procedures.

4. The seat of the Authority shall be in Jamaica.

5. The Authority may establish such regional centres or offices as it deems necessary for the exercise of its functions.

Article 157
Nature and fundamental principles of the Authority

1. The Authority is the organization through which States Parties shall, in accordance with this Part, organize and control activities in the Area, particularly with a view to administering the resources of the Area.

2. The powers and functions of the Authority shall be those expressly conferred upon it by this Convention. The Authority shall have such incidental

þennan sem felst óbeint í og er nauðsynlegt til framkvæmdar þessa valds og þessara starfa að því er snertir starfsemi á svæðinu.

3. Stofnunin byggist á meginreglunni um fullveldisjafnræði allra aðila að henni.

4. Allir aðilar að stofnuninni skulu af trúnaði standa við skuldbindingarnar sem þeir hafa tekið á sig samkvæmt þessum hluta til að tryggja þeim öllum réttindi og hagsbætur á grundvelli aðildar.

158. gr.
Deildir stofnunarinnar

1. Aðaldeildir stofnunarinnar, þing, ráð og skrifstofa, eru hér með stofnsettar.

2. Fyrirtækið er hér með stofnsett og skal stofnunin framkvæma störf samkvæmt 170. gr., 1. tl., í þeirri deild.

3. Stofnsetja má samkvæmt þessum hluta þær undirdeildir sem nauðsynlegar kunna að teljast.

4. Sérhver aðaldeild stofnunarinnar og fyrirtækið skulu bera ábyrgð á framkvæmd þess valds og þeirra starfa sem þeim eru veitt. Við framkvæmd þessa valds og þessara starfa skal sérhver deild forðast að grípa til aðgerða sem kunna að takmarka eða hindra framkvæmd sérstaks valds og sérstakra starfa, veitt annarri deild.

B-LIÐUR. ÞINGIÐ

159. gr.
Skipun, málsmeðferð og atkvæðagreiðsla

1. Á þinginu eiga sæti allir aðilar að stofnuninni. Sérhver aðili skal hafa einn fulltrúa á þinginu og má hann hafa með sér varafulltrúa og ráðunauta.

2. Þingið skal koma saman til reglulegra árlegra funda og til þeirra sérstöku funda sem þingið kann að ákveða ellegar aðalframkvæmdastjórinn boðar til að beiðni ráðsins eða meirihluta aðila að stofnuninni.

3. Fundina skal halda á aðsetursstað stofnunarinnar nema þingið ákveði annað.

4. Þingið skal setja sér fundarsköp. Í upphafi hvers reglulegs fundar skal það kjósa forseta sinn og aðra þá embættismenn sem þörf kann að vera á. Þeir skulu gegna störfum þar til nýr forseti og aðrir embættismenn eru kosnir á næsta reglulegum fundi.

5. Meirihluti fulltrúa á þinginu skal vera skilyrði fyrir ályktunarhæfi.

6. Sérhver fulltrúi á þinginu skal hafa eitt atkvæði.

7. Ákvarðanir um fundarskapaatriði, m. a. ákvarðanir um að boða til sérstakra funda þingsins, skal taka af meirihluta fulltrúanna sem eru viðstaddir og greiða atkvæði.

8. Ákvarðanir um efnisatriði skal taka með atkvæðum tveggja þriðju fulltrúanna sem eru viðstaddir og greiða atkvæði enda teljist meirihluti fulltrúanna, sem taka þátt í fundinum, til þessa meirihluta. Þegar álitamál er hvort atriði sé efnisatriði eða ekki skal líta á það atriði sem efnisatriði nema þingið ákveði annað með meirihlutanum sem tilskilinn er til ákvarðana um efnisatriði.

powers, consistent with this Convention, as are implicit in and necessary for the exercise of those powers and functions with respect to activities in the Area.

3. The Authority is based on the principle of the sovereign equality of all its members.

4. All members of the Authority shall fulfil in good faith the obligations assumed by them in accordance with this Part in order to ensure to all of them the rights and benefits resulting from membership.

Article 158
Organs of the Authority

1. There are hereby established, as the principal organs of the Authority, an Assembly, a Council and a Secretariat.

2. There is hereby established the Enterprise, the organ through which the Authority shall carry out the functions referred to in article 170, paragraph 1.

3. Such subsidiary organs as may be found necessary may be established in accordance with this Part.

4. Each principal organ of the Authority and the Enterprise shall be responsible for exercising those powers and functions which are conferred upon it. In exercising such powers and functions each organ shall avoid taking any action which may derogate from or impede the exercise of specific powers and functions conferred upon another organ.

SUBSECTION B. THE ASSEMBLY

Article 159
Composition, procedure and voting

1. The Assembly shall consist of all the members of the Authority. Each member shall have one representative in the Assembly, who may be accompanied by alternates and advisers.

2. The Assembly shall meet in regular annual sessions and in such special sessions as may be decided by the Assembly, or convened by the Secretary-General at the request of the Council or of a majority of the members of the Authority.

3. Sessions shall take place at the seat of the Authority unless otherwise decided by the Assembly.

4. The Assembly shall adopt its rules of procedure. At the beginning of each regular session, it shall elect its President and such other officers as may be required. They shall hold office until a new President and other officers are elected at the next regular session.

5. A majority of the members of the Assembly shall constitute a quorum.

6. Each member of the Assembly shall have one vote.

7. Decisions on questions of procedure, including decisions to convene special sessions of the Assembly, shall be taken by a majority of the members present and voting.

8. Decisions on questions of substance shall be taken by a two-thirds majority of the members present and voting, provided that such majority includes a majority of the members participating in the session. When the issue arises as to whether a question is one of substance or not, that question shall be treated as one of substance unless otherwise decided by the Assembly by the majority required for decisions on questions of substance.

9. Þegar efnisatriði kemur til atkvæða í fyrsta skipti getur forsetinn frestað ákvörðun um atkvæðagreiðslu um það atriði allt að fimm almanaksdögum, og skal gera það ef a. m. k. einn fimmti fulltrúa á þinginu óskar þess. Þessari reglu má aðeins beita einu sinni um hvert atriði og skal henni ekki beitt til að fresta atriðinu fram yfir lok fundarins.

10. Þegar lögð hefur verið fram skrifleg beiðni, stíluð á forsetann og studd af a. m. k. einum fjórða aðila að stofnuninni, um álitsgerð varðandi það hvort tillaga, sem liggur fyrir þinginu um eitthvert mál, sé í samræmi við samning þennan skal þingið biðja hafsbotnsdeilnadeild Alþjóðlega hafréttardómsins að láta í té álitsgerð þar um og skal fresta atkvæðagreiðslu um þá tillögu þar til álitsgerð deildarinnar hefur borist. Ef álitsgerðin berst ekki fyrir lokaviku fundarins þegar beðið er um hana skal þingið ákveða hvenær það muni koma saman til að greiða atkvæði um tillöguna sem frestað hefur verið.

160. gr.
Vald og störf

1. Þingið skal sem eina deild stofnunarinnar, þar sem allir aðilarnir eiga sæti, teljast æðsta deild stofnunarinnar og skulu hinar aðaldeildirnar bera ábyrgð gagnvart því eftir því sem sérstaklega er kveðið á um í samningi þessum. Þingið skal hafa vald til að móta almenna stefnu í samræmi við viðeigandi ákvæði samnings þessa varðandi sérhvert málefni eða mál innan valdsviðs stofnunarinnar.

2. Vald og störf stofnunarinnar skulu auk þess vera fólgin í því:

a) að kjósa fulltrúa í ráðið samkvæmt 161. gr.;

b) að kjósa aðalframkvæmdastjórann úr hópi frambjóðendanna sem ráðið gerir tillögu um;

c) að kjósa eftir tillögu ráðsins menn í stjórnarnefnd fyrirtækisins og aðalforstjóra fyrirtækisins;

d) að stofnsetja þær undirdeildir sem það telur nauðsynlegar til að framkvæma störf sín samkvæmt þessum hluta. Þegar skipað er í þessar undirdeildir skal hafa tilhlýðilega hliðsjón af meginreglunni um sanngjarna hnattsvæðisdreifingu og sérstökum hagsmunum, svo og þörfinni á mönnum með hæfileikum og réttindum að því er varðar viðeigandi tæknileg mál sem þessar deildir fjalla um;

e) að ákveða framlög aðila vegna áætlunar stofnunarinnar um stjórnunarútgjöld samkvæmt viðurkenndum niðurjöfnunarstiga, byggðum á stiganum sem notaður er fyrir reglulega fjárhagsáætlun Sameinuðu þjóðanna, þar til stofnunin hefur nægilegar tekjur af öðrum tekjustofnum til að standa straum af stjórnunarútgjöldum sínum;

f) i) að athuga og samþykkja eftir tillögu ráðsins reglurnar, reglugerðirnar og starfshættina varðandi sanngjarna skiptingu fjárhagslegra og annarra efnahagslegra hagsbóta sem eiga rætur að rekja til starfsemi á svæðinu, svo og greiðslnanna og framlaganna sem innt eru af hendi samkvæmt 82. gr., og skal þá taka sérstakt tillit til hagsmuna og þarfa þróunarríkja og þjóða sem hafa ekki öðlast fullt sjálfstæði né aðra sjálfstjórnarstöðu. Ef þingið samþykkir ekki tillögur ráðsins skal þingið vísa þeim aftur til ráðsins til athugunar að nýju með tilliti til sjónarmiðanna sem þingið hefur látið í ljós;

9. When a question of substance comes up for voting for the first time, the President may, and shall, if requested by at least one fifth of the members of the Assembly, defer the issue of taking a vote on that question for a period not exceeding five calendar days. This rule may be applied only once to any question, and shall not be applied so as to defer the question beyond the end of the session.

10. Upon a written request addressed to the President and sponsored by at least one fourth of the members of the Authority for an advisory opinion on the conformity with this Convention of a proposal before the Assembly on any matter, the Assembly shall request the Sea-Bed Disputes Chamber of the International Tribunal for the Law of the Sea to give an advisory opinion thereon and shall defer voting on that proposal pending receipt of the advisory opinion by the Chamber. If the advisory opinion is not received before the final week of the session in which it is requested, the Assembly shall decide when it will meet to vote upon the deferred proposal.

Article 160
Powers and functions

1. The Assembly, as the sole organ of the Authority consisting of all the members, shall be considered the supreme organ of the Authority to which the other principal organs shall be accountable as specifically provided for in this Convention. The Assembly shall have the power to establish general policies in conformity with the relevant provisions of this Convention on any question or matter within the competence of the Authority.

2. In addition, the powers and functions of the Assembly shall be:

(a) to elect the members of the Council in accordance with article 161;

(b) to elect the Secretary-General from among the candidates proposed by the Council;

(c) to elect, upon the recommendation of the Council, the members of the Governing Board of the Enterprise and the Director-General of the Enterprise;

(d) to establish such subsidiary organs as it finds necessary for the exercise of its functions in accordance with this Part. In the composition of these subsidiary organs due account shall be taken of the principle of equitable geographical distribution and of special interests and the need for members qualified and competent in the relevant technical questions dealt with by such organs;

(e) to assess the contributions of members to the administrative budget of the Authority in accordance with an agreed scale of assessment based upon the scale used for the regular budget of the United Nations until the Authority shall have sufficient income from other sources to meet its administrative expenses;

(f) (i) to consider and approve, upon the recommendation of the Council, the rules, regulations and procedures on the equitable sharing of financial and other economic benefits derived from activities in the Area and the payments and contributions made pursuant to article 82, taking into particular consideration the interests and needs of developing States and peoples who have not attained full independence or other self-governing status. If the Assembly does not approve the recommendations of the Council, the Assembly shall return them to the Council for reconsideration in the light of the views expressed by the Assembly;

ii) að athuga og samþykkja reglur, reglugerðir og starfshætti stofnunarinnar, og breytingar þar á, sem ráðið hefur samþykkt til bráðabirgða samkvæmt 162. gr., 2. tl. o) ii). Þessar reglur, reglugerðir og starfshættir skulu ná til jarðefnaleitar, rannsókna og hagnýtingar á svæðinu, til fjármálastjórnar og innri stjórnunar stofnunarinnar og eftir tillögu stjórnarnefndar fyrirtækisins til yfirfærslu fjár frá fyrirtækinu til stofnunarinnar;

g) að ákveða í samræmi við samning þennan og reglur, reglugerðir og starfshætti stofnunarinnar sanngjarna skiptingu fjárhagslegra og annarra efnahagslegra hagsbóta sem eiga rætur að rekja til starfsemi á svæðinu;

h) að athuga og samþykkja drög að árlegri fjárhagsáætlun stofnunarinnar sem ráðið leggur fram;

i) að rannsaka reglulegar skýrslur frá ráðinu og fyrirtækinu og sérstakar skýrslur sem ráðið eða einhver önnur deild stofnunarinnar er beðin um;

j) að hefja kannanir og gera tillögur í því skyni að efla alþjóðasamstarf varðandi starfsemi á svæðinu og hvetja til framþróunar þjóðaréttar þar að lútandi, svo og bálkunar hans;

k) að athuga vandamál almenns eðlis í sambandi við starfsemi á svæðinu, einkum þau sem koma upp hjá þróunarríkjum, svo og þau vandamál ríkja í sambandi við starfsemi á svæðinu sem rakin verða til landfræðilegrar legu þeirra, einkum landluktra og landfræðilega afskiptra ríkja;

l) að koma upp, eftir tillögu ráðsins á grundvelli álits efnahagsáætlananefndarinnar, bótakerfi eða gera aðrar ráðstafanir til að styðja efnahagslega aðlögun eins og kveðið er á um í 151. gr., 10. tl.;

m) að fresta beitingu réttinda og forréttinda samfara aðild samkvæmt 185. gr.;

n) að ræða sérhvert málefni eða mál innan valdsviðs stofnunarinnar og ákveða í samræmi við dreifingu valds og skiptingu starfa milli deilda stofnunarinnar hvaða deild stofnunarinnar skuli fjalla um hvert það málefni eða mál sem er ekki sérstaklega falið ákveðinni deild.

C-LIÐUR. RÁÐIÐ

161. gr.
Skipun, málsmeðferð og atkvæðagreiðsla

1. Ráðið skal skipað fulltrúum 36 aðila að stofnuninni og kýs þingið þá í eftirfarandi röð:

a) fjóra fulltrúa frá þeim aðildarríkjum sem hafa á síðustu fimm árum, þar sem hagskýrslur liggja fyrir, annaðhvort notað meira en 2 hundraðshluta af heildarnotkun heimsins eða flutt inn nettó meira en 2 hundraðshluta af heildarinnflutningi heimsins á vörum, framleiddum úr flokkum jarðefna sem fást munu af svæðinu, þó í öllum tilvikum einn fulltrúa frá ríki á sósíalíska Austur-Evrópusvæðinu og einn fulltrúa frá stærsta notandanum;

(ii) to consider and approve the rules, regulations and procedures of the Authority, and any amendments thereto, provisionally adopted by the Council pursuant to article 162, paragraph 2 (o)(ii). These rules, regulations and procedures shall relate to prospecting, exploration and exploitation in the Area, the financial management and internal administration of the Authority, and, upon the recommendation of the Governing Board of the Enterprise, to the transfer of funds from the Enterprise to the Authority;

(g) to decide upon the equitable sharing of financial and other economic benefits derived from activities in the Area, consistent with this Convention and the rules, regulations and procedures of the Authority;

(h) to consider and approve the proposed annual budget of the Authority submitted by the Council;

(i) to examine periodic reports from the Council and from the Enterprise and special reports requested from the Council or any other organ of the Authority;

(j) to initiate studies and make recommendations for the purpose of promoting international co-operation concerning activities in the Area and encouraging the progressive development of international law relating thereto and its codification;

(k) to consider problems of a general nature in connection with activities in the Area arising in particular for developing States, as well as those problems for States in connection with activities in the Area that are due to their geographical location, particularly for land-locked and geographically disadvantaged States;

(l) to establish, upon the recommendation of the Council, on the basis of advice from the Economic Planning Commission, a system of compensation or other measures of economic adjustment assistance as provided in article 151, paragraph 10;

(m) to suspend the exercise of rights and privileges of membership pursuant to article 185;

(n) to discuss any question or matter within the competence of the Authority and to decide as to which organ of the Authority shall deal with any such question or matter not specifically entrusted to a particular organ, consistent with the distribution of powers and functions among the organs of the Authority.

SUBSECTION C. THE COUNCIL

Article 161
Composition, procedure and voting

1. The Council shall consist of 36 members of the Authority elected by the Assembly in the following order:

(a) four members from among those States Parties which, during the last five years for which statistics are available, have either consumed more than 2 per cent of total world consumption or have had net imports of more than 2 per cent of total world imports of the commodities produced from the categories of minerals to be derived from the Area, and in any case one State from the Eastern European (Socialist) region, as well as the largest consumer;

b) fjóra fulltrúa frá þeim átta aðildarríkjum sem hafa fjárfest mest við undirbúning og framkvæmd starfsemi á svæðinu, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu ríkisborgara sinna, m. a. einn fulltrúa a. m. k. frá ríki á sósíalíska Austur-Evrópusvæðinu;

c) fjóra fulltrúa frá aðildarríkjum er á grundvelli vinnslu á svæðum undir lögsögu þeirra eru meiri háttar nettóútflytjendur á flokkum jarðefna sem fást munu af svæðinu, m. a. tvö þróunarríki a. m. k. þar sem útflutningur þessara jarðefna hefur verulega þýðingu fyrir efnahaginn;

d) sex fulltrúa frá þróunarríkjum í hópi aðildarríkja til að gæta sérstakra hagsmuna. Til sérstöku hagsmunanna, sem gæta á, skulu teljast hagsmunir fjölmennra ríkja, ríkja sem eru landlukt eða landfræðilega afskipt, ríkja sem eru meiri háttar innflytjendur á flokkum jarðefna sem fást munu af svæðinu, ríkja sem eru mögulegir framleiðendur þessara jarðefna og minnst iðnþróaðra ríkja;

e) átján fulltrúa sem kosnir eru samkvæmt meginreglunni um að tryggja sanngjarna hnattsvæðisdreifingu sæta í ráðinu í heild enda skal hvert hnattsvæði eiga a. m. k. einn fulltrúa sem kosinn er samkvæmt þessum lið. Að því er þetta varðar skulu hnattsvæðin vera Afríka, Asía, hin sósíalíska Austur-Evrópa, Rómanska Ameríka og Vestur-Evrópa og önnur ríki.

2. Þegar kosnir eru fulltrúar í ráðið samkvæmt 1. tl. skal þingið tryggja að:

a) fjöldi fulltrúa frá landluktum og landfræðilega afskiptum ríkjum sé í skynsamlegu hlutfalli við fulltrúafjölda þeirra á þinginu;

b) fjöldi fulltrúa frá strandríkjum, einkum þróunarríkjum, sem uppfylla ekki skilyrði 1. tl. a), b), c) né d), sé í skynsamlegu hlutfalli við fulltrúafjölda þeirra á þinginu;

c) sérhver hópur aðildarríkja, sem eiga á fulltrúa í ráðinu, eigi þá fulltrúa sem sá hópur kann að hafa tilnefnt.

3. Kosningar skulu fara fram á reglulegum fundum þingsins. Skal kjósa sérhvern fulltrúa í ráðið til fjögurra ára. Í fyrstu kosningunni skal kjörtímabil helmings fulltrúa frá hverjum hópi, sem getið er í 1. tl., þó vera tvö ár.

4. Fulltrúar í ráðinu skulu vera kjörgengir við endurkjör en tilhlýðilegt tillit skal taka til þess að æskilegt er að skipta um fulltrúa.

5. Ráðið skal starfa á aðsetursstað stofnunarinnar og skal það koma eins oft saman og störf stofnunarinnar kunna að krefja en þó eigi sjaldnar en þrisvar á ári.

F-LIÐUR. FJÁRHAGSRÁÐSTAFANIR STOFNUNARINNAR

171. gr.
Fé stofnunarinnar

Til fjár stofnunarinnar skal telja:

a) ákveðin framlög sem aðilar að stofnuninni greiða samkvæmt 160. gr., 2. tl. e);

b) fé sem stofnunin tekur við samkvæmt III. viðauka, 13. gr., í sambandi við starfsemi á svæðinu;

c) fé sem yfirfært er frá fyrirtækinu samkvæmt IV. viðauka, 10. gr.;

d) fé sem tekið er að láni samkvæmt 174. gr.;

e) frjáls framlög sem aðilar að stofnuninni eða aðrir aðilar greiða; og

f) greiðslur í bótasjóð samkvæmt 151. gr., 10. tl., en efnahagsáætlananefndinni ber að gera tillögur um tekjustofna hans.

172. gr.
Árleg fjárhagsáætlun stofnunarinnar

Aðalframkvæmdastjórinn skal semja drög að árlegri fjárhagsáætlun stofnunarinnar og leggja þau fyrir ráðið. Skal ráðið athuga drögin að árlegu fjárhagsáætluninni og leggja þau fyrir þingið ásamt tillögum þar að lútandi. Þingið skal athuga og samþykkja drögin að árlegu fjárhagsáætluninni samkvæmt 160. gr., 2. tl. h).

173. gr.
Útgjöld stofnunarinnar

1. Greiða skal framlögin, sem getið er í 171. gr., a-lið, inn á sérstakan reikning til að standa straum af stjórnunarútgjöldum stofnunarinnar þar til stofnunin hefur nægilegt fé af öðrum tekjustofnum til að standa straum af þeim útgjöldum.

2. Fé stofnunarinnar skal fyrst og fremst renna til greiðslu á stjórnunarútgjöldum hennar. Að undanskildum ákveðnu framlögunum, sem getið er í 171. gr., a-lið, má m. a. nota féð, sem gengur af eftir greiðslu stjórnunarútgjalda:

a) til að framkvæma skiptingu samkvæmt 140. gr. og 160. gr., 2. tl. g);

b) til að veita fyrirtækinu fé samkvæmt 170. gr., 4. tl.;

c) til að greiða þróunarríkjum bætur samkvæmt 151. gr., 10. tl., og 160. gr., 2. tl. l).

174. gr.
Lántökuheimild stofnunarinnar

1. Stofnunin skal hafa heimild til að taka fé að láni.

2. Þingið skal í fjárhagsreglugerðinni, sem samþykkt er samkvæmt 160. gr., 2. tl. f), mæla fyrir um mörk lántökuheimildar stofnunarinnar.

3. Ráðið skal fara með lántökuheimild stofnunarinnar.

4. Aðildarríki skulu ekki bera ábyrgð á skuldum stofnunarinnar.

SUBSECTION F. FINANCIAL ARRANGEMENTS OF THE AUTHORITY

Article 171
Funds of the Authority

The funds of the Authority shall include:

(a) assessed contributions made by members of the Authority in accordance with article 160, paragraph 2(e);

(b) funds received by the Authority pursuant to Annex III, article 13, in connection with activities in the Area;

(c) funds transferred from the Enterprise in accordance with Annex IV, article 10;

(d) funds borrowed pursuant to article 174;

(e) voluntary contributions made by members or other entities; and

(f) payments to a compensation fund, in accordance with article 151, paragraph 10, whose sources are to be recommended by the Economic Planning Commission.

Article 172
Annual budget of the Authority

The Secretary-General shall draft the proposed annual budget of the Authority and submit it to the Council. The Council shall consider the proposed annual budget and submit it to the Assembly, together with any recommendations thereon. The Assembly shall consider and approve the proposed annual budget in accordance with article 160, paragraph 2(h).

Article 173
Expenses of the Authority

1. The contributions referred to in article 171, subparagraph (a), shall be paid into a special account to meet the administrative expenses of the Authority until the Authority has sufficient funds from other sources to meet those expenses.

2. The administrative expenses of the Authority shall be a first call upon the funds of the Authority. Except for the assessed contributions referred to in article 171, subparagraph (a), the funds which remain after payment of administrative expenses may, *inter alia:*

(a) be shared in accordance with article 140 and article 160, paragraph 2(g);

(b) be used to provide the Enterprise with funds in accordance with article 170, paragraph 4;

(c) be used to compensate developing States in accordance with article 151, paragraph 10, and article 160, paragraph 2(l).

Article 174
Borrowing power of the Authority

1. The Authority shall have the power to borrow funds.

2. The Assembly shall prescribe the limits on the borrowing power of the Authority in the financial regulations adopted pursuant to article 160, paragraph 2(f).

3. The Council shall exercise the borrowing power of the Authority.

4. States Parties shall not be liable for the debts of the Authority.

175. gr.
Árleg endurskoðun

Óháður endurskoðandi, sem þingið skipar, skal árlega endurskoða skjöl, bækur og reikninga stofnunarinnar, m. a. ársreikninga hennar.

G-LIÐUR. RÉTTARSTAÐA, FORRÉTTINDI OG FRIÐHELGI

176. gr.
Réttarstaða

Stofnunin skal njóta þjóðréttaraðildar og þess gerhæfis sem nauðsynlegt kann að vera til að framkvæma störf sín og ná markmiðum sínum.

177. gr.
Forréttindi og friðhelgi

Til að gera stofnuninni kleift að framkvæma störf sín skal hún í landi sérhvers aðildarríkis njóta forréttindanna og friðhelginnar sem greint er frá í þessum lið. Í IV. viðauka, 13. gr., er greint frá forréttindum og friðhelgi fyrirtækisins.

178. gr.
Undanþága frá málssókn

Stofnunin, fé hennar og eignir skulu undanþegnar málssókn nema að því leyti sem stofnunin afsalar þessari undanþágu berum orðum í einstöku máli.

179. gr.
Undanþága frá leit og sérhverri tegund töku

Fé og eignir stofnunarinnar skulu án tillits til staðsetningar og handhafa vera undanþegnar leit, afhendingarkröfu, upptöku, eignarnámi eða einhverri annarri tegund töku með stjórnvaldsráðstöfun eða löggjöf.

180. gr.
Undanþága frá takmörkunum, reglugerðum, hömlum og greiðslufrestunum

Fé og eignir stofnunarinnar skulu undanþegnar hvers kyns takmörkunum, reglugerðum, hömlum og greiðslufrestunum.

181. gr.
Skjalasöfn og opinberar orðsendingar stofnunarinnar

1. Skjalasöfn stofnunarinnar skulu vera friðhelg án tillits til staðsetningar.

2. Eignarréttargögnum, iðnaðarleyndarmálum eða svipuðum upplýsingum og starfsmannaskrám skal ekki koma fyrir í skjalasöfnum sem almenningur hefur aðgang að.

3. Að því er varðar opinberar orðsendingar stofnunarinnar skal sérhvert aðildarríki veita henni eigi óhagstæðari kjör en það ríki veitir öðrum alþjóðastofnunum.

Article 175
Annual audit

The records, books and accounts of the Authority, including its annual financial statements, shall be audited annually by an independent auditor appointed by the Assembly.

SUBSECTION G. LEGAL STATUS, PRIVILEGES AND IMMUNITIES

Article 176
Legal status

The Authority shall have international legal personality and such legal capacity as may be necessary for the exercise of its functions and the fulfilment of its purposes.

Article 177
Privileges and immunities

To enable the Authority to exercise its functions, it shall enjoy in the territory of each State Party the privileges and immunities set forth in this subsection. The privileges and immunities relating to the Enterprise shall be those set forth in Annex IV, article 13.

Article 178
Immunity from legal process

The Authority, its property and assets, shall enjoy immunity from legal process except to the extent that the Authority expressly waives this immunity in a particular case.

Article 179
Immunity from search and any form of seizure

The property and assets of the Authority, wherever located and by whomsoever held, shall be immune from search, requisition, confiscation, expropriation or any other form of seizure by executive or legislative action.

Article 180
Exemption from restrictions, regulations, controls and moratoria

The property and assets of the Authority shall be exempt from restrictions, regulations, controls and moratoria of any nature.

Article 181
Archives and official communications of the Authority

1. The archives of the Authority, wherever located, shall be inviolable.

2. Proprietary data, industrial secrets or similar information and personnel records shall not be placed in archives which are open to public inspection.

3. With regard to its official communications, the Authority shall be accorded by each State Party treatment no less favourable than that accorded by that State to other international organizations.

182. gr.
Forréttindi og friðhelgi vissra manna í tengslum við stofnunina

Fulltrúar aðildarríkja, sem sækja fundi þingsins, ráðsins eða deilda þingsins eða ráðsins, svo og aðalframkvæmdastjóri og starfslið stofnunarinnar, skulu í landi sérhvers aðildarríkis njóta:

a) undanþágu frá málssókn vegna verka sem þeir vinna í starfi sínu nema að því leyti sem ríkið, sem þeir eru fulltrúar fyrir, eða stofnunin, eftir því sem við á, afsalar þessari undanþágu berum orðum í einstöku máli;

b) sömu undanþágna frá innflytjendatakmörkunum, kröfum um skráningu útlendinga og herskyldu, sömu aðstöðu varðandi gjaldeyristakmarkanir og sömu kjara viðvíkjandi ferðaaðstöðu og það ríki veitir fulltrúum, embættismönnum og starfsmönnum annarra aðildarríkja í sambærilegri stöðu, enda séu þeir ekki ríkisborgarar þess aðildarríkis.

183. gr.
Skatt- og tollfrelsi

1. Á sviði opinberrar starfsemi sinnar skulu stofnunin, eignir og fé hennar, tekjur hennar og framkvæmdir og viðskipti hennar, sem heimiluð eru í samningi þessum, vera undanþegin öllum beinum sköttum og vörur, sem fluttar eru inn eða út og ætlaðar til opinberra nota hennar, skulu vera undanþegnar öllum tollum. Stofnunin skal ekki krefjast undanþágu frá sköttum sem eru ekki annað en gjöld fyrir veitta þjónustu.

2. Þegar stofnunin kaupir eða keyptar eru fyrir hennar hönd fyrir verulega upphæð vörur eða þjónusta, sem hún þarfnast vegna opinberrar starfsemi sinnar, og skattar eða gjöld eru innifalin í verði þessara vara eða þjónustu skulu aðildarríki, eftir því sem unnt er, gera viðeigandi ráðstafanir til að veita undanþágu frá þessum sköttum eða tollum ellegar sjá um endurgreiðslu þeirra. Vörur, sem fluttar eru inn eða keyptar með undanþágu samkvæmt þessari grein, skal ekki selja né ráðstafa á annan hátt í landi aðildarríkisins, sem veitti undanþáguna, nema með skilyrðum sem um semst við það aðildarríki.

3. Aðildarríki skulu ekki leggja nokkurn skatt beint eða óbeint á greidd laun og þóknun né aðra tegund greiðslu sem stofnunin innir af hendi til aðalframkvæmdastjórans og starfsmanna stofnunarinnar, svo og sérfræðinga sem framkvæma verkefni fyrir stofnunina, ef þeir eru ekki ríkisborgarar þeirra.

H-LIÐUR. FRESTUN Á BEITINGU RÉTTINDA OG FORRÉTTINDA AÐILA

184. gr.
Frestun á beitingu atkvæðisréttar

Aðildarríki, sem er í vanskilum með greiðslu fjárframlaga sinna til stofnunarinnar, skal ekki hafa atkvæðisrétt ef upphæð vanskilaskulda þess er jafnhá eða hærri en upphæð framlaganna sem því bar að greiða fyrir síðustu tvö heilu árin. Þingið getur þó leyft þessum aðila að greiða atkvæði ef það er sannfært um að greiðslufallið eigi rætur að rekja til ástands sem aðilinn ræður ekki við.

Article 182
Privileges and immunities of certain persons connected with the Authority

Representatives of States Parties attending meetings of the Assembly, the Council or organs of the Assembly or the Council, and the Secretary-General and staff of the Authority, shall enjoy in the territory of each State Party:

(a) immunity from legal process with respect to acts performed by them in the exercise of their functions, except to the extent that the State which they represent or the Authority, as appropriate, expressly waives this immunity in a particular case;

(b) if they are not nationals of that State Party, the same exemptions from immigration restrictions, alien registration requirements and national service obligations, the same facilities as regards exchange restrictions and the same treatment in respect of travelling facilities as are accorded by that State to the representatives, officials and employees of comparable rank of other States Parties.

Article 183
Exemption from taxes and customs duties

1. Within the scope of its official activities, the Authority, its assets and property, its income, and its operations and transactions, authorized by this Convention, shall be exempt from all direct taxation and goods imported or exported for its official use shall be exempt from all customs duties. The Authority shall not claim exemption from taxes which are no more than charges for services rendered.

2. When purchases of goods or services of substantial value necessary for the official activities of the Authority are made by or on behalf of the Authority, and when the price of such goods or services includes taxes or duties, appropriate measures shall, to the extent practicable, be taken by States Parties to grant exemption from such taxes or duties or provide for their reimbursement. Goods imported or purchased under an exemption provided for in this article shall not be sold or otherwise disposed of in the territory of the State Party which granted the exemption, except under conditions agreed with that State Party.

3. No tax shall be levied by States Parties on or in respect of salaries and emoluments paid or any other form of payment made by the Authority to the Secretary-General and staff of the Authority, as well as experts performing missions for the Authority, who are not their nationals.

SUBSECTION H. SUSPENSION OF THE EXERCISE OF RIGHTS AND PRIVILEGES OF MEMBERS

Article 184
Suspension of the exercise of voting rights

A State Party which is in arrears in the payment of its financial contributions to the Authority shall have no vote if the amount of its arrears equals or exceeds the amount of the contributions due from it for the preceding two full years. The Assembly may, nevertheless, permit such a member to vote if it is satisfied that the failure to pay is due to conditions beyond the control of the member.

185. gr.
Frestun á beitingu réttinda og forréttinda samfara aðild

1. Eftir tillögu ráðsins getur þingið svipt aðildarríki, sem hefur framið stórfelld og ítrekuð brot á ákvæðum þessa hluta, heimild til að beita réttindum og forréttindum samfara aðild.

2. Ekki má grípa til nokkurra aðgerða samkvæmt 1. tl. fyrr en hafsbotnsdeilnadeildin hefur kveðið upp þann úrskurð að aðildarríki hafi framið stórfelld og ítrekuð brot á ákvæðum þessa hluta.

5. KAFLI. LAUSN DEILUMÁLA OG ÁLITSGERÐIR

186. gr.
Hafsbotnsdeilnadeild
Alþjóðlega hafréttardómsins

Um stofnun hafsbotnsdeilnadeildarinnar og það, á hvaða hátt hún skuli fara með lögsögu sína, skal fara eftir ákvæðum þessa kafla, XV. hluta og VI. viðauka.

187. gr.
Lögsaga hafsbotnsdeilnadeildarinnar

Hafsbotnsdeilnadeildin skal samkvæmt þessum hluta og viðaukunum, sem snerta hann, hafa lögsögu í deilumálum viðvíkjandi starfsemi á svæðinu sem falla undir eftirfarandi flokka:

a) deilumál milli aðildarríkja um túlkun eða beitingu þessa hluta og viðaukanna sem snerta hann;
b) deilumál milli aðildarríkis og stofnunarinnar um:
   i) aðgerðir eða aðgerðaleysi stofnunarinnar eða aðildarríkis sem fullyrt er að brjóti gegn þessum hluta eða viðaukunum, sem snerta hann, ellegar reglum, reglugerðum og starfsháttum stofnunarinnar, mótuðum samkvæmt þeim; eða
   ii) aðgerðir stofnunarinnar sem fullyrt er að feli í sér valdþurrð eða misbeitingu valds;
c) deilumál milli aðila að samningi, hvort sem um er að ræða aðildarríki, stofnunina eða fyrirtækið, ríkisfyrirtæki og einstaklinga eða lögpersónur sem getið er í 153. gr., 2. tl. b), um:
   i) túlkun eða framkvæmd viðkomandi samnings eða starfsáætlunar; eða
   ii) aðgerðir eða aðgerðaleysi aðila að samningnum sem snertir starfsemi á svæðinu og beinist gegn hinum aðilanum eða hefur bein áhrif á lögmæta hagsmuni hans;
d) deilumál um höfnun samnings eða lagaleg atriði, sem koma upp í samningaviðræðunum, milli stofnunarinnar og væntanlegs verktaka sem ríki hefur stutt samkvæmt 153. gr., 2. tl. b), og uppfyllt hefur á fullnægjandi hátt skilyrði III. viðauka, 4. gr., 6. tl., og 13. gr., 2. tl.;

Article 185
Suspension of exercise of rights and privileges of membership

1. A State Party which has grossly and persistently violated the provisions of this Part may be suspended from the exercise of the rights and privileges of membership by the Assembly upon the recommendation of the Council.

2. No action may be taken under paragraph 1 until the Sea-Bed Disputes Chamber has found that a State Party has grossly and persistently violated the provisions of this Part.

SECTION 5. SETTLEMENT OF DISPUTES AND ADVISORY OPINIONS

Article 186
Sea-Bed Disputes Chamber of the International Tribunal for the Law of the Sea

The establishment of the Sea-Bed Disputes Chamber and the manner in which it shall exercise its jurisdiction shall be governed by the provisions of this section, of Part XV and of Annex VI.

Article 187
Jurisdiction of the Sea-Bed Disputes Chamber

The Sea-Bed Disputes Chamber shall have jurisdiction under this Part and the Annexes relating thereto in disputes with respect to activities in the Area falling within the following categories:

(a) disputes between States Parties concerning the interpretation or application of this Part and the Annexes relating thereto;

(b) disputes between a State Party and the Authority concerning:

(i) acts or omissions of the Authority or of a State Party alleged to be in violation of this Part or the Annexes relating thereto or of rules, regulations and procedures of the Authority adopted in accordance therewith; or

(ii) acts of the Authority alleged to be in excess of jurisdiction or a misuse of power;

(c) disputes between parties to a contract, being States Parties, the Authority or the Enterprise, state enterprises and natural or juridical persons referred to in article 153, paragraph 2(b), concerning:

(i) the interpretation or application of a relevant contract or a plan of work; or

(ii) acts or omissions of a party to the contract relating to activities in the Area and directed to the other party or directly affecting its legitimate interests;

(d) disputes between the Authority and a prospective contractor who has been sponsored by a State as provided in article 153, paragraph 2 (b), and has duly fulfilled the conditions referred to in Annex III, article 4, paragraph 6, and article 13, paragraph 2, concerning the refusal of a contract or a legal issue arising in the negotiation of the contract;

e) deilumál milli stofnunarinnar og aðildarríkis, ríkisfyrirtækis ellegar einstaklings eða lögpersónu sem aðildarríki styður samkvæmt 153. gr., 2. tl. b), þar sem fullyrt er að stofnunin hafi bakað sér ábyrgð samkvæmt III. viðauka, 22. gr.;

f) öll önnur deilumál þar sem samningur þessi kveður sérstaklega á um lögsögu deildarinnar.

188. gr.
Deilumál lögð fyrir sérstaka deild Alþjóðlega hafréttardómsins eða sérmálsdeild hafsbotnsdeilnadeildarinnar ellegar í bindandi viðskiptagerð

1. Deilumál milli aðildarríkja, sem getið er í 187. gr., a-lið, má:

a) að beiðni aðila deilumálsins leggja fyrir sérstaka deild Alþjóðlega hafréttardómsins sem stofna ber samkvæmt VI. viðauka, 15. og 17. gr.; eða

b) að beiðni einhvers aðila deilumálsins leggja fyrir sérmálsdeild hafsbotnsdeilnadeildarinnar sem stofna ber samkvæmt VI. viðauka, 36. gr.

2. a) Deilumál um túlkun eða framkvæmd samnings, sem getið er í 187. gr., c-lið i), skal að beiðni einhvers aðila deilumálsins leggja í bindandi viðskiptagerð nema aðilarnir komi sér saman um annað. Lögsaga viðskiptagerðardóms, sem deilumálið er lagt fyrir, skal ekki ná til þess að kveða upp úrskurð um nokkurt atriði varðandi túlkun samnings þessa. Þegar deilumálið felur einnig í sér atriði varðandi túlkun XI. hluta og viðaukanna, sem snerta hann, viðvíkjandi starfsemi á svæðinu skal vísa því atriði til hafsbotnsdeilnadeildarinnar til úrskurðar.

b) Ef gerðardómurinn kveður á um það við upphaf eða meðferð þessarar gerðar, annaðhvort að beiðni einhvers aðila deilumálsins eða sjálfkrafa, að úrskurður hans sé kominn undir úrskurði hafsbotnsdeilnadeildarinnar skal hann vísa þessu atriði til hafsbotnsdeilnadeildarinnar til slíks úrskurðar. Gerðardómurinn skal því næst sjá um að segja upp gerð sína í samræmi við úrskurð hafsbotnsdeilnadeildarinnar.

c) Ef ekki er í samningnum ákvæði um gerðardómsmeðferðina sem deilumálið skal sæta skal framkvæma gerðina samkvæmt gerðardómsreglum nefndar Sameinuðu þjóðanna um alþjóðaviðskiptarétt eða öðrum þeim gerðardómsreglum sem mælt kann að vera fyrir um í reglum, reglugerðum og starfsháttum stofnunarinnar nema aðilar deilumálsins komi sér saman um annað.

189. gr.
Takmarkanir á lögsögu að því er varðar ákvarðanir stofnunarinnar

Hafsbotnsdeilnadeildin skal ekki hafa lögsögu að því er varðar framkvæmd stofnunarinnar á matsvaldi sínu samkvæmt þessum hluta; skal hún aldrei láta mat sitt koma í stað mats stofnunarinnar. Að óhnekktri 191. gr. skal hafsbotnsdeilnadeildin ekki, þegar hún fer með lögsögu sína samkvæmt 187. gr., taka afstöðu til þess hvort reglur, reglugerðir og starfshættir stofnunarinnar séu í samræmi við samning þennan né lýsa þessar reglur, reglugerðir og starfshætti ógildar. Lögsögu

(e) disputes between the Authority and a State Party, a state enterprise or a natural or juridical person sponsored by a State Party as provided for in article 153, paragraph 2(b), where it is alleged that the Authority has incurred liability as provided in Annex III, article 22;

(f) any other disputes for which the jurisdiction of the Chamber is specifically provided in this Convention.

Article 188
Submission of disputes to a special chamber of the International Tribunal for the Law of the Sea or an ad hoc chamber of the Sea-Bed Disputes Chamber or to binding commercial arbitration

1. Disputes between States Parties referred to in article 187, subparagraph (a), may be submitted:

(a) at the request of the parties to the dispute, to a special chamber of the International Tribunal for the Law of the Sea to be formed in accordance with Annex VI, articles 15 and 17; or

(b) at the request of any party to the dispute, to an *ad hoc* chamber of the Sea-Bed Disputes Chamber to be formed in accordance with Annex VI, article 36.

2. (a) Disputes concerning the interpretation or application of a contract referred to in article 187, subparagraph (c)(i), shall be submitted, at the request of any party to the dispute, to binding commercial arbitration, unless the parties otherwise agree. A commercial arbitral tribunal to which the dispute is submitted shall have no jurisdiction to decide any question of interpretation of this Convention. When the dispute also involves a question of the interpretation of Part XI and the Annexes relating thereto, with respect to activities in the Area, that question shall be referred to the Sea-Bed Disputes Chamber for a ruling.

(b) If, at the commencement of or in the course of such arbitration, the arbitral tribunal determines, either at the request of any party to the dispute or *proprio motu,* that its decision depends upon a ruling of the Sea-Bed Disputes Chamber, the arbitral tribunal shall refer such question to the Sea-Bed Disputes Chamber for such ruling. The arbitral tribunal shall then proceed to render its award in conformity with the ruling of the Sea-Bed Disputes Chamber.

(c) In the absence of a provision in the contract on the arbitration procedure to be applied in the dispute, the arbitration shall be conducted in accordance with the UNCITRAL Arbitration Rules or such other arbitration rules as may be prescribed in the rules, regulations and procedures of the Authority, unless the parties to the dispute otherwise agree.

Article 189
Limitation on jurisdiction with regard to decisions of the Authority

The Sea-Bed Disputes Chamber shall have no jurisdiction with regard to the exercise by the Authority of its discretionary powers in accordance with this Part; in no case shall it substitute its discretion for that of the Authority. Without prejudice to article 191, in exercising its jurisdiction pursuant to article 187, the Sea-Bed Disputes Chamber shall not pronounce itself on the question of whether any rules, regulations and procedures of the Authority are in conformi-

hennar í þessu tilliti skal einskorða við úrskurðun staðhæfinga um það að beiting reglna, reglugerða og starfshátta stofnunarinnar í einstökum tilvikum sé andstæð samningsskyldum aðila deilumálsins eða skuldbindingum þeirra samkvæmt samningi þessum, við staðhæfingar um valdþurrð eða misbeitingu valds og við kröfur um greiðslu skaðabóta eða önnur réttarúrræði til handa viðkomandi aðila vegna þess að hinn aðilinn láti undir höfuð leggjast að efna samningsskyldur sínar eða skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum.

190. gr.
Þátttaka og þingsókn aðildarríkja, sem veita stuðning, í máli

1. Ef einstaklingur eða lögpersóna er aðili deilumáls sem getið er í 187. gr. skal stuðningsríkinu tilkynnt það og skal það hafa rétt til að taka þátt í málinu með því að gefa skriflegar eða munnlegar skýrslur.

2. Ef höfðað er mál gegn aðildarríki í deilumáli, sem getið er í 187. gr., c-lið, af hálfu einstaklings eða lögpersónu sem annað aðildarríki styður getur málsvarnarríkið farið þess á leit við ríkið sem styður þann einstakling eða þá lögpersónu að það sæki þing í málinu fyrir hönd þess einstaklings eða þeirrar lögpersónu. Ef ekki verður af þessari þingsókn getur málsvarnarríkið gert ráðstafanir til þess að lögpersóna af þjóðerni þess sé fulltrúi þess.

191. gr.
Álitsgerðir

Hafsbotnsdeilnadeildin skal að beiðni þingsins eða ráðsins láta í té álitsgerðir um lagaleg atriði sem koma upp á sviði starfsemi þeirra. Þessar álitsgerðir skal láta sem skjótast í té.

XII. HLUTI

VERNDUN OG VARÐVEISLA HAFRÝMISINS

1. KAFLI. ALMENN ÁKVÆÐI

192. gr.
Almenn skylda

Ríkjum ber skylda til að vernda og varðveita hafrýmið.

193. gr.
Fullveldisréttur ríkja til að hagnýta náttúruauðlindir sínar

Ríki hafa fullveldisrétt til að hagnýta náttúruauðlindir sínar samkvæmt stefnu sinni í umhverfismálum og skyldu sinni til að vernda og varðveita hafrýmið.

ty with this Convention, nor declare invalid any such rules, regulations and procedures. Its jurisdiction in this regard shall be confined to deciding claims that the application of any rules, regulations and procedures of the Authority in individual cases would be in conflict with the contractual obligations of the parties to the dispute or their obligations under this Convention, claims concerning excess of jurisdiction or misuse of power, and to claims for damages to be paid or other remedy to be given to the party concerned for the failure of the other party to comply with its contractual obligations or its obligations under this Convention.

Article 190
Participation and appearance of sponsoring States Parties in proceedings

1. If a natural or juridical person is a party to a dispute referred to in article 187, the sponsoring State shall be given notice thereof and shall have the right to participate in the proceedings by submitting written or oral statements.

2. If an action is brought against a State Party by a natural or juridical person sponsored by another State Party in a dispute referred to in article 187, subparagraph (c), the respondent State may request the State sponsoring that person to appear in the proceedings on behalf of that person. Failing such appearance, the respondent State may arrange to be represented by a juridical person of its nationality.

Article 191
Advisory opinions

The Sea-Bed Disputes Chamber shall give advisory opinions at the request of the Assembly or the Council on legal questions arising within the scope of their activities. Such opinions shall be given as a matter of urgency.

PART XII

PROTECTION AND PRESERVATION OF THE MARINE ENVIRONMENT

SECTION 1. GENERAL PROVISIONS

Article 192
General obligation

States have the obligation to protect and preserve the marine environment.

Article 193
Sovereign right of States to exploit their natural resources

States have the sovereign right to exploit their natural resources pursuant to their environmental policies and in accordance with their duty to protect and preserve the marine environment.

194. gr.
Ráðstafanir til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun hafrýmisins

1. Ríki skulu eftir getu, hvert um sig eða sameiginlega eftir því sem við á, gera allar nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við samning þennan til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun hafrýmisins hvaðan sem hún kemur enda noti þau í þessu skyni hagkvæmustu ráð sem þeim eru tiltæk og skulu þau leitast við að samræma stefnu sína í þessu tilliti.

2. Ríki skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að starfsemi undir lögsögu eða stjórn þeirra sé hagað þannig að hún valdi ekki mengunarspjöllum í öðrum ríkjum og umhverfi þeirra og að mengun af völdum atvika eða starfsemi undir lögsögu eða stjórn þeirra berist ekki út fyrir svæðin þar sem þau beita fullveldisréttindum samkvæmt samningi þessum.

3. Ráðstafanirnar, sem gerðar eru samkvæmt þessum hluta, skulu ná til mengunar hafrýmisins hvaðan sem hún kemur. Til þessara ráðstafana skulu m. a. teljast ráðstafanir sem miða að því að draga sem allra mest úr:

a) dreifingu eitraðra, skaðlegra eða skaðsamlegra efna, einkum þeirra sem eru varanleg, frá landstöðvum, úr eða um andrúmsloftið eða með losun;

b) mengun frá skipum, einkum ráðstafanir til að koma í veg fyrir óhöpp og bregðast við neyð, tryggja öryggi starfsemi á sjó og koma í veg fyrir dreifingu af ásettu ráði eða óviljandi, svo og setning reglna um hönnun, smíði, búnað, útgerð og mönnun skipa;

c) mengun frá útbúnaði og búnaði sem notaður er við rannsóknir á náttúruauðlindum hafsbotnsins og botnlaganna eða hagnýtingu þeirra, einkum ráðstafanir til að koma í veg fyrir óhöpp og bregðast við neyð og tryggja öryggi starfsemi á sjó, svo og setning reglna um hönnun, smíði, búnað, starfrækslu og mönnun þessa útbúnaðar eða búnaðar;

d) mengun frá öðrum útbúnaði og búnaði sem starfræktur er í hafrýminu, einkum ráðstafanir til að koma í veg fyrir óhöpp og bregðast við neyð og tryggja öryggi starfsemi á sjó, svo og setning reglna um hönnun, smíði, búnað, starfrækslu og mönnun þessa útbúnaðar eða búnaðar.

4. Þegar ríki gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir, draga úr eða hafa eftirlit með mengun hafrýmisins skulu þau forðast að valda óréttlætanlegum tálma á starfsemi sem önnur ríki stunda er þau fara með réttindi sín og rækja skyldur sínar í samræmi við samning þennan.

5. Til ráðstafananna, sem gerðar eru samkvæmt þessum hluta, teljast nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda og varðveita sjaldgæf eða viðkvæm vistkerfi, svo og heimkynni tegunda, sem er eytt, ógnað eða stofnað í hættu, og annars konar sjávarlíf.

195. gr.
Skylda til að velta spjöllum eða hættum ekki yfir á önnur svæði né breyta einni tegund mengunar í aðra

Þegar ríki gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun hafrýmisins skulu þau fara að á þann hátt að spjöllum eða hættum sé ekki velt beint eða óbeint frá einu svæði til annars né einni tegund mengunar breytt í aðra.

Article 194
Measures to prevent, reduce and control pollution of the marine environment

1. States shall take, individually or jointly as appropriate, all measures consistent with this Convention that are necessary to prevent, reduce and control pollution of the marine environment from any source, using for this purpose the best practicable means at their disposal and in accordance with their capabilities, and they shall endeavour to harmonize their policies in this connection.

2. States shall take all measures necessary to ensure that activities under their jurisdiction or control are so conducted as not to cause damage by pollution to other States and their environment, and that pollution arising from incidents or activities under their jurisdiction or control does not spread beyond the areas where they exercise sovereign rights in accordance with this Convention.

3. The measures taken pursuant to this Part shall deal with all sources of pollution of the marine environment. These measures shall include, *inter alia,* those designed to minimize to the fullest possible extent:

(a) the release of toxic, harmful or noxious substances, especially those which are persistent, from land-based sources, from or through the atmosphere or by dumping;

(b) pollution from vessels, in particular measures for preventing accidents and dealing with emergencies, ensuring the safety of operations at sea, preventing intentional and unintentional discharges, and regulating the design, construction, equipment, operation and manning of vessels;

(c) pollution from installations and devices used in exploration or exploitation of the natural resources of the sea-bed and subsoil, in particular measures for preventing accidents and dealing with emergencies, ensuring the safety of operations at sea, and regulating the design, construction, equipment, operation and manning of such installations or devices;

(d) pollution from other installations and devices operating in the marine environment, in particular measures for preventing accidents and dealing with emergencies, ensuring the safety of operations at sea, and regulating the design, construction, equipment, operation and manning of such installations or devices.

4. In taking measures to prevent, reduce or control pollution of the marine environment, States shall refrain from unjustifiable interference with activities carried out by other States in the exercise of their rights and in pursuance of their duties in conformity with this Convention.

5. The measures taken in accordance with this Part shall include those necessary to protect and preserve rare or fragile ecosystems as well as the habitat of depleted, threatened or endangered species and other forms of marine life.

Article 195
Duty not to transfer damage or hazards or transform one type of pollution into another

In taking measures to prevent, reduce and control pollution of the marine environment, States shall act so as not to transfer, directly or indirectly, damage or hazards from one area to another or transform one type of pollution into another.

196. gr.
Notkun tækni eða innflutningur ólíkra eða nýrra tegunda

1. Ríki skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun hafrýmisins vegna notkunar tækni undir lögsögu eða stjórn þeirra ellegar innflutningi ólíkra eða nýrra tegunda af ásettu ráði eða fyrir tilviljun til ákveðins hluta hafrýmisins sem kann að valda þar verulegum og skaðlegum breytingum.
2. Þessi grein hefur ekki áhrif á beitingu samnings þessa að því er varðar varnir gegn, minnkun á og eftirlit með mengun hafrýmisins.

2. KAFLI. HEIMS- OG SVÆÐISSAMSTARF

197. gr.
Samstarf á heims- eða svæðisgrundvelli

Ríki skulu á heimsgrundvelli og eftir atvikum á svæðisgrundvelli, beint eða á vettvangi þar til bærra alþjóðastofnana, starfa saman að því að móta og útfæra alþjóðlegar reglur, staðla og tilmæli um venjur og starfshætti í samræmi við samning þennan til að vernda og varðveita hafrýmið enda sé höfð hliðsjón af sérkennum svæða.

198. gr.
Tilkynning um yfirvofandi eða raunveruleg spjöll

Þegar ríki fær vitneskju um tilvik þar sem yfirvofandi hætta er á því að mengun spilli hafrýminu eða hún hefur spillt því skal það þegar í stað tilkynna þetta öðrum ríkjum sem það telur líklegt að verði fyrir þessum spjöllum, svo og þar til bærum alþjóðastofnunum.

199. gr.
Neyðaráætlanir vegna mengunar

Í tilvikunum, sem getið er í 198. gr., skulu ríki á svæðinu, þar sem áhrifa gætir, eftir getu starfa að því ásamt þar til bærum alþjóðastofnunum, að svo miklu leyti sem unnt er, að eyða áhrifum mengunar og koma í veg fyrir eða draga sem mest úr spjöllum. Í þessu skyni skulu ríki í sameiningu móta og styrkja neyðaráætlanir til að bregðast við mengunaróhöppum í hafrýminu.

200. gr.
Kannanir, rannsóknaáætlanir og skipti á upplýsingum og gögnum

Ríki skulu beint eða á vettvangi þar til bærra alþjóðastofnana starfa saman að því að stuðla að könnunum, beita sér fyrir áætlunum um vísindarannsóknir og hvetja til skipta á upplýsingum og gögnum sem aflað hefur verið um mengun hafrýmisins. Þau skulu leitast við að taka virkan þátt í svæðis- og heimsáætlunum til að afla þekkingar vegna mats á eðli og umfangi mengunar, varnarleysi gagnvart henni, svo og slóðum hennar, hættum og úrbótum.

Article 196
Use of technologies or introduction of alien or new species

1. States shall take all measures necessary to prevent, reduce and control pollution of the marine environment resulting from the use of technologies under their jurisdiction or control, or the intentional or accidental introduction of species, alien or new, to a particular part of the marine environment, which may cause significant and harmful changes thereto.

2. This article does not affect the application of this Convention regarding the prevention, reduction and control of pollution of the marine environment.

SECTION 2. GLOBAL AND REGIONAL CO-OPERATION

Article 197
Co-operation on a global or regional basis

States shall co-operate on a global basis and, as appropriate, on a regional basis, directly or through competent international organizations, in formulating and elaborating international rules, standards and recommended practices and procedures consistent with this Convention, for the protection and preservation of the marine environment, taking into account characteristic regional features.

Article 198
Notification of imminent or actual damage

When a State becomes aware of cases in which the marine environment is in imminent danger of being damaged or has been damaged by pollution, it shall immediately notify other States it deems likely to be affected by such damage, as well as the competent international organizations.

Article 199
Contingency plans against pollution

In the cases referred to in article 198, States in the area affected, in accordance with their capabilities, and the competent international organizations shall co-operate, to the extent possible, in eliminating the effects of pollution and preventing or minimizing the damage. To this end, States shall jointly develop and promote contingency plans for responding to pollution incidents in the marine environment.

Article 200
Studies, research programmes and exchange of information and data

States shall co-operate, directly or through competent international organizations, for the purpose of promoting studies, undertaking programmes of scientific research and encouraging the exchange of information and data acquired about pollution of the marine environment. They shall endeavour to participate actively in regional and global programmes to acquire knowledge for the assessment of the nature and extent of pollution, exposure to it, and its pathways, risks and remedies.

201. gr.
Vísindalegir mælikvarðar sem undirstaða reglna

Ríki skulu með tilliti til upplýsinganna og gagnanna, sem aflað er samkvæmt 200. gr., starfa saman, beint eða á vettvangi þar til bærra alþjóðastofnana, að því að ákveða viðeigandi vísindalega mælikvarða vegna mótunar og útfærslu reglna, staðla og tilmæla um venjur og starfshætti til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun hafrýmisins.

3. KAFLI. TÆKNIAÐSTOÐ

202. gr.
Vísinda- og tækniaðstoð til handa þróunarríkjum

Ríki skulu beint eða á vettvangi þar til bærra alþjóðastofnana:

a) stuðla að áætlunum um aðstoð til handa þróunarríkjum í vísindum, menntum, tækni og öðrum málum til að vernda og varðveita hafrýmið og koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun hafsins. Til þessarar aðstoðar skal það m. a. teljast:
   i) að þjálfa vísinda- og tæknistarfslið þeirra;
   ii) að auðvelda þátttöku þeirra í viðeigandi alþjóðlegum áætlunum;
   iii) að láta þeim í té nauðsynlegan búnað og aðstöðu;
   iv) að auka getu þeirra til að framleiða þennan búnað;
   v) að veita ráð vegna og koma upp aðstöðu til rannsókna, eftirlits, menntunar og annars;
b) veita viðeigandi aðstoð, einkum þróunarríkjum, til að draga sem mest úr áhrifum meiri háttar óhappa sem kunna að valda alvarlegri mengun hafrýmisins;
c) veita viðeigandi aðstoð, einkum þróunarríkjum, varðandi undirbúning umhverfismats.

203. gr.
Forréttindakjör til handa þróunarríkjum

Til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun hafrýmisins eða draga sem mest úr áhrifum hennar skulu alþjóðastofnanir veita þróunarríkjum forréttindi að því er varðar:

a) veitingu viðeigandi fjár- og tækniaðstoðar; og
b) aðgang að sérhæfðri þjónustu þeirra.

4. KAFLI. EFTIRLIT OG UMHVERFISMAT

204. gr.
Eftirlit með hættum á mengun eða áhrifum hennar

1. Í samræmi við rétt annarra ríkja skulu ríki, eftir því sem unnt er, beint eða á vettvangi þar til bærra alþjóðastofnana, leitast við að fylgjast með, mæla, meta og rannsaka, með viðurkenndum vísindalegum aðferðum, hættur á mengun hafrýmisins eða áhrif hennar.

Article 201
Scientific criteria for regulations

In the light of the information and data acquired pursuant to article 200, States shall co-operate, directly or through competent international organizations, in establishing appropriate scientific criteria for the formulation and elaboration of rules, standards and recommended practices and procedures for the prevention, reduction and control of pollution of the marine environment.

SECTION 3. TECHNICAL ASSISTANCE

Article 202
Scientific and technical assistance to developing States

States shall, directly or through competent international organizations:

(a) promote programmes of scientific, educational, technical and other assistance to developing States for the protection and preservation of the marine environment and the prevention, reduction and control of marine pollution. Such assistance shall include, *inter alia:*
  (i) training of their scientific and technical personnel;
  (ii) facilitating their participation in relevant international programmes;
  (iii) supplying them with necessary equipment and facilities;
  (iv) enhancing their capacity to manufacture such equipment;
  (v) advice on and developing facilities for research, monitoring, educational and other programmes;

(b) provide appropriate assistance, especially to developing States, for the minimization of the effects of major incidents which may cause serious pollution of the marine environment;

(c) provide appropriate assistance, especially to developing States, concerning the preparation of environmental assessments.

Article 203
Preferential treatment for developing States

Developing States shall, for the purposes of prevention, reduction and control of pollution of the marine environment or minimization of its effects, be granted preference by international organizations in:

(a) the allocation of appropriate funds and technical assistance; and

(b) the utilization of their specialized services.

SECTION 4. MONITORING AND ENVIRONMENTAL ASSESSMENT

Article 204
Monitoring of the risks or effects of pollution

1. States shall, consistent with the rights of other States, endeavour, as far as practicable, directly or through the competent international organizations, to observe, measure, evaluate and analyse, by recognized scientific methods, the risks or effects of pollution of the marine environment.

2. Einkum skulu ríki hafa undir eftirliti áhrif starfsemi sem þau leyfa eða fást við svo að ákveðið verði hvort líkur séu á að þessi starfsemi mengi hafrýmið.

205. gr.
Útgáfa skýrslna

Ríki skulu gefa út skýrslur um niðurstöðurnar, sem fengnar eru samkvæmt 204. gr., eða senda þessar skýrslur hæfilega oft þar til bærum alþjóðastofnunum sem skulu gera þær aðgengilegar öllum ríkjum.

206. gr.
Mat á hugsanlegum áhrifum starfsemi

Þegar ríki hafa rökstudda ástæðu til að ætla að fyrirhuguð starfsemi undir lögsögu eða stjórn þeirra kunni að valda umtalsverðri mengun eða verulegum og skaðlegum breytingum á hafrýminu skulu þau, eftir því sem unnt er, meta hugsanleg áhrif þessarar starfsemi á hafrýmið og senda skýrslur um niðurstöður þessa mats á þann hátt sem kveðið er á um í 205. gr.

5. KAFLI. ALÞJÓÐLEGAR REGLUR OG LANDSLÖG TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR, DRAGA ÚR OG HAFA EFTIRLIT MEÐ MENGUN HAFRÝMISINS

207. gr.
Mengun frá landstöðvum

1. Ríki skulu setja lög og reglur til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun hafrýmisins frá landstöðvum, m. a. ám, árósum, leiðslum og ræsakerfum, enda sé höfð hliðsjón af reglum, stöðlum og tilmælum um venjur og starfshætti sem samþykkt hafa verið á alþjóðavettvangi.
2. Ríki skulu gera aðrar ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með þessari mengun.
3. Ríki skulu leitast við að samræma stefnu sína í þessu tilliti á viðeigandi svæðisvettvangi.
4. Ríki skulu, einkum með starfi á vettvangi þar til bærra alþjóðastofnana eða á ráðstefnum stjórnarerindreka, leitast við að móta heims- og svæðisbundnar reglur, staðla og tilmæli um venjur og starfshætti til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun hafrýmisins frá landstöðvum enda sé höfð hliðsjón af sérkennum svæða, efnahagslegri getu þróunarríkja og hagþróunarþörf þeirra. Þessar reglur, staðla og tilmæli um venjur og starfshætti skal endurskoða öðru hverju ef nauðsyn krefur.

5. Lög, reglur, ráðstafanir, reglur, staðlar og tilmæli um venjur og starfshætti, sem getið er í 1., 2. og 4. tl., skulu m. a. miða að því að draga sem allra mest úr dreifingu eitraðra, skaðlegra eða skaðsamlegra efna í hafrýmið, einkum þeirra sem eru varanleg.

2. In particular, States shall keep under surveillance the effects of any activities which they permit or in which they engage in order to determine whether these activities are likely to pollute the marine environment.

Article 205
Publication of reports

States shall publish reports of the results obtained pursuant to article 204 or provide such reports at appropriate intervals to the competent international organizations, which should make them available to all States.

Article 206
Assessment of potential effects of activities

When States have reasonable grounds for believing that planned activities under their jurisdiction or control may cause substantial pollution of or significant and harmful changes to the marine environment, they shall, as far as practicable, assess the potential effects of such activities on the marine environment and shall communicate reports of the results of such assessments in the manner provided in article 205.

SECTION 5. INTERNATIONAL RULES AND NATIONAL LEGISLATION TO PREVENT, REDUCE AND CONTROL POLLUTION OF THE MARINE ENVIRONMENT

Article 207
Pollution from land-based sources

1. States shall adopt laws and regulations to prevent, reduce and control pollution of the marine environment from land-based sources, including rivers, estuaries, pipelines and outfall structures, taking into account internationally agreed rules, standards and recommended practices and procedures.

2. States shall take other measures as may be necessary to prevent, reduce and control such pollution.

3. States shall endeavour to harmonize their policies in this connection at the appropriate regional level.

4. States, acting especially through competent international organizations or diplomatic conference, shall endeavour to establish global and regional rules, standards and recommended practices and procedures to prevent, reduce and control pollution of the marine environment from land-based sources, taking into account characteristic regional features, the economic capacity of developing States and their need for economic development. Such rules, standards and recommended practices and procedures shall be re-examined from time to time as necessary.

5. Laws, regulations, measures, rules, standards and recommended practices and procedures referred to in paragraphs 1, 2 and 4 shall include those designed to minimize, to the fullest extent possible, the release of toxic, harmful or noxious substances, especially those which are persistent, into the marine environment.

208. gr.
Mengun frá hafsbotnsstarfsemi undir innlendri lögsögu

1. Strandríki skulu setja lög og reglur til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun hafrýmisins af völdum eða í sambandi við hafsbotnsstarfsemi undir lögsögu þeirra, svo og frá tilbúnum eyjum, útbúnaði og mannvirkjum undir lögsögu þeirra samkvæmt 60. og 80. gr.

2. Ríki skulu gera aðrar ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með þessari mengun.

3. Þessi lög, reglur og ráðstafanir skulu ekki ganga skemmra en alþjóðlegar reglur, staðlar og tilmæli um venjur og starfshætti.

4. Ríki skulu leitast við að samræma stefnu sína í þessu tilliti á viðeigandi svæðisvettvangi.

5. Ríki skulu, einkum með starfi á vettvangi þar til bærra alþjóðastofnana eða á ráðstefnum stjórnarerindreka, móta heims- og svæðisbundnar reglur, staðla og tilmæli um venjur og starfshætti til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun hafrýmisins sem getið er í 1. tl. Þessar reglur, staðla og tilmæli um venjur og starfshætti skal endurskoða öðru hverju ef nauðsyn krefur.

209. gr.
Mengun frá starfsemi á svæðinu

1. Alþjóðlegar reglur, reglugerðir og starfshætti skal móta samkvæmt XI. hluta til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun hafrýmisins frá starfsemi á svæðinu. Þessar reglur, reglugerðir og starfshætti skal endurskoða öðru hverju ef nauðsyn krefur.

2. Í samræmi við viðeigandi ákvæði þessa kafla skulu ríki setja lög og reglur til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun hafrýmisins frá starfsemi á svæðinu, framkvæmdri með skipum, útbúnaði, mannvirkjum og öðrum búnaði sem eftir atvikum sigla undir fána þeirra eða þau hafa skráð ellegar eru starfrækt undir stjórn þeirra. Kröfur þessara laga og reglna skulu ekki ganga skemmra en alþjóðlegu reglurnar, reglugerðirnar og starfshættirnir sem getið er í 1. tl.

210. gr.
Mengun vegna losunar

1. Ríki skulu setja lög og reglur til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun hafrýmisins vegna losunar.

2. Ríki skulu gera aðrar ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með þessari mengun.

3. Með þessum lögum, reglum og ráðstöfunum skal tryggja að losun sé ekki framkvæmd án leyfis þar til bærra yfirvalda ríkja.

4. Ríki skulu, einkum með starfi á vettvangi þar til bærra alþjóðastofnana eða á ráðstefnum stjórnarerindreka, leitast við að móta heims- og svæðisbundnar reglur, staðla og tilmæli um venjur og starfshætti til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með þessari mengun. Þessar reglur, staðla og tilmæli um venjur og starfshætti skal endurskoða öðru hverju ef nauðsyn krefur.

5. Losun skal ekki framkvæma í landhelginni og sérefnahagslögsögunni né á landgrunnið án skýlauss samþykkis strandríkisins fyrirfram en það hefur rétt til að leyfa, setja reglur um og hafa eftirlit með þessari losun að höfðu tilhlýðilegu

Article 208
Pollution from sea-bed activities subject to national jurisdiction

1. Coastal States shall adopt laws and regulations to prevent, reduce and control pollution of the marine environment arising from or in connection with seabed activities subject to their jurisdiction and from artificial islands, installations and structures under their jurisdiction, pursuant to articles 60 and 80.

2. States shall take other measures as may be necessary to prevent, reduce and control such pollution.

3. Such laws, regulations and measures shall be no less effective than international rules, standards and recommended practices and procedures.

4. States shall endeavour to harmonize their policies in this connection at the appropriate regional level.

5. States, acting especially through competent international organizations or diplomatic conference, shall establish global and regional rules, standards and recommended practices and procedures to prevent, reduce and control pollution of the marine environment referred to in paragraph 1. Such rules, standards and recommended practices and procedures shall be re-examined from time to time as necessary.

Article 209
Pollution from activities in the Area

1. International rules, regulations and procedures shall be established in accordance with Part XI to prevent, reduce and control pollution of the marine environment from activities in the Area. Such rules, regulations and procedures shall be re-examined from time to time as necessary.

2. Subject to the relevant provisions of this section, States shall adopt laws and regulations to prevent, reduce and control pollution of the marine environment from activities in the Area undertaken by vessels, installations, structures and other devices flying their flag or of their registry or operating under their authority, as the case may be. The requirements of such laws and regulations shall be no less effective than the international rules, regulations and procedures referred to in paragraph 1.

Article 210
Pollution by dumping

1. States shall adopt laws and regulations to prevent, reduce and control pollution of the marine environment by dumping.

2. States shall take other measures as may be necessary to prevent, reduce and control such pollution.

3. Such laws, regulations and measures shall ensure that dumping is not carried out without the permission of the competent authorities of States.

4. States, acting especially through competent international organizations or diplomatic conference, shall endeavour to establish global and regional rules, standards and recommended practices and procedures to prevent, reduce and control such pollution. Such rules, standards and recommended practices and procedures shall be re-examined from time to time as necessary.

5. Dumping within the territorial sea and the exclusive economic zone or onto the continental shelf shall not be carried out without the express prior approval of the coastal State, which has the right to permit, regulate and control

samráði um málið við önnur ríki sem kunna sakir landfræðilegrar legu sinnar að verða fyrir búsifjum af henni.

6. Lög, reglur og ráðstafanir einstakra landa til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með þessari mengun skulu ekki ganga skemmra en heimsreglurnar og -staðlarnir.

211. gr.
Mengun frá skipum

1. Ríki skulu með starfi á vettvangi þar til bærrar alþjóðastofnunar eða á almennum ráðstefnum stjórnarerindreka móta alþjóðlegar reglur og staðla til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun hafrýmisins frá skipum og stuðla á sama hátt, hvar sem við á, að upptöku leiðakerfa með það í huga að draga sem mest úr hættu á óhöppum sem kynnu að valda mengun hafrýmisins, m. a. strandarinnar, og mengunarspjöllum á skyldum hagsmunum strandríkja. Þessar reglur og staðla skal endurskoða á sama hátt öðru hverju ef nauðsyn krefur.

2. Ríki skulu setja lög og reglur til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun hafrýmisins frá skipum sem sigla undir fána þeirra eða þau hafa skráð. Þessi lög og reglur skulu a. m. k. ganga jafnlangt og almennt viðurkenndar alþjóðlegar reglur og staðlar sem mótaðir eru á vettvangi þar til bærrar alþjóðastofnunar eða á almennum ráðstefnum stjórnarerindreka.

3. Ríki, sem gera sérstakar kröfur um varnir gegn, minnkun á og eftirlit með mengun hafrýmisins að skilyrði fyrir komu erlendra skipa til hafna sinna eða inn á innsævi sitt ellegar fyrir viðkomu á endastöðvum sínum undan ströndum fram, skulu vekja tilhlýðilega athygli á þessum kröfum og senda þar til bærri alþjóðastofnun tilkynningu um þær. Hvenær sem tvö eða fleiri strandríki hafa gert þessar kröfur í sama formi í þeirri viðleitni að samræma stefnu skal gefið til kynna í tilkynningunni hvaða ríki eigi hlut að þessum samstarfsráðstöfunum. Sérhvert ríki skal krefjast þess af skipstjóra skips sem siglir undir fána þess eða það hefur skráð, þegar siglt er í landhelgi ríkis sem á hlut að þessum samstarfsráðstöfunum, að hann láti að beiðni þess ríkis í té upplýsingar um það hvort það haldi til ríkis á sama svæði sem eigi hlut að þessum samstarfsráðstöfunum og, ef svo er, að hann gefi til kynna hvort það hlítir kröfum þess ríkis um komu til hafnar. Þessi grein hnekkir ekki því, að skip haldi áfram að neyta réttar síns til friðsamlegrar ferðar, né því að 25. gr., 2. tl., sé beitt.

4. Þegar strandríki beita fullveldisrétti sínum í landhelgi sinni geta þau sett lög og reglur til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun hafsins frá erlendum skipum, m. a. skipum sem neyta réttarins til friðsamlegrar ferðar. Þessi lög og reglur skulu samkvæmt II. hluta, 3. kafla, ekki hindra friðsamlega ferð erlendra skipa.

5. Til að stuðla að framkvæmdinni, sem kveðið er á um í 6. kafla, geta strandríki að því er snertir sérefnahagslögsögu þeirra sett lög og reglur til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun frá skipum sem séu í samræmi við og hrindi í framkvæmd almennt viðurkenndum alþjóðlegum reglum og stöðlum, mótuðum á vettvangi þar til bærrar alþjóðastofnunar eða á almennum ráðstefnum stjórnarerindreka.

6. a) Þegar alþjóðlegu reglurnar og staðlarnir, sem getið er í 1. tl., nægja ekki til að bregðast við sérstökum aðstæðum og strandríki hafa rökstudda ástæðu til að ætla að á tilteknu, skýrt afmörkuðu svæði í sérefnahagslögsögu þeirra hvers um sig sé nauðsynlegt — af viðurkenndum tæknilegum ástæðum

such dumping after due consideration of the matter with other States which by reason of their geographical situation may be adversely affected thereby.

6. National laws, regulations and measures shall be no less effective in preventing, reducing and controlling such pollution than the global rules and standards.

Article 211
Pollution from vessels

1. States, acting through the competent international organization or general diplomatic conference, shall establish international rules and standards to prevent, reduce and control pollution of the marine environment from vessels and promote the adoption, in the same manner, wherever appropriate, of routeing systems designed to minimize the threat of accidents which might cause pollution of the marine environment, including the coastline, and pollution damage to the related interests of coastal States. Such rules and standards shall, in the same manner, be re-examined from time to time as necessary.

2. States shall adopt laws and regulations for the prevention, reduction and control of pollution of the marine environment from vessels flying their flag or of their registry. Such laws and regulations shall at least have the same effect as that of generally accepted international rules and standards established through the competent international organization or general diplomatic conference.

3. States which establish particular requirements for the prevention, reduction and control of pollution of the marine environment as a condition for the entry of foreign vessels into their ports or internal waters or for a call at their off-shore terminals shall give due publicity to such requirements and shall communicate them to the competent international organization. Whenever such requirements are established in identical form by two or more coastal States in an endeavour to harmonize policy, the communication shall indicate which States are participating in such co-operative arrangements. Every State shall require the master of a vessel flying its flag or of its registry, when navigating within the territorial sea of a State participating in such co-operative arrangements, to furnish, upon the request of that State, information as to whether it is proceeding to a State of the same region participating in such co-operative arrangements and, if so, to indicate whether it complies with the port entry requirements of that State. This article is without prejudice to the continued exercise by a vessel of its right of innocent passage or to the application of article 25, paragraph 2.

4. Coastal States may, in the exercise of their sovereignty within their territorial sea, adopt laws and regulations for the prevention, reduction and control of marine pollution from foreign vessels, including vessels exercising the right of innocent passage. Such laws and regulations shall, in accordance with Part II, section 3, not hamper innocent passage of foreign vessels.

5. Coastal States, for the purpose of enforcement as provided for in section 6, may in respect of their exclusive economic zones adopt laws and regulations for the prevention, reduction and control of pollution from vessels conforming to and giving effect to generally accepted international rules and standards established through the competent international organization or general diplomatic conference.

6. (a) Where the international rules and standards referred to in paragraph 1 are inadequate to meet special circumstances and coastal States have reasonable grounds for believing that a particular, clearly defined area of their respective exclusive economic zones is an area where the adoption

varðandi haffræðileg og vistfræðileg skilyrði þess, nýtingu eða verndun auðlinda þess og sérstakt eðli umferðar þar — að mæla fyrir um sérstakar skylduráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun frá skipum þá geta strandríkin, að höfðu viðeigandi samráði við önnur hlutaðeigandi ríki á vettvangi þar til bærrar alþjóðastofnunar, komið tilkynningu um það svæði til þeirrar stofnunar og lagt fram vísindalegar og tæknilegar niðurstöður til stuðnings ásamt upplýsingum um nauðsynlega móttökuaðstöðu. Stofnunin skal ákveða innan 12 mánaða frá móttöku þessarar tilkynningar hvort skilyrðin á því svæði séu í samræmi við kröfurnar sem greint er frá hér að ofan. Ef stofnunin telur svo vera geta strandríkin sett lög og reglur um þetta svæði til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun frá skipum og framfylgt með því þeim alþjóðlegu reglum og stöðlum eða siglingavenjum sem eru fyrir milligöngu stofnunarinnar látnar gilda á sérstökum svæðum. Þessi lög og reglur skulu ekki gilda um erlend skip fyrr en 15 mánuðum eftir að tilkynningunni hefur verið komið á framfæri við stofnunina.

b) Strandríkin skulu birta mörk allra þessara tilteknu, skýrt afmörkuðu svæða.

c) Ef strandríkin hafa í hyggju að setja viðaukalög og -reglur um sama svæðið til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun frá skipum skulu þau láta stofnunina vita um það samtímis framlagningu áðurgreindrar tilkynningar. Þessi viðaukalög og -reglur mega fjalla um dreifingu eða siglingavenjur en skulu ekki skylda erlend skip til að fara eftir öðrum hönnunar-, smíða-, mönnunar- né búnaðarstöðlum en almennt viðurkenndum alþjóðlegum reglum og stöðlum; skulu þau gilda um erlend skip 15 mánuðum eftir að tilkynningunni hefur verið komið á framfæri við stofnunina enda hafi stofnunin veitt samþykki sitt innan 12 mánaða frá framlagningu tilkynningarinnar.

7. Alþjóðlegu reglurnar og staðlarnir, sem getið er í þessari grein, skulu m. a. fjalla um tafarlausa tilkynningu til strandríkja ef atvik, m. a. óhöpp á sjó, þar sem dreifing fer fram eða er líkleg, kunna að hafa áhrif á strönd þeirra eða skylda hagsmuni.

212. gr.
Mengun úr eða um andrúmsloftið

1. Ríki skulu, að því er varðar loftrýmið, sem þau hafa fullveldisrétt yfir, og skip, sem sigla undir fána þeirra, ellegar skip eða loftför sem þau hafa skráð, setja lög og reglur til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun hafrýmisins úr eða um andrúmsloftið enda sé höfð hliðsjón af reglum, stöðlum og tilmælum um venjur og starfshætti sem samþykkt hafa verið á alþjóðavettvangi, svo og öryggi flugumferðar.

2. Ríki skulu gera aðrar ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með þessari mengun.

3. Ríki skulu, einkum með starfi á vettvangi þar til bærra alþjóðastofnana eða á ráðstefnum stjórnarerindreka, leitast við að móta heims- og svæðisbundnar reglur, staðla og tilmæli um venjur og starfshætti til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með þessari mengun.

of special mandatory measures for the prevention of pollution from vessels is required for recognized technical reasons in relation to its oceanographical and ecological conditions, as well as its utilization or the protection of its resources and the particular character of its traffic, the coastal States, after appropriate consultations through the competent international organization with any other States concerned, may, for that area, direct a communication to that organization, submitting scientific and technical evidence in support and information on necessary reception facilities. Within 12 months after receiving such a communication, the organization shall determine whether the conditions in that area correspond to the requirements set out above. If the organization so determines, the coastal States may, for that area, adopt laws and regulations for the prevention, reduction and control of pollution from vessels implementing such international rules and standards or navigational practices as are made applicable, through the organization, for special areas. These laws and regulations shall not become applicable to foreign vessels until 15 months after the submission of the communication to the organization.

(b) The coastal States shall publish the limits of any such particular, clearly defined area.

(c) If the coastal States intend to adopt additional laws and regulations for the same area for the prevention, reduction and control of pollution from vessels, they shall, when submitting the aforesaid communication, at the same time notify the organization thereof. Such additional laws and regulations may relate to discharges or navigational practices but shall not require foreign vessels to observe design, construction, manning or equipment standards other than generally accepted international rules and standards; they shall become applicable to foreign vessels 15 months after the submission of the communication to the organization, provided that the organization agrees within 12 months after the submission of the communication.

7. The international rules and standards referred to in this article should include *inter alia* those relating to prompt notification to coastal States, whose coastline or related interests may be affected by incidents, including maritime casualties, which involve discharges or probability of discharges.

Article 212
Pollution from or through the atmosphere

1. States shall adopt laws and regulations to prevent, reduce and control pollution of the marine environment from or through the atmosphere, applicable to the air space under their sovereignty and to vessels flying their flag or vessels or aircraft of their registry, taking into account internationally agreed rules, standards and recommended practices and procedures and the safety of air navigation.

2. States shall take other measures as may be necessary to prevent, reduce and control such pollution.

3. States, acting especially through competent international organizations or diplomatic conference, shall endeavour to establish global and regional rules, standards and recommended practices and procedures to prevent, reduce and control such pollution.

6. KAFLI. FRAMKVÆMD

213. gr.
Framkvæmd að því er snertir mengun frá landstöðvum

Ríki skulu framkvæma lög og reglur sínar, sem settar eru samkvæmt 207. gr., og setja lög og reglur og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að framkvæma viðeigandi alþjóðlegar reglur og staðla sem mótaðir eru á vettvangi þar til bærra alþjóðastofnana eða á ráðstefnum stjórnarerindreka til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun hafrýmisins frá landstöðvum.

214. gr.
Framkvæmd að því er snertir mengun frá hafsbotnsstarfsemi

Ríki skulu framkvæma lög og reglur sínar, sem settar eru samkvæmt 208. gr., og setja lög og reglur og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að framkvæma viðeigandi alþjóðlegar reglur og staðla sem mótaðir eru á vettvangi þar til bærra alþjóðastofnana eða á ráðstefnum stjórnarerindreka til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun hafrýmisins af völdum eða í sambandi við hafsbotnsstarfsemi undir lögsögu þeirra, svo og frá tilbúnum eyjum, útbúnaði og mannvirkjum undir lögsögu þeirra samkvæmt 60. og 80. gr.

215. gr.
Framkvæmd að því er snertir mengun frá starfsemi á svæðinu

Um framkvæmd alþjóðlegra reglna, reglugerða og starfshátta, sem mótaðir eru samkvæmt XI. hluta til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun hafrýmisins frá starfsemi á svæðinu, skal fara eftir þeim hluta.

216. gr.
Framkvæmd að því er snertir mengun vegna losunar

1. Framkvæmd laga og reglna, sem settar eru samkvæmt samningi þessum, og viðeigandi alþjóðlegra reglna og staðla, sem mótaðir eru á vettvangi þar til bærra alþjóðastofnana eða á ráðstefnum stjórnarerindreka til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun hafrýmisins vegna losunar, skal vera í höndum:
   a) strandríkisins að því er varðar losun í landhelgi eða sérefnahagslögsögu þess ellegar á landgrunn þess;
   b) fánaríkisins að því er varðar skip, sem sigla undir fána þess, ellegar skip eða loftför sem það hefur skráð;
   c) sérhvers ríkis að því er varðar fermingu úrgangsefna eða annarra efna á landi þess eða endastöðvum þess undan ströndum fram.

2. Engu ríki skal sakir þessarar greinar vera skylt að höfða mál þegar annað ríki hefur þegar höfðað mál samkvæmt þessari grein.

217. gr.
Framkvæmd af hálfu fánaríkja

1. Ríki skulu tryggja að skip, sem sigla undir fána þeirra eða þau hafa skráð, fari eftir viðeigandi alþjóðlegum reglum og stöðlum, sem mótaðir eru á vettvangi þar til bærrar alþjóðastofnunar eða á ráðstefnum stjórnarerindreka, og lögum og reglum sínum sem settar eru samkvæmt samningi þessum til að koma í veg fyrir, draga úr

SECTION 6. ENFORCEMENT

Article 213
Enforcement with respect to pollution from land-based sources

States shall enforce their laws and regulations adopted in accordance with article 207 and shall adopt laws and regulations and take other measures necessary to implement applicable international rules and standards established through competent international organizations or diplomatic conference to prevent, reduce and control pollution of the marine environment from land-based sources.

Article 214
Enforcement with respect to pollution from sea-bed activities

States shall enforce their laws and regulations adopted in accordance with article 208 and shall adopt laws and regulations and take other measures necessary to implement applicable international rules and standards established through competent international organizations or diplomatic conference to prevent, reduce and control pollution of the marine environment arising from or in connection with sea-bed activities subject to their jurisdiction and from artificial islands, installations and structures under their jurisdiction, pursuant to articles 60 and 80.

Article 215
Enforcement with respect to pollution from activities in the Area

Enforcement of international rules, regulations and procedures established in accordance with Part XI to prevent, reduce and control pollution of the marine environment from activities in the Area shall be governed by that Part.

Article 216
Enforcement with respect to pollution by dumping

1. Laws and regulations adopted in accordance with this Convention and applicable international rules and standards established through competent international organizations or diplomatic conference for the prevention, reduction and control of pollution of the marine environment by dumping shall be enforced:

(a) by the coastal State with regard to dumping within its territorial sea or its exclusive economic zone or onto its continental shelf;

(b) by the flag State with regard to vessels flying its flag or vessels or aircraft of its registry;

(c) by any State with regard to acts of loading of wastes or other matter occurring within its territory or at its off-shore terminals.

2. No State shall be obliged by virtue of this article to institute proceedings when another State has already instituted proceedings in accordance with this article.

Article 217
Enforcement by flag States

1. States shall ensure compliance by vessels flying their flag or of their registry with applicable international rules and standards, established through the competent international organization or general diplomatic conference, and with their laws and regulations adopted in accordance with this Convention for

og hafa eftirlit með mengun hafrýmisins frá skipum og skulu þau þar af leiðandi setja lög og reglur og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þeirra. Fánaríki skulu sjá um virka framkvæmd þessara reglna, staðla, laga og reglna án tillits til þess hvar brot er framið.

2. Ríki skulu einkum gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að skipum, sem sigla undir fána þeirra eða þau hafa skráð, sé bannað að sigla fyrr en þau geta haldið á sjó samkvæmt kröfum alþjóðlegu reglnanna og staðlanna sem getið er í 1. tl., m. a. kröfum sem snerta hönnun, smíði, búnað og mönnun skipa.

3. Ríki skulu tryggja að um borð í skipum, sem sigla undir fána þeirra eða þau hafa skráð, séu skírteini sem krafist er í og gefin eru út samkvæmt alþjóðlegum reglum og stöðlum sem getið er í 1. tl. Skulu ríki tryggja að skip, sem sigla undir fána þeirra, séu skoðuð reglulega til að ganga úr skugga um hvort þessi skírteini séu í samræmi við raunverulegt ástand skipanna. Þessi skírteini skulu önnur ríki viðurkenna sem sönnun fyrir ástandi skipanna og skulu þau talin hafa sama gildi og skírteini sem þau gefa út nema augljós ástæða sé til að ætla að ástand skipsins sé í verulegu ósamræmi við einstök atriði skírteinanna.

4. Ef skip fremur brot á reglum og stöðlum sem mótaðir eru á vettvangi þar til bærrar alþjóðastofnunar eða á almennum ráðstefnum stjórnarerindreka skal fánaríkið, að óhnekktri 218., 220. og 228. gr., gangast fyrir rannsókn þegar í stað og höfða, þar sem við á, mál vegna hins ætlaða brots án tillits til þess hvar brotið var framið ellegar hvar mengunin af völdum þessa brots hefur orðið eða vart hefur orðið við hana.

5. Fánaríki, sem stýra rannsókn á brotinu, geta beðið um aðstoð hvaða annars ríkis sem er ef samstarf við það getur komið að notum til að skýra málsatvik. Ríki skulu leitast við að sinna viðeigandi beiðnum fánaríkja.

6. Að skriflegri beiðni ríkis skulu ríki rannsaka brot sem ætlað er að skip, sem sigla undir fána þeirra, hafi framið. Ef fánaríkin eru sannfærð um að fullnægjandi sannanir séu fyrir hendi til að geta höfðað mál vegna hins ætlaða brots skulu þau tafarlaust höfða það mál samkvæmt lögum sínum.

7. Fánaríki skulu undireins láta ríkið, sem ber beiðnina fram, og þar til bæra alþjóðastofnun vita um málið, sem höfðað hefur verið, og úrslit þess. Þessar upplýsingar skulu vera aðgengilegar öllum ríkjum.

8. Refsingar, er lög og reglur ríkja kveða á um til handa skipum sem sigla undir fána þeirra, skulu vera nægilega þungar til að hafa varnaðaráhrif gegn brotum hvar sem þau eru framin.

218. gr.
Framkvæmd af hálfu hafnarríkja

1. Þegar skip er ótilneytt í höfn ríkis eða á endastöð þess undan ströndum fram getur það ríki hafið rannsókn og, ef sannanir réttlæta, höfðað mál vegna losunar úr því skipi utan innsævis, landhelgi eða sérefnahagslögsögu þess ríkis andstætt viðeigandi alþjóðlegum reglum og stöðlum sem mótaðir eru á vettvangi þar til bærrar alþjóðastofnunar eða á almennum ráðstefnum stjórnarerindreka.

2. Ekkert mál samkvæmt 1. tl. skal höfða vegna dreifingarbrots á innsævi, í landhelgi né í sérefnahagslögsögu annars ríkis nema það ríki, fánaríkið eða ríki, sem hefur orðið fyrir eða átt á hættu spjöll vegna dreifingarbrotsins, hafi farið þess á leit

the prevention, reduction and control of pollution of the marine environment from vessels and shall accordingly adopt laws and regulations and take other measures necessary for their implementation. Flag States shall provide for the effective enforcement of such rules, standards, laws and regulations, irrespective of where a violation occurs.

2. States shall, in particular, take appropriate measures in order to ensure that vessels flying their flag or of their registry are prohibited from sailing, until they can proceed to sea in compliance with the requirements of the international rules and standards referred to in paragraph 1, including requirements in respect of design, construction, equipment and manning of vessels.

3. States shall ensure that vessels flying their flag or of their registry carry on board certificates required by and issued pursuant to international rules and standards referred to in paragraph 1. States shall ensure that vessels flying their flag are periodically inspected in order to verify that such certificates are in conformity with the actual condition of the vessels. These certificates shall be accepted by other States as evidence of the condition of the vessels and shall be regarded as having the same force as certificates issued by them, unless there are clear grounds for believing that the condition of the vessel does not correspond substantially with the particulars of the certificates.

4. If a vessel commits a violation of rules and standards established through the competent international organization or general diplomatic conference, the flag State, without prejudice to articles 218, 220 and 228, shall provide for immediate investigation and where appropriate institute proceedings in respect of the alleged violation irrespective of where the violation occurred or where the pollution caused by such violation has occurred or has been spotted.

5. Flag States conducting an investigation of the violation may request the assistance of any other State whose co-operation could be useful in clarifying the circumstances of the case. States shall endeavour to meet appropriate requests of flag States.

6. States shall, at the written request of any State, investigate any violation alleged to have been committed by vessels flying their flag. If satisfied that sufficient evidence is available to enable proceedings to be brought in respect of the alleged violation, flag States shall without delay institute such proceedings in accordance with their laws.

7. Flag States shall promptly inform the requesting State and the competent international organization of the action taken and its outcome. Such information shall be available to all States.

8. Penalties provided for by the laws and regulations of States for vessels flying their flag shall be adequate in severity to discourage violations wherever they occur.

Article 218
Enforcement by port States

1. When a vessel is voluntarily within a port or at an off-shore terminal of a State, that State may undertake investigations and, where the evidence so warrants, institute proceedings in respect of any discharge from that vessel outside the internal waters, territorial sea or exclusive economic zone of that State in violation of applicable international rules and standards established through the competent international organization or general diplomatic conference.

2. No proceedings pursuant to paragraph 1 shall be instituted in respect of a discharge violation in the internal waters, territorial sea or exclusive economic zone of another State unless requested by that State, the flag State, or a State

ellegar brotið hafi valdið eða líkur séu á að það valdi mengun á innsævi, í landhelgi eða í sérefnahagslögsögu ríkisins sem höfðar málið.

3. Þegar skip er ótilneytt í höfn ríkis eða á endastöð þess undan ströndum fram skal það ríki, eftir því sem unnt er, verða við beiðnum allra ríkja um rannsókn á dreifingarbroti sem getið er í 1. tl. og ætlað er að framið hafi verið, valdið spjöllum eða hættu á spjöllum á innsævi, í landhelgi eða í sérefnahagslögsögu ríkisins sem ber beiðnina fram. Það skal einnig, eftir því sem unnt er, verða við beiðnum fánaríkisins um rannsókn á þessu broti án tillits til þess hvar brotið var framið.

4. Skýrslur um rannsóknina, sem hafnarríki hefur látið fara fram samkvæmt þessari grein, skal samkvæmt beiðni senda fánaríkinu eða strandríkinu. Í samræmi við 7. kafla má fresta máli, sem hafnarríkið hefur höfðað á grundvelli þessarar rannsóknar, að beiðni strandríkisins þegar brotið hefur verið framið á innsævi, í landhelgi eða í sérefnahagslögsögu þess. Í því tilviki skal senda strandríkinu sönnunargögn og skýrslur málsins ásamt skuldabréfi eða annarri fjárhagslegri tryggingu sem yfirvöldum hafnarríkisins hefur verið látin í té. Skal þessi sending koma í veg fyrir framhald málsins í hafnarríkinu.

219. gr.
Mengunarvarnaráðstafanir sem snerta haffæri skipa

Í samræmi við 7. kafla skulu ríki, sem hafa samkvæmt beiðni eða af eigin hvötum gengið úr skugga um að skip í einhverri af höfnum þeirra eða á einhverri af endastöðvum þeirra undan ströndum fram sé brotlegt við viðeigandi alþjóðlegar reglur og staðla um haffæri skipa og valdi með því hættu á spjöllum á hafrýminu, grípa til stjórnarathafna, eftir því sem unnt er, til að koma í veg fyrir að skipið sigli. Þessi ríki geta aðeins leyft skipinu að halda til næstu hentugrar viðgerðarstöðvar og skulu þau leyfa skipinu að sigla undireins og bætt hefur verið úr því sem olli brotinu.

220. gr.
Framkvæmd af hálfu strandríkja

1. Þegar skip er ótilneytt í höfn ríkis eða á endastöð þess undan ströndum fram getur það ríki í samræmi við 7. kafla höfðað mál vegna brots á lögum og reglum þess sem settar eru samkvæmt samningi þessum eða viðeigandi alþjóðlegum reglum og stöðlum til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun frá skipum þá er brotið hefur verið framið í landhelgi eða sérefnahagslögsögu þess ríkis.

2. Þegar augljós ástæða er til að ætla að skip, sem siglir í landhelgi ríkis, hafi á ferð sinni þar brotið lög og reglur þess ríkis sem settar eru samkvæmt samningi þessum eða viðeigandi alþjóðlegum reglum og stöðlum til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun frá skipum getur það ríki, að óhnekktri beitingu viðeigandi ákvæða II. hluta, 3. kafla, framkvæmt skoðun um borð í skipinu með tilliti til brotsins og, ef sannanir réttlæta, höfðað mál, m. a. lagt hald á skip, samkvæmt lögum sínum og í samræmi við ákvæði 7. kafla.

damaged or threatened by the discharge violation, or unless the violation has caused or is likely to cause pollution in the internal waters, territorial sea or exclusive economic zone of the State instituting the proceedings.

3. When a vessel is voluntarily within a port or at an off-shore terminal of a State, that State shall, as far as practicable, comply with requests from any State for investigation of a discharge violation referred to in paragraph 1, believed to have occurred in, caused, or threatened damage to the internal waters, territorial sea or exclusive economic zone of the requesting State. It shall likewise, as far as practicable, comply with requests from the flag State for investigation of such a violation, irrespective of where the violation occurred.

4. The records of the investigation carried out by a port State pursuant to this article shall be transmitted upon request to the flag State or to the coastal State. Any proceedings instituted by the port State on the basis of such an investigation may, subject to section 7, be suspended at the request of the coastal State when the violation has occurred within its internal waters, territorial sea or exclusive economic zone. The evidence and records of the case, together with any bond or other financial security posted with the authorities of the port State, shall in that event be transmitted to the coastal State. Such transmittal shall preclude the continuation of proceedings in the port State.

Article 219
Measures relating to seaworthiness of vessels to avoid pollution

Subject to section 7, States which, upon request or on their own initiative, have ascertained that a vessel within one of their ports or at one of their off-shore terminals is in violation of applicable international rules and standards relating to seaworthiness of vessels and thereby threatens damage to the marine environment shall, as far as practicable, take administrative measures to prevent the vessel from sailing. Such States may permit the vessel to proceed only to the nearest appropriate repair yard and, upon removal of the causes of the violation, shall permit the vessel to continue immediately.

Article 220
Enforcement by coastal States

1. When a vessel is voluntarily within a port or at an off-shore terminal of a State, that State may, subject to section 7, institute proceedings in respect of any violation of its laws and regulations adopted in accordance with this Convention or applicable international rules and standards for the prevention, reduction and control of pollution from vessels when the violation has occurred within the territorial sea or the exclusive economic zone of that State.

2. Where there are clear grounds for believing that a vessel navigating in the territorial sea of a State has, during its passage therein, violated laws and regulations of that State adopted in accordance with this Convention or applicable international rules and standards for the prevention, reduction and control of pollution from vessels, that State, without prejudice to the application of the relevant provisions of Part II, section 3, may undertake physical inspection of the vessel relating to the violation and may, where the evidence so warrants, institute proceedings, including detention of the vessel, in accordance with its laws, subject to the provisions of section 7.

3. Þegar augljós ástæða er til að ætla að skip, sem siglir í sérefnahagslögsögu eða landhelgi ríkis, hafi í sérefnahagslögsögunni framið brot á viðeigandi alþjóðlegum reglum og stöðlum til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun frá skipum eða lögum og reglum þess ríkis sem eru í samræmi við þessar reglur og staðla og hrinda þeim í framkvæmd getur það ríki krafist þess að skipið gefi upplýsingar um einkenni sín og skráningarhöfn sína, síðustu og næstu viðkomuhöfn sína og aðrar viðeigandi upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að ganga úr skugga um hvort brot hafi verið framið.

4. Ríki skulu setja lög og reglur og gera aðrar ráðstafanir til þess að skip, sem sigla undir fána þeirra, verði við beiðnum um upplýsingar samkvæmt 3. tl.

5. Þegar augljós ástæða er til að ætla að skip, sem siglir í sérefnahagslögsögu eða landhelgi ríkis, hafi í sérefnahagslögsögunni framið brot sem getið er í 3. tl. þannig að leiði til umtalsverðrar dreifingar sem veldur eða veldur hættu á verulegri mengun hafrýmisins getur það ríki framkvæmt skoðun um borð í skipinu vegna spurninga sem snerta brotið ef skipið hefur neitað að veita upplýsingar eða upplýsingarnar, sem skipið hefur veitt, samrýmast bersýnilega ekki auðsæjum staðreyndum málsins og ef málsatvik réttlæta þessa skoðun.

6. Þegar augljósar hlutlægar sannanir eru fyrir hendi um það að skip, sem siglir í sérefnahagslögsögu eða landhelgi ríkis, hafi í sérefnahagslögsögunni framið brot sem getið er í 3. tl. þannig að leiði til dreifingar sem veldur meiri háttar spjöllum eða hættu á meiri háttar spjöllum á strönd eða skyldum hagsmunum strandríkisins ellegar einhverjum auðlindum landhelgi eða sérefnahagslögsögu þess getur það ríki í samræmi við 7. kafla höfðað mál, m. a. lagt hald á skipið, samkvæmt lögum sínum ef sannanir réttlæta.

7. Hvenær sem ákveðnir hafa verið viðeigandi starfshættir, annaðhvort á vettvangi þar til bærrar alþjóðastofnunar eða með samkomulagi á annan hátt, þar sem tryggt hefur verið að kröfum um framlagningu skuldabréfs eða annarrar viðeigandi fjárhagslegrar tryggingar verði hlítt skal strandríkið, ef það er bundið af þessum starfsháttum, leyfa skipinu að halda áfram þrátt fyrir ákvæði 6. tl.

8. Ákvæði 3., 4., 5., 6. og 7. tl. gilda einnig að því er snertir lög og reglur einstakra landa sem settar eru samkvæmt 211. gr., 6. tl.

221. gr.

Ráðstafanir til að forðast mengun af völdum óhappa á sjó

1. Ekkert í þessum hluta skal hnekkja rétti ríkja samkvæmt þjóðarétti, bæði venjum og samningum, til að gera og framkvæma utan landhelginnar ráðstafanir í samræmi við raunveruleg eða yfirvofandi spjöll til að vernda strönd sína eða skylda hagsmuni, m. a. veiðar, fyrir mengun eða hættu á mengun í kjölfar óhapps á sjó eða athafna vegna þessa óhapps sem ætla má með rökum að hafa muni meiri háttar skaðlegar afleiðingar í för með sér.

2. Í þessari grein merkir „óhapp á sjó“ árekstur skipa, strand eða annað siglingaóhapp ellegar annan viðburð um borð í skipi eða utan þess sem leiðir til verulegra spjalla eða yfirvofandi hættu á verulegum spjöllum á skipi eða farmi.

3. Where there are clear grounds for believing that a vessel navigating in the exclusive economic zone or the territorial sea of a State has, in the exclusive economic zone, committed a violation of applicable international rules and standards for the prevention, reduction and control of pollution from vessels or laws and regulations of that State conforming and giving effect to such rules and standards, that State may require the vessel to give information regarding its identity and port of registry, its last and its next port of call and other relevant information required to establish whether a violation has occurred.

4. States shall adopt laws and regulations and take other measures so that vessels flying their flag comply with requests for information pursuant to paragraph 3.

5. Where there are clear grounds for believing that a vessel navigating in the exclusive economic zone or the territorial sea of a State has, in the exclusive economic zone, committed a violation referred to in paragraph 3 resulting in a substantial discharge causing or threatening significant pollution of the marine environment, that State may undertake physical inspection of the vessel for matters relating to the violation if the vessel has refused to give information or if the information supplied by the vessel is manifestly at variance with the evident factual situation and if the circumstances of the case justify such inspection.

6. Where there is clear objective evidence that a vessel navigating in the exclusive economic zone or the territorial sea of a State has, in the exclusive economic zone, committed a violation referred to in paragraph 3 resulting in a discharge causing major damage or threat of major damage to the coastline or related interests of the coastal State, or to any resources of its territorial sea or exclusive economic zone, that State may, subject to section 7, provided that the evidence so warrants, institute proceedings, including detention of the vessel, in accordance with its laws.

7. Notwithstanding the provisions of paragraph 6, whenever appropriate procedures have been established, either through the competent international organization or as otherwise agreed, whereby compliance with requirements for bonding or other appropriate financial security has been assured, the coastal State if bound by such procedures shall allow the vessel to proceed.

8. The provisions of paragraphs 3, 4, 5, 6 and 7 also apply in respect of national laws and regulations adopted pursuant to article 211, paragraph 6.

Article 221
Measures to avoid pollution arising from maritime casualties

1. Nothing in this Part shall prejudice the right of States, pursuant to international law, both customary and conventional, to take and enforce measures beyond the territorial sea proportionate to the actual or threatened damage to protect their coastline or related interests, including fishing, from pollution or threat of pollution following upon a maritime casualty or acts relating to such a casualty, which may reasonably be expected to result in major harmful consequences.

2. For the purposes of this article, "maritime casualty" means a collision of vessels, stranding or other incident of navigation, or other occurrence on board a vessel or external to it resulting in material damage or imminent threat of material damage to a vessel or cargo.

222. gr.
Framkvæmd að því er snertir mengun úr eða um andrúmsloftið

Ríki skulu í loftrýminu, sem þau hafa fullveldisrétt yfir, eða að því er varðar skip, sem sigla undir fána þeirra, ellegar skip eða loftför sem þau hafa skráð, framkvæma lög og reglur sínar sem settar eru samkvæmt 212. gr., 1. tl., og öðrum ákvæðum samnings þessa, og skulu þau setja lög og reglur og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að framkvæma viðeigandi alþjóðlegar reglur og staðla, mótaða á vettvangi þar til bærra alþjóðastofnana eða á ráðstefnum stjórnarerindreka, til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun hafrýmisins úr eða um andrúmsloftið, enda sé þetta gert í samræmi við allar viðeigandi alþjóðlegar reglur og staðla um öryggi flugumferðar.

7. KAFLI. VERNDARRÁÐSTAFANIR

223. gr.
Ráðstafanir til að auðvelda meðferð mála

Í málum, sem höfðuð eru samkvæmt þessum hluta, skulu ríki gera ráðstafanir til að auðvelda vitnaleiðslur og viðurkenningu á sönnunum, sem yfirvöld annars ríkis eða þar til bær alþjóðastofnun leggja fram, og skulu auðvelda opinberum fulltrúum þar til bærrar alþjóðastofnunar, fánaríkisins og ríkis, sem finnur fyrir mengun af völdum brots, að vera viðstaddir meðferð þessara mála. Hinir opinberu fulltrúar, sem eru viðstaddir meðferð þessara mála, skulu hafa þau réttindi og skyldur sem kveðið kann að vera á um í lögum og reglum einstakra landa eða þjóðarétti.

224. gr.
Beiting framkvæmdarvalds

Beiting framkvæmdarvalds gagnvart erlendum skipum samkvæmt þessum hluta má aðeins vera í höndum embættismanna, herskipa, herloftfara ellegar annarra skipa eða loftfara sem eru skýrt auðkennd og bera það með sér að þau séu í þjónustu ríkis og hafa umboð til þess.

225. gr.
Skylda til að forðast óhagstæðar afleiðingar við beitingu framkvæmdarvalds

Við beitingu framkvæmdarvalds síns gagnvart erlendum skipum samkvæmt samningi þessum skulu ríki ekki stofna öryggi siglinga í hættu, skapa á annan hátt hættu fyrir skip, færa það til hættulegrar hafnar eða skipalægis né leggja hafrýmið í óhæfilega hættu.

226. gr.
Rannsókn á erlendum skipum

1. a) Ríki skulu ekki tefja erlent skip lengur en nauðsyn ber til í þágu rannsóknanna sem kveðið er á um í 216., 218. og 220. gr. Skoðun um borð í erlendu skipi skal takmarka við rannsókn á þeim skírteinum, skrám eða öðrum skjölum, sem skipinu er skylt að hafa samkvæmt almennt viðurkenndum alþjóðlegum reglum og stöðlum, ellegar á svipuðum gögnum sem það hefur; frekari skoðun um borð í skipinu má aðeins framkvæma að undangenginni þessari rannsókn og eingöngu þegar:

Article 222
Enforcement with respect to pollution from or through the atmosphere

States shall enforce, within the air space under their sovereignty or with regard to vessels flying their flag or vessels or aircraft of their registry, their laws and regulations adopted in accordance with article 212, paragraph 1, and with other provisions of this Convention and shall adopt laws and regulations and take other measures necessary to implement applicable international rules and standards established through competent international organizations or diplomatic conference to prevent, reduce and control pollution of the marine environment from or through the atmosphere, in conformity with all relevant international rules and standards concerning the safety of air navigation.

SECTION 7. SAFEGUARDS

Article 223
Measures to facilitate proceedings

In proceedings instituted pursuant to this Part, States shall take measures to facilitate the hearing of witnesses and the admission of evidence submitted by authorities of another State, or by the competent international organization, and shall facilitate the attendance at such proceedings of official representatives of the competent international organization, the flag State and any State affected by pollution arising out of any violation. The official representatives attending such proceedings shall have such rights and duties as may be provided under national laws and regulations or international law.

Article 224
Exercise of powers of enforcement

The powers of enforcement against foreign vessels under this Part may only be exercised by officials or by warships, military aircraft, or other ships or aircraft clearly marked and identifiable as being on government service and authorized to that effect.

Article 225
Duty to avoid adverse consequences in the exercise of the powers of enforcement

In the exercise under this Convention of their powers of enforcement against foreign vessels, States shall not endanger the safety of navigation or otherwise create any hazard to a vessel, or bring it to an unsafe port or anchorage, or expose the marine environment to an unreasonable risk.

Article 226
Investigation of foreign vessels

1. (a) States shall not delay a foreign vessel longer than is essential for purposes of the investigations provided for in articles 216, 218 and 220. Any physical inspection of a foreign vessel shall be limited to an examination of such certificates, records or other documents as the vessel is required to carry by generally accepted international rules and standards or of any similar documents which it is carrying; further physical inspection of the vessel may be undertaken only after such an examination and only when:

i) augljós ástæða er til að ætla að ástand skipsins eða búnaðar þess sé í verulegu ósamræmi við einstök atriði þessara skjala;

ii) efni þessara skjala nægir ekki til að staðfesta né ganga úr skugga um ætlað brot; eða

iii) skipið er ekki með gild skírteini og skrár.

b) Ef rannsóknin leiðir í ljós brot á viðeigandi lögum og reglum eða alþjóðlegum reglum og stöðlum til að vernda og varðveita hafrýmið skal sleppa skipinu tafarlaust í samræmi við skynsamlega starfshætti, svo sem framlagningu skuldabréfs eða annarrar viðeigandi fjárhagslegrar tryggingar.

c) Að óhnekktum viðeigandi alþjóðlegum reglum og stöðlum um haffæri skipa má neita að sleppa skipi, hvenær sem slíkt mundi valda óhæfilegri hættu á spjöllum á hafrýminu, eða sleppa því með því skilyrði að það haldi til næstu hentugrar viðgerðarstöðvar. Þegar neitað hefur verið að sleppa skipi eða skilyrði sett fyrir því verður að tilkynna fánaríki skipsins slíkt tafarlaust og getur það freistað þess að fá skipinu sleppt samkvæmt XV. hluta.

2. Ríki skulu starfa saman að því að móta starfshætti til að forðast ónauðsynlega skoðun um borð í skipum á sjó.

227. gr.

Bann við mismunun gagnvart erlendum skipum

Þegar ríki fara með réttindi sín og rækja skyldur sínar samkvæmt þessum hluta skulu þau ekki hafa í frammi mismunun gagnvart skipum nokkurs annars ríkis, hvorki í orði né á borði.

228. gr.

Frestun og takmarkanir á höfðun máls

1. Refsimáli vegna brots á viðeigandi lögum og reglum eða alþjóðlegum reglum og stöðlum um varnir gegn, minnkun á og eftirlit með mengun frá skipum, er erlent skip fremur utan landhelgi ríkisins sem höfðar mál, skal fresta þegar fánaríkið höfðar refsimál vegna sömu saka innan sex mánaða frá fyrsta málshöfðunardegi nema þetta mál snerti meiri háttar spjöll á strandríkinu eða viðkomandi fánaríki hafi ítrekað virt að vettugi skyldu sína til að framkvæma á virkan hátt viðeigandi alþjóðlegar reglur og staðla að því er snertir brot sem skip þess fremja. Fánaríkið skal innan hæfilegs tíma gera öll málsskjöl og dómsgerðirnar aðgengilegar ríkinu sem höfðaði mál áður hvenær sem fánaríkið hefur beðið um frestun máls samkvæmt þessari grein. Þegar máli, sem fánaríkið hefur höfðað, er lokið skal málinu, sem frestað hefur verið, lokið. Þegar greiðsla áfallins kostnaðar vegna þessa máls hefur verið innt af hendi skal strandríkið skila skuldabréfi, sem gefið hefur verið út, eða annarri fjárhagslegri tryggingu sem sett hefur verið í sambandi við hið frestaða mál.

2. Refsimál gegn erlendum skipum skal ekki höfða eftir að liðin eru þrjú ár frá þeim degi er brotið var framið og skal ríki ekki höfða það ef annað ríki hefur höfðað mál, samanber þó ákvæði 1. tl.

3. Ákvæði þessarar greinar hnekkja ekki rétti fánaríkisins til að gera ráðstafanir, m. a. höfða refsimál, samkvæmt lögum sínum án tillits til fyrra máls annars ríkis.

(i) there are clear grounds for believing that the condition of the vessel or its equipment does not correspond substantially with the particulars of those documents;

(ii) the contents of such documents are not sufficient to confirm or verify a suspected violation; or

(iii) the vessel is not carrying valid certificates and records.

(b) If the investigation indicates a violation of applicable laws and regulations or international rules and standards for the protection and preservation of the marine environment, release shall be made promptly subject to reasonable procedures such as bonding or other appropriate financial security.

(c) Without prejudice to applicable international rules and standards relating to the seaworthiness of vessels, the release of a vessel may, whenever it would present an unreasonable threat of damage to the marine environment, be refused or made conditional upon proceeding to the nearest appropriate repair yard. Where release has been refused or made conditional, the flag State of the vessel must be promptly notified, and may seek release of the vessel in accordance with Part XV.

2. States shall co-operate to develop procedures for the avoidance of unnecessary physical inspection of vessels at sea.

Article 227
Non-discrimination with respect to foreign vessels

In exercising their rights and performing their duties under this Part, States shall not discriminate in form or in fact against vessels of any other State.

Article 228
Suspension and restrictions on institution of proceedings

1. Proceedings to impose penalties in respect of any violation of applicable laws and regulations or international rules and standards relating to the prevention, reduction and control of pollution from vessels committed by a foreign vessel beyond the territorial sea of the State instituting proceedings shall be suspended upon the taking of proceedings to impose penalties in respect of corresponding charges by the flag State within six months of the date on which proceedings were first instituted, unless those proceedings relate to a case of major damage to the coastal State or the flag State in question has repeatedly disregarded its obligation to enforce effectively the applicable international rules and standards in respect of violations committed by its vessels. The flag State shall in due course make available to the State previously instituting proceedings a full dossier of the case and the records of the proceedings, whenever the flag State has requested the suspension of proceedings in accordance with this article. When proceedings instituted by the flag State have been brought to a conclusion, the suspended proceedings shall be terminated. Upon payment of costs incurred in respect of such proceedings, any bond posted or other financial security provided in connection with the suspended proceedings shall be released by the coastal State.

2. Proceedings to impose penalties on foreign vessels shall not be instituted after the expiry of three years from the date on which the violation was committed, and shall not be taken by any State in the event of proceedings having been instituted by another State subject to the provisions set out in paragraph 1.

3. The provisions of this article are without prejudice to the right of the flag State to take any measures, including proceedings to impose penalties, according to its laws irrespective of prior proceedings by another State.

229. gr.
Höfðun einkamáls

Ekkert í samningi þessum hefur áhrif á höfðun einkamáls vegna kröfu út af tjóni eða spjöllum sem stafa af mengun hafrýmisins.

230. gr.
Fjársektir og virðing fyrir viðurkenndum réttindum sökunauts

1. Aðeins má leggja fjársektir við brotum sem erlend skip fremja utan landhelginnar á lögum og reglum einstakra landa eða viðeigandi alþjóðlegum reglum og stöðlum til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun hafrýmisins.

2. Aðeins má leggja fjársektir við brotum sem erlend skip fremja í landhelginni á lögum og reglum einstakra landa eða viðeigandi alþjóðlegum reglum og stöðlum til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun hafrýmisins nema um sé að ræða vísvitandi og alvarlegan mengunarverknað í landhelginni.

3. Við meðferð máls vegna þessara brota, sem erlent skip fremur og leiða kunna til þess að refsing verði lögð á, skulu viðurkennd réttindi sökunauts virt.

231. gr.
Tilkynning til fánaríkisins og annarra hlutaðeigandi ríkja

Ríki skulu tafarlaust tilkynna fánaríkinu og öðru hlutaðeigandi ríki ráðstafanir, sem gerðar eru samkvæmt 6. kafla gagnvart erlendum skipum, og skulu láta fánaríkinu í té allar opinberar skýrslur um þessar ráðstafanir. Að því er snertir brot, sem framin eru í landhelginni, taka undanfarandi skuldbindingar strandríkisins þó aðeins til þeirra ráðstafana sem gerðar eru við meðferð máls. Sendierindreka eða ræðiserindreka og, ef unnt er, siglingamálastofnun fánaríkisins skal þegar í stað láta vita um þær ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt 6. kafla gagnvart erlendum skipum.

232. gr.
Ábyrgð ríkja af völdum framkvæmdarráðstafana

Ríki skulu bera ábyrgð á skaða eða tjóni sem þeim verður kennt um og er af völdum ráðstafana samkvæmt 6. kafla þegar þessar ráðstafanir eru ólöglegar eða ganga lengra en með sanngirni verður krafist með tilliti til upplýsinga sem fyrir liggja. Ríki skulu kveða á um rétt til að fara í mál fyrir dómstólum sínum vegna þessa skaða eða tjóns.

233. gr.
Verndarráðstafanir að því er snertir sund, notuð til alþjóðlegra siglinga

Ekkert í 5., 6. og 7. kafla hefur áhrif á lagareglurnar um sund, notuð til alþjóðlegra siglinga. Ef annað erlent skip en þau, sem getið er í 10. kafla, hefur framið brot á lögunum og reglunum, sem getið er í 42. gr., 1. tl. a) og b), og brotið veldur eða veldur hættu á meiri háttar spjöllum á hafrými sundanna geta ríkin, sem liggja að sundunum, þó gert viðeigandi framkvæmdarráðstafanir og skulu þau; ef svo er, fara eftir ákvæðum þessa kafla að breyttu breytanda.

Article 229
Institution of civil proceedings

Nothing in this Convention affects the institution of civil proceedings in respect of any claim for loss or damage resulting from pollution of the marine environment.

Article 230
Monetary penalties and the observance of recognized rights of the accused

1. Monetary penalties only may be imposed with respect to violations of national laws and regulations or applicable international rules and standards for the prevention, reduction and control of pollution of the marine environment, committed by foreign vessels beyond the territorial sea.

2. Monetary penalties only may be imposed with respect to violations of national laws and regulations or applicable international rules and standards for the prevention, reduction and control of pollution of the marine environment, committed by foreign vessels in the territorial sea, except in the case of a wilful and serious act of pollution in the territorial sea.

3. In the conduct of proceedings in respect of such violations committed by a foreign vessel which may result in the imposition of penalties, recognized rights of the accused shall be observed.

Article 231
Notification to the flag State and other States concerned

States shall promptly notify the flag State and any other State concerned of any measures taken pursuant to section 6 against foreign vessels, and shall submit to the flag State all official reports concerning such measures. However, with respect to violations committed in the territorial sea, the foregoing obligations of the coastal State apply only to such measures as are taken in proceedings. The diplomatic agents or consular officers and where possible the maritime authority of the flag State, shall be immediately informed of any such measures taken pursuant to section 6 against foreign vessels.

Article 232
Liability of States arising from enforcement measures

States shall be liable for damage or loss attributable to them arising from measures taken pursuant to section 6 when such measures are unlawful or exceed those reasonably required in the light of available information. States shall provide for recourse in their courts for actions in respect of such damage or loss.

Article 233
Safeguards with respect to straits used for international navigation

Nothing in sections 5, 6 and 7 affects the legal régime of straits used for international navigation. However, if a foreign ship other than those referred to in section 10 has committed a violation of the laws and regulations referred to in article 42, paragraph 1(a) and (b), causing or threatening major damage to the marine environment of the straits, the States bordering the straits may take appropriate enforcement measures and if so shall respect *mutatis mutandis* the provisions of this section.

8. KAFLI. HAFÍSSVÆÐI

234. gr.
Hafíssvæði

Strandríki hafa rétt til að setja og framkvæma lög og reglur, sem fela ekki í sér mismunun, til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun hafsins frá skipum á hafíssvæðum innan marka sérefnahagslögsögunnar þar sem sérlega slæm veðurfarsskilyrði og nálægð hafíss yfir þessum svæðum skapa hindranir eða óvenjulegar hættur í siglingum mestallt árið og mengun hafrýmisins gæti valdið meiri háttar skaða eða óbætanlegri röskun á hinu vistfræðilega jafnvægi. Í þessum lögum og reglum skal taka tilhlýðilegt tillit til siglinga og verndunar og varðveislu hafrýmisins á grundvelli bestu vísindalegu niðurstaðna sem tiltækar eru.

9. KAFLI. SKYLDA OG ÁBYRGÐ

235. gr.
Skylda og ábyrgð

1. Ríkjum er skylt að standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar um verndun og varðveislu hafrýmisins. Þau skulu bera ábyrgð samkvæmt þjóðarétti.

2. Ríki skulu tryggja að samkvæmt réttarkerfum þeirra sé fyrir hendi réttur til að fá tafarlaust hæfilegar skaðabætur eða aðrar bætur vegna spjalla af völdum mengunar hafrýmisins af hálfu einstaklinga eða lögpersóna undir lögsögu þeirra.

3. Í þeim tilgangi að tryggja tafarlaust hæfilegar skaðabætur vegna allra spjalla af völdum mengunar hafrýmisins skulu ríki starfa saman að framkvæmd gildandi þjóðaréttar og frekari þróun þjóðaréttar viðvíkjandi skyldu og ábyrgð til að meta og bæta spjöll og leysa skyld deilumál, svo og eftir atvikum þróun reglna og starfshátta um greiðslu hæfilegra skaðabóta, t. d. um skyldutryggingu eða skaðabótasjóði.

10. KAFLI. FRIÐHELGI Á GRUNDVELLI FULLVELDIS

236. gr.
Friðhelgi á grundvelli fullveldis

Ákvæði samnings þessa um verndun og varðveislu hafrýmisins gilda ekki um herskip, aðstoðarskip flotans, önnur skip né loftför sem ríki á eða rekur og eru sem stendur aðeins notuð í þjónustu ríkisins til annars en kaupferða. Sérhvert ríki skal þó tryggja, með því að gera viðeigandi ráðstafanir án skaða fyrir rekstur eða rekstrarmöguleika þessara skipa eða loftfara sem það á eða rekur, að þessi skip eða loftför fari að samkvæmt samningi þessum að svo miklu leyti sem skynsamlegt og gerlegt er.

SECTION 8. ICE-COVERED AREAS

Article 234
Ice-covered areas

Coastal States have the right to adopt and enforce non-discriminatory laws and regulations for the prevention, reduction and control of marine pollution from vessels in ice-covered areas within the limits of the exclusive economic zone, where particularly severe climatic conditions and the presence of ice covering such areas for most of the year create obstructions or exceptional hazards to navigation, and pollution of the marine environment could cause major harm to or irreversible disturbance of the ecological balance. Such laws and regulations shall have due regard to navigation and the protection and preservation of the marine environment based on the best available scientific evidence.

SECTION 9. RESPONSIBILITY AND LIABILITY

Article 235
Responsibility and liability

1. States are responsible for the fulfilment of their international obligations concerning the protection and preservation of the marine environment. They shall be liable in accordance with international law.

2. States shall ensure that recourse is available in accordance with their legal systems for prompt and adequate compensation or other relief in respect of damage caused by pollution of the marine environment by natural or juridical persons under their jurisdiction.

3. With the objective of assuring prompt and adequate compensation in respect of all damage caused by pollution of the marine environment, States shall co-operate in the implementation of existing international law and the further development of international law relating to responsibility and liability for the assessment of and compensation for damage and the settlement of related disputes, as well as, where appropriate, development of criteria and procedures for payment of adequate compensation, such as compulsory insurance or compensation funds.

SECTION 10. SOVEREIGN IMMUNITY

Article 236
Sovereign immunity

The provisions of this Convention regarding the protection and preservation of the marine environment do not apply to any warship, naval auxiliary, other vessels or aircraft owned or operated by a State and used, for the time being, only on government non-commercial service. However, each State shall ensure, by the adoption of appropriate measures not impairing operations or operational capabilities of such vessels or aircraft owned or operated by it, that such vessels or aircraft act in a manner consistent, so far as is reasonable and practicable, with this Convention.

11. KAFLI. SKULDBINDINGAR SAMKVÆMT ÖÐRUM SAMNINGUM UM VERNDUN OG VARÐVEISLU HAFRÝMISINS

237. gr.
Skuldbindingar samkvæmt öðrum samningum um verndun og varðveislu hafrýmisins

1. Ákvæði þessa hluta hnekkja hvorki hinum sérstöku skuldbindingum, sem ríki hafa tekið á sig með sérstökum áður gerðum samþykktum og samningum og snerta verndun og varðveislu hafrýmisins, né samningum sem kunna að verða gerðir til að styrkja almennu meginreglurnar í samningi þessum.

2. Sérstakar skuldbindingar, sem snerta verndun og varðveislu hafrýmisins og ríki hafa tekið á sig með sérstökum samningum, skal framkvæma samkvæmt almennum meginreglum og markmiðum samnings þessa.

XIII. HLUTI

HAFRANNSÓKNIR

1. KAFLI. ALMENN ÁKVÆÐI

238. gr.
Réttur til að stunda hafrannsóknir

Öll ríki, án tillits til landfræðilegrar legu sinnar, og þar til bærar alþjóðastofnanir hafa rétt til að stunda hafrannsóknir í samræmi við réttindi og skyldur annarra ríkja sem kveðið er á um í samningi þessum.

239. gr.
Efling hafrannsókna

Ríki og þar til bærar alþjóðastofnanir skulu efla og auðvelda þróun og framkvæmd hafrannsókna samkvæmt samningi þessum.

240. gr.
Almennar meginreglur um framkvæmd hafrannsókna

Við framkvæmd hafrannsókna skulu eftirfarandi meginreglur gilda:

a) Hafrannsóknir skal einvörðungu stunda í friðsamlegum tilgangi;

b) hafrannsóknir skal stunda með viðeigandi vísindalegum aðferðum og tækjum samkvæmt samningi þessum;

c) hafrannsóknir skulu ekki tálma á óréttlætanlegan hátt öðrum lögmætum notum hafsins sem samrýmast samningi þessum og skal, meðan á þessum notum stendur, taka tilhlýðilegt tillit til þeirra;

SECTION 11. OBLIGATIONS UNDER OTHER CONVENTIONS ON THE PROTECTION AND PRESERVATION OF THE MARINE ENVIRONMENT

Article 237
Obligations under other conventions on the protection and preservation of the marine environment

1. The provisions of this Part are without prejudice to the specific obligations assumed by States under special conventions and agreements concluded previously which relate to the protection and preservation of the marine environment and to agreements which may be concluded in furtherance of the general principles set forth in this Convention.

2. Specific obligations assumed by States under special conventions, with respect to the protection and preservation of the marine environment, should be carried out in a manner consistent with the general principles and objectives of this Convention.

PART XIII

MARINE SCIENTIFIC RESEARCH

SECTION 1. GENERAL PROVISIONS

Article 238
Right to conduct marine scientific research

All States, irrespective of their geographical location, and competent international organizations have the right to conduct marine scientific research subject to the rights and duties of other States as provided for in this Convention.

Article 239
Promotion of marine scientific research

States and competent international organizations shall promote and facilitate the development and conduct of marine scientific research in accordance with this Convention.

Article 240
General principles for the conduct of marine scientific research

In the conduct of marine scientific research the following principles shall apply:

(a) marine scientific research shall be conducted exclusively for peaceful purposes;

(b) marine scientific research shall be conducted with appropriate scientific methods and means compatible with this Convention;

(c) marine scientific research shall not unjustifiably interfere with other legitimate uses of the sea compatible with this Convention and shall be duly respected in the course of such uses;

d) hafrannsóknir skal stunda samkvæmt öllum viðeigandi reglum sem settar eru í samræmi við samning þennan, m. a. reglunum um verndun og varðveislu hafrýmisins.

241. gr.
Hafrannsóknastarfsemi ekki viðurkennd sem lagagrundvöllur kröfu

Hafrannsóknastarfsemi skal ekki vera lagagrundvöllur kröfu til nokkurs hluta hafrýmisins né auðlinda þess.

2. KAFLI. ALÞJÓÐASAMSTARF

242. gr.
Efling alþjóðasamstarfs

1. Samkvæmt meginreglunni um virðingu fyrir fullveldi og lögsögu og á grundvelli gagnkvæms hags skulu ríki og þar til bærar alþjóðastofnanir efla alþjóðasamstarf um hafrannsóknir í friðsamlegum tilgangi.

2. Í þessu sambandi skal ríki við beitingu þessa hluta, að óhnekktum réttindum og skyldum ríkja samkvæmt samningi þessum, eftir atvikum gefa öðrum ríkjum sanngjarnt tækifæri til að fá frá því eða með samstarfi við það nauðsynlegar upplýsingar til að koma í veg fyrir og hafa eftirlit með tjóni á heilsu og öryggi manna og spjöllum á hafrýminu.

243. gr.
Sköpun hagstæðra skilyrða

Ríki og þar til bærar alþjóðastofnanir skulu með gerð tvíhliða og marghliða samninga starfa saman að því að skapa hagstæð skilyrði fyrir framkvæmd hafrannsókna í hafrýminu og sameina krafta vísindamanna við rannsóknir á eðli fyrirbæra og breytinga, sem sjást í hafrýminu, og innbyrðis tengslum þeirra.

244. gr.
Birting og dreifing upplýsinga og þekkingar

1. Ríki og þar til bærar alþjóðastofnanir skulu samkvæmt samningi þessum, með birtingu og dreifingu eftir viðeigandi leiðum, koma á framfæri upplýsingum um fyrirhugaðar meiri háttar áætlanir og markmið sín, svo og þekkingu á grundvelli hafrannsókna.

2. Í þessu skyni skulu ríki, bæði hvert um sig og í samstarfi við önnur ríki og þar til bærar alþjóðastofnanir, á virkan hátt auka dreifingu vísindalegra gagna og upplýsinga og miðlun þekkingar á grundvelli hafrannsókna, einkum til þróunarríkja, svo og efla möguleika þróunarríkja til hafrannsókna upp á eigin spýtur, m. a. með áætlunum um að láta tækni- og vísindastarfsliði þeirra í té fullnægjandi menntun og þjálfun.

(d) marine scientific research shall be conducted in compliance with all relevant regulations adopted in conformity with this Convention including those for the protection and preservation of the marine environment.

Article 241
Non-recognition of marine scientific research activities as the legal basis for claims

Marine scientific research activities shall not constitute the legal basis for any claim to any part of the marine environment or its resources.

SECTION 2. INTERNATIONAL CO-OPERATION

Article 242
Promotion of international co-operation

1. States and competent international organizations shall, in accordance with the principle of respect for sovereignty and jurisdiction and on the basis of mutual benefit, promote international co-operation in marine scientific research for peaceful purposes.

2. In this context, without prejudice to the rights and duties of States under this Convention, a State, in the application of this Part, shall provide, as appropriate, other States with a reasonable opportunity to obtain from it, or with its co-operation, information necessary to prevent and control damage to the health and safety of persons and to the marine environment.

Article 243
Creation of favourable conditions

States and competent international organizations shall co-operate, through the conclusion of bilateral and multilateral agreements, to create favourable conditions for the conduct of marine scientific research in the marine environment and to integrate the efforts of scientists in studying the essence of phenomena and processes occurring in the marine environment and the interrelations between them.

Article 244
Publication and dissemination of information and knowledge

1. States and competent international organizations shall, in accordance with this Convention, make available by publication and dissemination through appropriate channels information on proposed major programmes and their objectives as well as knowledge resulting from marine scientific research.

2. For this purpose, States, both individually and in co-operation with other States and with competent international organizations, shall actively promote the flow of scientific data and information and the transfer of knowledge resulting from marine scientific research, especially to developing States, as well as the strengthening of the autonomous marine scientific research capabilities of developing States through, *inter alia,* programmes to provide adequate education and training of their technical and scientific personnel.

3. KAFLI. FRAMKVÆMD OG EFLING HAFRANNSÓKNA

245. gr.
Hafrannsóknir í landhelginni

Þegar strandríki beita fullveldisrétti sínum hafa þau einkarétt á að setja reglur um, heimila og stunda hafrannsóknir í landhelgi sinni. Hafrannsóknir skal aðeins stunda þar með skýlausu samþykki strandríkisins og samkvæmt skilyrðunum sem það setur.

246. gr.
Hafrannsóknir í sérefnahagslögsögunni og á landgrunninu

1. Þegar strandríki halda uppi lögsögu sinni hafa þau rétt til að setja reglur um, heimila og stunda hafrannsóknir í sérefnahagslögsögu sinni og á landgrunni sínu samkvæmt viðeigandi ákvæðum samnings þessa.

2. Hafrannsóknir í sérefnahagslögsögunni og á landgrunninu skal stunda með samþykki strandríkisins.

3. Strandríki skulu við venjulegar aðstæður veita samþykki sitt fyrir hafrannsóknaverkefnum af hálfu annarra ríkja eða þar til bærra alþjóðastofnana í sérefnahagslögsögu sinni eða á landgrunni sínu enda séu þau framkvæmd samkvæmt samningi þessum í friðsamlegum tilgangi einvörðungu og til að auka vísindalega þekkingu á hafrýminu til hagsbóta fyrir allt mannkynið. Í þessu skyni skulu strandríki móta reglur og starfshætti sem tryggi að ekki sé án raka tafið eða neitað að veita þetta samþykki.

4. Að því er varðar beitingu 3. tl. kunna venjulegar aðstæður að vera fyrir hendi þótt ekki sé stjórnmálasamband milli strandríkisins og rannsóknaríkisins.

5. Strandríki geta þó að vild sinni synjað um samþykki sitt fyrir framkvæmd hafrannsóknaverkefnis annars ríkis eða þar til bærrar alþjóðastofnunar í sérefnahagslögsögu eða á landgrunni strandríkisins ef það verkefni:

a) hefur beina þýðingu fyrir rannsóknir á lífrænum sem ólífrænum náttúruauðlindum og hagnýtingu þeirra;
b) hefur í för með sér boranir í landgrunnið, notkun sprengiefna eða losun skaðlegra efna í hafrýmið;
c) hefur í för með sér gerð, rekstur eða afnot tilbúinna eyja, útbúnaðar og mannvirkja sem getið er í 60. og 80. gr.;
d) felur í sér upplýsingar, sem miðlað er samkvæmt 248. gr. um eðli og markmið verkefnisins en reynast ónákvæmar, ellegar rannsóknaríkið eða þar til bær alþjóðastofnun hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart strandríkinu á grundvelli fyrra rannsóknaverkefnis.

6. Þrátt fyrir ákvæði 5. tl. mega strandríki ekki eftir eigin geðþótta synja um samþykki samkvæmt a-lið þess töluliðs vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar hafrannsóknaverkefna samkvæmt ákvæðum þessa hluta á landgrunninu, utan 200 sjómílna frá grunnlínunum, sem viðátta landhelginnar er mæld frá, og utan við þau sérstöku svæði sem strandríki geta hvenær sem er ákveðið opinberlega sem svæði þar sem hagnýting eða ítarleg rannsóknastörf, er beinast að þessum svæðum, fara

SECTION 3. CONDUCT AND PROMOTION OF MARINE SCIENTIFIC RESEARCH

Article 245
Marine scientific research in the territorial sea

Coastal States, in the exercise of their sovereignty, have the exclusive right to regulate, authorize and conduct marine scientific research in their territorial sea. Marine scientific research therein shall be conducted only with the express consent of and under the conditions set forth by the coastal State.

Article 246
Marine scientific research in the exclusive economic zone and on the continental shelf

1. Coastal States, in the exercise of their jurisdiction, have the right to regulate, authorize and conduct marine scientific research in their exclusive economic zone and on their continental shelf in accordance with the relevant provisions of this Convention.

2. Marine scientific research in the exclusive economic zone and on the continental shelf shall be conducted with the consent of the coastal State.

3. Coastal States shall, in normal circumstances, grant their consent for marine scientific research projects by other States or competent international organizations in their exclusive economic zone or on their continental shelf to be carried out in accordance with this Convention exclusively for peaceful purposes and in order to increase scientific knowledge of the marine environment for the benefit of all mankind. To this end, coastal States shall establish rules and procedures ensuring that such consent will not be delayed or denied unreasonably.

4. For the purposes of applying paragraph 3, normal circumstances may exist in spite of the absence of diplomatic relations between the coastal State and the researching State.

5. Coastal States may however in their discretion withhold their consent to the conduct of a marine scientific research project of another State or competent international organization in the exclusive economic zone or on the continental shelf of the coastal State if that project:

(a) is of direct significance for the exploration and exploitation of natural resources, whether living or non-living;
(b) involves drilling into the continental shelf, the use of explosives or the introduction of harmful substances into the marine environment;
(c) involves the construction, operation or use of artificial islands, installations and structures referred to in articles 60 and 80;
(d) contains information communicated pursuant to article 248 regarding the nature and objectives of the project which is inaccurate or if the researching State or competent international organization has outstanding obligations to the coastal State from a prior research project.

6. Notwithstanding the provisions of paragraph 5, coastal States may not exercise their discretion to withhold consent under subparagraph (a) of that paragraph in respect of marine scientific research projects to be undertaken in accordance with the provisions of this Part on the continental shelf, beyond 200 nautical miles from the baselines from which the breadth of the territorial sea is measured, outside those specific areas which coastal States may at any time pub-

fram eða munu fara fram innan hæfilegs tíma. Strandríki skulu vekja eðlilega athygli á ákvörðun um þessi svæði ásamt breytingum þar á en skal ekki skylt að gefa upplýsingar um einstök atriði í störfunum þar.

7. Ákvæði 6. tl. hnekkja ekki réttindum strandríkja yfir landgrunninu sem ákveðin eru í 77. gr.

8. Hafrannsóknastarfsemi, sem getið er í þessari grein, skal ekki tálma á óréttlætanlegan hátt starfsemi sem strandríki hafa með höndum þegar þau beita fullveldisréttindum sínum og halda uppi lögsögu sinni sem kveðið er á um í samningi þessum.

247. gr.

Hafrannsóknaverkefni sem alþjóðastofnanir framkvæma eða hafa umsjón með

Ef strandríki er aðili að eða hefur gert tvíhliða samning við alþjóðastofnun og sú stofnun vill beint eða sem umsjónaraðili framkvæma hafrannsóknaverkefni í sérefnahagslögsögu eða á landgrunni þess skal það talið hafa heimilað framkvæmd verkefnisins í samræmi við hina umsömdu lýsingu ef það ríki samþykkti hið ítarlega verkefni þegar stofnunin tók ákvörðunina um framkvæmd verkefnisins, eða það er fúst að taka þátt í því, og hefur ekki borið fram mótmæli innan fjögurra mánaða frá því að stofnunin tilkynnti strandríkinu um verkefnið.

248. gr.

Skylda til að veita strandríkinu upplýsingar

Ríki og þar til bærar alþjóðastofnanir, sem hyggjast stunda hafrannsóknir í sérefnahagslögsögu eða á landgrunni strandríkis, skulu eigi síðar en sex mánuðum fyrir ráðgerðan upphafsdag hafrannsóknaverkefnisins láta því ríki í té ítarlega lýsingu á:

a) eðli og markmiðum verkefnisins;
b) aðferðinni og tækjunum sem nota á, m. a. nafn, rúmlestatölu, tegund og flokk skipa og lýsingu á vísindabúnaði;
c) hinum afmörkuðu landfræðilegu svæðum þar sem framkvæma á verkefnið;
d) hinum ráðgerða fyrsta komudegi og síðasta brottfarardegi rannsóknaskipanna eða dreifingu búnaðarins og upptöku hans eftir því sem við á;
e) nafni stofnunarinnar sem ábyrgð ber, forstjóra hennar og manninum sem stýrir verkefninu; og
f) því að hve miklu leyti talið sé að strandríkið eigi að geta tekið þátt í eða átt fulltrúa í verkefninu.

249. gr.

Skylda til að uppfylla viss skilyrði

1. Þegar ríki og þar til bærar alþjóðastofnanir stunda hafrannsóknir í sérefnahagslögsögu eða á landgrunni strandríkis skulu þau uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) tryggja rétt strandríkisins, ef það hefur hug á, til að taka þátt í eða eiga fulltrúa í hafrannsóknaverkefninu, einkum um borð í rannsóknaskipum og öðrum förum eða í mannvirkjum til vísindarannsókna, þegar unnt er, án þess að

licly designate as areas in which exploitation or detailed exploratory operations focused on those areas are occurring or will occur within a reasonable period of time. Coastal States shall give reasonable notice of the designation of such areas, as well as any modifications thereto, but shall not be obliged to give details of the operations therein.

7. The provisions of paragraph 6 are without prejudice to the rights of coastal States over the continental shelf as established in article 77.

8. Marine scientific research activities referred to in this article shall not unjustifiably interfere with activities undertaken by coastal States in the exercise of their sovereign rights and jurisdiction provided for in this Convention.

Article 247
Marine scientific research projects undertaken by or under the auspices of international organizations

A coastal State which is a member of or has a bilateral agreement with an international organization, and in whose exclusive economic zone or on whose continental shelf that organization wants to carry out a marine scientific research project, directly or under its auspices, shall be deemed to have authorized the project to be carried out in conformity with the agreed specifications if that State approved the detailed project when the decision was made by the organization for the undertaking of the project, or is willing to participate in it, and has not expressed any objection within four months of notification of the project by the organization to the coastal State.

Article 248
Duty to provide information to the coastal State

States and competent international organizations which intend to undertake marine scientific research in the exclusive economic zone or on the continental shelf of a coastal State shall, not less than six months in advance of the expected starting date of the marine scientific research project, provide that State with a full description of:

(a) the nature and objectives of the project;
(b) the method and means to be used, including name, tonnage, type and class of vessels and a description of scientific equipment;
(c) the precise geographical areas in which the project is to be conducted;
(d) the expected date of first appearance and final departure of the research vessels, or deployment of the equipment and its removal, as appropriate;
(e) the name of the sponsoring institution, its director, and the person in charge of the project; and
(f) the extent to which it is considered that the coastal State should be able to participate or to be represented in the project.

Article 249
Duty to comply with certain conditions

1. States and competent international organizations when undertaking marine scientific research in the exclusive economic zone or on the continental shelf of a coastal State shall comply with the following conditions:

(a) ensure the right of the coastal State, if it so desires, to participate or be represented in the marine scientific research project, especially on board research vessels and other craft or scientific research installations, when

vísindamönnum strandríkisins séu greidd laun eða skylt sé að greiða hluta kostnaðar við verkefnið;

b) láta strandríkinu í té að beiðni þess áfangaskýrslur, eins fljótt og auðið er, og endanlegar niðurstöður og ályktanir þegar rannsóknunum er lokið;

c) takast á hendur að veita strandríkinu að beiðni þess aðgang að öllum gögnum og sýnishornum, sem rakin verða til hafrannsóknaverkefnisins, og einnig að láta því í té gögn, sem afrita má, og sýnishorn sem skipta má án þess að vísindalegt gildi þeirra minnki;

d) sé þess óskað, láta strandríkinu í té mat á þessum gögnum, sýnishornum og rannsóknaniðurstöðum ellegar veita aðstoð til að meta eða túlka þau;

e) tryggja að niðurstöðum rannsóknanna sé eftir viðeigandi innlendum eða alþjóðlegum leiðum komið á framfæri á alþjóðavettvangi eins fljótt og auðið er, samanber þó 2. tl.;

f) láta strandríkið þegar í stað vita um sérhverja meiri háttar breytingu á rannsóknaáætluninni;

g) fjarlægja mannvirkin eða búnaðinn til vísindarannsóknanna að rannsóknunum loknum nema um annað sé samið.

2. Þessi grein hnekkir ekki skilyrðunum sem sett eru í lögum og reglum strandríkisins um notkun valfrelsis þess til að veita eða synja um samþykki samkvæmt 246. gr., 5. tl., m. a. um nauðsyn á samþykki fyrirfram fyrir því að koma á framfæri á alþjóðavettvangi niðurstöðum rannsókna í verkefni sem hefur beina þýðingu fyrir rannsóknir á náttúruauðlindum og hagnýtingu þeirra.

250. gr.
Tilkynningar varðandi hafrannsóknaverkefni

Tilkynningum varðandi hafrannsóknaverkefni skal koma á framfæri eftir viðeigandi opinberum leiðum nema um annað sé samið.

251. gr.
Almennir mælikvarðar og leiðbeiningarreglur

Ríki skulu á vettvangi þar til bærra alþjóðastofnana freista þess að stuðla að mótun almennra mælikvarða og leiðbeiningarreglna til þess að aðstoða ríki við að ganga úr skugga um eðli hafrannsókna og hvað þær feli í sér.

252. gr.
Þögult samþykki

Ríki eða þar til bærar alþjóðastofnanir mega hefjast handa við hafrannsóknaverkefni að liðnum sex mánuðum frá deginum er strandríkinu voru látnar í té upplýsingarnar sem krafist er í 248. gr. nema strandríkið hafi innan fjögurra mánaða frá móttöku tilkynningarinnar, sem geymir þessar upplýsingar, látið ríkið eða stofnunina, sem stundar rannsóknirnar, vita að:

a) það hafi synjað um samþykki sitt samkvæmt ákvæðum 246. gr.; eða

b) upplýsingarnar, sem það ríki eða þar til bær alþjóðastofnun hefur veitt um eðli eða markmið verkefnisins, séu ekki í samræmi við bersýnilega auðsæjar staðreyndir; eða

practicable, without payment of any remuneration to the scientists of the coastal State and without obligation to contribute towards the costs of the project;

(b) provide the coastal State, at its request, with preliminary reports, as soon as practicable, and with the final results and conclusions after the completion of the research;

(c) undertake to provide access for the coastal State, at its request, to all data and samples derived from the marine scientific research project and likewise to furnish it with data which may be copied and samples which may be divided without detriment to their scientific value;

(d) if requested, provide the coastal State with an assessment of such data, samples and research results or provide assistance in their assessment or interpretation;

(e) ensure, subject to paragraph 2, that the research results are made internationally available through appropriate national or international channels, as soon as practicable;

(f) inform the coastal State immediately of any major change in the research programme;

(g) unless otherwise agreed, remove the scientific research installations or equipment once the research is completed.

2. This article is without prejudice to the conditions established by the laws and regulations of the coastal State for the exercise of its discretion to grant or withhold consent pursuant to article 246, paragraph 5, including requiring prior agreement for making internationally available the research results of a project of direct significance for the exploration and exploitation of natural resources.

Article 250
Communications concerning marine scientific research projects

Communications concerning the marine scientific research projects shall be made through appropriate official channels, unless otherwise agreed.

Article 251
General criteria and guidelines

States shall seek to promote through competent international organizations the establishment of general criteria and guidelines to assist States in ascertaining the nature and implications of marine scientific research.

Article 252
Implied consent

States or competent international organizations may proceed with a marine scientific research project six months after the date upon which the information required pursuant to article 248 was provided to the coastal State unless within four months of the receipt of the communication containing such information the coastal State has informed the State or organization conducting the research that:

(a) it has withheld its consent under the provisions of article 246; or

(b) the information given by that State or competent international organization regarding the nature or objectives of the project does not conform to the manifestly evident facts; or

c) það þarfnist viðbótarupplýsinga að því er viðkemur skilyrðum og upplýsingum sem kveðið er á um í 248. og 249. gr.; eða

d) ekki hafi verið staðið við skuldbindingar vegna fyrra hafrannsóknaverkefnis sem það ríki eða sú stofnun hefur framkvæmt sé litið til skilyrða sem sett eru í 249. gr.

253. gr.
Frestun eða stöðvun hafrannsóknastarfsemi

1. Strandríki skal hafa rétt til að krefjast frestunar hafrannsóknastarfsemi, sem fram fer í sérefnahagslögsögu eða á landgrunni þess, ef:

a) rannsóknastarfsemin er ekki stunduð samkvæmt upplýsingunum sem miðlað er eins og kveðið er á um í 248. gr. og samþykki strandríkisins grundvallaðist á; eða

b) ríkið eða þar til bær alþjóðastofnun, sem stundar rannsóknastarfsemina, lætur undir höfuð leggjast að fara eftir ákvæðum 249. gr. um réttindi strandríkisins að því er snertir hafrannsóknaverkefnið.

2. Strandríki skal hafa rétt til að krefjast stöðvunar hafrannsóknastarfsemi ef misbrestur á því, að farið sé eftir ákvæðum 248. gr., jafngildir meiri háttar breytingu á rannsóknaverkefninu eða rannsóknastarfseminni.

3. Strandríki getur einnig krafist stöðvunar hafrannsóknastarfsemi ef ekki er innan hæfilegs tíma ráðin bót á hverjum þeim vanda sem gert er ráð fyrir í 1. tl.

4. Í kjölfar tilkynningar strandríkisins um þá ákvörðun sína að fyrirskipa frestun eða stöðvun skulu ríki eða þar til bærar alþjóðastofnanir, sem heimilt er að stunda hafrannsóknastarfsemi, hætta rannsóknastarfseminni sem fjallað er um í þessari tilkynningu.

5. Strandríkið skal afturkalla fyrirskipun um frestun samkvæmt 1. tl. og leyfa skal framhald hafrannsóknastarfsemi um leið og rannsóknaríkið eða þar til bær alþjóðastofnun hefur uppfyllt skilyrðin sem sett eru í 248. og 249. gr.

254. gr.
Réttindi landluktra og landfræðilega afskiptra nágrannaríkja

1. Ríki og þar til bærar alþjóðastofnanir, er lagt hafa fyrir strandríki verkefni varðandi framkvæmd hafrannsókna sem getið er í 246. gr., 3. tl., skulu vekja athygli landluktu og landfræðilega afskiptu nágrannaríkjanna á hinu fyrirhugaða rannsóknaverkefni og tilkynna strandríkinu það.

2. Þegar hlutaðeigandi strandríki hefur veitt samþykki sitt til hins fyrirhugaða hafrannsóknaverkefnis samkvæmt 246. gr. og öðrum viðeigandi ákvæðum samnings þessa skulu ríki og þar til bærar alþjóðastofnanir, sem framkvæma þetta verkefni, láta landluktu og landfræðilega afskiptu nágrannaríkjunum í té, að beiðni þeirra og þegar við á, viðeigandi upplýsingar sem tilteknar eru í 248. gr. og 249. gr., 1. tl. f).

(c) it requires supplementary information relevant to conditions and the information provided for under articles 248 and 249; or

(d) outstanding obligations exist with respect to a previous marine scientific research project carried out by that State or organization, with regard to conditions established in article 249.

Article 253
Suspension or cessation of marine scientific research activities

1. A coastal State shall have the right to require the suspension of any marine scientific research activities in progress within its exclusive economic zone or on its continental shelf if:

(a) the research activities are not being conducted in accordance with the information communicated as provided under article 248 upon which the consent of the coastal State was based; or

(b) the State or competent international organization conducting the research activities fails to comply with the provisions of article 249 concerning the rights of the coastal State with respect to the marine scientific research project.

2. A coastal State shall have the right to require the cessation of any marine scientific research activities in case of any non-compliance with the provisions of article 248 which amounts to a major change in the research project or the research activities.

3. A coastal State may also require cessation of marine scientific research activities if any of the situations contemplated in paragraph 1 are not rectified within a reasonable period of time.

4. Following notification by the coastal State of its decision to order suspension or cessation, States or competent international organizations authorized to conduct marine scientific research activities shall terminate the research activities that are the subject of such a notification.

5. An order of suspension under paragraph 1 shall be lifted by the coastal State and the marine scientific research activities allowed to continue once the researching State or competent international organization has complied with the conditions required under articles 248 and 249.

Article 254
Rights of neighbouring land-locked and geographically disadvantaged States

1. States and competent international organizations which have submitted to a coastal State a project to undertake marine scientific research referred to in article 246, paragraph 3, shall give notice to the neighbouring land-locked and geographically disadvantaged States of the proposed research project, and shall notify the coastal State thereof.

2. After the consent has been given for the proposed marine scientific research project by the coastal State concerned, in accordance with article 246 and other relevant provisions of this Convention, States and competent international organizations undertaking such a project shall provide to the neighbouring land-locked and geographically disadvantaged States, at their request and when appropriate, relevant information as specified in article 248 and article 249, paragraph 1(f).

3. Landluktu og landfræðilega afskiptu nágrannaríkjunum, sem getið er hér að ofan, skal að beiðni þeirra gefa tækifæri til að láta hæfa sérfræðinga, sem þau tilnefna og strandríkið er ekki mótfallið, taka þátt í hinu fyrirhugaða hafrannsóknaverkefni hvenær sem gerlegt er, og þá samkvæmt skilyrðunum er hlutaðeigandi strandríki og ríkið eða þar til bærar alþjóðastofnanir, sem stunda hafrannsóknirnar, samþykkja vegna verkefnisins í samræmi við ákvæði samnings þessa.

4. Ríki og þar til bærar alþjóðastofnanir, sem getið er í 1. tl., skulu láta ofangreindum landluktum og landfræðilega afskiptum ríkjum í té að beiðni þeirra upplýsingarnar og aðstoðina sem tiltekin er í 249. gr., 1. tl. d), samanber þó ákvæði 249. gr., 2. tl.

255. gr.
Ráðstafanir til að auðvelda hafrannsóknir og aðstoða rannsóknaskip

Ríki skulu leitast við að móta sanngjarnar reglur, reglugerðir og starfshætti til að efla og auðvelda hafrannsóknir, sem stundaðar eru samkvæmt samningi þessum utan landhelginnar, og, eftir atvikum, til að auðvelda í samræmi við ákvæði laga og reglna sinna aðgang að höfnum sínum og auka aðstoð handa hafrannsóknaskipum sem fara eftir viðeigandi ákvæðum þessa hluta.

256. gr.
Hafrannsóknir á svæðinu

Öll ríki, án tillits til landfræðilegrar legu sinnar, og þar til bærar alþjóðastofnanir hafa rétt til að stunda hafrannsóknir á svæðinu í samræmi við ákvæði XI. hluta.

257. gr.
Hafrannsóknir á hafsvæðinu utan sérefnahagslögsögunnar

Öll ríki, án tillits til landfræðilegrar legu sinnar, og þar til bærar alþjóðastofnanir hafa rétt til að stunda hafrannsóknir á hafsvæðinu utan marka sérefnahagslögsögunnar í samræmi við samning þennan.

4. KAFLI. MANNVIRKI EÐA BÚNAÐUR TIL VÍSINDARANNSÓKNA Í HAFRÝMINU

258. gr.
Dreifing og notkun

Dreifing og notkun hvers kyns mannvirkja eða búnaðar til vísindarannsókna á einhverju hafrýmissvæði skal háð sömu skilyrðunum og mælt er fyrir um í samningi þessum vegna framkvæmdar hafrannsókna á hverju þessara svæða.

3. The neighbouring land-locked and geographically disadvantaged States referred to above shall, at their request, be given the opportunity to participate, whenever feasible, in the proposed marine scientific research project through qualified experts appointed by them and not objected to by the coastal State, in accordance with the conditions agreed for the project, in conformity with the provisions of this Convention, between the coastal State concerned and the State or competent international organizations conducting the marine scientific research.

4. States and competent international organizations referred to in paragraph 1 shall provide to the above-mentioned land-locked and geographically disadvantaged States, at their request, the information and assistance specified in article 249, paragraph 1(d), subject to the provisions of article 249, paragraph 2.

Article 255
Measures to facilitate marine scientific research and assist research vessels

States shall endeavour to adopt reasonable rules, regulations and procedures to promote and facilitate marine scientific research conducted in accordance with this Convention beyond their territorial sea and, as appropriate, to facilitate, subject to the provisions of their laws and regulations, access to their harbours and promote assistance for marine scientific research vessels which comply with the relevant provisions of this Part.

Article 256
Marine scientific research in the Area

All States, irrespective of their geographical location, and competent international organizations have the right, in conformity with the provisions of Part XI, to conduct marine scientific research in the Area.

Article 257
Marine scientific research in the water column beyond the exclusive economic zone

All States, irrespective of their geographical location, and competent international organizations have the right, in conformity with this Convention, to conduct marine scientific research in the water column beyond the limits of the exclusive economic zone.

SECTION 4. SCIENTIFIC RESEARCH INSTALLATIONS OR EQUIPMENT IN THE MARINE ENVIRONMENT

Article 258
Deployment and use

The deployment and use of any type of scientific research installations or equipment in any area of the marine environment shall be subject to the same conditions as are prescribed in this Convention for the conduct of marine scientific research in any such area.

259. gr.
Réttarstaða

Mannvirkin eða búnaðurinn, sem getið er í þessum kafla, hafa ekki stöðu eyja. Þau hafa enga eigin landhelgi og tilvist þeirra hefur ekki áhrif á afmörkun landhelginnar, sérefnahagslögsögunnar né landgrunnsins.

260. gr.
Öryggisbelti

Umhverfis mannvirki til vísindarannsókna má samkvæmt viðeigandi ákvæðum samnings þessa ákveða hæfilega breið öryggisbelti sem ná ekki lengra út en 500 metra. Öll ríki skulu tryggja að skip þeirra virði þessi öryggisbelti.

261. gr.
Bann við tálmun á siglingaleiðum

Dreifing og notkun hvers kyns mannvirkja eða búnaðar til vísindarannsókna skal ekki valda tálma á viðurkenndum alþjóðlegum siglingaleiðum.

262. gr.
Auðkennismerki og viðvörunarmerki

Á mannvirkjum eða búnaði, sem getið er í þessum kafla, skulu vera auðkennismerki til að sýna skráningarríkið eða alþjóðastofnunina sem er eigandi þeirra, svo og fullnægjandi alþjóðlega viðurkennd viðvörunarmerki til að tryggja öryggi á sjó og öryggi flugumferðar, enda sé höfð hliðsjón af reglum og stöðlum sem þar til bærar alþjóðastofnanir setja.

5. KAFLI. SKYLDA OG ÁBYRGÐ

263. gr.
Skylda og ábyrgð

1. Ríkjum og þar til bærum alþjóðastofnunum ber skylda til að tryggja að hafrannsóknir séu stundaðar samkvæmt samningi þessum hvort sem þær eru stundaðar af þeim eða á vegum þeirra.
2. Ríki og þar til bærar alþjóðastofnanir skulu bera skyldu og ábyrgð vegna ráðstafana af hálfu þeirra andstætt samningi þessum viðvíkjandi hafrannsóknum, sem önnur ríki, einstaklingar eða lögpersónur þeirra ellegar þar til bærar alþjóðastofnanir stunda, og skulu greiða skaðabætur vegna skaða af völdum þessara ráðstafana.
3. Ríki og þar til bærar alþjóðastofnanir skulu bera skyldu og ábyrgð samkvæmt 235. gr. varðandi spjöll af völdum mengunar hafrýmisins vegna hafrannsókna sem stundaðar eru af þeim eða á vegum þeirra.

Article 259
Legal status

The installations or equipment referred to in this section do not possess the status of islands. They have no territorial sea of their own, and their presence does not affect the delimitation of the territorial sea, the exclusive economic zone or the continental shelf.

Article 260
Safety zones

Safety zones of a reasonable breadth not exceeding a distance of 500 metres may be created around scientific research installations in accordance with the relevant provisions of this Convention. All States shall ensure that such safety zones are respected by their vessels.

Article 261
Non-interference with shipping routes

The deployment and use of any type of scientific research installations or equipment shall not constitute an obstacle to established international shipping routes.

Article 262
Identification markings and warning signals

Installations or equipment referred to in this section shall bear identification markings indicating the State of registry or the international organization to which they belong and shall have adequate internationally agreed warning signals to ensure safety at sea and the safety of air navigation, taking into account rules and standards established by competent international organizations.

SECTION 5. RESPONSIBILITY AND LIABILITY

Article 263
Responsibility and liability

1. States and competent international organizations shall be responsible for ensuring that marine scientific research, whether undertaken by them or on their behalf, is conducted in accordance with this Convention.

2. States and competent international organizations shall be responsible and liable for the measures they take in contravention of this Convention in respect of marine scientific research conducted by other States, their natural or juridical persons or by competent international organizations, and shall provide compensation for damage resulting from such measures.

3. States and competent international organizations shall be responsible and liable pursuant to article 235 for damage caused by pollution of the marine environment arising out of marine scientific research undertaken by them or on their behalf.

6. KAFLI. LAUSN DEILUMÁLA OG BRÁÐABIRGÐARÁÐSTAFANIR

264. gr.
Lausn deilumála

Deilumál um túlkun eða beitingu ákvæða samnings þessa með tilliti til hafrannsókna skal leysa samkvæmt XV. hluta, 2. og 3. kafla.

265. gr.
Bráðabirgðaráðstafanir

Meðan deilumál hefur ekki verið leyst samkvæmt XV. hluta, 2. og 3. kafla, skal ríkið eða þar til bær alþjóðastofnun, sem heimilt er að framkvæma hafrannsóknaverkefni, ekki leyfa að rannsóknastarfsemi sé hafin eða henni haldið áfram án skýlauss samþykkis hlutaðeigandi strandríkis.

XIV. HLUTI

ÞRÓUN OG MIÐLUN HAFTÆKNI

1. KAFLI. ALMENN ÁKVÆÐI

266. gr.
Efling þróunar og miðlunar haftækni

1. Ríki skulu beint eða á vettvangi þar til bærra alþjóðastofnana starfa saman að því eftir getu að efla á virkan hátt þróun og miðlun hafvísinda og haftækni með sanngjörnum og hóflegum skilmálum og skilyrðum.

2. Í því skyni að örva félagslega og efnahagslega þróun í þróunarríkjunum skulu ríki efla þróun hafvísinda- og haftæknigetu með þjóðum sem kunna að þarfnast og biðja um tækniaðstoð á þessu sviði, einkum þróunarríkjum, m. a. landluktum og landfræðilega afskiptum ríkjum, að því er varðar rannsóknir, hagnýtingu, verndun og stjórnun auðlinda hafsins, verndun og varðveislu hafrýmisins, hafrannsóknir og aðra starfsemi í hafrýminu samkvæmt samningi þessum.

3. Ríki skulu leitast við að skapa hagstæð efnahagsleg og lagaleg skilyrði fyrir miðlun haftækni til hagsbóta fyrir alla hlutaðeigandi á sanngjörnum grundvelli.

267. gr.
Gæsla lögmætra hagsmuna

Við eflingu samstarfs samkvæmt 266. gr. skulu ríki taka tilhlýðilegt tillit til allra lögmætra hagsmuna, þar undir m. a. réttinda og skyldna þeirra sem ráða yfir, miðla og taka við haftækni.

SECTION 6. SETTLEMENT OF DISPUTES AND INTERIM MEASURES

Article 264
Settlement of disputes

Disputes concerning the interpretation or application of the provisions of this Convention with regard to marine scientific research shall be settled in accordance with Part XV, sections 2 and 3.

Article 265
Interim measures

Pending settlement of a dispute in accordance with Part XV, sections 2 and 3, the State or competent international organization authorized to conduct a marine scientific research project shall not allow research activities to commence or continue without the express consent of the coastal State concerned.

PART XIV

DEVELOPMENT AND TRANSFER OF MARINE TECHNOLOGY

SECTION 1. GENERAL PROVISIONS

Article 266
Promotion of the development and transfer of marine technology

1. States, directly or through competent international organizations, shall co-operate in accordance with their capabilities to promote actively the development and transfer of marine science and marine technology on fair and reasonable terms and conditions.

2. States shall promote the development of the marine scientific and technological capacity of States which may need and request technical assistance in this field, particularly developing States, including land-locked and geographically disadvantaged States, with regard to the exploration, exploitation, conservation and management of marine resources, the protection and preservation of the marine environment, marine scientific research and other activities in the marine environment compatible with this Convention, with a view to accelerating the social and economic development of the developing States.

3. States shall endeavour to foster favourable economic and legal conditions for the transfer of marine technology for the benefit of all parties concerned on an equitable basis.

Article 267
Protection of legitimate interests

States, in promoting co-operation pursuant to article 266, shall have due regard for all legitimate interests including, *inter alia*, the rights and duties of holders, suppliers and recipients of marine technology.

268. gr.
Grundvallarmarkmið

Ríki skulu beint eða á vettvangi þar til bærra alþjóðastofnana efla:

a) öflun, mat og miðlun haftækniþekkingar og auðvelda aðgang að þessum upplýsingum og gögnum;
b) þróun viðeigandi haftækni;
c) þróun nauðsynlegs tæknigrundvallar til að auðvelda miðlun haftækni;

d) þróun í mannaflamálum með þjálfun og menntun ríkisborgara þróunarríkja og -landa, einkum frá hinum minnst iðnþróuðu í þeirra hópi;

e) alþjóðlegt samstarf á öllum sviðum, einkum á vettvangi svæða, undirsvæða og tvíhliða samskipta.

269. gr.
Ráðstafanir til að ná grundvallarmarkmiðunum

Til þess að ná markmiðunum, sem getið er í 268. gr., skulu ríki beint eða á vettvangi þar til bærra alþjóðastofnana m. a. leitast við að:

a) gera áætlanir um tæknisamstarf til að miðla hvers kyns haftækni á virkan hátt til ríkja sem kunna að þarfnast og biðja um tækniaðstoð á þessu sviði, einkum landluktu og landfræðilega afskiptu þróunarríkjanna, svo og annarra þróunarríkja sem hafa hvorki getað skapað eða þróað sína eigin tæknigetu í hafvísindum og rannsóknum á auðlindum hafsins og hagnýtingu þeirra né þróað grundvöll þessarar tækni;

b) skapa hagstæð skilyrði fyrir gerð samþykkta, samninga og annarra áþekkra ráðstafana á sanngjörnum og hóflegum grundvelli;

c) halda ráðstefnur, umræðufundi og málfundi um vísindaleg og tæknileg efni, einkum stefnu og aðferðir varðandi miðlun haftækni;

d) stuðla að því að skipst sé á vísindamönnum, svo og sérfræðingum um tækni og önnur mál;
e) framkvæma verkefni og efla sameiginleg fyrirtæki og annars konar tvíhliða og marghliða samstarf.

2. KAFLI. ALÞJÓÐASAMSTARF

270. gr.
Aðferðir við alþjóðasamstarf

Alþjóðasamstarf um þróun og miðlun haftækni skal, ef gerlegt er og við á, framkvæma á grundvelli tvíhliða, svæðisbundinna eða marghliða áætlana, sem til eru, og einnig á grundvelli aukinna og nýrra áætlana til að auðvelda hafrannsóknir, miðlun haftækni, einkum á nýjum sviðum, og viðeigandi alþjóðlega fjármögnun til hafrannsókna og þróunar.

Article 268
Basic objectives

States, directly or through competent international organizations, shall promote:

(a) the acquisition, evaluation and dissemination of marine technological knowledge and facilitate access to such information and data;
(b) the development of appropriate marine technology;
(c) the development of the necessary technological infrastructure to facilitate the transfer of marine technology;
(d) the development of human resources through training and education of nationals of developing States and countries and especially the nationals of the least developed among them;
(e) international co-operation at all levels, particularly at the regional, subregional and bilateral levels.

Article 269
Measures to achieve the basic objectives

In order to achieve the objectives referred to in article 268, States, directly or through competent international organizations, shall endeavour, *inter alia*, to:

(a) establish programmes of technical co-operation for the effective transfer of all kinds of marine technology to States which may need and request technical assistance in this field, particularly the developing land-locked and geographically disadvantaged States, as well as other developing States which have not been able either to establish or develop their own technological capacity in marine science and in the exploration and exploitation of marine resources or to develop the infrastructure of such technology;
(b) promote favourable conditions for the conclusion of agreements, contracts and other similar arrangements, under equitable and reasonable conditions;
(c) hold conferences, seminars and symposia on scientific and technological subjects, in particular on policies and methods for the transfer of marine technology;
(d) promote the exchange of scientists and of technological and other experts;
(e) undertake projects and promote joint ventures and other forms of bilateral and multilateral co-operation.

SECTION 2. INTERNATIONAL CO-OPERATION

Article 270
Ways and means of international co-operation

International co-operation for the development and transfer of marine technology shall be carried out, where feasible and appropriate, through existing bilateral, regional or multilateral programmes, and also through expanded and new programmes in order to facilitate marine scientific research, the transfer of marine technology, particularly in new fields, and appropriate international funding for ocean research and development.

271. gr.
Leiðbeiningarreglur, mælikvarðar og staðlar

Ríki skulu beint eða á vettvangi þar til bærra alþjóðastofnana stuðla að mótun almennt viðurkenndra leiðbeiningarreglna, mælikvarða og staðla um miðlun haftækni á tvíhliða grundvelli eða innan vébanda alþjóðastofnana og á öðrum vettvangi enda sé einkum höfð hliðsjón af hagsmunum og þörfum þróunarríkja.

272. gr.
Samræming alþjóðlegra áætlana

Við miðlun haftækni skulu ríki leitast við að tryggja að þar til bærar alþjóðastofnanir samræmi starfsemi sína, m. a. svæðis- eða heimsáætlanir, enda sé höfð hliðsjón af hagsmunum og þörfum þróunarríkja, einkum landluktra og landfræðilega afskiptra ríkja.

273. gr.
Samstarf við alþjóðastofnanir og stofnunina

Ríki skulu á virkan hátt starfa með þar til bærum alþjóðastofnunum og stofnuninni að því að hvetja til og auðvelda miðlun kunnáttu og haftækni með tilliti til starfsemi á svæðinu til þróunarríkja, ríkisborgara þeirra og fyrirtækisins.

274. gr.
Markmið stofnunarinnar

Að óhögguðum öllum lögmætum hagsmunum, þar undir m. a. réttindum og skyldum þeirra sem ráða yfir, miðla og taka við tækni, skal stofnunin með tilliti til starfsemi á svæðinu tryggja að:

a) ríkisborgarar þróunarríkja, hvort sem þau eru strandríki, landlukt ríki eða landfræðilega afskipt ríki, séu á grundvelli meginreglunnar um sanngjarna hnattsvæðisdreifingu ráðnir í þjálfunarskyni sem starfsmenn í stjórnunar-, rannsókna- og tækniliðinu er komið hefur verið upp vegna starfa hennar;

b) tækniskjöl um viðeigandi búnað, vélar, útbúnað og aðferðir séu gerð aðgengileg öllum ríkjum, einkum þróunarríkjum sem kunna að þarfnast og biðja um tækniaðstoð á þessu sviði;

c) stofnunin geri fullnægjandi ráðstafanir til að auðvelda öflun tækniaðstoðar á sviði haftækni af hálfu ríkja sem kunna að þarfnast og biðja um hana, einkum þróunarríkja, og öflun nauðsynlegrar kunnáttu og þekkingar, m. a. starfsþjálfunar, af hálfu ríkisborgara þeirra;

d) ríki sem kunna að þarfnast og biðja um tækniaðstoð á þessu sviði, einkum þróunarríki, séu aðstoðuð við öflun nauðsynlegs búnaðar, aðferða, tækja og annarrar tækniþekkingar með fjárhagsráðstöfunum sem kveðið er á um í samningi þessum.

Article 271
Guidelines, criteria and standards

States, directly or through competent international organizations, shall promote the establishment of generally accepted guidelines, criteria and standards for the transfer of marine technology on a bilateral basis or within the framework of international organizations and other fora, taking into account, in particular, the interests and needs of developing States.

Article 272
Co-ordination of international programmes

In the field of transfer of marine technology, States shall endeavour to ensure that competent international organizations co-ordinate their activities, including any regional or global programmes, taking into account the interests and needs of developing States, particularly land-locked and geographically disadvantaged States.

Article 273
Co-operation with international organizations and the Authority

States shall co-operate actively with competent international organizations and the Authority to encourage and facilitate the transfer to developing States, their nationals and the Enterprise of skills and marine technology with regard to activities in the Area.

Article 274
Objectives of the Authority

Subject to all legitimate interests including, *inter alia*, the rights and duties of holders, suppliers and recipients of technology, the Authority, with regard to activities in the Area, shall ensure that:

(a) on the basis of the principle of equitable geographical distribution, nationals of developing States, whether coastal, land-locked or geographically disadvantaged, shall be taken on for the purposes of training as members of the managerial, research and technical staff constituted for its undertakings;

(b) the technical documentation on the relevant equipment, machinery, devices and processes is made available to all States, in particular developing States which may need and request technical assistance in this field;

(c) adequate provision is made by the Authority to facilitate the acquisition of technical assistance in the field of marine technology by States which may need and request it, in particular developing States, and the acquisition by their nationals of the necessary skills and know-how, including professional training;

(d) States which may need and request technical assistance in this field, in particular developing States, are assisted in the acquisition of necessary equipment, processes, plant and other technical know-how through any financial arrangements provided for in this Convention.

3. KAFLI. INNLENDAR OG SVÆÐISBUNDNAR HAFVÍSINDA- OG HAFTÆKNIMIÐSTÖÐVAR

275. gr.
Stofnun innlendra miðstöðva

1. Ríki skulu beint eða á vettvangi þar til bærra alþjóðastofnana og stofnunarinnar stuðla að stofnun innlendra rannsóknamiðstöðva í hafvísindum og haftækni, einkum í þróunarríkjum í hópi strandríkja, svo og að eflingu innlendra miðstöðva sem fyrir eru, til að örva og efla framkvæmd hafrannsókna af hálfu þróunarríkja í hópi strandríkja og auka innlenda möguleika þeirra á að nýta og varðveita sjávarauðlindir sínar sér til efnahagslegra hagsbóta.

2. Ríki skulu á vettvangi þar til bærra alþjóðastofnana og stofnunarinnar veita fullnægjandi atbeina til að auðvelda stofnun og eflingu þessara innlendu miðstöðva í því skyni að láta háþróaða þjálfunaraðstöðu og nauðsynlegan búnað, kunnáttu og þekkingu í té þeim ríkjum sem kunna að þarfnast og biðja um þessa aðstoð, svo og að senda tæknisérfræðinga til þeirra.

276. gr.
Stofnun svæðisbundinna miðstöðva

1. Ríki skulu í samráði við þar til bærar alþjóðastofnanir, stofnunina og innlendar rannsóknastofnanir í hafvísindum og haftækni stuðla að stofnun svæðisbundinna rannsóknamiðstöðva í hafvísindum og haftækni, einkum í þróunarríkjum, til að örva og efla framkvæmd hafrannsókna af hálfu þróunarríkja og auka miðlun haftækni.

2. Öll ríki á svæði skulu starfa með svæðisbundnu miðstöðvunum þar að því að tryggja virkari framgang markmiða þeirra.

277. gr.
Störf svæðisbundinna miðstöðva

Til starfa þessara svæðisbundnu miðstöðva skulu m. a. teljast:

a) þjálfunar- og menntunaráætlanir á öllum sviðum um ýmis atriði rannsókna í hafvísindum og haftækni, einkum sjávarlíffræði, m. a. verndun og stjórnun lífrænna auðlinda, haffræði, sjómælingar, verkfræði, jarðfræðilegar rannsóknir á hafsbotninum, jarðefnavinnslu og afsöltunartækni;

b) stjórnunarnám;

c) rannsóknaáætlanir sem snerta verndun og varðveislu hafrýmisins og varnir gegn, minnkun á og eftirlit með mengun;

d) skipulagning svæðisbundinna ráðstefna, umræðufunda og málfunda;

e) öflun og vinnsla gagna og upplýsinga í hafvísindum og haftækni;

f) tafarlaus dreifing á niðurstöðum rannsókna í hafvísindum og haftækni í ritum sem auðveldlega má ná í;

g) kynning á stefnu einstakra landa að því er varðar miðlun haftækni og kerfisbundnar samanburðarrannsóknir á stefnu þeirra;

SECTION 3. NATIONAL AND REGIONAL MARINE SCIENTIFIC AND TECHNOLOGICAL CENTRES

Article 275
Establishment of national centres

1. States, directly or through competent international organizations and the Authority, shall promote the establishment, particularly in developing coastal States, of national marine scientific and technological research centres and the strengthening of existing national centres, in order to stimulate and advance the conduct of marine scientific research by developing coastal States and to enhance their national capabilities to utilize and preserve their marine resources for their economic benefit.

2. States, through competent international organizations and the Authority, shall give adequate support to facilitate the establishment and strengthening of such national centres so as to provide for advanced training facilities and necessary equipment, skills and know-how as well as technical experts to such States which may need and request such assistance.

Article 276
Establishment of regional centres

1. States, in co-ordination with the competent international organizations, the Authority and national marine scientific and technological research institutions, shall promote the establishment of regional marine scientific and technological research centres, particularly in developing States, in order to stimulate and advance the conduct of marine scientific research by developing States and foster the transfer of marine technology.

2. All States of a region shall co-operate with the regional centres therein to ensure the more effective achievement of their objectives.

Article 277
Functions of regional centres

The functions of such regional centres shall include, *inter alia*:

(a) training and educational programmes at all levels on various aspects of marine scientific and technological research, particularly marine biology, including conservation and management of living resources, oceanography, hydrography, engineering, geological exploration of the sea-bed, mining and desalination technologies;
(b) management studies;
(c) study programmes related to the protection and preservation of the marine environment and the prevention, reduction and control of pollution;
(d) organization of regional conferences, seminars and symposia;
(e) acquisition and processing of marine scientific and technological data and information;
(f) prompt dissemination of results of marine scientific and technological research in readily available publications;
(g) publicizing national policies with regard to the transfer of marine technology and systematic comparative study of those policies;

h) söfnun og flokkun upplýsinga um viðskipti með tækni og um samninga og aðrar ráðstafanir varðandi einkaleyfi;
i) tæknisamstarf við önnur ríki á svæðinu.

4. KAFLI. SAMSTARF ALÞJÓÐASTOFNANA

278. gr.
Samstarf alþjóðastofnana

Þar til bærar alþjóðastofnanir, sem getið er í þessum hluta og XIII. hluta, skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja virka framkvæmd starfa og skyldna sinna samkvæmt þessum hluta, annaðhvort beint eða með nánu samstarfi sín á milli.

XV. HLUTI

LAUSN DEILUMÁLA

1. KAFLI. ALMENN ÁKVÆÐI

279. gr.
Skylda til að leysa deilumál á friðsamlegan hátt

Aðildarríki skulu leysa deilumál sín á milli um túlkun eða beitingu samnings þessa á friðsamlegan hátt samkvæmt 2. gr., 3. tl., sáttmála Sameinuðu þjóðanna og skulu í þessu skyni leita lausnar með aðferðunum sem tilgreindar eru í 33. gr., 1. tl., sáttmálans.

280. gr.
Lausn deilumála með friðsamlegri aðferð sem aðilarnir kjósa

Ekkert í þessum hluta skerðir rétt aðildarríkja til að koma sér hvenær sem er saman um að leysa deilumál sín á milli um túlkun eða beitingu samnings þessa með friðsamlegri aðferð að eigin vali.

281. gr.
Málsmeðferð þegar aðilarnir hafa ekki náð lausn

1. Ef aðildarríkin, sem eru aðilar deilumáls um túlkun eða beitingu samnings þessa, hafa komið sér saman um að leita lausnar á deilumálinu með friðsamlegri aðferð að eigin vali gildir málsmeðferðin, sem kveðið er á um í þessum hluta, eingöngu þegar ekki hefur náðst lausn með því að beita þessari aðferð og samningurinn milli aðilanna girðir ekki fyrir frekari málsmeðferð.

2. Ef aðilarnir hafa einnig komið sér saman um frest gildir 1. tl. einungis þegar sá frestur er úti.

(h) compilation and systematization of information on the marketing of technology and on contracts and other arrangements concerning patents;
(i) technical co-operation with other States of the region.

SECTION 4. CO-OPERATION AMONG INTERNATIONAL ORGANIZATIONS

Article 278
Co-operation among international organizations

The competent international organizations referred to in this Part and in Part XIII shall take all appropriate measures to ensure, either directly or in close co-operation among themselves, the effective discharge of their functions and responsibilities under this Part.

PART XV

SETTLEMENT OF DISPUTES

SECTION 1. GENERAL PROVISIONS

Article 279
Obligation to settle disputes by peaceful means

States Parties shall settle any dispute between them concerning the interpretation or application of this Convention by peaceful means in accordance with Article 2, paragraph 3, of the Charter of the United Nations and, to this end, shall seek a solution by the means indicated in Article 33, paragraph 1, of the Charter.

Article 280
Settlement of disputes by any peaceful means chosen by the parties

Nothing in this Part impairs the right of any States Parties to agree at any time to settle a dispute between them concerning the interpretation or application of this Convention by any peaceful means of their own choice.

Article 281
Procedure where no settlement has been reached by the parties

1. If the States Parties which are parties to a dispute concerning the interpretation or application of this Convention have agreed to seek settlement of the dispute by a peaceful means of their own choice, the procedures provided for in this Part apply only where no settlement has been reached by recourse to such means and the agreement between the parties does not exclude any further procedure.

2. If the parties have also agreed on a time-limit, paragraph 1 applies only upon the expiration of that time-limit.

282. gr.

Skyldur samkvæmt almennum, svæðisbundnum eða tvíhliða samningum

Ef aðildarríkin, sem eru aðilar deilumáls um túlkun eða beitingu samnings þessa, hafa komið sér saman um það í almennum, svæðisbundnum eða tvíhliða samningi eða á annan hátt að þetta deilumál skuli að beiðni aðila deilumálsins sæta málsmeðferð sem leiðir til bindandi úrskurðar skal þeirri málsmeðferð beitt í staðinn fyrir málsmeðferðina sem kveðið er á um í þessum hluta nema aðilar deilumálsins komi sér saman um annað.

283. gr.

Skylda til að skiptast á skoðunum

1. Þegar deilumál kemur upp milli aðildarríkja um túlkun eða beitingu samnings þessa skulu aðilar deilumálsins byrja fljótt að skiptast á skoðunum um lausn þess með samningaumleitunum eða öðrum friðsamlegum aðferðum.

2. Aðilarnir skulu einnig byrja fljótt að skiptast á skoðunum ef málsmeðferð til lausnar þessu deilumáli hefur verið lokið, án þess að lausn næðist, eða lausn hefur náðst og samráð um þann hátt, sem hafa skal á um framkvæmd lausnarinnar, er nauðsynlegt vegna aðstæðna.

284. gr.

Sátt

1. Aðildarríki, sem er aðili deilumáls um túlkun eða beitingu samnings þessa, getur boðið hinum aðilanum eða aðilunum að leggja deilumálið til sátta samkvæmt málsmeðferðinni í V. viðauka, 1. kafla, eða annarri sáttameðferð.

2. Ef boðinu er tekið og aðilarnir koma sér saman um sáttameðferðina, sem beita á, getur aðili látið deilumálið sæta þeirri málsmeðferð.

3. Ef boðinu er ekki tekið eða aðilarnir koma sér ekki saman um málsmeðferðina skal sáttamálinu talið lokið.

4. Þegar deilumál hefur verið lagt til sátta er aðeins unnt að ljúka málinu samkvæmt hinni umsömdu sáttameðferð nema aðilarnir komi sér saman um annað.

285. gr.

Beiting þessa kafla um deilumál sem lögð eru fram samkvæmt XI. hluta

Þessi kafli gildir um sérhvert deilumál sem ber í samræmi við XI. hluta, 5. kafla, að leysa samkvæmt málsmeðferð þessa hluta. Ef annar aðili en aðildarríki er aðili þessa deilumáls gildir þessi kafli að breyttu breytanda.

2. KAFLI. SKYLDUBUNDIN MÁLSMEÐFERÐ SEM LEIÐIR TIL BINDANDI ÚRSKURÐA

286. gr.

Beiting málsmeðferðar samkvæmt þessum kafla

Þegar ekki hefur náðst lausn með því að beita 1. kafla skal leggja deilumál um túlkun eða beitingu samnings þessa að beiðni aðila deilumálsins fyrir dómstólinn eða dóminn sem hefur lögsögu samkvæmt þessum kafla, samanber þó 3. kafla.

Article 282
Obligations under general, regional or bilateral agreements

If the States Parties which are parties to a dispute concerning the interpretation or application of this Convention have agreed, through a general, regional or bilateral agreement or otherwise, that such dispute shall, at the request of any party to the dispute, be submitted to a procedure that entails a binding decision, that procedure shall apply in lieu of the procedures provided for in this Part, unless the parties to the dispute otherwise agree.

Article 283
Obligation to exchange views

1. When a dispute arises between States Parties concerning the interpretation or application of this Convention, the parties to the dispute shall proceed expeditiously to an exchange of views regarding its settlement by negotiation or other peaceful means.

2. The parties shall also proceed expeditiously to an exchange of views where a procedure for the settlement of such a dispute has been terminated without a settlement or where a settlement has been reached and the circumstances require consultation regarding the manner of implementing the settlement.

Article 284
Conciliation

1. A State Party which is a party to a dispute concerning the interpretation or application of this Convention may invite the other party or parties to submit the dispute to conciliation in accordance with the procedure under Annex V, section 1, or another conciliation procedure.

2. If the invitation is accepted and if the parties agree upon the conciliation procedure to be applied, any party may submit the dispute to that procedure.

3. If the invitation is not accepted or the parties do not agree upon the procedure, the conciliation proceedings shall be deemed to be terminated.

4. Unless the parties otherwise agree, when a dispute has been submitted to conciliation, the proceedings may be terminated only in accordance with the agreed conciliation procedure.

Article 285
Application of this section to disputes submitted pursuant to Part XI

This section applies to any dispute which pursuant to Part XI, section 5, is to be settled in accordance with procedures provided for in this Part. If an entity other than a State Party is a party to such a dispute, this section applies *mutatis mutandis.*

SECTION 2. COMPULSORY PROCEDURES ENTAILING BINDING DECISIONS

Article 286
Application of procedures under this section

Subject to section 3, any dispute concerning the interpretation or application of this Convention shall, where no settlement has been reached by recourse to section 1, be submitted at the request of any party to the dispute to the court or tribunal having jurisdiction under this section.

287. gr.
Val málsmeðferðar

1. Þegar ríki undirritar, fullgildir eða gerist aðili að samningi þessum eða hvenær sem er eftir það skal því heimilt að velja með skriflegri yfirlýsingu eina eða fleiri eftirfarandi aðferða til lausnar deilumálum um túlkun eða beitingu samnings þessa:

a) Alþjóðlega hafréttardóminn sem stofnaður er samkvæmt VI. viðauka;

b) Alþjóðadómstólinn;
c) gerðardóm sem skipaður er samkvæmt VII. viðauka;
d) sérstakan gerðardóm sem skipaður er samkvæmt VIII. viðauka vegna eins eða fleiri af þargreindum flokkum deilumála.

2. Yfirlýsing, sem gefin er samkvæmt 1. tl., skal ekki hafa áhrif á né verða fyrir áhrifum af skyldu aðildarríkis til að viðurkenna lögsögu hafsbotnsdeilnadeildar Alþjóðlega hafréttardómsins að því leyti og á þann hátt sem kveðið er á um í XI. hluta, 5. kafla.

3. Ef aðildarríki er aðili deilumáls sem gildandi yfirlýsing tekur ekki til skal það talið hafa viðurkennt gerð samkvæmt VII. viðauka.

4. Ef aðilar deilumáls hafa viðurkennt sömu málsmeðferðina til lausnar deilumálinu má það aðeins sæta þeirri málsmeðferð nema aðilarnir komi sér saman um annað.

5. Ef aðilar deilumáls hafa ekki viðurkennt sömu málsmeðferðina til lausnar deilumálinu má aðeins leggja það í gerð samkvæmt VII. viðauka nema aðilarnir komi sér saman um annað.

6. Yfirlýsing, sem gefin er samkvæmt 1. tl., skal gilda þar til þrír mánuðir eru liðnir frá því að tilkynningu um afturköllun hefur verið komið í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

7. Ný yfirlýsing, tilkynning um afturköllun eða niðurfall yfirlýsingar hefur ekki á nokkurn hátt áhrif á mál sem rekið er fyrir dómstóli eða dómi með lögsögu samkvæmt þessari grein nema aðilarnir komi sér saman um annað.

8. Yfirlýsingum og tilkynningum, sem getið er í þessari grein, skal koma í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sem skal senda aðildarríkjunum endurrit af þeim.

288. gr.
Lögsaga

1. Dómstóll eða dómur, sem getið er í 287. gr., skal hafa lögsögu í deilumáli um túlkun eða beitingu samnings þessa sem lagt er fyrir hann samkvæmt þessum hluta.

2. Dómstóll eða dómur, sem getið er í 287. gr., skal einnig hafa lögsögu í deilumáli um túlkun eða beitingu alþjóðasamnings með svipuð markmið og samningur þessi sem lagt er fyrir hann samkvæmt samningnum.

3. Hafsbotnsdeilnadeild Alþjóðlega hafréttardómsins, sem stofnuð er samkvæmt VI. viðauka, svo og önnur deild eða gerðardómur sem getið er í XI. hluta, 5. kafla, skal hafa lögsögu í máli sem lagt er fyrir samkvæmt honum.

4. Ef ágreiningur er um það hvort dómstóll eða dómur hafi lögsögu skal sá dómstóll eða dómur leysa úr málinu með úrskurði.

Article 287
Choice of procedure

1. When signing, ratifying or acceding to this Convention or at any time thereafter, a State shall be free to choose, by means of a written declaration, one or more of the following means for the settlement of disputes concerning the interpretation or application of this Convention:

(a) the International Tribunal for the Law of the Sea established in accordance with Annex VI;

(b) the International Court of Justice;

(c) an arbitral tribunal constituted in accordance with Annex VII;

(d) a special arbitral tribunal constituted in accordance with Annex VIII for one or more of the categories of disputes specified therein.

2. A declaration made under paragraph 1 shall not affect or be affected by the obligation of a State Party to accept the jurisdiction of the Sea-Bed Disputes Chamber of the International Tribunal for the Law of the Sea to the extent and in the manner provided for in Part XI, section 5.

3. A State Party, which is a party to a dispute not covered by a declaration in force, shall be deemed to have accepted arbitration in accordance with Annex VII.

4. If the parties to a dispute have accepted the same procedure for the settlement of the dispute, it may be submitted only to that procedure, unless the parties otherwise agree.

5. If the parties to a dispute have not accepted the same procedure for the settlement of the dispute, it may be submitted only to arbitration in accordance wih Annex VII, unless the parties otherwise agree.

6. A declaration made under paragraph 1 shall remain in force until three months after notice of revocation has been deposited with the Secretary-General of the United Nations.

7. A new declaration, a notice of revocation or the expiry of a declaration does not in any way affect proceedings pending before a court or tribunal having jurisdiction under this article, unless the parties otherwise agree.

8. Declarations and notices referred to in this article shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations, who shall transmit copies thereof to the States Parties.

Article 288
Jurisdiction

1. A court or tribunal referred to in article 287 shall have jurisdiction over any dispute concerning the interpretation or application of this Convention which is submitted to it in accordance with this Part.

2. A court or tribunal referred to in article 287 shall also have jurisdiction over any dispute concerning the interpretation or application of an international agreement related to the purposes of this Convention, which is submitted to it in accordance with the agreement.

3. The Sea-Bed Disputes Chamber of the International Tribunal for the Law of the Sea established in accordance with Annex VI, and any other chamber or arbitral tribunal referred to in Part XI, section 5, shall have jurisdiction in any matter which is submitted to it in accordance therewith.

4. In the event of a dispute as to whether a court or tribunal has jurisdiction, the matter shall be settled by decision of that court or tribunal.

289. gr.
Sérfróðir menn

Í deilumáli, sem snertir vísindaleg eða tæknileg efni, getur dómstóll eða dómur sem fer með lögsögu samkvæmt þessum kafla, að beiðni aðila eða sjálfkrafa, valið í samráði við aðilana eigi færri en tvo sérfróða menn um vísindi eða tækni, helst af viðeigandi skrá sem undirbúin er samkvæmt VIII. viðauka, 2. gr., til að starfa með dómstólnum eða dóminum en án atkvæðisréttar.

290. gr.
Bráðabirgðaráðstafanir

1. Ef deilumál hefur verið lagt á tilhlýðilegan hátt fyrir dómstól eða dóm sem telur við fyrstu sýn að hann hafi lögsögu samkvæmt þessum hluta eða XI. hluta, 5. kafla, getur dómstóllinn eða dómurinn mælt fyrir um bráðabirgðaráðstafanir sem hann telur viðeigandi miðað við aðstæður til að vernda réttindi aðila deilumálsins hvers um sig eða til að koma í veg fyrir alvarleg spjöll á hafrýminu meðan beðið er lokaúrskurðar.

2. Breyta má bráðabirgðaráðstöfunum eða afturkalla þær um leið og aðstæðurnar, sem réttlæta þær, hafa breyst eða eru ekki lengur fyrir hendi.

3. Ekki má mæla fyrir um, breyta né afturkalla bráðabirgðaráðstafanir samkvæmt þessari grein nema að beiðni aðila deilumálsins og eftir að aðilunum hefur verið gefið tækifæri til að gefa skýrslur.

4. Dómstóllinn eða dómurinn skal þegar í stað tilkynna aðilum deilumálsins og öðrum þeim aðildarríkjum, sem hann telur viðeigandi, um fyrirmæli um, breytingu á eða afturköllun bráðabirgðaráðstafana.

5. Meðan ekki hefur verið skipaður gerðardómur sem deilumál er lagt fyrir samkvæmt þessum kafla getur dómstóll eða dómur, sem aðilarnir koma sér saman um — ellegar, ef slíkt samkomulag næst ekki innan tveggja vikna frá dagsetningu beiðninnar um bráðabirgðaráðstafanir, Alþjóðlegi hafréttardómurinn eða, að því er snertir starfsemi á svæðinu, hafsbotnsdeilnadeildin — mælt fyrir um, breytt eða afturkallað bráðabirgðaráðstafanir samkvæmt þessari grein ef hann telur við fyrstu sýn að dómurinn, sem skipa á, mundi hafa lögsögu og hyggur brýna nauðsyn bera til vegna aðstæðna. Þegar dómurinn, sem deilumálið hefur verið lagt fyrir, hefur verið skipaður getur hann breytt, afturkallað eða staðfest þessar bráðabirgðaráðstafanir enda fari hann að í samræmi við 1.—4. tl.

6. Aðilar deilumálsins skulu tafarlaust hlíta bráðabirgðaráðstöfunum sem mælt er fyrir um samkvæmt þessari grein.

291. gr.
Aðild

1. Aðildarríki geta átt aðild að hverri þeirri málsmeðferð til lausnar deilumáli sem tiltekin er í þessum hluta.

2. Aðrir aðilar en aðildarríki geta aðeins átt aðild að málsmeðferð til lausnar deilumáli, sem tiltekin er í þessum hluta, eftir því sem sérstaklega er kveðið á um í samningi þessum.

292. gr.
Tafarlaus lausn skipa og áhafna

1. Þegar yfirvöld aðildarríkis hafa lagt hald á skip, sem siglir undir fána annars aðildarríkis, og fullyrt er að ríkið, sem lagt hefur hald á skipið, hafi ekki farið eftir ákvæðum samnings þessa um tafarlausa lausn skipsins eða áhafnar þess þegar

Article 289
Experts

In any dispute involving scientific or technical matters, a court or tribunal exercising jurisdiction under this section may, at the request of a party or *proprio motu,* select in consultation with the parties no fewer than two scientific or technical experts chosen preferably from the relevant list prepared in accordance with Annex VIII, article 2, to sit with the court or tribunal but without the right to vote.

Article 290
Provisional measures

1. If a dispute has been duly submitted to a court or tribunal which considers that *prima facie* it has jurisdiction under this Part or Part XI, section 5, the court or tribunal may prescribe any provisional measures which it considers appropriate under the circumstances to preserve the respective rights of the parties to the dispute or to prevent serious harm to the marine environment, pending the final decision.

2. Provisional measures may be modified or revoked as soon as the circumstances justifying them have changed or ceased to exist.

3. Provisional measures may be prescribed, modified or revoked under this article only at the request of a party to the dispute and after the parties have been given an opportunity to be heard.

4. The court or tribunal shall forthwith give notice to the parties to the dispute, and to such other States Parties as it considers appropriate, of the prescription, modification or revocation of provisional measures.

5. Pending the constitution of an arbitral tribunal to which a dispute is being submitted under this section, any court or tribunal agreed upon by the parties or, failing such agreement within two weeks from the date of the request for provisional measures, the International Tribunal for the Law of the Sea or, with respect to activities in the Area, the Sea-Bed Disputes Chamber, may prescribe, modify or revoke provisional measures in accordance with this article if it considers that *prima facie* the tribunal which is to be constituted would have jurisdiction and that the urgency of the situation so requires. Once constituted, the tribunal to which the dispute has been submitted may modify, revoke or affirm those provisional measures, acting in conformity with paragraphs 1 to 4.

6. The parties to the dispute shall comply promptly with any provisional measures prescribed under this article.

Article 291
Access

1. All the dispute settlement procedures specified in this Part shall be open to States Parties.

2. The dispute settlement procedures specified in this Part shall be open to entities other than States Parties only as specifically provided for in this Convention.

Article 292
Prompt release of vessels and crews

1. Where the authorities of a State Party have detained a vessel flying the flag of another State Party and it is alleged that the detaining State has not complied with the provisions of this Convention for the prompt release of the vessel

viðeigandi útgáfa skuldabréfs eða setning annarrar fjárhagslegrar tryggingar hefur farið fram má leggja mál um lausn úr haldi fyrir dómstól eða dóm sem aðilarnir koma sér saman um ellegar, ef slíkt samkomulag næst ekki innan 10 daga frá því að hald er lagt á, fyrir dómstól eða dóm, er ríkið, sem lagt hefur hald á skipið, viðurkennir samkvæmt 287. gr., eða Alþjóðlega hafréttardóminn, nema aðilarnir komi sér saman um annað.

2. Aðeins fánaríki skipsins eða fulltrúi þess getur lagt kröfuna um lausn fram.

3. Dómstóllinn eða dómurinn skal án tafar fjalla um kröfuna um lausn og skal aðeins fjalla um lausnarmálið, að óhnekktum efnisatriðum máls fyrir viðeigandi innlendum dómstóli gegn skipinu, eiganda eða áhöfn þess. Yfirvöld ríkisins, sem lagt hefur hald á skipið, hafa áfram vald til að sleppa skipinu eða áhöfn þess hvenær sem er.

4. Þegar gefið hefur verið út skuldabréf eða sett önnur fjárhagsleg trygging samkvæmt ákvörðun dómstólsins eða dómsins skulu yfirvöld ríkisins, sem lagt hefur hald á skipið, tafarlaust hlíta úrskurði dómstólsins eða dómsins um lausn skipsins eða áhafnar þess.

293. gr.
Réttarreglur sem beitt er

1. Dómstóll eða dómur, sem hefur lögsögu samkvæmt þessum kafla, skal beita samningi þessum og öðrum reglum þjóðaréttar sem eru ekki ósamrýmanlegar samningi þessum.

2. Fyrsti töluliður hnekkir ekki valdi dómstólsins né dómsins, sem hefur lögsögu samkvæmt þessum kafla, til að úrskurða mál eftir sanngirni af aðilarnir samþykkja það.

294. gr.
Frummeðferð

1. Ef krafa viðvíkjandi deilumáli, sem getið er í 297. gr., er lögð fyrir dómstól eða dóm, sem kveðið er á um í 287. gr., skal hann úrskurða að beiðni aðila eða getur sjálfkrafa úrskurðað hvort krafan feli í sér misbeitingu málsóknarréttar eða hafi við fyrstu sýn við góð rök að styðjast. Ef dómstóllinn eða dómurinn úrskurðar að krafan feli í sér misbeitingu málsóknarréttar eða sé við fyrstu sýn ekki á rökum reist skal hann ekki hafast frekar að í málinu.

2. Við móttöku kröfunnar skal dómstóllinn eða dómurinn þegar í stað tilkynna hinum aðilanum eða aðilunum hana og skal hann setja þeim hæfilegan frest kjósi þeir að biðja hann að kveða upp úrskurð samkvæmt 1. tl.

3. Ekkert í þessari grein hefur áhrif á rétt aðila deilumáls til að hreyfa á frumstigi mótbárum samkvæmt viðeigandi reglum um málsmeðferð.

295. gr.
Fullnaðartilraun til lausnar innanlands

Deilumál milli aðildarríkja um túlkun eða beitingu samnings þessa getur aðeins sætt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í þessum kafla þegar gerð hefur verið fullnaðartilraun til lausnar innanlands þar sem þess er krafist að þjóðarétti.

or its crew upon the posting of a reasonable bond or other financial security, the question of release from detention may be submitted to any court or tribunal agreed upon by the parties or, failing such agreement within 10 days from the time of detention, to a court or tribunal accepted by the detaining State under article 287 or to the International Tribunal for the Law of the Sea, unless the parties otherwise agree.

2. The application for release may be made only by or on behalf of the flag State of the vessel.

3. The court or tribunal shall deal without delay with the application for release and shall deal only with the question of release, without prejudice to the merits of any case before the appropriate domestic forum against the vessel, its owner or its crew. The authorities of the detaining State remain competent to release the vessel or its crew at any time.

4. Upon the posting of the bond or other financial security determined by the court or tribunal, the authorities of the detaining State shall comply promptly with the decision of the court or tribunal concerning the release of the vessel or its crew.

Article 293
Applicable law

1. A court or tribunal having jurisdiction under this section shall apply this Convention and other rules of international law not incompatible with this Convention.

2. Paragraph 1 does not prejudice the power of the court or tribunal having jurisdiction under this section to decide a case *ex aequo et bono,* if the parties so agree.

Article 294
Preliminary proceedings

1. A court or tribunal provided for in article 287 to which an application is made in respect of a dispute referred to in article 297 shall determine at the request of a party, or may determine *proprio motu,* whether the claim constitutes an abuse of legal process or whether *prima facie* it is well founded. If the court or tribunal determines that the claim constitutes an abuse of legal process or is *prima facie* unfounded, it shall take no further action in the case.

2. Upon receipt of the application, the court or tribunal shall immediately notify the other party or parties of the application, and shall fix a reasonable time-limit within which they may request it to make a determination in accordance with paragraph 1.

3. Nothing in this article affects the right of any party to a dispute to make preliminary objections in accordance with the applicable rules of procedure.

Article 295
Exhaustion of local remedies

Any dispute between States Parties concerning the interpretation or application of this Convention may be submitted to the procedures provided for in this section only after local remedies have been exhausted where this is required by international law.

296. gr.
Endanleiki og bindandi áhrif úrskurða

1. Ef dómstóll eða dómur, sem hefur lögsögu samkvæmt þessum kafla, kveður upp úrskurð skal hann vera endanlegur og skulu allir aðilar deilumálsins hlíta honum.

2. Þessi úrskurður skal engin bindandi áhrif hafa nema fyrir aðilana og um hið tiltekna deilumál.

3. KAFLI. TAKMARKANIR Á OG UNDANTEKNINGAR FRÁ GILDISSVIÐI 2. KAFLA

297. gr.
Takmarkanir á gildissviði 2. kafla

1. Deilumál um túlkun eða beitingu samnings þessa að því er varðar beitingu strandríkis á fullveldisréttindum sínum eða lögsögu sinni, sem kveðið er á um í samningi þessum, skulu í eftirfarandi tilvikum sæta málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 2. kafla:

a) þegar fullyrt er að strandríki hafi brotið ákvæði samnings þessa um frelsi og réttindi til siglinga, yfirflugs eða lagningar neðansjávarstrengja og -leiðslna ellegar önnur alþjóðlega lögmæt not hafsins sem tiltekin eru í 58. gr.;

b) þegar fullyrt er að ríki hafi við framkvæmd fyrrnefnds frelsis, réttinda eða nota brotið samning þennan ellegar lög eða reglur, settar af strandríkinu í samræmi við samning þennan og aðrar reglur þjóðaréttar sem eru ekki ósamrýmanlegar samningi þessum; eða

c) þegar fullyrt er að strandríki hafi brotið tilteknar alþjóðlegar reglur og staðla um verndun og varðveislu hafrýmisins sem beitt verður gagnvart strandríkinu og mótaðir hafa verið í samningi þessum ellegar á vettvangi þar til bærrar alþjóðastofnunar eða á ráðstefnum stjórnarerindreka samkvæmt samningi þessum.

2. a) Deilumál um túlkun eða beitingu ákvæða samnings þessa að því er varðar hafrannsóknir skal leysa samkvæmt 2. kafla nema hvað strandríkinu skal ekki skylt að samþykkja að lagt sé til þessarar lausnar deilumál sem stafar af því:

i) að strandríkið beitir rétti eða valfrelsi samkvæmt 246. gr.; eða

ii) að strandríkið ákveður að fyrirskipa frestun eða stöðvun rannsóknaverkefnis samkvæmt 253. gr.

b) Deilumál vegna fullyrðingar rannsóknaríkisins um, að strandríkið beiti ekki að því er snertir tiltekið verkefni réttindum sínum samkvæmt 246. og 253. gr. þannig að samrýmist samningi þessum, skal að beiðni annars hvors aðila leggja til sátta samkvæmt V. viðauka, 2. kafla, enda dragi sáttanefndin ekki í efa notkun strandríkisins á valfrelsi sínu til að ákveða tiltekin svæði, eins og getið er í 246. gr., 6. tl., eða synja um samþykki samkvæmt 246. gr., 5. tl.

Article 296
Finality and binding force of decisions

1. Any decision rendered by a court or tribunal having jurisdiction under this section shall be final and shall be complied with by all the parties to the dispute.

2. Any such decision shall have no binding force except between the parties and in respect of that particular dispute.

SECTION 3. LIMITATIONS AND EXCEPTIONS TO APPLICABILITY OF SECTION 2

Article 297
Limitations on applicability of section 2

1. Disputes concerning the interpretation or application of this Convention with regard to the exercise by a coastal State of its sovereign rights or jurisdiction provided for in this Convention shall be subject to the procedures provided for in section 2 in the following cases:

(a) when it is alleged that a coastal State has acted in contravention of the provisions of this Convention in regard to the freedoms and rights of navigation, overflight or the laying of submarine cables and pipelines, or in regard to other internationally lawful uses of the sea specified in article 58;

(b) when it is alleged that a State in exercising the aforementioned freedoms, rights or uses has acted in contravention of this Convention or of laws or regulations adopted by the coastal State in conformity with this Convention and other rules of international law not incompatible with this Convention; or

(c) when it is alleged that a coastal State has acted in contravention of specified international rules and standards for the protection and preservation of the marine environment which are applicable to the coastal State and which have been established by this Convention or through a competent international organization or diplomatic conference in accordance with this Convention.

2. (a) Disputes concerning the interpretation or application of the provisions of this Convention with regard to marine scientific research shall be settled in accordance with section 2, except that the coastal State shall not be obliged to accept the submission to such settlement of any dispute arising out of:

(i) the exercise by the coastal State of a right or discretion in accordance with article 246; or

(ii) a decision by the coastal State to order suspension or cessation of a research project in accordance with article 253.

(b) A dispute arising from an allegation by the researching State that with respect to a specific project the coastal State is not exercising its rights under articles 246 and 253 in a manner compatible with this Convention shall be submitted, at the request of either party, to conciliation under Annex V, section 2, provided that the conciliation commission shall not call in question the exercise by the coastal State of its discretion to designate specific areas as referred to in article 246, paragraph 6, or of its discretion to withhold consent in accordance with article 246, paragraph 5.

3. a) Deilumál um túlkun eða beitingu ákvæða samnings þessa að því er varðar veiðar skal leysa samkvæmt 2. kafla nema hvað strandríkinu skal ekki skylt að samþykkja að lagt sé til þessarar lausnar deilumál viðvíkjandi fullveldisréttindum sínum að því er snertir hinar lífrænu auðlindir í sérefnahagslögsögunni eða beitingu þeirra, m. a. völdum sínum til að ákveða að vild sinni leyfilegan afla, nýtingargetu sína, úthlutun afgangs til annarra ríkja og skilmálana og skilyrðin sem sett eru í lögum og reglum þess um verndun og stjórnun.

b) Þegar ekki hefur náðst nokkur lausn með því að beita 1. kafla þessa hluta skal leggja deilumál til sátta samkvæmt V. viðauka, 2. kafla, að beiðni aðila deilumálsins þá er fullyrt er að:
   i) strandríki hafi bersýnilega látið undir höfuð leggjast að standa við skuldbindingar sínar um að tryggja með viðeigandi verndunar- og stjórnunarráðstöfunum að tilveru hinna lífrænu auðlinda í sérefnahagslögsögunni sé ekki stofnað í alvarlega hættu;
   ii) strandríki hafi á gerræðislegan hátt hafnað því að ákveða að beiðni annars ríkis leyfilegan afla og getu sína til að nýta lífrænar auðlindir að því er snertir stofna sem síðarnefnda ríkið hefur áhuga á að veiða; eða

   iii) strandríki hafi á gerræðislegan hátt hafnað því að úthluta ríki, samkvæmt 62., 69. og 70. gr. og með skilmálunum og skilyrðunum sem strandríkið setur í samræmi við samning þennan, að öllu eða nokkru leyti afganginum sem það hefur lýst yfir að sé fyrir hendi.

c) Sáttanefndin skal aldrei láta mat sitt koma í stað mats strandríkisins.

d) Skýrslu sáttanefndarinnar skal senda viðeigandi alþjóðastofnunum.

e) Við gerð samninga samkvæmt 69. og 70. gr. skulu aðildarríki, nema þau komi sér saman um annað, koma að ákvæði um ráðstafanir sem þau skuli gera til að draga sem mest úr möguleikanum á ágreiningi um túlkun eða beitingu samningsins, svo og um það hvernig þau skuli fara að ef ágreiningur kemur engu að síður upp.

298. gr.

Valfrjálsar undantekningar frá gildissviði 2. kafla

1. Að óhnekktum skuldbindingunum, sem koma fram í 1. kafla, getur ríki lýst því yfir skriflega, þegar það undirritar, fullgildir eða gerist aðili að samningi þessum eða hvenær sem er eftir það, að það viðurkenni ekki eina eða fleiri tegundir málsmeðferðar sem kveðið er á um í 2. kafla að því er snertir einn eða fleiri af eftirfarandi flokkum deilumála:

a) i) deilumál um túlkun eða beitingu 15., 74. og 83. gr. með tilliti til ákvarðana um mörk á hafinu ellegar deilumál sem snerta sögulega flóa eða réttindi enda skal ríki, sem hefur gefið þessa yfirlýsingu, samþykkja að beiðni aðila deilumálsins að málið sé lagt til sátta samkvæmt V. viðauka, 2. kafla, þegar þetta deilumál kemur upp eftir gildistöku samnings þessa og ef ekkert samkomulag næst innan hæfilegs tíma í samningaviðræðum milli aðilanna; enn fremur skal deilumál, sem felur óhjákvæmilega í sér að samtímis sé athugað óleyst deilumál um fullveldisrétt eða önnur réttindi yfir landsvæði meginlands eða eyja, undanþegið þessari sáttatilraun;

3. (a) Disputes concerning the interpretation or application of the provisions of this Convention with regard to fisheries shall be settled in accordance with section 2, except that the coastal State shall not be obliged to accept the submission to such settlement of any dispute relating to its sovereign rights with respect to the living resources in the exclusive economic zone or their exercise, including its discretionary powers for determining the allowable catch, its harvesting capacity, the allocation of surpluses to other States and the terms and conditions established in its conservation and management laws and regulations.

(b) Where no settlement has been reached by recourse to section 1 of this Part, a dispute shall be submitted to conciliation under Annex V, section 2, at the request of any party to the dispute, when it is alleged that:

(i) a coastal State has manifestly failed to comply with its obligations to ensure through proper conservation and management measures that the maintenance of the living resources in the exclusive economic zone is not seriously endangered;

(ii) a coastal State has arbitrarily refused to determine, at the request of another State, the allowable catch and its capacity to harvest living resources with respect to stocks which that other State is interested in fishing; or

(iii) a coastal State has arbitrarily refused to allocate to any State, under articles 62, 69 and 70 and under the terms and conditions established by the coastal State consistent with this Convention, the whole or part of the surplus it has declared to exist.

(c) In no case shall the conciliation commission substitute its discretion for that of the coastal State.

(d) The report of the conciliation commission shall be communicated to the appropriate international organizations.

(e) In negotiating agreements pursuant to articles 69 and 70, States Parties, unless they otherwise agree, shall include a clause on measures which they shall take in order to minimize the possibility of a disagreement concerning the interpretation or application of the agreement, and on how they should proceed if a disagreement nevertheless arises.

Article 298

Optional exceptions to applicability of section 2

1. When signing, ratifying or acceding to this Convention or at any time thereafter, a State may, without prejudice to the obligations arising under section 1, declare in writing that it does not accept any one or more of the procedures provided for in section 2 with respect to one or more of the following categories of disputes:

(a) (i) disputes concerning the interpretation or application of articles 15, 74 and 83 relating to sea boundary delimitations, or those involving historic bays or titles, provided that a State having made such a declaration shall, when such a dispute arises subsequent to the entry into force of this Convention and where no agreement within a reasonable period of time is reached in negotiations between the parties, at the request of any party to the dispute, accept submission of the matter to conciliation under Annex V, section 2; and provided further that any dispute that necessarily involves the concurrent consideration of any unsettled dispute concerning sovereignty or other rights over continental or insular land territory shall be excluded from such submission;

ii) þegar sáttanefndin hefur lagt fram skýrslu sína þar sem skýrt skal frá ástæðunum sem hún er reist á skulu aðilarnir gera samning á grundvelli þeirrar skýrslu; ef þessar samningaviðræður leiða ekki til samnings skulu aðilarnir með gagnkvæmu samþykki láta málið sæta einni þeirra tegunda málsmeðferðar sem kveðið er á um í 2. kafla nema aðilarnir komi sér saman um annað;

iii) þessi liður gildir ekki um deilumál um mörk á hafinu, sem aðilarnir leysa endanlega með samkomulagi sín á milli, né það deilumál sem leysa á samkvæmt tvíhliða eða marghliða samningi, bindandi fyrir þessa aðila;

b) deilumál um hernaðaraðgerðir, m. a. hernaðaraðgerðir af hálfu ríkisskipa og ríkisloftfara sem fást við annað en kaupferðir, og deilumál um löggæslustörf vegna beitingar fullveldisréttinda eða lögsögu sem eru undanþegin lögsögu dómstóls eða dóms samkvæmt 297. gr., 2. eða 3. tl.;

c) deilumál þar sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna framkvæmir störfin sem því eru falin í sáttmála Sameinuðu þjóðanna nema öryggisráðið ákveði að taka málið af dagskrá sinni eða kveðji aðilana til að leysa það með aðferðunum sem kveðið er á um í samningi þessum.

2. Aðildarríki, sem hefur gefið yfirlýsingu samkvæmt 1. tl., getur hvenær sem er afturkallað hana eða samþykkt að láta deilumál, sem þessi yfirlýsing undanþiggur, sæta málsmeðferð sem tiltekin er í samningi þessum.

3. Aðildarríki, sem hefur gefið yfirlýsingu samkvæmt 1. tl., skal ekki heimilt að láta deilumál við annað aðildarríki, sem telst til hins undanþegna flokks deilumála, sæta málsmeðferð samkvæmt samningi þessum án samþykkis þess aðila.

4. Ef eitt aðildarríkjanna hefur gefið yfirlýsingu samkvæmt 1. tl. a) getur annað aðildarríki látið deilumál við yfirlýsingaraðilann, sem telst til undanþegins flokks, sæta málsmeðferðinni sem tiltekin er í þessari yfirlýsingu.

5. Ný yfirlýsing eða afturköllun yfirlýsingar hefur ekki á nokkurn hátt áhrif á mál sem rekið er fyrir dómstóli eða dómi samkvæmt þessari grein nema aðilarnir komi sér saman um annað.

6. Yfirlýsingum og tilkynningum um afturköllun yfirlýsinga samkvæmt þessari grein skal koma í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sem skal senda aðildarríkjunum endurrit af þeim.

299. gr.

Réttur aðilanna til að semja um málsmeðferð

1. Ef deilumál er, samkvæmt 297. gr. eða með yfirlýsingu sem gefin er samkvæmt 298. gr., undanþegið málsmeðferðinni til lausnar deilumáli sem kveðið er á um í 2. kafla má aðeins láta það sæta þessari málsmeðferð samkvæmt samningi aðila deilumálsins.

2. Ekkert í þessum kafla skerðir rétt aðila deilumálsins til að samþykkja einhverja aðra málsmeðferð til lausnar þessu deilumáli né ná vinsamlegri lausn.

(ii) after the conciliation commission has presented its report, which shall state the reasons on which it is based, the parties shall negotiate an agreement on the basis of that report; if these negotiations do not result in an agreement, the parties shall, by mutual consent, submit the question to one of the procedures provided for in section 2, unless the parties otherwise agree;

(iii) this subparagraph does not apply to any sea boundary dispute finally settled by an arrangement between the parties, or to any such dispute which is to be settled in accordance with a bilateral or multilateral agreement binding upon those parties;

(b) disputes concerning military activities, including military activities by government vessels and aircraft engaged in non-commercial service, and disputes concerning law enforcement activities in regard to the exercise of sovereign rights or jurisdiction excluded from the jurisdiction of a court or tribunal under article 297, paragraph 2 or 3;

(c) disputes in respect of which the Security Council of the United Nations is exercising the functions assigned to it by the Charter of the United Nations, unless the Security Council decides to remove the matter from its agenda or calls upon the parties to settle it by the means provided for in this Convention.

2. A State Party which has made a declaration under paragraph 1 may at any time withdraw it, or agree to submit a dispute excluded by such declaration to any procedure specified in this Convention.

3. A State Party which has made a declaration under paragraph 1 shall not be entitled to submit any dispute falling within the excepted category of disputes to any procedure in this Convention as against another State Party, without the consent of that party.

4. If one of the States Parties has made a declaration under paragraph 1(a), any other State Party may submit any dispute falling within an excepted category against the declarant party to the procedure specified in such declaration.

5. A new declaration, or the withdrawal of a declaration, does not in any way affect proceedings pending before a court or tribunal in accordance with this article, unless the parties otherwise agree.

6. Declarations and notices of withdrawal of declarations under this article shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations, who shall transmit copies thereof to the States Parties.

Article 299
Right of the parties to agree upon a procedure

1. A dispute excluded under article 297 or excepted by a declaration made under article 298 from the dispute settlement procedures provided for in section 2 may be submitted to such procedures only by agreement of the parties to the dispute.

2. Nothing in this section impairs the right of the parties to the dispute to agree to some other procedure for the settlement of such dispute or to reach an amicable settlement.

XVI. HLUTI

ALMENN ÁKVÆÐI

300. gr.
Trúnaður og misbeiting réttinda

Aðildarríki skulu af trúnaði standa við skuldbindingarnar, sem þau hafa tekið á sig samkvæmt samningi þessum, og skulu beita réttindunum, lögsögunni og frelsinu sem viðurkennt er í samningi þessum þannig að ekki komi til misbeitingar réttar.

301. gr.
Friðsamleg not hafsins

Þegar aðildarríki fara með réttindi sín og rækja skyldur sínar samkvæmt samningi þessum skulu þau varast hótun um valdbeitingu eða beitingu valds gegn landamærahelgi eða stjórnmálasjálfstæði ríkis eða á annan hátt í bága við meginreglur þjóðaréttar sem sáttmáli Sameinuðu þjóðanna geymir.

302. gr.
Birting upplýsinga

Að óhnekktum rétti aðildarríkis til að fara þær málsmeðferðarleiðir til lausnar deilumálum, sem kveðið er á um í samningi þessum, skal ekkert í samningi þessum talið skylda aðildarríki, við efnd á skuldbindingum sínum samkvæmt samningi þessum, til að veita upplýsingar ef birting þeirra fer í bága við mikilvæga öryggishagsmuni þess.

303. gr.
Fornleifar og sögulegir munir sem finnast í hafinu

1. Ríkjum ber skylda til að vernda muni sem eru fornleifafræðilegs og sögulegs eðlis og finnast í hafinu og skulu þau starfa saman að þessu marki.
2. Til að hafa hemil á viðskiptum með þessa muni getur strandríkið við beitingu 33. gr. gert ráð fyrir því að brottnám þeirra án samþykkis þess af hafsbotninum á beltinu, sem getið er í þeirri grein, muni leiða til brots í landi eða landhelgi þess á lögunum og reglunum sem getið er í þeirri grein.
3. Ekkert í þessari grein hefur áhrif á réttindi finnanlegra eigenda, björgunarlöggjöf eða aðrar sjóréttarreglur né lög og venjur um menningarsamskipti.

4. Þessi grein hnekkir ekki öðrum alþjóðasamningum og reglum þjóðaréttar um verndun muna sem eru fornleifafræðilegs og sögulegs eðlis.

304. gr.
Skylda og ábyrgð vegna skaða

Ákvæði samnings þessa um skyldu og ábyrgð vegna skaða hnekkja ekki beitingu gildandi reglna og þróun nánari reglna um skyldu og ábyrgð samkvæmt þjóðarétti.

PART XVI

GENERAL PROVISIONS

Article 300
Good faith and abuse of rights

States Parties shall fulfil in good faith the obligations assumed under this Convention and shall exercise the rights, jurisdiction and freedoms recognized in this Convention in a manner which would not constitute an abuse of right.

Article 301
Peaceful uses of the seas

In exercising their rights and performing their duties under this Convention, States Parties shall refrain from any threat or use of force against the territorial integrity or political independence of any State, or in any other manner inconsistent with the principles of international law embodied in the Charter of the United Nations.

Article 302
Disclosure of information

Without prejudice to the right of a State Party to resort to the procedures for the settlement of disputes provided for in this Convention, nothing in this Convention shall be deemed to require a State Party, in the fulfilment of its obligations under this Convention, to supply information the disclosure of which is contrary to the essential interests of its security.

Article 303
Archaeological and historical objects found at sea

1. States have the duty to protect objects of an archaeological and historical nature found at sea and shall co-operate for this purpose.

2. In order to control traffic in such objects, the coastal State may, in applying article 33, presume that their removal from the sea-bed in the zone referred to in that article without its approval would result in an infringement within its territory or territorial sea of the laws and regulations referred to in that article.

3. Nothing in this article affects the rights of identifiable owners, the law of salvage or other rules of admiralty, or laws and practices with respect to cultural exchanges.

4. This article is without prejudice to other international agreements and rules of international law regarding the protection of objects of an archaeological and historical nature.

Article 304
Responsibility and liability for damage

The provisions of this Convention regarding responsibility and liability for damage are without prejudice to the application of existing rules and the development of further rules regarding responsibility and liability under international law.

XVII. HLUTI

LOKAÁKVÆÐI

305. gr.
Undirritun

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu:

a) allra ríkja;

b) Namibíu sem Namibíuráð Sameinuðu þjóðanna er fulltrúi fyrir;

c) allra tengdra sjálfstjórnarríkja sem hafa kosið þá stöðu með sjálfsákvörðunarathöfn undir eftirliti og með samþykki Sameinuðu þjóðanna samkvæmt ályktun allsherjarþingsins nr. 1514 (XV) og hafa vald í málum innan ramma samnings þessa, m. a. vald til að gera samninga um þau mál;

d) allra tengdra sjálfstjórnarríkja sem hafa samkvæmt tengslaskjölum sínum vald í málum innan ramma samnings þessa, m. a. vald til að gera samninga um þau mál;

e) allra lendna sem hafa fulla sjálfstjórn í innanlandsmálum og Sameinuðu þjóðirnar viðurkenna sem slíkar en hafa ekki öðlast fullt sjálfstæði samkvæmt ályktun allsherjarþingsins nr. 1514 (XV) og hafa vald í málum innan ramma samnings þessa, m. a. vald til að gera samninga um þau mál;

f) alþjóðastofnana samkvæmt IX. viðauka.

2. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar til 9. desember 1984 í utanríkisráðuneyti Jamaíku og einnig frá 1. júlí 1983 til 9. desember 1984 í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York.

306. gr.
Fullgilding og formleg staðfesting

Samningur þessi er háður fullgildingu ríkja og hinna aðilanna sem getið er í 305. gr., 1. tl. b), c), d) og e), svo og formlegri staðfestingu samkvæmt IX. viðauka af hálfu aðilanna sem getið er í 305. gr., 1. tl. f). Fullgildingarskjölum og skjölum með formlegri staðfestingu skal koma í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

307. gr.
Aðild

Ríkjum og hinum aðilunum, sem getið er í 305. gr., skal heimilt að gerast aðilar að samningi þessum. Aðild af hálfu aðilanna, sem getið er í 305. gr., 1. tl. f), skal hátta samkvæmt IX. viðauka. Aðildarskjölunum skal koma í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

308. gr.
Gildistaka

1. Samningur þessi skal ganga í gildi 12 mánuðum eftir þann dag er sextugasta fullgildingar- eða aðildarskjalinu hefur verið komið í vörslu.

2. Gagnvart sérhverju ríki, sem fullgildir eða gerist aðili að samningi þessum eftir að sextugasta fullgildingar- eða aðildarskjalinu hefur verið komið í vörslu, skal

PART XVII

FINAL PROVISIONS

Article 305
Signature

1. This Convention shall be open for signature by:

(a) all States;

(b) Namibia, represented by the United Nations Council for Namibia;

(c) all self-governing associated States which have chosen that status in an act of self-determination supervised and approved by the United Nations in accordance with General Assembly resolution 1514 (XV) and which have competence over the matters governed by this Convention, including the competence to enter into treaties in respect of those matters;

(d) all self-governing associated States which, in accordance with their respective instruments of association, have competence over the matters governed by this Convention, including the competence to enter into treaties in respect of those matters;

(e) all territories which enjoy full internal self-government, recognized as such by the United Nations, but have not attained full independence in accordance with General Assembly resolution 1514 (XV) and which have competence over the matters governed by this Convention, including the competence to enter into treaties in respect of those matters;

(f) international organizations, in accordance with Annex IX.

2. This Convention shall remain open for signature until 9 December 1984 at the Ministry of Foreign Affairs of Jamaica and also, from 1 July 1983 until 9 December 1984, at United Nations Headquarters in New York.

Article 306
Ratification and formal confirmation

This Convention is subject to ratification by States and the other entities referred to in article 305, paragraph 1(b), (c), (d) and (e), and to formal confirmation, in accordance with Annex IX, by the entities referred to in article 305, paragraph 1(f). The instruments of ratification and of formal confirmation shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

Article 307
Accession

This Convention shall remain open for accession by States and the other entities referred to in article 305. Accession by the entities referred to in article 305, paragraph 1(f), shall be in accordance with Annex IX. The instruments of accession shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

Article 308
Entry into force

1. This Convention shall enter into force 12 months after the date of deposit of the sixtieth instrument of ratification or accession.

2. For each State ratifying or acceding to this Convention after the deposit of the sixtieth instrument of ratification or accession, the Convention shall enter

samningurinn ganga í gildi á þrítugasta degi eftir að fullgildingar- eða aðildarskjali þess hefur verið komið til vörslu, samanber þó 1. tl.

3. Þing stofnunarinnar skal koma saman á gildistökudegi samnings þessa og kjósa ráð stofnunarinnar. Fyrsta ráðið skal skipa á þann hátt er samrýmist markmiði 161. gr. ef ekki er unnt að beita ákvæðum þeirrar greinar nákvæmlega.

4. Reglurnar, reglugerðirnar og starfshættirnir, sem undirbúningsnefndin mótar, skulu gilda til bráðabirgða meðan stofnunin hefur ekki samþykkt þá formlega samkvæmt XI. kafla.

5. Stofnunin og deildir hennar skulu fara að í samræmi við ályktun þriðju hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna nr. II viðvíkjandi undirbúningsfjárfestingu og ákvarðanir undirbúningsnefndarinnar sem teknar eru samkvæmt þeirri ályktun.

309. gr.
Fyrirvarar og undantekningar

Ekki má gera nokkra fyrirvara við né undantekningar frá samningi þessum nema skýlaus heimild sé til þess í öðrum greinum samnings þessa.

310. gr.
Yfirlýsingar og athugasemdir

Grein 309 er ekki því til fyrirstöðu að ríki, þegar það undirritar, fullgildir eða gerist aðili að samningi þessum, gefi yfirlýsingar eða geri athugasemdir hversu svo sem þær eru orðaðar eða kallaðar, m. a. í því skyni að samræma lög og reglur sínar ákvæðum samnings þessa, enda sé þessum yfirlýsingum eða athugasemdum ekki ætlað að girða fyrir né breyta réttaráhrifum ákvæða samnings þessa þegar þeim er beitt gagnvart því ríki.

311. gr.
Tengsl við aðra alþjóðasamninga og -samþykktir

1. Milli aðildarríkja skal samningur þessi ganga fyrir Genfarsamningunum um hafrétt frá 29. apríl 1958.

2. Samningur þessi skal ekki breyta réttindum og skyldum aðildarríkja sem eiga rætur að rekja til annarra samninga í samræmi við samning þennan og hafa ekki áhrif á beitingu annarra aðildarríkja á réttindum sínum né rækslu þeirra á skyldum sínum samkvæmt samningi þessum.

3. Tvö eða fleiri aðildarríki mega gera samninga, sem breyta eða fresta framkvæmd ákvæða samnings þessa og gilda einvörðungu í samskiptum þeirra á milli, með þeim skilyrðum að þessir samningar snerti ekki ákvæði sem takmörkun á væri ósamrýmanleg virkri framkvæmd marks og miðs samnings þessa, enn fremur að þessir samningar skuli ekki hafa áhrif á beitingu grundvallarreglnanna, sem hann geymir, og að ákvæði þessara samninga hafi ekki áhrif á beitingu annarra aðildarríkja á réttindum sínum né rækslu þeirra á skyldum sínum samkvæmt samningi þessum.

4. Ef aðildarríki hyggjast gera samning sem getið er í 3. tl. skulu þau fyrir milligöngu vörsluaðila samnings þessa tilkynna hinum aðildarríkjunum þá ætlun sína að gera samninginn, svo og breytinguna eða frestunina sem hann kveður á um.

5. Þessi grein hefur ekki áhrif á alþjóðasamninga sem skýlaus heimild er fyrir eða ákvæði um í öðrum greinum samnings þessa.

into force on the thirtieth day following the deposit of its instrument of ratification or accession, subject to paragraph 1.

3. The Assembly of the Authority shall meet on the date of entry into force of this Convention and shall elect the Council of the Authority. The first Council shall be constituted in a manner consistent with the purpose of article 161 if the provisions of that article cannot be strictly applied.

4. The rules, regulations and procedures drafted by the Preparatory Commission shall apply provisionally pending their formal adoption by the Authority in accordance with Part XI.

5. The Authority and its organs shall act in accordance with resolution II of the Third United Nations Conference on the Law of the Sea relating to preparatory investment and with decisions of the Preparatory Commission taken pursuant to that resolution.

Article 309
Reservations and exceptions

No reservations or exceptions may be made to this Convention unless expressly permitted by other articles of this Convention.

Article 310
Declarations and statements

Article 309 does not preclude a State, when signing, ratifying or acceding to this Convention, from making declarations or statements, however phrased or named, with a view, *inter alia,* to the harmonization of its laws and regulations with the provisions of this Convention, provided that such declarations or statements do not purport to exclude or to modify the legal effect of the provisions of this Convention in their application to that State.

Article 311
Relation to other conventions and international agreements

1. This Convention shall prevail, as between States Parties, over the Geneva Conventions on the Law of the Sea of 29 April 1958.

2. This Convention shall not alter the rights and obligations of States Parties which arise from other agreements compatible with this Convention and which do not affect the enjoyment by other States Parties of their rights or the performance of their obligations under this Convention.

3. Two or more States Parties may conclude agreements modifying or suspending the operation of provisions of this Convention, applicable solely to the relations between them, provided that such agreements do not relate to a provision derogation from which is incompatible with the effective execution of the object and purpose of this Convention, and provided further that such agreements shall not affect the application of the basic principles embodied herein, and that the provisions of such agreements do not affect the enjoyment by other States Parties of their rights or the performance of their obligations under this Convention.

4. States Parties intending to conclude an agreement referred to in paragraph 3 shall notify the other States Parties through the depositary of this Convention of their intention to conclude the agreement and of the modification or suspension for which it provides.

5. This article does not affect international agreements expressly permitted or preserved by other articles of this Convention.

6. Aðildarríki eru ásátt um að engar breytingar skuli gera á grundvallarreglunni um sameiginlega arfleifð mannkynsins, sem greint er frá í 136. gr., og að þau skuli ekki vera aðilar að samningi sem takmarkar hana.

312. gr.
Breyting

1. Að liðnum 10 árum frá gildistökudegi samnings þessa getur aðildarríki með skriflegri orðsendingu, sem stíluð er á aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, gert tillögur um ákveðnar breytingar á samningi þessum, þó ekki þær sem snerta starfsemi á svæðinu, og borið fram beiðni um boðun ráðstefnu til að athuga þessar breytingartillögur. Aðalframkvæmdastjórinn skal dreifa þessari orðsendingu til allra aðildarríkja. Ef eigi minna en helmingur aðildarríkjanna svarar beiðninni jákvætt innan 12 mánaða frá dreifingardegi orðsendingarinnar skal aðalframkvæmdastjórinn boða til ráðstefnunnar.

2. Beita skal sömu aðferð við ákvarðanatöku á breytingaráðstefnunni og beitt var á þriðju hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna nema ráðstefnan ákveði annað. Ráðstefnan skal gera allt, sem í hennar valdi stendur, til að ná samkomulagi um breytingar samhljóða og skal engin atkvæðagreiðsla fara fram um þær fyrr en reynt hefur verið til þrautar að taka samhljóða ákvörðun.

313. gr.
Breyting með einfaldri aðferð

1. Aðildarríki getur með skriflegri orðsendingu, sem stíluð er á aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, gert tillögu um breytingu á samningi þessum, þó ekki breytingu sem snertir starfsemi á svæðinu, er samþykkja beri með einföldu aðferðinni, sem greint er frá í þessari grein, án þess að boða til ráðstefnu. Aðalframkvæmdastjórinn skal dreifa orðsendingunni til allra aðildarríkja.

2. Breytingunni skal talið hafnað ef aðildarríki andmælir breytingartillögunni eða tillögunni um samþykkt hennar með einföldu aðferðinni innan 12 mánaða frá dreifingardegi orðsendingarinnar. Aðalframkvæmdastjórinn skal þegar í stað tilkynna öllum aðildarríkjum þetta.

3. Breytingartillagan skal teljast samþykkt ef ekkert aðildarríki hefur andmælt breytingartillögunni né tillögunni um samþykkt hennar með einföldu aðferðinni 12 mánuðum eftir dreifingardag orðsendingarinnar. Aðalframkvæmdastjórinn skal tilkynna öllum aðildarríkjum að breytingartillagan hafi verið samþykkt.

314. gr.
Breytingar á ákvæðum samnings þessa sem snerta eingöngu starfsemi á svæðinu

1. Aðildarríki getur með skriflegri orðsendingu, sem stíluð er á aðalframkvæmdastjóra stofnunarinnar, gert tillögu um breytingu á ákvæðum samnings þessa sem snertir eingöngu starfsemi á svæðinu, m. a. VI. viðauka, 4. kafla. Aðalframkvæmdastjórinn skal dreifa þessari orðsendingu til allra aðildarríkja. Breytingartillagan skal háð samþykki þingsins eftir að ráðið hefur samþykkt hana. Fulltrúar aðildarríkja í þessum deildum skulu hafa fullt umboð til að athuga og

6. States Parties agree that there shall be no amendments to the basic principle relating to the common heritage of mankind set forth in article 136 and that they shall not be party to any agreement in derogation thereof.

Article 312
Amendment

1. After the expiry of a period of 10 years from the date of entry into force of this Convention, a State Party may, by written communication addressed to the Secretary-General of the United Nations, propose specific amendments to this Convention, other than those relating to activities in the Area, and request the convening of a conference to consider such proposed amendments. The Secretary-General shall circulate such communication to all States Parties. If, within 12 months from the date of the circulation of the communication, not less than one half of the States Parties reply favourably to the request, the Secretary-General shall convene the conference.

2. The decision-making procedure applicable at the amendment conference shall be the same as that applicable at the Third United Nations Conference on the Law of the Sea unless otherwise decided by the conference. The conference should make every effort to reach agreement on any amendments by way of consensus and there should be no voting on them until all efforts at consensus have been exhausted.

Article 313
Amendment by simplified procedure

1. A State Party may, by written communication addressed to the Secretary-General of the United Nations, propose an amendment to this Convention, other than an amendment relating to activities in the Area, to be adopted by the simplified procedure set forth in this article without convening a conference. The Secretary-General shall circulate the communication to all States Parties.

2. If, within a period of 12 months from the date of the circulation of the communication, a State Party objects to the proposed amendment or to the proposal for its adoption by the simplified procedure, the amendment shall be considered rejected. The Secretary-General shall immediately notify all States Parties accordingly.

3. If, 12 months from the date of the circulation of the communication, no State Party has objected to the proposed amendment or to the proposal for its adoption by the simplified procedure, the proposed amendment shall be considered adopted. The Secretary-General shall notify all States Parties that the proposed amendment has been adopted.

Article 314
Amendments to the provisions of this Convention relating exclusively to activities in the Area

1. A State Party may, by written communication addressed to the Secretary-General of the Authority, propose an amendment to the provisions of this Convention relating exclusively to activities in the Area, including Annex VI, section 4. The Secretary-General shall circulate such communication to all States Parties. The proposed amendment shall be subject to approval by the Assembly following its approval by the Council. Representatives of States Parties in those

samþykkja breytingartillöguna. Breytingartillagan skal teljast samþykkt eins og ráðið og þingið hafa samþykkt hana.

2. Áður en breyting er samþykkt samkvæmt 1. tl. skulu ráðið og þingið ganga úr skugga um að hún hnekki ekki kerfinu til rannsókna og hagnýtingar á auðlindum svæðisins fram að endurskoðunarráðstefnunni samkvæmt 155. gr.

315. gr.
Undirritun, fullgilding, aðild að og fullgildir textar breytinga

1. Þegar breytingar á samningi þessum hafa verið samþykktar skulu þær liggja frammi til undirritunar af hálfu aðildarríkja um 12 mánaða skeið frá samþykktardegi í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York nema kveðið sé á um annað í breytingunni sjálfri.
2. Greinar 306, 307 og 320 gilda um allar breytingar á samningi þessum.

316. gr.
Gildistaka breytinga

1. Breytingar á samningi þessum, þó ekki þær sem getið er í 5. tl., skulu ganga í gildi gagnvart aðildarríkjunum, sem fullgilda þær eða gerast aðilar að þeim, á þrítugasta degi eftir að tveir þriðju aðildarríkjanna eða 60 aðildarríki hafa komið fullgildingar- eða aðildarskjölum í vörslu hvort sem meira er. Þessar breytingar skulu ekki hafa áhrif á beitingu annarra aðildarríkja á réttindum sínum né rækslu þeirra á skyldum sínum samkvæmt samningi þessum.

2. Breyting getur kveðið á um að fleiri þurfi að fullgilda hana eða gerast aðilar að henni, til þess að hún gangi í gildi, en krafist er í þessari grein.
3. Gagnvart sérhverju aðildarríki, sem fullgildir eða gerist aðili að breytingu samkvæmt 1. tl. eftir að tilskildum fjölda fullgildingar- eða aðildarskjala hefur verið komið í vörslu, skal breytingin ganga í gildi á þrítugasta degi eftir að fullgildingar- eða aðildarskjali þess hefur verið komið í vörslu.
4. Ríki, sem verður aðili að samningi þessum eftir gildistöku breytingar samkvæmt 1. tl., skal, nema það lýsi yfir vilja til annars:

a) teljast aðili að samningi þessum eins og honum hefur verið þannig breytt; og
b) teljast aðili að óbreyttum samningnum gagnvart aðildarríki sem er ekki bundið af breytingunni.

5. Breyting, sem snertir eingöngu starfsemi á svæðinu, og breyting á VI. viðauka skulu ganga í gildi gagnvart öllum aðildarríkjum einu ári eftir að þrír fjórðu aðildarríkjanna hafa komið fullgildingar- eða aðildarskjölum í vörslu.

6. Ríki, sem verður aðili að samningi þessum eftir gildistöku breytinga samkvæmt 5. tl., skal teljast aðili að samningi þessum eins og honum hefur verið þannig breytt.

317. gr.
Uppsögn

1. Aðildarríki getur með skriflegri tilkynningu, sem stíluð er á aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, sagt samningi þessum upp og getur fært fram rök sín. Misbrestur á að færa fram rök skal ekki hafa áhrif á gildi uppsagnarinnar.

organs shall have full powers to consider and approve the proposed amendment. The proposed amendment as approved by the Council and the Assembly shall be considered adopted.

2. Before approving any amendment under paragraph 1, the Council and the Assembly shall ensure that it does not prejudice the system of exploration for and exploitation of the resources of the Area, pending the Review Conference in accordance with article 155.

Article 315
Signature, ratification of, accession to and authentic texts of amendments

1. Once adopted, amendments to this Convention shall be open for signature by States Parties for 12 months from the date of adoption, at United Nations Headquarters in New York, unless otherwise provided in the amendment itself.

2. Articles 306, 307 and 320 apply to all amendments to this Convention.

Article 316
Entry into force of amendments

1. Amendments to this Convention, other than those referred to in paragraph 5, shall enter into force for the States Parties ratifying or acceding to them on the thirtieth day following the deposit of instruments of ratification or accession by two thirds of the States Parties or by 60 States Parties, whichever is greater. Such amendments shall not affect the enjoyment by other States Parties of their rights or the performance of their obligations under this Convention.

2. An amendment may provide that a larger number of ratifications or accessions shall be required for its entry into force than are required by this article.

3. For each State Party ratifying or acceding to an amendment referred to in paragraph 1 after the deposit of the required number of instruments of ratification or accession, the amendment shall enter into force on the thirtieth day following the deposit of its instrument of ratification or accession.

4. A State which becomes a Party to this Convention after the entry into force of an amendment in accordance with paragraph 1 shall, failing an expression of a different intention by that State:

(a) be considered as a Party to this Convention as so amended; and

(b) be considered as a Party to the unamended Convention in relation to any State Party not bound by the amendment.

5. Any amendment relating exclusively to activities in the Area and any amendment to Annex VI shall enter into force for all States Parties one year following the deposit of instruments of ratification or accession by three fourths of the States Parties.

6. A State which becomes a Party to this Convention after the entry into force of amendments in accordance with paragraph 5 shall be considered as a Party to this Convention as so amended.

Article 317
Denunciation

1. A State Party may, by written notification addressed to the Secretary-General of the United Nations, denounce this Convention and may indicate its reasons. Failure to indicate reasons shall not affect the validity of the denuncia-

Uppsögnin skal öðlast gildi einu ári eftir móttökudag tilkynningarinnar nema síðari dagur sé tiltekinn í tilkynningunni.

2. Ríki skal ekki sakir uppsagnarinnar leyst undan fjárhagslegum og samningsbundnum skyldum sem urðu til meðan það var aðili að samningi þessum og uppsögnin skal heldur ekki hafa áhrif á rétt, skyldu né réttarstöðu þess ríkis sem stofnaðist fyrir það ríki við framkvæmd samnings þessa áður en til uppsagnar hans kom.

3. Uppsögnin skal ekki að nokkru leyti hafa áhrif á skyldu aðildarríkis til að standa við sérhverja skyldu sem samningur þessi geymir ákvæði um og mundi hvíla á því samkvæmt þjóðarétti án tillits til samnings þessa.

318. gr.
Staða viðauka

Viðaukarnir eru óaðskiljanlegur hluti samnings þessa og felur tilvísun til samnings þessa eða einhvers hluta hans í sér tilvísun til viðaukanna sem snerta hann nema skýrt sé kveðið á um annað.

319. gr.
Vörsluaðili

1. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal vera vörsluaðili samnings þessa og breytinga á honum.

2. Auk starfa sinna sem vörsluaðili skal aðalframkvæmdastjórinn:

a) skýra öllum aðildarríkjum, stofnuninni og þar til bærum alþjóðastofnunum frá atriðum almenns eðlis sem komið hafa upp að því er snertir samning þennan;

b) tilkynna stofnuninni fullgildingu og formlega staðfestingu og aðild að samningi þessum og breytingum á honum, svo og uppsagnir samnings þessa;

c) tilkynna aðildarríkjunum samninga samkvæmt 311. gr., 4. tl.;

d) dreifa breytingum, sem samþykktar eru samkvæmt samningi þessum, til aðildarríkja vegna fullgildingar eða aðildar;

e) boða til nauðsynlegra funda aðildarríkja samkvæmt samningi þessum.

3. a) Aðalframkvæmdastjórinn skal einnig senda áheyrnaraðilunum, sem getið er í 156. gr.:
   i) skýrslur sem getið er í 2. tl. a);
   ii) tilkynningar sem getið er í 2. tl. b) og c); og
   iii) texta breytinga sem getið er í 2. tl. d), þeim til upplýsingar.

b) Aðalframkvæmdastjórinn skal einnig bjóða þessum áheyrnaraðilum að taka sem áheyrnaraðilar þátt í fundum aðildarríkja sem getið er í 2. tl. e).

320. gr.
Fullgildir textar

Frumriti samnings þessa skal í samræmi við 305. gr., 2. tl., koma í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og eru arabíski, enski, franski, kínverski, rússneski og spænski textinn jafngildir.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

GERT Í MONTEGO BAY hinn 10. desember 1982.

tion. The denunciation shall take effect one year after the date of receipt of the notification, unless the notification specifies a later date.

2. A State shall not be discharged by reason of the denunciation from the financial and contractual obligations which accrued while it was a Party to this Convention, nor shall the denunciation affect any right, obligation or legal situation of that State created through the execution of this Convention prior to its termination for that State.

3. The denunciation shall not in any way affect the duty of any State Party to fulfil any obligation embodied in this Convention to which it would be subject under international law independently of this Convention.

Article 318
Status of Annexes

The Annexes form an integral part of this Convention and, unless expressly provided otherwise, a reference to this Convention or to one of its Parts includes a reference to the Annexes relating thereto.

Article 319
Depositary

1. The Secretary-General of the United Nations shall be the depositary of this Convention and amendments thereto.

2. In addition to his functions as depositary, the Secretary-General shall:

(a) report to all States Parties, the Authority and competent international organizations on issues of a general nature that have arisen with respect to this Convention;

(b) notify the Authority of ratifications and formal confirmations of and accessions to this Convention and amendments thereto, as well as of denunciations of this Convention;

(c) notify States Parties of agreements in accordance with article 311, paragraph 4;

(d) circulate amendments adopted in accordance with this Convention to States Parties for ratification or accession;

(e) convene necessary meetings of States Parties in accordance with this Convention.

3. (a) The Secretary-General shall also transmit to the observers referred to in article 156:

(i) reports referred to in paragraph 2(a);

(ii) notifications referred to in paragraph 2(b) and (c); and

(iii) texts of amendments referred to in paragraph 2(d), for their information.

(b) The Secretary-General shall also invite those observers to participate as observers at meetings of States Parties referred to in paragraph 2(e).

Article 320
Authentic texts

The original of this Convention, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall, subject to article 305, paragraph 2, be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned Plenipotentiaries, being duly authorized thereto, have signed this Convention.

DONE AT MONTEGO BAY, this tenth day of December, one thousand nine hundred and eighty-two.

I. VIÐAUKI. MIKLAR FARTEGUNDIR

1. Hvíti túnfiskur: *Thunnus alalunga.*
2. Túnfiskur: *Thunnus thynnus.*
3. Stóreygði túnfiskur: *Thunnus obesus.*
4. Stökktúnfiskur: *Katsuwonus pelamis.*
5. Guluggatúnfiskur: *Thunnus albacares.*
6. Svartuggatúnfiskur: *Thunnus atlanticus.*
7. Litli túnfiskur: *Euthynnus alletteratus; Euthynnus affinis.*
8. Suðræni bláuggatúnfiskur: *Thunnus maccoyii.*
9. Freigátumakríll: *Auxis thazard; Auxis rochei.*
10. Bramafiskar: *Bramidae*-ættin.
11. Spjótfiskar: *Tetrapturus angustirostris; Tetrapturus belone; Tetrapturus pfluegeri; Tetrapturus albidus; Tetrapturus audax; Tetrapturus georgei; Makaira mazara; Makaira indica; Makaira nigricans.*
12. Seglfiskar: *Istiophorus platypterus; Istiophorus albicans.*
13. Sverðfiskur: *Xiphias gladius.*
14. Geirnefir: *Scomberesox saurus; Cololabis saira; Cololabis adocetus; Scomberesox saurus scombroides.*
15. Gullmakríll: *Coryphaena hippurus; Coryphaena equiselis.*
16. Háfiskar: *Hexanchus griseus; Cetorhinus maximus; Alopiidae*-ættin; *Rhincodon typus; Carcharhinidae*-ættin; *Sphyrnidae*-ættin; *Isurida*-ættin.
17. Hvalir: *Physeteridae*-ættin; *Balaenopteridae*-ættin; *Balaenidae*-ættin; *Eschrichtiidae*-ættin; *Monodontidae*-ættin; *Ziphiidae*-ættin; *Delphinidae*-ættin.

II. VIÐAUKI. NEFND UM MÖRK LANDGRUNNSINS

1. gr.

Samkvæmt ákvæðum 76. gr. skal skipa nefnd um mörk landgrunnsins utan 200 sjómílna í samræmi við eftirfarandi greinar.

2. gr.

1. Nefndin skal skipuð 21 manni sem hver um sig skal vera sérfræðingur í jarðfræði, jarðeðlisfræði eða sjómælingum og starfa sem einstaklingur og kjósa aðildarríki samnings þessa úr hópi ríkisborgara sinna með tilhlýðilegu tilliti til þarfarinnar á að tryggja sanngjarna hnattsvæðisdreifingu fulltrúa.

2. Fyrsta kosningin skal fara fram eins fljótt og auðið er en þó innan 18 mánaða frá gildistökudegi samnings þessa. A. m. k. þremur mánuðum fyrir hvern kjördag skal aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna senda aðildarríkjunum bréf þar sem mælst er til þess að komið sé með tilnefningar, að höfðu viðeigandi samráði á svæðisvettvangi, innan þriggja mánaða. Skal aðalframkvæmdastjórinn gera skrá í stafrófsröð um alla þannig tilnefnda menn og koma henni til allra aðildarríkjanna.

ANNEX I. HIGHLY MIGRATORY SPECIES

1. Albacore tuna: *Thunnus alalunga.*
2. Bluefin tuna: *Thunnus thynnus.*
3. Bigeye tuna: *Thunnus obesus.*
4. Skipjack tuna: *Katsuwonus pelamis.*
5. Yellowfin tuna: *Thunnus albacares.*
6. Blackfin tuna: *Thunnus atlanticus.*
7. Little tuna: *Euthynnus alletteratus; Euthynnus affinis.*
8. Southern bluefin tuna: *Thunnus maccoyii.*
9. Frigate mackerel: *Auxis thazard; Auxis rochei.*
10. Pomfrets: Family *Bramidae.*
11. Marlins: *Tetrapturus angustirostris; Tetrapturus belone; Tetrapturus pfluegeri; Tetrapturus albidus; Tetrapturus audax; Tetrapturus georgei; Makaira mazara; Makaira indica; Makaira nigricans.*
12. Sail-fishes: *Istiophorus platypterus; Istiophorus albicans.*
13. Swordfish: *Xiphias gladius.*
14. Sauries: *Scomberesox saurus; Cololabis saira; Cololabis adocetus; Scomberesox saurus scombroides.*
15. Dolphin: *Coryphaena hippurus; Coryphaena equiselis.*
16. Oceanic sharks: *Hexanchus griseus; Cetorhinus maximus; Family Alopiidae; Rhincodon typus; Family Carcharhinidae; Family Sphyrnidae; Family Isurida.*
17. Cetaceans: Family *Physeteridae;* Family *Balaenopteridae;* Family *Balaenidae;* Family *Eschrichtiidae;* Family *Monodontidae;* Family *Ziphiidae;* Family *Delphinidae.*

ANNEX II. COMMISSION ON THE LIMITS OF THE CONTINENTAL SHELF

Article 1

In accordance with the provisions of article 76, a Commission on the Limits of the Continental Shelf beyond 200 nautical miles shall be established in conformity with the following articles.

Article 2

1. The Commission shall consist of 21 members who shall be experts in the field of geology, geophysics or hydrography, elected by States Parties to this Convention from among their nationals, having due regard to the need to ensure equitable geographical representation, who shall serve in their personal capacities.

2. The initial election shall be held as soon as possible but in any case within 18 months after the date of entry into force of this Convention. At least three months before the date of each election, the Secretary-General of the United Nations shall address a letter to the States Parties, inviting the submission of nominations, after appropriate regional consultations, within three months. The Secretary-General shall prepare a list in alphabetical order of all persons thus nominated and shall submit it to all the States Parties.

3. Kosningar nefndarmanna skulu fara fram á fundi aðildarríkja sem aðalframkvæmdastjórinn boðar til í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna. Á þeim fundi, þar sem tveir þriðju aðildarríkjanna skulu vera skilyrði fyrir ályktunarhæfi, skulu mennirnir, sem tilnefndir eru, hljóta kosningu í nefndina ef þeir fá tvo þriðju hluta atkvæða fulltrúa aðildarríkja sem eru viðstaddir og greiða atkvæði. Eigi skal kjósa færri en þrjá menn frá hverju hnattsvæði.

4. Nefndarmenn skal kjósa til fimm ára. Þeir skulu vera kjörgengir við endurkjör.

5. Aðildarríkið, sem tilnefndi nefndarmann, skal greiða útgjöld þess manns meðan hann rækir nefndarskyldur. Hlutaðeigandi strandríki skal greiða útgjöld vegna ráðgjafarinnar sem getið er í 3. gr., 1. tl. b), þessa viðauka. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal leggja til skrifstofulið nefndarinnar.

3. gr.

1. Störf nefndarinnar skulu vera:

a) að athuga gögn og annað efni, sem strandríki leggja fram varðandi ytri mörk landgrunnsins á svæðum þar sem þau mörk ná út fyrir 200 sjómílur, og að gera tillögur samkvæmt 76. gr. og bókunaryfirlýsingunni sem þriðja hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna samþykkti 29. ágúst 1980;

b) að láta í té vísindalega og tæknilega ráðgjöf ef hlutaðeigandi strandríki fer þess á leit við undirbúning gagnanna sem getið er í a-lið.

2. Að því leyti sem það telst nauðsynlegt og nytsamlegt getur nefndin átt samstarf við alþjóðahaffræðinefnd Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðasjómælingastofnunina og aðrar þar til bærar alþjóðastofnanir í því skyni að skiptast á vísindalegum og tæknilegum upplýsingum sem kynnu að koma að gagni við rækslu nefndarskyldna.

4. gr.

Þegar strandríki hefur í hyggju að ákveða samkvæmt 76. gr. ytri mörk landgrunns síns utan 200 sjómílna skal það leggja nákvæmar upplýsingar um þessi mörk fyrir nefndina ásamt vísindalegum og tæknilegum gögnum til stuðnings eins fljótt og auðið er en þó innan 10 ára frá gildistöku samnings þessa gagnvart því ríki. Strandríkið skal samtímis skýra frá nöfnum nefndarmanna sem hafa látið því í té vísindalega og tæknilega ráðgjöf.

5. gr.

Ef nefndin ákveður ekki annað skal hún starfa í undirnefndum sem í eiga sæti sjö menn, skipaðir á grundvelli hnattsvæðisjafnvægis með hliðsjón af einstökum meginatriðum hvers erindis strandríkis. Nefndarmenn úr hópi ríkisborgara strandríkisins, sem leggur erindið fram, og nefndarmaður, sem hefur aðstoðað strandríki með því að láta í té vísindalega og tæknilega ráðgjöf viðvíkjandi afmörkuninni, skulu ekki sitja í undirnefndinni sem fjallar um það erindi en hafa rétt til að taka sem nefndarmenn þátt í störfum nefndarinnar varðandi áðurnefnt erindi. Strand-

3. Elections of the members of the Commission shall be held at a meeting of States Parties convened by the Secretary-General at United Nations Headquarters. At that meeting, for which two thirds of the States Parties shall constitute a quorum, the persons elected to the Commission shall be those nominees who obtain a two-thirds majority of the votes of the representatives of States Parties present and voting. Not less than three members shall be elected from each geographical region.

4. The members of the Commission shall be elected for a term of five years. They shall be eligible for re-election.

5. The State Party which submitted the nomination of a member of the Commission shall defray the expenses of that member while in performance of Commission duties. The coastal State concerned shall defray the expenses incurred in respect of the advice referred to in article 3, paragraph 1(b), of this Annex. The secretariat of the Commission shall be provided by the Secretary-General of the United Nations.

Article 3

1. The functions of the Commission shall be:

(a) to consider the data and other material submitted by coastal States concerning the outer limits of the continental shelf in areas where those limits extend beyond 200 nautical miles, and to make recommendations in accordance with article 76 and the Statement of Understanding adopted on 29 August 1980 by the Third United Nations Conference on the Law of the Sea;

(b) to provide scientific and technical advice, if requested by the coastal State concerned during the preparation of the data referred to in subparagraph (a).

2. The Commission may co-operate, to the extent considered necessary and useful, with the Intergovernmental Oceanographic Commission of UNESCO, the International Hydrographic Organization and other competent international organizations with a view to exchanging scientific and technical information which might be of assistance in discharging the Commission's responsibilities.

Article 4

Where a coastal State intends to establish, in accordance with article 76, the outer limits of its continental shelf beyond 200 nautical miles, it shall submit particulars of such limits to the Commission along with supporting scientific and technical data as soon as possible but in any case within 10 years of the entry into force of this Convention for that State. The coastal State shall at the same time give the names of any Commission members who have provided it with scientific and technical advice.

Article 5

Unless the Commission decides otherwise, the Commission shall function by way of sub-commissions composed of seven members, appointed in a balanced manner taking into account the specific elements of each submission by a coastal State. Nationals of the coastal State making the submission who are members of the Commission and any Commission member who has assisted a coastal State by providing scientific and technical advice with respect to the delineation shall not be a member of the sub-commission dealing with that sub-

ríkið, sem hefur lagt erindi fyrir nefndina, getur sent fulltrúa sína til að taka þátt í viðeigandi störfum án atkvæðisréttar.

6. gr.

1. Undirnefndin skal leggja tillögur sínar fyrir nefndina.
2. Til samþykkis nefndarinnar á tillögum undirnefndarinnar þarf atkvæði tveggja þriðju nefndarmanna sem eru viðstaddir og greiða atkvæði.

3. Tillögur nefndarinnar skal leggja skriflega fyrir strandríkið sem lagði erindið fram, svo og aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

7. gr.

Strandríki skulu ákveða ytri mörk landgrunnsins í samræmi við ákvæði 76. gr., 8. tl., og samkvæmt viðeigandi innlendum starfsháttum.

8. gr.

Ef strandríkið sættir sig ekki við tillögur nefndarinnar skal það innan hæfilegs tíma leggja endurskoðað eða nýtt erindi fyrir nefndina.

9. gr.

Aðgerðir nefndarinnar skulu ekki hafa áhrif á mál sem snerta afmörkun markalína milli ríkja með mótlægum eða aðlægum ströndum.

III. VIÐAUKI. GRUNDVALLARSKILYRÐI FYRIR JARÐEFNALEIT, RANNSÓKNUM OG HAGNÝTINGU

1. gr.
Eignarréttur að jarðefnum

Yfirfærsla eignarréttar að jarðefnum skal fara fram við nám samkvæmt samningi þessum.

2. gr.
Jarðefnaleit

1. a) Stofnunin skal hvetja til jarðefnaleitar á svæðinu.
b) Jarðefnaleit skal þá fyrst stunda er stofnunin hefur fengið fullnægjandi skriflega skuldbindingu um að hinn væntanlegi jarðefnaleitaraðili muni fara eftir samningi þessum og viðeigandi reglum, reglugerðum og starfsháttum stofnunarinnar varðandi samstarf í þjálfunaráætlunum, sem getið er í 143. og 144. gr., og um verndun hafrýmisins, og hann muni samþykkja að stofnunin sannprófi hvort farið sé eftir þeim. Um leið skal hinn væntanlegi jarðefnaleitar-

mission but has the right to participate as a member in the proceedings of the Commission concerning the said submission. The coastal State which has made a submission to the Commission may send its representatives to participate in the relevant proceedings without the right to vote.

Article 6

1. The sub-commission shall submit its recommendations to the Commission.

2. Approval by the Commission of the recommendations of the sub-commission shall be by a majority of two thirds of Commission members present and voting.

3. The recommendations of the Commission shall be submitted in writing to the coastal State which made the submission and to the Secretary-General of the United Nations.

Article 7

Coastal States shall establish the outer limits of the continental shelf in conformity with the provisions of article 76, paragraph 8, and in accordance with the appropriate national procedures.

Article 8

In the case of disagreement by the coastal State with the recommendations of the Commission, the coastal State shall, within a reasonable time, make a revised or new submission to the Commission.

Article 9

The actions of the Commission shall not prejudice matters relating to delimitation of boundaries between States with opposite or adjacent coasts.

ANNEX III. BASIC CONDITIONS OF PROSPECTING, EXPLORATION AND EXPLOITATION

Article 1
Title to minerals

Title to minerals shall pass upon recovery in accordance with this Convention.

Article 2
Prospecting

1. (a) The Authority shall encourage prospecting in the Area.

(b) Prospecting shall be conducted only after the Authority has received a satisfactory written undertaking that the proposed prospector will comply with this Convention and the relevant rules, regulations and procedures of the Authority concerning co-operation in the training programmes referred to in articles 143 and 144 and the protection of the marine environment, and will accept verification by the Authority of

aðili gera stofnuninni í stórum dráttum grein fyrir svæðinu eða svæðunum þar sem stunda á jarðefnaleit.

c) Fleiri en einn jarðefnaleitaraðili geta samtímis stundað jarðefnaleit á sama svæði eða sömu svæðum.

2. Jarðefnaleit skal ekki veita jarðefnaleitaraðilanum réttindi að því er snertir auðlindir. Jarðefnaleitaraðili má þó taka hæfilegt magn jarðefna til notkunar í tilraunaskyni.

3. gr.
Rannsóknir og hagnýting

1. Fyrirtækið, aðildarríki og hinir aðilarnir, sem getið er í 153. gr., 2. tl. b), geta sótt um það til stofnunarinnar að hún samþykki starfsáætlanir vegna starfsemi á svæðinu.

2. Fyrirtækið getur sótt um með tilliti til sérhvers hluta svæðisins en umsóknir annarra með tilliti til frátekinna svæða eru háðar viðbótarkröfum 9. gr. þessa viðauka.

3. Rannsóknir og hagnýtingu skal aðeins stunda á svæðum, tilteknum í starfsáætlunum sem getið er í 153. gr., 3. tl., og stofnunin hefur samþykkt samkvæmt samningi þessum og viðeigandi reglum, reglugerðum og starfsháttum stofnunarinnar.

4. Sérhver samþykkt starfsáætlun skal:

a) vera í samræmi við samning þennan og reglur, reglugerðir og starfshætti stofnunarinnar;

b) kveða á um eftirlit stofnunarinnar með starfsemi á svæðinu samkvæmt 153. gr., 4. tl.;

c) veita framkvæmdaaðilanum samkvæmt reglum, reglugerðum og starfsháttum stofnunarinnar einkarétt á að rannsaka og hagnýta hina sérstöku flokka auðlinda á svæðinu sem starfsáætlunin tekur til. Ef umsækjandinn leggur fram til samþykktar starfsáætlun sem tekur aðeins til rannsóknastigsins eða hagnýtingarstigsins skal hin samþykkta starfsáætlun þó aðeins veita þessi einkarétt-indi með tilliti til þess stigs.

5. Að fengnu samþykki stofnunarinnar skulu allar aðrar starfsáætlanir en þær, sem fyrirtækið leggur fram, vera í formi samnings sem gerður er milli stofnunarinnar og umsækjandans eða umsækjendanna.

4. gr.
Hæfi umsækjenda

1. Aðrir umsækjendur en fyrirtækið skulu teljast hæfir ef þeir fullnægja kröfum 153. gr., 2. tl. b), um ríkisborgararétt eða stjórn og stuðning enda fari þeir að á þann hátt, sem greint er frá í reglum, reglugerðum og starfsháttum stofnunarinnar, og uppfylli þargreind hæfisskilyrði.

2. Ef ekki er kveðið á um annað í 6. tl. skulu þessi hæfisskilyrði lúta að fjárhagslegri og tæknilegri getu umsækjandans og frammistöðu hans á grundvelli fyrri samninga við stofnunina.

3. Sérhver umsækjandi skal studdur af aðildarríkinu sem hann er ríkisborgari í nema umsækjandinn hafi ríkisborgararétt í fleiri en einu ríki — eins og þegar um er að ræða félagsskap eða samsteypu aðila frá ýmsum ríkjum — en í því tilviki skulu öll aðildarríki, sem hlut eiga að máli, styðja umsóknina ellegar umsækjandinn sé

compliance therewith. The proposed prospector shall, at the same time, notify the Authority of the approximate area or areas in which prospecting is to be conducted.

(c) Prospecting may be conducted simultaneously by more than one prospector in the same area or areas.

2. Prospecting shall not confer on the prospector any rights with respect to resources. A prospector may, however, recover a reasonable quantity of minerals to be used for testing.

Article 3
Exploration and exploitation

1. The Enterprise, States Parties, and the other entities referred to in article 153, paragraph 2(b), may apply to the Authority for approval of plans of work for activities in the Area.

2. The Enterprise may apply with respect to any part of the Area, but applications by others with respect to reserved areas are subject to the additional requirements of article 9 of this Annex.

3. Exploration and exploitation shall be carried out only in areas specified in plans of work referred to in article 153, paragraph 3, and approved by the Authority in accordance with this Convention and the relevant rules, regulations and procedures of the Authority.

4. Every approved plan of work shall:

(a) be in conformity with this Convention and the rules, regulations and procedures of the Authority;

(b) provide for control by the Authority of activities in the Area in accordance with article 153, paragraph 4;

(c) confer on the operator, in accordance with the rules, regulations and procedures of the Authority, the exclusive right to explore for and exploit the specified categories of resources in the area covered by the plan of work. If, however, the applicant presents for approval a plan of work covering only the stage of exploration or the stage of exploitation, the approved plan of work shall confer such exclusive right with respect to that stage only.

5. Upon its approval by the Authority, every plan of work, except those presented by the Enterprise, shall be in the form of a contract concluded between the Authority and the applicant or applicants.

Article 4
Qualifications of applicants

1. Applicants, other than the Enterprise, shall be qualified if they have the nationality or control and sponsorship required by article 153, paragraph 2(b), and if they follow the procedures and meet the qualification standards set forth in the rules, regulations and procedures of the Authority.

2. Except as provided in paragraph 6, such qualification standards shall relate to the financial and technical capabilities of the applicant and his performance under any previous contracts with the Authority.

3. Each applicant shall be sponsored by the State Party of which it is a national unless the applicant has more than one nationality, as in the case of a partnership or consortium of entities from several States, in which event all States Parties involved shall sponsor the application, or unless the applicant is effec-

undir virkri stjórn annars aðildarríkis eða ríkisborgara þess en í því tilviki skulu bæði aðildarríkin styðja umsóknina. Í reglum, reglugerðum og starfsháttum stofnunarinnar skal greina frá reglum og aðferðum við framkvæmd krafnanna um stuðning.

4. Stuðningsríkinu eða stuðningsríkjunum skal samkvæmt 139. gr. bera skylda til að tryggja innan réttarkerfa sinna að verktaki, sem þannig hefur verið studdur, stundi starfsemi á svæðinu í samræmi við skilmála samnings síns og skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum. Stuðningsríki skal þó ekki bera ábyrgð á skaða vegna þess að verktaki, sem það hefur stutt, lætur undir höfuð leggjast að efna skuldbindingar sínar ef það aðildarríki hefur sett lög og reglur og gripið til stjórnarathafna sem eru, innan ramma réttarkerfis þess, eftir atvikum viðeigandi til að tryggja að einstaklingar eða lögpersónur, sem það hefur lögsögu yfir, fari eftir þeim.

5. Aðferðirnar til að meta hæfi aðildarríkja, sem eru umsækjendur, skulu taka mið af eðli þeirra sem ríkja.

6. Hæfisskilyrðin skulu fela í sér að allir umsækjendur án undantekningar skuli í umsóknum sínum skuldbinda sig:

a) til að viðurkenna að viðeigandi skuldbindingar, sem ákveðnar eru í ákvæðum XI. hluta, reglum, reglugerðum og starfsháttum stofnunarinnar, ákvörðunum deilda stofnunarinnar og skilmálum samninga þeirra við stofnunina, séu framkvæmanlegar og efna þær;
b) til að viðurkenna eftirlit stofnunarinnar með starfsemi á svæðinu eins og samningur þessi heimilar það;
c) til að láta stofnuninni í té skriflega tryggingu fyrir því að staðið muni af trúnaði við skuldbindingar þeirra samkvæmt samningnum;
d) til að fara eftir ákvæðunum um miðlun tækni sem greint er frá í 5. gr. þessa viðauka.

5. gr.
Miðlun tækni

1. Við framlagningu starfsáætlunar skal sérhver umsækjandi koma á framfæri við stofnunina almennri lýsingu á búnaðinum og aðferðunum sem nota á við framkvæmd starfsemi á svæðinu, svo og öðrum viðeigandi upplýsingum, sem eru ekki eignarréttareðlis, um einkenni þessarar tækni auk upplýsinga um það hvar þessa tækni sé að finna.

2. Sérhver framkvæmdaaðili skal láta stofnunina vita um breytingar á lýsingunni og upplýsingunum sem komið hefur verið á framfæri samkvæmt 1. tl. hvenær sem fitjað er upp á verulegri tæknilegri breytingu eða nýjungu.

3. Í sérhverjum samningi um framkvæmd starfsemi á svæðinu skulu af hálfu verktakans vera eftirfarandi skuldbindingar:

a) um að gefa fyrirtækinu, hvenær sem stofnunin fer þess á leit, með sanngjörnum og hóflegum viðskiptalegum skilmálum og skilyrðum kost á tækninni sem hann notar við framkvæmd starfsemi á svæðinu samkvæmt samningnum enda hafi verktakinn lagalegan rétt til að miðla henni. Skal þetta gert með leyfum eða öðrum viðeigandi ráðstöfunum sem verktakinn skal semja um við fyrirtækið og greint skal frá í sérstökum viðaukasamningi við samninginn. Aðeins má láta reyna á þessa skuldbindingu ef fyrirtækið telur að það geti ekki fengið sömu eða eins virka og nytsamlega tækni á frjálsum markaði með sanngjörnum og hóflegum viðskiptalegum kjörum og skilmálum;

tively controlled by another State Party or its nationals, in which event both States Parties shall sponsor the application. The criteria and procedures for implementation of the sponsorship requirements shall be set forth in the rules, regulations and procedures of the Authority.

4. The sponsoring State or States shall, pursuant to article 139, have the responsibility to ensure, within their legal systems, that a contractor so sponsored shall carry out activities in the Area in conformity with the terms of its contract and its obligations under this Convention. A sponsoring State shall not, however, be liable for damage caused by any failure of a contractor sponsored by it to comply with its obligations if that State Party has adopted laws and regulations and taken administrative measures which are, within the framework of its legal system, reasonably appropriate for securing compliance by persons under its jurisdiction.

5. The procedures for assessing the qualifications of States Parties which are applicants shall take into account their character as States.

6. The qualification standards shall require that every applicant, without exception, shall as part of his application undertake:

(a) to accept as enforceable and comply with the applicable obligations created by the provisions of Part XI, the rules, regulations and procedures of the Authority, the decisions of the organs of the Authority and terms of his contracts with the Authority;

(b) to accept control by the Authority of activities in the Area, as authorized by this Convention;

(c) to provide the Authority with a written assurance that his obligations under the contract will be fulfilled in good faith;

(d) to comply with the provisions on the transfer of technology set forth in article 5 of this Annex.

Article 5
Transfer of technology

1. When submitting a plan of work, every applicant shall make available to the Authority a general description of the equipment and methods to be used in carrying out activities in the Area, and other relevant non-proprietary information about the characteristics of such technology and information as to where such technology is available.

2. Every operator shall inform the Authority of revisions in the description and information made available pursuant to paragraph 1 whenever a substantial technological change or innovation is introduced.

3. Every contract for carrying out activities in the Area shall contain the following undertakings by the contractor:

(a) to make available to the Enterprise on fair and reasonable commercial terms and conditions, whenever the Authority so requests, the technology which he uses in carrying out activities in the Area under the contract, which the contractor is legally entitled to transfer. This shall be done by means of licences or other appropriate arrangements which the contractor shall negotiate with the Enterprise and which shall be set forth in a specific agreement supplementary to the contract. This undertaking may be invoked only if the Enterprise finds that it is unable to obtain the same or equally efficient and useful technology on the open market on fair and reasonable commercial terms and conditions;

b) um að fá skriflega tryggingu frá eiganda tækni, sem notuð er við framkvæmd starfsemi á svæðinu samkvæmt samningnum, er ekki almennt að finna á frjálsum markaði og a-liður tekur ekki til, fyrir því að eigandinn muni, hvenær sem stofnunin fer þess á leit, gefa fyrirtækinu kost á þeirri tækni með leyfi eða öðrum viðeigandi ráðstöfunum og með sanngjörnum og hóflegum viðskiptalegum skilmálum og skilyrðum að eins miklu leyti og verktakanum er gefinn kostur á henni. Ef þessi trygging fæst ekki skal verktakinn ekki nota viðkomandi tækni við framkvæmd starfsemi á svæðinu;

c) um að afla frá eigandanum með framkvæmanlegum samningi, að beiðni fyrirtækisins og ef unnt er að gera það án verulegs kostnaðar fyrir verktakann, lagalegs réttar til að miðla fyrirtækinu tækni sem verktakinn notar við framkvæmd starfsemi á svæðinu samkvæmt samningnum, hann hefur ella ekki lagalegan rétt til að miðla og er ekki almennt að finna á frjálsum markaði. Þegar náin félagsleg tengsl eru milli verktakans og eiganda tækninnar skal það, hversu mikil þessi tengsl og stjórn eða áhrif eru, skipta máli við ákvörðunina um það hvort allar tiltækar ráðstafanir hafi verið gerðar til að öðlast þennan rétt. Þegar verktakinn fer með virka stjórn yfir eigandanum skal misbrestur á því, að hins lagalega réttar sé aflað frá eigandanum, teljast skipta máli um hæfi verktakans varðandi síðari umsókn um samþykkt starfsáætlunar;

d) um að auðvelda að beiðni fyrirtækisins öflun þess á tækni, sem b-liður tekur til, með leyfi eða öðrum viðeigandi ráðstöfunum og með sanngjörnum og hóflegum viðskiptalegum skilmálum og skilyrðum ef fyrirtækið ákveður að semja beint við eiganda tækninnar;

e) um að gera sömu ráðstafanir og mælt er fyrir um í a-, b-, c- og d-lið til hagsbóta fyrir þróunarríki eða hóp þróunarríkja sem sótt hefur um samning samkvæmt 9. gr. þessa viðauka, með því skilyrði að þessar ráðstafanir séu takmarkaðar við hagnýtingu þess hluta svæðisins, sem verktakinn hefur gert tillögu um og tekinn hefur verið frá samkvæmt 8. gr. þessa viðauka, og með því skilyrði að starfsemi samkvæmt samningnum, sem þróunarríkið eða hópur þróunarríkja hefur sóst eftir, muni ekki hafa í för með sér miðlun tækni til þriðja ríkis eða ríkisborgara þriðja ríkis. Skuldbindingin samkvæmt þessu ákvæði skal aðeins gilda með tilliti til ákveðins verktaka þegar fyrirtækið hefur ekki beðið um tækni eða sá verktaki hefur ekki miðlað fyrirtækinu henni.

4. Deilumál um skuldbindingar, sem krafist er í 3. tl., skulu eins og önnur ákvæði samninganna sæta skyldubundinni lausn samkvæmt XI. hluta og má í samræmi við 18. gr. þessa viðauka mæla fyrir um frestun eða uppsögn samningsins ellegar fjársektir þegar um brot á þessum skuldbindingum er að ræða. Hvor aðili um sig getur lagt deilumál um það, hvort tilboð, sem verktakinn hefur gert, séu innan ramma sanngjarnra og hóflegra viðskiptalegra skilmála og skilyrða, í bindandi viðskiptagerð samkvæmt gerðardómsreglum nefndar Sameinuðu þjóðanna um alþjóðaviðskiptarétt eða öðrum þeim gerðardómsreglum sem mælt kann að vera fyrir um í reglum, reglugerðum og starfsháttum stofnunarinnar. Ef úrskurðurinn er sá að tilboðið, sem verktakinn hefur gert, sé ekki innan ramma sanngjarnra og hóflegra viðskiptalegra skilmála og skilyrða skal gefa verktakanum 45 daga frest til að endurskoða tilboð sitt svo að það sé innan þess ramma áður en stofnunin grípur til aðgerða samkvæmt 18. gr. þessa viðauka.

(b) to obtain a written assurance from the owner of any technology used in carrying out activities in the Area under the contract, which is not generally available on the open market and which is not covered by subparagraph (a), that the owner will, whenever the Authority so requests, make that technology available to the Enterprise under licence or other appropriate arrangements and on fair and reasonable commercial terms and conditions, to the same extent as made available to the contractor. If this assurance is not obtained, the technology in question shall not be used by the contractor in carrying out activities in the Area;

(c) to acquire from the owner by means of an enforceable contract, upon the request of the Enterprise and if it is possible to do so without substantial cost to the contractor, the legal right to transfer to the Enterprise any technology used by the contractor, in carrying out activities in the Area under the contract, which the contractor is otherwise not legally entitled to transfer and which is not generally available on the open market. In cases where there is a substantial corporate relationship between the contractor and the owner of the technology, the closeness of this relationship and the degree of control or influence shall be relevant to the determination whether all feasible measures have been taken to acquire such a right. In cases where the contractor exercises effective control over the owner, failure to acquire from the owner the legal right shall be considered relevant to the contractor's qualification for any subsequent application for approval of a plan of work;

(d) to facilitate, upon the request of the Enterprise, the acquisition by the Enterprise of any technology covered by subparagraph (b), under licence or other appropriate arrangements and on fair and reasonable commercial terms and conditions, if the Enterprise decides to negotiate directly with the owner of the technology;

(e) to take the same measures as are prescribed in subparagraphs (a), (b), (c) and (d) for the benefit of a developing State or group of developing States which has applied for a contract under article 9 of this Annex, provided that these measures shall be limited to the exploitation of the part of the area proposed by the contractor which has been reserved pursuant to article 8 of this Annex and provided that activities under the contract sought by the developing State or group of developing States would not involve transfer of technology to a third State or the nationals of a third State. The obligation under this provision shall only apply with respect to any given contractor where technology has not been requested by the Enterprise or transferred by that contractor to the Enterprise.

4. Disputes concerning undertakings required by paragraph 3, like other provisions of the contracts, shall be subject to compulsory settlement in accordance with Part XI and, in cases of violation of these undertakings, suspension or termination of the contract or monetary penalties may be ordered in accordance with article 18 of this Annex. Disputes as to whether offers made by the contractor are within the range of fair and reasonable commercial terms and conditions may be submitted by either party to binding commercial arbitration in accordance with the UNCITRAL Arbitration Rules or such other arbitration rules as may be prescribed in the rules, regulations and procedures of the Authority. If the finding is that the offer made by the contractor is not within the range of fair and reasonable commercial terms and conditions, the contractor shall be given 45 days to revise his offer to bring it within that range before the Authority takes any action in accordance with article 18 of this Annex.

5. Ef fyrirtækið getur ekki fengið með sanngjörnum og hóflegum viðskiptalegum skilmálum og skilyrðum viðeigandi tækni til að gera því kleift að hefja í tæka tíð nám og vinnslu jarðefna af svæðinu getur annaðhvort ráðið eða þingið kallað saman hóp aðildarríkja, skipaðan þeim sem fást við starfsemi á svæðinu, þeim er hafa stutt aðila sem fást við starfsemi á svæðinu og öðrum aðildarríkjum sem eiga aðgang að þessari tækni. Þessi hópur skal bera saman ráð sín og gera virkar ráðstafanir til að tryggja að fyrirtækinu sé gefinn kostur á þessari tækni með sanngjörnum og hóflegum viðskiptalegum skilmálum og skilyrðum. Sérhvert slíkt aðildarríki skal innan síns eigin réttarkerfis gera allar tiltækar ráðstafanir í þessu skyni.

6. Þegar um er að ræða sameiginleg fyrirtæki með fyrirtækinu skal miðlun tækni fara fram samkvæmt skilmálum samningsins um sameiginlega fyrirtækið.

7. Skuldbindingarnar, sem krafist er í 3. tl., skulu vera í sérhverjum samningi um framkvæmd starfsemi á svæðinu allt að 10 árum eftir upphaf vinnslu í viðskiptatilgangi af hálfu fyrirtækisins og má láta reyna á þær á því tímabili.

8. Í þessari grein merkir „tækni" sérhæfðan búnað og tækniþekkingu, m. a. handbækur, uppdrætti, starfræksluleiðbeiningar, þjálfun og tæknilega ráðgjöf og aðstoð, sem nauðsynleg er til að setja saman, halda við og starfrækja arðbært kerfi, og lagalegan rétt til að nota þessa þætti í þeim tilgangi á almennum grundvelli.

6. gr.
Samþykkt starfsáætlana

1. Sex mánuðum eftir gildistöku samnings þessa og því næst fjórða hvern mánuð skal stofnunin taka til athugunar drög að starfsáætlunum.

2. Stofnunin skal við athugun á umsókn um samþykkt starfsáætlunar í formi samnings fyrst ganga úr skugga um það hvort:

a) umsækjandinn hafi farið eftir reglunum, sem settar eru um umsóknir samkvæmt 4. gr. þessa viðauka, og hafi tekist á hendur gagnvart stofnuninni skuldbindingarnar og veitt henni tryggingarnar sem krafist er í þeirri grein. Þegar ekki er farið eftir þessum reglum eða þessar skuldbindingar og tryggingar eru ekki fyrir hendi skal gefa umsækjandanum 45 daga frest til að bæta úr þessum ágöllum;
b) umsækjandinn fullnægi nauðsynlegum hæfiskröfum sem kveðið er á um í 4. gr. þessa viðauka.

3. Öll drög að starfsáætlunum skal taka til meðferðar í þeirri röð sem tekið er við þeim. Drögin að starfsáætlununum skulu vera í samræmi við og innan ramma viðeigandi ákvæða samnings þessa og reglna, reglugerða og starfshátta stofnunarinnar, m. a. um starfrækslukröfur, fjárframlög og skuldbindingarnar varðandi miðlun tækni. Ef drögin að starfsáætlununum uppfylla þessar kröfur skal stofnunin samþykkja þær enda séu þær í samræmi við samræmdar kröfur án mismununar sem gerðar eru í reglum, reglugerðum og starfsháttum stofnunarinnar, þó ekki ef:

a) svæðið, sem drögin að starfsáætluninni taka til, felst að nokkru eða öllu leyti í samþykktri starfsáætlun eða drögum að starfsáætlun sem hafa áður verið lögð fram og stofnunin hefur enn ekki fjallað endanlega um;
b) stofnunin hafnar svæðinu, sem drögin að starfsáætluninni taka til, að nokkru eða öllu leyti samkvæmt 162. gr., 2. tl. x); eða

5. If the Enterprise is unable to obtain on fair and reasonable commercial terms and conditions appropriate technology to enable it to commence in a timely manner the recovery and processing of minerals from the Area, either the Council or the Assembly may convene a group of States Parties composed of those which are engaged in activities in the Area, those which have sponsored entities which are engaged in activities in the Area and other States Parties having access to such technology. This group shall consult together and shall take effective measures to ensure that such technology is made available to the Enterprise on fair and reasonable commercial terms and conditions. Each such State Party shall take all feasible measures to this end within its own legal system.

6. In the case of joint ventures with the Enterprise, transfer of technology will be in accordance with the terms of the joint venture agreement.

7. The undertakings required by paragraph 3 shall be included in each contract for the carrying out of activities in the Area until 10 years after the commencement of commercial production by the Enterprise, and may be invoked during that period.

8. For the purposes of this article, "technology" means the specialized equipment and technical know-how, including manuals, designs, operating instructions, training and technical advice and assistance, necessary to assemble, maintain and operate a viable system and the legal right to use these items for that purpose on a non-exclusive basis.

Article 6
Approval of plans of work

1. Six months after the entry into force of this Convention, and thereafter each fourth month, the Authority shall take up for consideration proposed plans of work.

2. When considering an application for approval of a plan of work in the form of a contract, the Authority shall first ascertain whether:

(a) the applicant has complied with the procedures established for applications in accordance with article 4 of this Annex and has given the Authority the undertakings and assurances required by that article. In cases of non-compliance with these procedures or in the absence of any of these undertakings and assurances, the applicant shall be given 45 days to remedy these defects;

(b) the applicant possesses the requisite qualifications provided for in article 4 of this Annex.

3. All proposed plans of work shall be taken up in the order in which they are received. The proposed plans of work shall comply with and be governed by the relevant provisions of this Convention and the rules, regulations and procedures of the Authority, including those on operational requirements, financial contributions and the undertakings concerning the transfer of technology. If the proposed plans of work conform to these requirements, the Authority shall approve them provided that they are in accordance with the uniform and non-discriminatory requirements set forth in the rules, regulations and procedures of the Authority, unless:

(a) part or all of the area covered by the proposed plan of work is included in an approved plan of work or a previously submitted proposed plan of work which has not yet been finally acted on by the Authority;

(b) part or all of the area covered by the proposed plan of work is disapproved by the Authority pursuant to article 162, paragraph 2 (x); or

c) drögin að starfsáætluninni hafa verið lögð fram eða studd af aðildarríki sem þegar hefur fengið samþykktar:
   i) starfsáætlanir um rannsóknir á fjölmálmsmolum og hagnýtingu þeirra á ófráteknum svæðum ef þau eru ásamt öðrum hvorum hluta svæðisins, sem umsóknin um starfsáætlun tekur til, 30 hundraðshlutum stærri en 400 000 ferkílómetra hringlaga svæði umhverfis miðju annars hvors hluta svæðisins sem drögin að starfsáætluninni taka til;
   ii) starfsáætlanir um rannsóknir á fjölmálmsmolum og hagnýtingu þeirra á ófráteknum svæðum, samtals að stærð 2 hundraðshlutar af samanlögðu hafsbotnssvæðinu sem er ekki frátekið eða hafnað með tilliti til hagnýtingar samkvæmt 162. gr., 2. tl. x).

4. Að því er varðar staðalinn, sem greint er frá í 3. tl. c), skal reikna starfsáætlun, sem félagsskapur eða samsteypa leggur fram, á hlutagrundvelli milli aðildarríkjanna sem veita stuðning og hlut eiga að máli samkvæmt 4. gr., 3. tl., þessa viðauka. Stofnunin getur samþykkt starfsáætlanir sem 3. tl. c) tekur til ef hún telur að slíkt samþykki muni ekki gera aðildarríki eða aðilum, sem það styður, kleift að einoka framkvæmd starfsemi á svæðinu eða útiloka önnur aðildarríki frá starfsemi á svæðinu.

5. Þrátt fyrir 3. tl. a) getur stofnunin eftir lok bráðabirgðatímabilsins, sem tilgreint er í 151. gr., 3. tl., með reglum, reglugerðum og starfsháttum samþykkt aðrar aðferðir og reglur, sem samrýmast samningi þessum, til að ákveða hvaða umsækjendur skuli fá starfsáætlanir samþykktar þegar um val milli umsækjenda um fyrirhugað svæði er að ræða. Þessar aðferðir og reglur skulu tryggja samþykkt starfsáætlana á sanngjörnum grundvelli án mismununar.

7. gr.
Val milli umsækjenda um vinnsluleyfi

1. Sex mánuðum eftir gildistöku samnings þessa og því næst fjórða hvern mánuð skal stofnunin taka til athugunar umsóknir um vinnsluleyfi sem lagðar eru fram á næsta tímabili þar á undan. Stofnunin skal veita leyfin sem sótt er um ef unnt er að samþykkja allar þessar umsóknir án þess að fara fram úr framleiðslumarkinu eða brjóta gegn skuldbindingum stofnunarinnar samkvæmt vörusamningi eða vörusamþykkt sem hún hefur gerst aðili að samkvæmt ákvæðum 151. gr.

2. Þegar velja verður milli umsækjenda um vinnsluleyfi vegna framleiðslumarksins, sem greint er frá í 151. gr., 2.—7. tl., eða vegna skuldbindinga stofnunarinnar samkvæmt vörusamningi eða vörusamþykkt sem hún hefur gerst aðili að samkvæmt ákvæðum 151. gr., 1. tl., skal stofnunin velja á grundvelli þeirra hlutlægu staðla án mismununar sem greint er frá í reglum, reglugerðum og starfsháttum hennar.

3. Við beitingu 2. tl. skal stofnunin veita þeim umsækjendum forgangsrétt sem:

a) veita betri tryggingu fyrir frammistöðu með hliðsjón af fjárhagslegu og tæknilegu hæfi þeirra og eftir atvikum frammistöðu þeirra samkvæmt áður samþykktum starfsáætlunum;
b) kunna fyrr að veita stofnuninni hagsbætur með hliðsjón af því hvenær áætlað er að vinnsla í viðskiptatilgangi byrji;
c) hafa þegar lagt mest fé og fyrirhöfn í jarðefnaleit eða rannsóknir.

(c) the proposed plan of work has been submitted or sponsored by a State Party which already holds:

(i) plans of work for exploration and exploitation of polymetallic nodules in non-reserved areas that, together with either part of the area covered by the application for a plan of work, exceed in size 30 per cent of a circular area of 400,000 square kilometres surrounding the centre of either part of the area covered by the proposed plan of work;

(ii) plans of work for the exploration and exploitation of polymetallic nodules in non-reserved areas which, taken together, constitute 2 per cent of the total sea-bed area which is not reserved or disapproved for exploitation pursuant to article 162, paragraph (2)(x).

4. For the purpose of the standard set forth in paragraph 3(c), a plan of work submitted by a partnership or consortium shall be counted on a *pro rata* basis among the sponsoring States Parties involved in accordance with article 4, paragraph 3, of this Annex. The Authority may approve plans of work covered by paragraph 3(c) if it determines that such approval would not permit a State Party or entities sponsored by it to monopolize the conduct of activities in the Area or to preclude other States Parties from activities in the Area.

5. Notwithstanding paragraph 3(a), after the end of the interim period specified in article 151, paragraph 3, the Authority may adopt by means of rules, regulations and procedures other procedures and criteria consistent with this Convention for deciding which applicants shall have plans of work approved in cases of selection among applicants for a proposed area. These procedures and criteria shall ensure approval of plans of work on an equitable and non-discriminatory basis.

Article 7

Selection among applicants for production authorizations

1. Six months after the entry into force of this Convention, and thereafter each fourth month, the Authority shall take up for consideration applications for production authorizations submitted during the immediately preceding period. The Authority shall issue the authorizations applied for if all such applications can be approved without exceeding the production limitation or contravening the obligations of the Authority under a commodity agreement or arrangement to which it has become a party, as provided in article 151.

2. When a selection must be made among applicants for production authorizations because of the production limitation set forth in article 151, paragraphs 2 to 7, or because of the obligations of the Authority under a commodity agreement or arrangement to which it has become a party, as provided for in article 151, paragraph 1, the Authority shall make the selection on the basis of objective and non-discriminatory standards set forth in its rules, regulations and procedures.

3. In the application of paragraph 2, the Authority shall give priority to those applicants which:

(a) give better assurance of performance, taking into account their financial and technical qualifications and their performance, if any, under previously approved plans of work;

(b) provide earlier prospective financial benefits to the Authority, taking into account when commercial production is scheduled to begin;

(c) have already invested the most resources and effort in prospecting or exploration.

4. Umsækjendur, sem eru ekki valdir á einhverju tímabili, skulu hafa forgangsrétt á seinni tímabilum uns þeir fá vinnsluleyfi.

5. Vali skal hátta með hliðsjón af þörfinni á að auka möguleika allra aðildarríkja á að taka þátt í starfsemi á svæðinu án tillits til þjóðfélags- og efnahagskerfa þeirra eða landfræðilegrar legu til að forðast mismunun gagnvart nokkru ríki eða kerfi, svo og þörfinni á að koma í veg fyrir einokun þessarar starfsemi.

6. Hvenær sem færri frátekin svæði en ófrátekin svæði eru hagnýtt skulu umsóknir um vinnsluleyfi vegna frátekinna svæða hafa forgangsrétt.

7. Ákvarðanirnar, sem getið er í þessari grein, skal taka eins fljótt og auðið er eftir lok hvers tímabils.

8. gr.
Frátaka svæða

Allar aðrar umsóknir en þær, sem fyrirtækið eða einhver annar aðili leggur fram um frátekin svæði, skulu ná yfir heildarsvæði, sem þarf ekki að vera eitt samfellt svæði, nægilega stórt og metið nægilega verðmætt viðskiptalega séð til þess að tvær jarðefnavinnsluframkvæmdir geti farið fram. Umsækjandinn skal tilgreina hnitin, sem skipta svæðinu í tvo hluta, metna jafnverðmæta viðskiptalega séð, og leggja fram öll gögnin sem hann hefur fengið um báða hlutana. Að óhnekktu valdi stofnunarinnar samkvæmt 17. gr. þessa viðauka skulu gögnin, sem leggja á fram um fjölmálmsmola, snerta kortagerð, töku sýnishorna, magn mola og málminnihald þeirra. Innan 45 daga frá móttöku þessara gagna skal stofnunin ákveða hvaða hluta eigi að taka eingöngu frá til framkvæmdar starfsemi af hálfu stofnunarinnar fyrir milligöngu fyrirtækisins eða í tengslum við þróunarríki. Þessari ákvörðun má fresta um annað 45 daga tímabil ef stofnunin biður óháðan sérfræðing að meta hvort öll gögnin, sem krafist er í þessari grein, hafi verið lögð fram. Svæðið, sem ákveðið hefur verið, skal verða frátekið svæði um leið og starfsáætlunin fyrir ófrátekna svæðið hefur verið samþykkt og samningurinn undirritaður.

9. gr.
Starfsemi á fráteknum svæðum

1. Gefa skal fyrirtækinu tækifæri til að ákveða hvort það hyggist stunda starfsemi á hverju fráteknu svæði. Þessa ákvörðun má taka hvenær sem er nema stofnunin fái tilkynningu samkvæmt 4. tl. en í því tilviki skal fyrirtækið taka ákvörðun sína innan hæfilegs tíma. Fyrirtækið getur ákveðið að hagnýta þessi svæði ásamt hlutaðeigandi ríki eða aðila á grundvelli sameiginlegra fyrirtækja.

2. Fyrirtækið má gera samninga um framkvæmd hluta af starfsemi sinni samkvæmt IV. viðauka, 12. gr. Það getur einnig stofnað til sameiginlegra fyrirtækja um framkvæmd þessarar starfsemi með aðilum sem eru hæfir til að stunda starfsemi á svæðinu samkvæmt 153. gr., 2. tl. b). Þegar fyrirtækið hefur þessi sameiginlegu fyrirtæki til athugunar skal það gefa aðildarríkjum í hópi þróunarríkja og ríkisborgurum þeirra kost á virkri þátttöku.

3. Stofnunin getur í reglum, reglugerðum og starfsháttum sínum mælt fyrir um efnislegar og formlegar kröfur og skilyrði með tilliti til þessara samninga og sameiginlegu fyrirtækja.

4. Applicants which are not selected in any period shall have priority in subsequent periods until they receive a production authorization.

5. Selection shall be made taking into account the need to enhance opportunities for all States Parties, irrespective of their social and economic systems or geographical locations so as to avoid discrimination against any State or system, to participate in activities in the Area and to prevent monopolization of those activities.

6. Whenever fewer reserved areas than non-reserved areas are under exploitation, applications for production authorizations with respect to reserved areas shall have priority.

7. The decisions referred to in this article shall be taken as soon as possible after the close of each period.

Article 8
Reservation of areas

Each application, other than those submitted by the Enterprise or by any other entities for reserved areas, shall cover a total area, which need not be a single continuous area, sufficiently large and of sufficient estimated commercial value to allow two mining operations. The applicant shall indicate the coordinates dividing the area into two parts of equal estimated commercial value and submit all the data obtained by him with respect to both parts. Without prejudice to the powers of the Authority pursuant to article 17 of this Annex, the data to be submitted concerning polymetallic nodules shall relate to mapping, sampling, the abundance of nodules, and their metal content. Within 45 days of receiving such data, the Authority shall designate which part is to be reserved solely for the conduct of activities by the Authority through the Enterprise or in association with developing States. This designation may be deferred for a further period of 45 days if the Authority requests an independent expert to assess whether all data required by this article has been submitted. The area designated shall become a reserved area as soon as the plan of work for the non-reserved area is approved and the contract is signed.

Article 9
Activities in reserved areas

1. The Enterprise shall be given an opportunity to decide whether it intends to carry out activities in each reserved area. This decision may be taken at any time, unless a notification pursuant to paragraph 4 is received by the Authority, in which event the Enterprise shall take its decision within a reasonable time. The Enterprise may decide to exploit such areas in joint ventures with the interested State or entity.

2. The Enterprise may conclude contracts for the execution of part of its activities in accordance with Annex IV, article 12. It may also enter into joint ventures for the conduct of such activities with any entities which are eligible to carry out activities in the Area pursuant to article 153, paragraph 2(b). When considering such joint ventures, the Enterprise shall offer to States Parties which are developing States and their nationals the opportunity of effective participation.

3. The Authority may prescribe, in its rules, regulations and procedures, substantive and procedural requirements and conditions with respect to such contracts and joint ventures.

4. Aðildarríki í hópi þróunarríkja ellegar einstaklingur eða lögpersóna, studd af því og undir virkri stjórn þess eða annars þróunarríkis sem er hæfur umsækjandi, eða einhver hópur hinna framangreindu, getur tilkynnt stofnuninni að það vilji leggja fram starfsáætlun samkvæmt 6. gr. þessa viðauka með tilliti til frátekins svæðis. Starfsáætlunina skal taka til athugunar ef fyrirtækið ákveður samkvæmt 1. tl. að það hyggist ekki stunda starfsemi á því svæði.

10. gr.
Forréttindi og forgangsréttur meðal umsækjenda

Framkvæmdaaðili, sem hefur fengið samþykkta starfsáætlun um rannsóknir einvörðungu eins og kveðið er á um í 3. gr., 4. tl. c), þessa viðauka, skal hafa forréttindi og forgangsrétt meðal umsækjenda um starfsáætlun sem tekur til hagnýtingar sama svæðis og auðlinda. Þó má draga þessi forréttindi eða þennan forgangsrétt til baka ef frammistaða framkvæmdaaðilans hefur ekki verið viðunandi.

11. gr.
Sameiginlegar ráðstafanir

1. Í samningum má kveða á um sameiginlegar ráðstafanir í formi sameiginlegra fyrirtækja eða framleiðslusamvinnu milli verktakans og stofnunarinnar fyrir milligöngu fyrirtækisins, svo og hvers konar annað form sameiginlegra ráðstafana, og skulu þær njóta sömu verndar gegn endurskoðun, frestun eða uppsögn og samningar við stofnunina.

2. Verktakar, sem gera þessar sameiginlegu ráðstafanir með fyrirtækinu, geta notið fjárhagslegra ívilnana sem kveðið er á um í 13. gr. þessa viðauka.

3. Þátttakendur í sameiginlegum fyrirtækjum með fyrirtækinu skulu vera ábyrgir fyrir greiðslunum, sem krafist er í 13. gr. þessa viðauka, í samræmi við hlut sinn í sameiginlegu fyrirtækjunum, samanber þó fjárhagslegar ívilnanir sem kveðið er á um í þeirri grein.

12. gr.
Starfsemi sem fyrirtækið stundar

1. Um starfsemi á svæðinu, sem fyrirtækið stundar samkvæmt 153. gr., 2. tl. a), skal fara eftir XI. hluta, reglum, reglugerðum og starfsháttum stofnunarinnar og viðeigandi ákvörðunum hennar.

2. Sérhver starfsáætlun, sem fyrirtækið leggur fram, skal studd sönnunum um fjárhagslega og tæknilega getu þess.

13. gr.
Fjárhagsskilmálar samninga

1. Við mótun reglna, reglugerða og starfshátta varðandi fjárhagsskilmála samnings milli stofnunarinnar og aðilanna, sem getið er í 153. gr., 2. tl. b), og í samningaumleitunum um þessi fjárhagskjör samkvæmt XI. hluta og þessum reglum, reglugerðum og starfsháttum skal stofnunin taka mið af eftirfarandi markmiðum:

a) að tryggja stofnuninni hámarkstekjur af ágóða af vinnslu í viðskiptatilgangi;

b) að laða að fjárfestingu og tækni til rannsókna á svæðinu og hagnýtingar þess;

c) að tryggja verktökum jöfn fjárhagskjör og sambærilegar fjárskuldbindingar;

4. Any State Party which is a developing State or any natural or juridical person sponsored by it and effectively controlled by it or by other developing State which is a qualified applicant, or any group of the foregoing, may notify the Authority that it wishes to submit a plan of work pursuant to article 6 of this Annex with respect to a reserved area. The plan of work shall be considered if the Enterprise decides, pursuant to paragraph 1, that it does not intend to carry out activities in that area.

Article 10
Preference and priority among applicants

An operator who has an approved plan of work for exploration only, as provided in article 3, paragraph 4(c), of this Annex shall have a preference and a priority among applicants for a plan of work covering exploitation of the same area and resources. However, such preference or priority may be withdrawn if the operator's performance has not been satisfactory.

Article 11
Joint arrangements

1. Contracts may provide for joint arrangements between the contractor and the Authority through the Enterprise, in the form of joint ventures or production sharing, as well as any other form of joint arrangement, which shall have the same protection against revision, suspension or termination as contracts with the Authority.

2. Contractors entering into such joint arrangements with the Enterprise may receive financial incentives as provided for in article 13 of this Annex.

3. Partners in joint ventures with the Enterprise shall be liable for the payments required by article 13 of this Annex to the extent of their share in the joint ventures, subject to financial incentives as provided for in that article.

Article 12
Activities carried out by the Enterprise

1. Activities in the Area carried out by the Enterprise pursuant to article 153, paragraph 2(a), shall be governed by Part XI, the rules, regulations and procedures of the Authority and its relevant decisions.

2. Any plan of work submitted by the Enterprise shall be accompanied by evidence supporting its financial and technical capabilities.

Article 13
Financial terms of contracts

1. In adopting rules, regulations and procedures concerning the financial terms of a contract between the Authority and the entities referred to in article 153, paragraph 2(b), and in negotiating those financial terms in accordance with Part XI and those rules, regulations and procedures, the Authority shall be guided by the following objectives:

(a) to ensure optimum revenues for the Authority from the proceeds of commercial production;

(b) to attract investments and technology to the exploration and exploitation of the Area;

(c) to ensure equality of financial treatment and comparable financial obligations for contractors;

d) að veita verktökum ívilnanir á samræmdum grundvelli án mismununar þannig að þeir geri sameiginlegar ráðstafanir með fyrirtækinu og þróunarríkjum eða ríkisborgurum þeirra, að örva miðlun tækni þangað og að þjálfa starfslið stofnunarinnar og þróunarríkja;

e) að gera fyrirtækinu kleift að fást á virkan hátt við hafsbotnsjarðefnavinnslu á sama tíma og aðilarnir sem getið er í 153. gr., 2. tl. b); og

f) að tryggja að verktakar séu ekki — vegna fjárhagslegu ívilnananna sem þeim eru veittar samkvæmt 14. tl., samkvæmt skilmálum samninga sem endurskoðaðir hafa verið í samræmi við 19. gr. þessa viðauka eða samkvæmt ákvæðum 11. gr. þessa viðauka með tilliti til sameiginlegra fyrirtækja — styrktir þannig að þeim sé veitt óeðlilegt samkeppnishagræði gagnvart jarðefnavinnsluaðilum á landi.

2. Leggja skal á gjald vegna stjórnunarkostnaðar við meðferð umsóknar um samþykkt starfsáætlunar í formi samnings og skal upphæð þess ákveðin 500 000 Bandaríkjadalir á umsókn. Ráðið skal endurskoða upphæð gjaldsins öðru hverju til að tryggja að það hrökkvi fyrir stjórnunarkostnaðinum sem lagt er í. Ef þessi stjórnunarkostnaður, sem stofnunin leggur í við meðferð umsóknar, er minni en fastaupphæðin skal stofnunin endurgreiða umsækjandanum mismuninn.

3. Verktaki skal greiða árlegt 1 milljónar Bandaríkjadala fastagjald frá gildistökudegi samningsins. Ef hinum samþykkta upphafsdegi vinnslu í viðskiptatilgangi er frestað vegna tafar á veitingu vinnsluleyfisins samkvæmt 151. gr. skal falla frá hinu árlega fastagjaldi meðan á frestuninni stendur. Frá upphafsdegi vinnslu í viðskiptatilgangi skal verktakinn annaðhvort greiða framleiðslugjaldið eða hið árlega fastagjald hvort sem hærra er.

4. Innan árs frá upphafsdegi vinnslu í viðskiptatilgangi, í samræmi við 3. tl., skal verktaki velja um það að inna fjárframlag sitt til stofnunarinnar af hendi annaðhvort með því að:

a) greiða aðeins framleiðslugjald; eða

b) greiða sambland af framleiðslugjaldi og hluta af nettótekjum.

5. a) Ef verktaki kýs að inna fjárframlag sitt til stofnunarinnar af hendi með því að greiða aðeins framleiðslugjald skal ákveða það sem hundraðshluta af markaðsverðmæti unnu málmanna úr fjölmálmsmolunum af samningssvæðinu. Þennan hundraðshluta skal ákveða sem hér segir:

i) 1.—10. ár vinnslu í viðskiptatilgangi	5 hundraðshlutar
ii) 11. árið til loka vinnslu í viðskiptatilgangi	12 hundraðshlutar

b) Áðurnefnt markaðsverðmæti skal samkvæmt skilgreiningunni í 7. og 8. tl. vera margfeldið af magni unnu málmanna úr fjölmálmsmolunum af samningssvæðinu og meðalverði þessara málma á viðeigandi bókhaldsári.

6. Ef verktaki kýs að inna fjárframlag sitt til stofnunarinnar af hendi með því að greiða sambland af framleiðslugjaldi og hluta af nettótekjum skulu þær greiðslur ákveðnar sem hér segir:

a) Framleiðslugjaldið skal ákveða sem hundraðshluta af markaðsverðmæti unnu málmanna úr fjölmálmsmolunum af samningssvæðinu enda sé markaðsverðmætið ákveðið samkvæmt b-lið. Þennan hundraðshluta skal ákveða sem hér segir:

(d) to provide incentives on a uniform and non-discriminatory basis for contractors to undertake joint arrangements with the Enterprise and developing States or their nationals, to stimulate the transfer of technology thereto, and to train the personnel of the Authority and of developing States;

(e) to enable the Enterprise to engage in sea-bed mining effectively at the same time as the entities referred to in article 153, paragraph 2(b); and

(f) to ensure that, as a result of the financial incentives provided to contractors under paragraph 14, under the terms of contracts reviewed in accordance with article 19 of this Annex or under the provisions of article 11 of this Annex with respect to joint ventures, contractors are not subsidized so as to be given an artificial competitive advantage with respect to land-based miners.

2. A fee shall be levied for the administrative cost of processing an application for approval of a plan of work in the form of a contract and shall be fixed at an amount of $US 500,000 per application. The amount of the fee shall be reviewed from time to time by the Council in order to ensure that it covers the administrative cost incurred. If such administrative cost incurred by the Authority in processing an application is less than the fixed amount, the Authority shall refund the difference to the applicant.

3. A contractor shall pay an annual fixed fee of $US 1 million from the date of entry into force of the contract. If the approved date of commencement of commercial production is postponed because of a delay in issuing the production authorization, in accordance with article 151, the annual fixed fee shall be waived for the period of postponement. From the date of commencement of commercial production, the contractor shall pay either the production charge or the annual fixed fee, whichever is greater.

4. Within a year of the date of commencement of commercial production, in conformity with paragraph 3, a contractor shall choose to make his financial contribution to the Authority by either:

(a) paying a production charge only; or

(b) paying a combination of a production charge and a share of net proceeds.

5. (a) If a contractor chooses to make his financial contribution to the Authority by paying a production charge only, it shall be fixed at a percentage of the market value of the processed metals produced from the polymetallic nodules recovered from the area covered by the contract. This percentage shall be fixed as follows:

(i) years 1-10 of commercial production	5 per cent
(ii) years 11 to the end of commercial production	12 per cent

(b) The said market value shall be the product of the quantity of the processed metals produced from the polymetallic nodules extracted from the area covered by the contract and the average price for those metals during the relevant accounting year, as defined in paragraphs 7 and 8.

6. If a contractor chooses to make his financial contribution to the Authority by paying a combination of a production charge and a share of net proceeds, such payments shall be determined as follows:

(a) The production charge shall be fixed at a percentage of the market value, determined in accordance with subparagraph (b), of the processed metals produced from the polymetallic nodules recovered from the area covered by the contract. This percentage shall be fixed as follows:

i) fyrsta tímabil vinnslu í viðskiptatilgangi 2 hundraðshlutar
ii) annað tímabil vinnslu í viðskiptatilgangi 4 hundraðshlutar

Ef arðsemishlutfall fjárfestingar á einhverju bókhaldsári samkvæmt skilgreiningunni í m-lið fer á öðru tímabili vinnslu í viðskiptatilgangi samkvæmt skilgreiningunni í d-lið niður fyrir 15 hundraðshluta vegna þess að 4 hundraðshluta framleiðslugjald er greitt skal framleiðslugjaldið á því bókhaldsári vera 2 hundraðshlutar í stað 4 hundraðshluta.

b) Áðurnefnt markaðsverðmæti skal samkvæmt skilgreiningunni í 7. og 8. tl. vera margfeldið af magni unnu málmanna úr fjölmálmsmolunum af samningssvæðinu og meðalverði þessara málma á viðeigandi bókhaldsári.

c) i) Hluta stofnunarinnar af nettótekjum skal taka af þeim hluta nettótekna verktakans sem rakinn verður til vinnslu auðlinda samningssvæðisins og kallast hér á eftir markaðar nettótekjur.

ii) Hluta stofnunarinnar í mörkuðum nettótekjum skal ákveða samkvæmt eftirfarandi stighækkandi lista:

Hluti markaðra nettótekna	*Hluti stofnunarinnar*	
	Fyrsta tímabil vinnslu í viðskiptatilgangi	*Annað tímabil vinnslu í viðskiptatilgangi*
Sá hluti þar sem arðsemishlutfall fjárfestingar er meira en 0 hundraðshluti en minna en 10 hundraðshlutar	35 hundraðshlutar	40 hundraðshlutar
Sá hluti þar sem arðsemishlutfall fjárfestingar er 10 hundraðshlutar eða meira en minna en 20 hundraðshlutar	42,5 hundraðshlutar	50 hundraðshlutar
Sá hluti þar sem arðsemishlutfall fjárfestingar er 20 hundraðshlutar eða meira	50 hundraðshlutar	70 hundraðshlutar

d) i) Fyrsta tímabil vinnslu í viðskiptatilgangi, sem getið er í a- og c-lið, skal hefjast á fyrsta bókhaldsári vinnslu í viðskiptatilgangi og ljúka á því bókhaldsári er þróunarkostnaður verktakans með vöxtum af óendurheimtum hluta hans næst að fullu með reiðufjárafgangi hans, svo sem hér segir:
Á fyrsta bókhaldsárinu, sem lagt er í þróunarkostnað, skal óendurheimtur þróunarkostnaður vera jafn þróunarkostnaðinum að frádregnum reiðufjárafgangi á því ári. Á hverju bókhaldsári þar á eftir skal óendurheimtur þróunarkostnaður vera jafn óendurheimta þróunarkostnaðinum í lok næsta bókhaldsárs þar á undan, auk vaxta af honum að upphæð 10 hundraðshlutar á ári, að viðbættum þróunarkostnaði, sem lagt er í á

(i) first period of commercial production 2 per cent
(ii) second period of commercial production 4 per cent

If, in the second period of commercial production, as defined in subparagraph (d), the return on investment in any accounting year as defined in subparagraph (m) falls below 15 per cent as a result of the payment of the production charge at 4 per cent, the production charge shall be 2 per cent instead of 4 per cent in that accounting year.

(b) The said market value shall be the product of the quantity of the processed metals produced from the polymetallic nodules recovered from the area covered by the contract and the average price for those metals during the relevant accounting year as defined in paragraphs 7 and 8.

(c) (i) The Authority's share of net proceeds shall be taken out of that portion of the contractor's net proceeds which is attributable to the mining of the resources of the area covered by the contract, referred to hereinafter as attributable net proceeds.

(ii) The Authority's share of attributable net proceeds shall be determined in accordance with the following incremental schedule:

Portion of attributable net proceeds	*Share of the Authority*	
	First period of commercial production	*Second period of commercial production*
That portion representing a return on investment which is greater than 0 per cent, but less than 10 per cent	35 per cent	40 per cent
That portion representing a return on investment which is 10 per cent or greater, but less than 20 per cent	42.5 per cent	50 per cent
That portion representing a return on investment which is 20 per cent or greater	50 per cent	70 per cent

(d) (i) The first period of commercial production referred to in subparagraphs (a) and (c) shall commence in the first accounting year of commercial production and terminate in the accounting year in which the contractor's development costs with interest on the unrecovered portion thereof are fully recovered by his cash surplus, as follows:

In the first accounting year during which development costs are incurred, unrecovered development costs shall equal the development costs less cash surplus in that year. In each subsequent accounting year, unrecovered development costs shall equal the unrecovered development costs at the end of the preceding accounting year, plus interest thereon at the rate of 10 per cent per annum, plus develop-

yfirstandandi bókhaldsári, og að frádregnum reiðufjárafgangi verktakans á yfirstandandi bókhaldsári. Bókhaldsárið, er óendurheimtur þróunarkostnaður kemst í núll í fyrsta skiptið, skal vera bókhaldsárið er þróunarkostnaður verktakans með vöxtum af óendurheimtum hluta hans næst að fullu með reiðufjárafgangi hans. Reiðufjárafgangur verktakans á einhverju bókhaldsári skal vera brúttótekjur hans að frádregnum rekstrarkostnaði hans og að frádregnum greiðslum hans til stofnunarinnar samkvæmt c-lið.

ii) Annað tímabil vinnslu í viðskiptatilgangi skal hefjast á bókhaldsárinu, sem kemur að loknu fyrsta tímabili vinnslu í viðskiptatilgangi, og halda áfram til loka samningstímans.

e) „Markaðar nettótekjur" merkja margfeldið af nettótekjum verktakans og hlutfallinu á milli þróunarkostnaðar á sviði jarðefnavinnslunnar og þróunarkostnaðar verktakans. Ef verktakinn fæst við jarðefnavinnslu, flutning fjölmálmsmola og framleiðslu þriggja unninna málma fyrst og fremst, sem sé kóbolts, kopars og nikkils, skal upphæð markaðra nettótekna eigi vera lægri en 25 hundraðshlutar af nettótekjum verktakans. Í samræmi við n-lið getur stofnunin í öllum öðrum tilvikum, m. a. þar sem verktakinn fæst við jarðefnavinnslu, flutning fjölmálmsmola og framleiðslu fjögurra unninna málma fyrst og fremst, sem sé kóbolts, kopars, mangans og nikkils, mælt í reglum, reglugerðum og starfsháttum sínum fyrir um viðeigandi lágmark sem skal tengjast hverju tilviki á sama hátt og 25 hundraðshluta lágmarkið tengist þriggja málma tilvikinu.

f) „Nettótekjur verktaka" merkja brúttótekjur verktakans að frádregnum rekstrarkostnaði hans og að frádreginni endurgreiðslu þróunarkostnaðar hans eins og greint er frá í j-lið.

g) i) Ef verktakinn fæst við jarðefnavinnslu, flutning fjölmálmsmola og framleiðslu unninna málma merkja „brúttótekjur verktaka" brúttótekjurnar af sölu unnu málmanna og alla aðra fjármuni sem telja má að rekja megi með sanngirni til framkvæmda á grundvelli samningsins samkvæmt fjárhagslegum reglum, reglugerðum og starfsháttum stofnunarinnar.

ii) Í öllum öðrum tilvikum en þeim, sem tiltekin eru í g-lið i) og n-lið iii), merkja „brúttótekjur verktaka" brúttótekjurnar af sölu hálfunnu málmanna úr fjölmálmsmolunum af samningssvæðinu og alla aðra fjármuni sem telja má að rekja megi með sanngirni til framkvæmda á grundvelli samningsins samkvæmt fjárhagslegum reglum, reglugerðum og starfsháttum stofnunarinnar.

h) „Þróunarkostnaður verktaka" merkir:

i) öll gjöld sem stofnað er til fyrir upphaf vinnslu í viðskiptatilgangi og tengjast beint þróun framleiðslugetu samningssvæðisins og skyldri starfsemi með tilliti til framkvæmda á grundvelli samningsins í öllum öðrum tilvikum en þeim sem tiltekin eru í n-lið, og þá í samræmi við almennt viðurkenndar meginreglur bókhalds, þar undir m. a. kostnað við vélar, búnað, skip, vinnslustöð, smíði, byggingar, land, vegi, jarðefnaleit og rannsóknir á samningssvæðinu, rannsóknir og þróun, vexti, nauðsynlega leigusamninga, leyfi og gjöld; og

ment costs incurred in the current accounting year and less contractor's cash surplus in the current accounting year. The accounting year in which unrecovered development costs become zero for the first time shall be the accounting year in which the contractor's development costs with interest on the unrecovered portion thereof are fully recovered by his cash surplus. The contractor's cash surplus in any accounting year shall be his gross proceeds less his operating costs and less his payments to the Authority under subparagraph (c).

(ii) The second period of commercial production shall commence in the accounting year following the termination of the first period of commercial production and shall continue until the end of the contract.

(e) "Attributable net proceeds" means the product of the contractor's net proceeds and the ratio of the development costs in the mining sector to the contractor's development costs. If the contractor engages in mining, transporting polymetallic nodules and production primarily of three processed metals, namely, cobalt, copper and nickel, the amount of attributable net proceeds shall not be less than 25 per cent of the contractor's net proceeds. Subject to subparagraph (n), in all other cases, including those where the contractor engages in mining, transporting polymetallic nodules, and production primarily of four processed metals, namely, cobalt, copper, manganese and nickel, the Authority may, in its rules, regulations and procedures, prescribe appropriate floors which shall bear the same relationship to each case as the 25 per cent floor does to the three-metal case.

(f) "Contractor's net proceeds" means the contractor's gross proceeds less his operating costs and less the recovery of his development costs as set out in subparagraph (j).

(g) (i) If the contractor engages in mining, transporting polymetallic nodules and production of processed metals, "contractor's gross proceeds" means the gross revenues from the sale of the processed metals and any other monies deemed reasonably attributable to operations under the contract in accordance with the financial rules, regulations and procedures of the Authority.

(ii) In all cases other than those specified in subparagraphs (g)(i) and (n)(iii), "contractor's gross proceeds" means the gross revenues from the sale of the semi-processed metals from the polymetallic nodules recovered from the area covered by the contract, and any other monies deemed reasonably attributable to operations under the contract in accordance with the financial rules, regulations and procedures of the Authority.

(h) "Contractor's development costs" means:

(i) all expenditures incurred prior to the commencement of commercial production which are directly related to the development of the productive capacity of the area covered by the contract and the activities related thereto for operations under the contract in all cases other than that specified in subparagraph (n), in conformity with generally recognized accounting principles, including, *inter alia*, costs of machinery, equipment, ships, processing plant, construction, buildings, land, roads, prospecting and exploration of the area covered by the contract, research and development, interest, required leases, licences and fees; and

ii) áþekk gjöld og greint er frá í i) hér að ofan sem stofnað er til eftir upphaf vinnslu í viðskiptatilgangi og nauðsynleg eru til að framkvæma starfsáætlunina, þó ekki þau gjöld sem færð eru sem rekstrarkostnaður.

i) Tekjur af sölu varanlegra fjármuna og markaðsverðmæti þeirra varanlegu fjármuna, sem eru ekki lengur nauðsynlegir til framkvæmda samkvæmt samningnum og eru ekki seldir, skal draga frá þróunarkostnaði verktakans á viðeigandi bókhaldsári. Þegar þessir frádráttarliðir fara fram úr þróunarkostnaði verktakans skal umframupphæðinni bætt við brúttótekjur verktakans.

j) Þróunarkostnað verktakans, sem lagt er í fyrir upphaf vinnslu í viðskiptatilgangi og getið er í h-lið i) og n-lið iv), skal endurgreiða með 10 jöfnum árlegum afborgunum frá upphafsdegi vinnslu í viðskiptatilgangi. Þróunarkostnað verktakans, sem lagt er í eftir upphaf vinnslu í viðskiptatilgangi og getið er í h-lið ii) og n-lið iv), skal endurgreiða með 10 eða færri jöfnum árlegum afborgunum til að tryggja fulla endurgreiðslu hans fyrir lok samningstímans.

k) „Rekstrarkostnaður verktaka" merkir öll gjöld sem stofnað er til eftir upphaf vinnslu í viðskiptatilgangi við nýtingu framleiðslugetu samningssvæðisins og skylda starfsemi með tilliti til framkvæmda á grundvelli samningsins, og þá í samræmi við almennt viðurkenndar meginreglur bókhalds, þar undir m. a. hið árlega fastagjald eða framleiðslugjaldið, hvort sem hærra er, gjöld vegna launagreiðslna, fastakaups, starfsfríðinda, efnis, þjónustu, flutninga, vinnslu- og sölukostnaðar, vaxta, opinberrar þjónustu, varðveislu hafrýmisins, fastakostnaðar og stjórnunarkostnaðar, sem tengist framkvæmdum á grundvelli samningsins sérstaklega, og nettórekstrartap sem er yfirfært eða bakfært eins og hér er tiltekið. Nettórekstrartap má yfirfæra til tveggja næstu ára nema síðustu tvö ár samningstímans en þá má bakfæra það til tveggja síðustu ára.

l) Ef verktakinn fæst við jarðefnavinnslu, flutning fjölmálmsmola og framleiðslu unninna og hálfunninna málma merkir „þróunarkostnaður á sviði jarðefnavinnslunnar" þann hluta þróunarkostnaðar verktakans sem tengist beint vinnslu auðlinda samningssvæðisins, og þá í samræmi við almennt viðurkenndar meginreglur bókhalds og fjárhagslegar reglur, reglugerðir og starfshætti stofnunarinnar, þar undir m. a. umsóknargjald, árlegt fastagjald og, þar sem við á, kostnað við jarðefnaleit og rannsóknir á samningssvæðinu og hluta af rannsókna- og þróunarkostnaði.

m) „Arðsemishlutfall fjárfestingar" á einhverju bókhaldsári merkir hlutfallið á milli markaðra nettótekna á því ári og þróunarkostnaðar á sviði jarðefnavinnslunnar. Þegar þetta hlutfall er reiknað skulu teljast til þróunarkostnaðar á sviði jarðefnavinnslunnar gjöld vegna nýs eða endurnýjaðs búnaðar á sviði jarðefnavinnslunnar að frádregnum upprunalegum kostnaði við búnaðinn sem endurnýjaður er.

n) Ef verktakinn fæst aðeins við jarðefnavinnslu:

i) merkja „markaðar nettótekjur" allar nettótekjur verktakans;

(ii) expenditures similar to those set forth in (i) above incurred subsequent to the commencement of commercial production and necessary to carry out the plan of work, except those chargeable to operating costs.

(i) The proceeds from the disposal of capital assets and the market value of those capital assets which are no longer required for operations under the contract and which are not sold shall be deducted from the contractor's development costs during the relevant accounting year. When these deductions exceed the contractor's development costs the excess shall be added to the contractor's gross proceeds.

(j) The contractor's development costs incurred prior to the commencement of commercial production referred to in subparagraphs (h)(i) and (n)(iv) shall be recovered in 10 equal annual instalments from the date of commencement of commercial production. The contractor's development costs incurred subsequent to the commencement of commercial production referred to in subparagraphs (h)(ii) and (n)(iv) shall be recovered in 10 or fewer equal annual instalments so as to ensure their complete recovery by the end of the contract.

(k) "Contractor's operating costs" means all expenditures incurred after the commencement of commercial production in the operation of the productive capacity of the area covered by the contract and the activities related thereto for operations under the contract, in conformity with generally recognized accounting principles, including, *inter alia*, the annual fixed fee or the production charge, whichever is greater, expenditures for wages, salaries, employee benefits, materials, services, transporting, processing and marketing costs, interest, utilities, preservation of the marine environment, overhead and administrative costs specifically related to operations under the contract, and any net operating losses carried forward or backward as specified herein. Net operating losses may be carried forward for two consecutive years except in the last two years of the contract in which case they may be carried backward to the two preceding years.

(l) If the contractor engages in mining, transporting of polymetallic nodules, and production of processed and semi-processed metals, "development costs of the mining sector" means the portion of the contractor's development costs which is directly related to the mining of the resources of the area covered by the contract, in conformity with generally recognized accounting principles, and the financial rules, regulations and procedures of the Authority, including, *inter alia*, application fee, annual fixed fee and, where applicable, costs of prospecting and exploration of the area covered by the contract, and a portion of research and development costs.

(m) "Return on investment" in any accounting year means the ratio of attributable net proceeds in that year to the development costs of the mining sector. For the purpose of computing this ratio the development costs of the mining sector shall include expenditures on new or replacement equipment in the mining sector less the original cost of the equipment replaced.

(n) If the contractor engages in mining only:

(i) "attributable net proceeds" means the whole of the contractor's net proceeds;

ii) skal skilgreina „nettótekjur verktaka“ eins og í f-lið;
iii) merkja „brúttótekjur verktaka“ brúttótekjurnar af sölu fjölmálmsmolanna og alla aðra fjármuni sem telja má að rekja megi með sanngirni til framkvæmda á grundvelli samningsins samkvæmt fjárhagslegum reglum, reglugerðum og starfsháttum stofnunarinnar;
iv) merkir „þróunarkostnaður verktaka“ öll gjöld, sem stofnað er til fyrir upphaf vinnslu í viðskiptatilgangi eins og greint er frá í h-lið i), og öll gjöld sem stofnað er til eftir upphaf vinnslu í viðskiptatilgangi, eins og greint er frá í h-lið ii), og tengjast beint vinnslu auðlinda samningssvæðisins, og þá í samræmi við almennt viðurkenndar meginreglur bókhalds;

v) merkir „rekstrarkostnaður verktaka“ rekstrarkostnað verktakans, samkvæmt k-lið, sem tengist beint vinnslu auðlinda samningssvæðisins, og þá í samræmi við almennt viðurkenndar meginreglur bókhalds;

vi) merkir „arðsemishlutfall fjárfestingar“ á einhverju bókhaldsári hlutfallið á milli nettótekna verktakans á því ári og þróunarkostnaðar verktakans. Þegar þetta hlutfall er reiknað skulu teljast til þróunarkostnaðar verktakans gjöld vegna nýs eða endurnýjaðs búnaðar að frádregnu upprunalegu verði búnaðarins sem endurnýjaður er.

o) Kostnaðinn, sem getið er í h-, k-, l- og n-lið og snertir vexti, greidda af verktakanum, skal leyfa að því leyti sem stofnunin samþykkir samkvæmt 4. gr., 1. tl., þessa viðauka, við allar aðstæður, að hlutfallið á milli skulda og eigin fjár og upphæð vaxta séu hæfileg með hliðsjón af ríkjandi viðskiptavenju.

p) Ekki skal túlka kostnaðinn, sem getið er í þessum tölulið, sem svo að til hans teljist greiðslur á tekjusköttum félaga eða svipuð gjöld sem ríki leggja á vegna framkvæmda verktakans.

7. a) „Unnir málmar“, sem getið er í 5. og 6. tl., merkja málma í upprunalegasta forminu sem venjulega er verslað með þá á alþjóðlegum viðskiptamörkuðum. Í þessu skyni skal stofnunin tiltaka viðeigandi alþjóðlegan viðskiptamarkað í fjárhagslegum reglum, reglugerðum og starfsháttum sínum. Að því er varðar málmana, sem ekki er verslað með á þessum mörkuðum, merkja „unnir málmar“ málmana í upprunalegasta forminu sem venjulega er verslað með þá í dæmigerðum viðskiptum óskyldra aðila.

b) Ef stofnunin getur ekki á annan hátt ákveðið magn unnu málmanna úr fjölmálmsmolunum af samningssvæðinu sem getið er í 5. tl. b) og 6. tl. b) skal ákveða magnið á grundvelli málminnihalds molanna, vinnsluvirkni og annarra atriða, sem máli skipta, samkvæmt reglum, reglugerðum og starfsháttum stofnunarinnar og í samræmi við almennt viðurkenndar meginreglur bókhalds.

2. A. m. k. þremur mánuðum fyrir kjördag skal aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, þegar um fyrstu kosninguna er að ræða, og ritari dómsins, þegar um síðari kosningar er að ræða, senda aðildarríkjunum skrifleg tilmæli um að koma með tilnefningar sínar um dómara innan tveggja mánaða. Skal hann gera skrá í stafrófsröð um alla þannig tilnefnda menn, geta þar aðildarríkjanna sem hafa tilnefnt þá og koma henni til aðildarríkjanna fyrir sjöunda dag síðasta mánaðarins á undan hverjum kjördegi.

3. Fyrsta kosningin skal fara fram innan sex mánaða frá gildistökudegi samnings þessa.

4. Dómara skal kjósa í leynilegri atkvæðagreiðslu. Kosningar skulu fara fram á fundi aðildarríkjanna, sem aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna boðar til þegar um fyrstu kosninguna er að ræða, og með aðferð sem aðildarríkin samþykkja þegar um síðari kosningar er að ræða. Tveir þriðju aðildarríkjanna skulu vera skilyrði fyrir ályktunarhæfi á þeim fundi. Mennirnir, sem tilnefndir eru, skulu hljóta kosningu í dóminn ef þeir fá flest atkvæði og atkvæði tveggja þriðju aðildarríkjanna sem eru viðstödd og greiða atkvæði enda teljist meirihluti aðildarríkjanna til þessa meirihluta.

5. gr.
Starfstími

1. Dómara skal kjósa til níu ára og má endurkjósa þá; að því er varðar dómarana sem kosnir eru í fyrstu kosningunni skal þó starfstíma sjö dómara ljúka að þremur árum liðnum og starfstíma sjö annarra dómara að sex árum liðnum.

SECTION 1. ORGANIZATION OF THE TRIBUNAL

Article 2
Composition

1. The Tribunal shall be composed of a body of 21 independent members, elected from among persons enjoying the highest reputation for fairness and integrity and of recognized competence in the field of the law of the sea.

2. In the Tribunal as a whole the representation of the principal legal systems of the world and equitable geographical distribution shall be assured.

Article 3
Membership

1. No two members of the Tribunal may be nationals of the same State. A person who for the purposes of membership in the Tribunal could be regarded as a national of more than one State shall be deemed to be a national of the one in which he ordinarily exercises civil and political rights.

2. There shall be no fewer than three members from each geographical group as established by the General Assembly of the United Nations.

Article 4
Nominations and elections

1. Each State Party may nominate not more than two persons having the qualifications prescribed in article 2 of this Annex. The members of the Tribunal shall be elected from the list of persons thus nominated.

2. At least three months before the date of the election, the Secretary-General of the United Nations in the case of the first election and the Registrar of the Tribunal in the case of subsequent elections shall address a written invitation to the States Parties to submit their nominations for members of the Tribunal within two months. He shall prepare a list in alphabetical order of all the persons thus nominated, with an indication of the States Parties which have nominated them, and shall submit it to the States Parties before the seventh day of the last month before the date of each election.

3. The first election shall be held within six months of the date of entry into force of this Convention.

4. The members of the Tribunal shall be elected by secret ballot. Elections shall be held at a meeting of the States Parties convened by the Secretary-General of the United Nations in the case of the first election and by a procedure agreed to by the States Parties in the case of subsequent elections. Two thirds of the States Parties shall constitute a quorum at that meeting. The persons elected to the Tribunal shall be those nominees who obtain the largest number of votes and a two-thirds majority of the States Parties present and voting, provided that such majority includes a majority of the States Parties.

Article 5
Term of office

1. The members of the Tribunal shall be elected for nine years and may be re-elected; provided, however, that of the members elected at the first election, the terms of seven members shall expire at the end of three years and the terms of seven more members shall expire at the end of six years.

2. Dómara, sem láta eiga af störfum í lok ofangreindra þriggja og sex ára upphafstímabila, skal velja með hlutkesti sem aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna varpar strax eftir fyrstu kosninguna.

3. Dómarar skulu halda áfram að rækja skyldur sínar þar til sæti þeirra hafa verið skipuð. Þótt aðrir komi í þeirra stað skulu þeir ljúka máli sem þeir kunna að hafa byrjað á fyrir þann dag er aðrir koma í þeirra stað.

4. Ef dómari biðst lausnar skal stíla lausnarbréfið á forseta dómsins. Sætið verður autt við móttöku þess bréfs.

6. gr.
Auð sæti

1. Skipa skal í auð sæti með sömu aðferð og mælt er fyrir um varðandi fyrstu kosninguna, samanber þó eftirfarandi ákvæði: Ritarinn skal innan eins mánaðar, frá því að sætið verður autt, sjá um að senda tilmælin sem kveðið er á um í 4. gr. þessa viðauka og forseti dómsins skal ákveða kjördag að höfðu samráði við aðildarríkin.

2. Ef dómari er kosinn í stað dómara, sem hefur ekki lokið starfstíma sínum, skal hann gegna störfum það sem eftir er af starfstíma fyrirrennara síns.

7. gr.
Ósamrýmanleg starfsemi

1. Enginn dómari má vinna stjórnmála- eða stjórnsýslustörf né hafa virk tengsl við eða vera fjárhagslega riðinn við nokkrar framkvæmdir fyrirtækis sem á hlut að rannsóknum á auðlindum hafsins eða hafsbotnsins eða hagnýtingu þeirra ellegar öðrum viðskiptalegum notum hafsins eða hafsbotnsins.

2. Enginn dómari má starfa sem umboðsmaður, lögfræðilegur ráðunautur né lögmaður í máli.

3. Greiða skal úr vafa um þessi atriði með úrskurði meirihluta hinna dómaranna sem eru viðstaddir.

8. gr.
Skilyrði varðandi þátttöku dómara í meðferð einstaks máls

1. Enginn dómari má taka þátt í að úrskurða mál er hann hefur áður átt hlut að sem umboðsmaður, lögfræðilegur ráðunautur eða lögmaður einhvers aðilanna, sem dómari í innlendum eða alþjóðlegum dómstóli eða dómi ellegar með öðrum hætti.

2. Ef dómari telur af einhverri sérstakri ástæðu að hann eigi ekki að taka þátt í að úrskurða einstakt mál skal hann tjá forseta dómsins það.

3. Ef forsetinn telur að einhver dómari eigi ekki af einhverri sérstakri ástæðu að sitja í dómi í einstöku máli skal hann tjá honum það.

4. Greiða skal úr vafa um þessi atriði með úrskurði meirihluta hinna dómaranna sem eru viðstaddir.

2. The members of the Tribunal whose terms are to expire at the end of the above-mentioned initial periods of three and six years shall be chosen by lot to be drawn by the Secretary-General of the United Nations immediately after the first election.

3. The members of the Tribunal shall continue to discharge their duties until their places have been filled. Though replaced, they shall finish any proceedings which they may have begun before the date of their replacement.

4. In the case of the resignation of a member of the Tribunal, the letter of resignation shall be addressed to the President of the Tribunal. The place becomes vacant on the receipt of that letter.

Article 6
Vacancies

1. Vacancies shall be filled by the same method as that laid down for the first election, subject to the following provision: the Registrar shall, within one month of the occurrence of the vacancy, proceed to issue the invitations provided for in article 4 of this Annex, and the date of the election shall be fixed by the President of the Tribunal after consultation with the States Parties.

2. A member of the Tribunal elected to replace a member whose term of office has not expired shall hold office for the remainder of his predecessor's term.

Article 7
Incompatible activities

1. No member of the Tribunal may exercise any political or administrative function, or associate actively with or be financially interested in any of the operations of any enterprise concerned with the exploration for or exploitation of the resources of the sea or the sea-bed or other commercial use of the sea or the sea-bed.

2. No member of the Tribunal may act as agent, counsel or advocate in any case.

3. Any doubt on these points shall be resolved by decision of the majority of the other members of the Tribunal present.

Article 8
Conditions relating to participation of members in a particular case

1. No member of the Tribunal may participate in the decision of any case in which he has previously taken part as agent, counsel or advocate for one of the parties, or as a member of a national or international court or tribunal, or in any other capacity.

2. If, for some special reason, a member of the Tribunal considers that he should not take part in the decision of a particular case, he shall so inform the President of the Tribunal.

3. If the President considers that for some special reason one of the members of the Tribunal should not sit in a particular case, he shall give him notice accordingly.

4. Any doubt on these points shall be resolved by decision of the majority of the other members of the Tribunal present.

9. gr.
Afleiðingar þess að sett skilyrði eru ekki lengur uppfyllt

Ef það er samhljóða álit hinna dómaranna að dómari uppfylli ekki lengur skilyrðin sem sett eru skal forseti dómsins lýsa sætið autt.

10. gr.
Forréttindi og friðhelgi

Dómarar skulu njóta forréttinda og friðhelgi sendierindreka þegar þeir gegna störfum í þágu dómsins.

11. gr.
Hátíðleg yfirlýsing dómara

Sérhver dómari skal gefa hátíðlega yfirlýsingu um það í þinghaldi í heyranda hljóði áður en hann tekur til starfa að hann muni beita valdi sínu af óhlutdrægni og samviskusemi.

12. gr.
Forseti, varaforseti og ritari

1. Dómurinn skal kjósa forseta og varaforseta sinn til þriggja ára; þá má endurkjósa.
2. Dómurinn skal skipa ritara sinn og getur gert ráðstafanir til að skipa aðra þá fulltrúa sem nauðsynlegir kunna að vera.
3. Forsetinn og ritarinn skulu búa á aðsetursstað dómsins.

13. gr.
Ályktunarhæfi

1. Allir viðlátnir dómarar skulu sitja í dómi; skulu 11 kjörnir dómarar vera nauðsynlegt skilyrði fyrir ályktunarhæfi dómsins.
2. Í samræmi við 17. gr. þessa viðauka skal dómurinn ákveða hvaða dómarar séu viðlátnir til að skipa dóm til meðferðar einstaks deilumáls, og þá með tilliti til virkni í störfum deildanna eins og kveðið er á um í 14. og 15. gr. þessa viðauka.

3. Dómurinn skal rannsaka og skera úr öllum deilumálum og kröfum sem lagðar eru fyrir dóminn nema 14. gr. þessa viðauka eigi við eða aðilarnir óski þess að fjallað skuli um málið samkvæmt 15. gr. þessa viðauka.

14. gr.
Hafsbotnsdeilnadeild

Stofna skal hafsbotnsdeilnadeild samkvæmt ákvæðum 4. kafla þessa viðauka. Lögsaga, völd og störf hennar skulu vera eins og kveðið er á um í XI. hluta, 5. kafla.

15. gr.
Sérstakar deildir

1. Dómurinn getur stofnað þær deildir, skipaðar þremur eða fleiri kjörnum dómurum sínum, sem hann telur nauðsynlegar til að fjalla um einstaka flokka deilumála.

Article 9
Consequence of ceasing to fulfil required conditions

If, in the unanimous opinion of the other members of the Tribunal, a member has ceased to fulfil the required conditions, the President of the Tribunal shall declare the seat vacant.

Article 10
Privileges and immunities

The members of the Tribunal, when engaged on the business of the Tribunal, shall enjoy diplomatic privileges and immunities.

Article 11
Solemn declaration by members

Every member of the Tribunal shall, before taking up his duties, make a solemn declaration in open session that he will exercise his powers impartially and conscientiously.

Article 12
President, Vice-President and Registrar

1. The Tribunal shall elect its President and Vice-President for three years; they may be re-elected.
2. The Tribunal shall appoint its Registrar and may provide for the appointment of such other officers as may be necessary.
3. The President and the Registrar shall reside at the seat of the Tribunal.

Article 13
Quorum

1. All available members of the Tribunal shall sit; a quorum of 11 elected members shall be required to constitute the Tribunal.
2. Subject to article 17 of this Annex, the Tribunal shall determine which members are available to constitute the Tribunal for the consideration of a particular dispute, having regard to the effective functioning of the chambers as provided for in articles 14 and 15 of this Annex.
3. All disputes and applications submitted to the Tribunal shall be heard and determined by the Tribunal, unless article 14 of this Annex applies, or the parties request that it shall be dealt with in accordance with article 15 of this Annex.

Article 14
Sea-Bed Disputes Chamber

A Sea-Bed Disputes Chamber shall be established in accordance with the provisions of section 4 of this Annex. Its jurisdiction, powers and functions shall be as provided for in Part XI, section 5.

Article 15
Special chambers

1. The Tribunal may form such chambers, composed of three or more of its elected members, as it considers necessary for dealing with particular categories of disputes.

2. Dómurinn skal stofna deild til að fjalla um einstakt deilumál sem lagt er fyrir hann ef aðilarnir óska þess. Dómurinn skal ákveða skipun þessarar deildar með samþykki aðilanna.

3. Í því skyni að hraða gangi mála skal dómurinn árlega stofna deild, skipaða fimm kjörnum dómurum sínum, sem getur rannsakað og skorið úr deilumálum með skyndimeðferð. Velja skal tvo dómara til vara til að koma í stað dómara sem geta ekki tekið þátt í meðferð einstaks máls.

4. Ef aðilarnir óska þess skulu deildirnar, sem kveðið er á um í þessari grein, rannsaka og skera úr deilumálum.

5. Ef einhver deildanna, sem kveðið er á um í þessari grein og 14. gr. þessa viðauka, kveður upp dóm skal líta svo á að dómurinn hafi kveðið hann upp.

16. gr.
Reglur dómsins

Dómurinn skal setja reglur um framkvæmd starfa sinna. Einkum skal hann setja reglur um málsmeðferð.

17. gr.
Þjóðerni dómara

1. Dómarar, sem eru af þjóðerni einhvers aðila deilumáls, skulu halda rétti sínum til að sitja sem dómarar.

2. Ef dómari af þjóðerni einhvers aðilanna situr í dómi við rannsókn deilumáls getur hver hinna aðilanna valið mann til að sitja sem dómari.

3. Ef dómari af þjóðerni aðilanna situr ekki í dómi við rannsókn deilumáls getur hver þessara aðila valið mann til að sitja sem dómari.

4. Þessi grein gildir um deildirnar sem getið er í 14. og 15. gr. þessa viðauka. Í þeim tilvikum skal forsetinn í samráði við aðilana biðja tiltekna dómara, sem skipa deild, eins marga og nauðsynlegt er, að víkja fyrir dómurum af þjóðerni hlutaðeigandi aðila, og, ef engir slíkir sitja þar eða þeir geta ekki verið viðstaddir, fyrir dómurunum sem aðilarnir velja sérstaklega.

5. Ef nokkrir aðilar eiga sömu hagsmuna að gæta skulu þeir að því er varðar ákvæðin hér á undan aðeins teljast einn aðili. Greiða skal úr vafa um þetta atriði með úrskurði dómsins.

6. Dómarar, sem valdir eru samkvæmt 2., 3. og 4. tl., skulu uppfylla skilyrðin sem sett eru í 2., 8. og 11. gr. þessa viðauka. Þeir skulu taka þátt í úrskurðinum með algerlega sömu skilmálum og starfsbræður þeirra.

18. gr.
Laun dómara

1. Sérhver kjörinn dómari skal þiggja árslaun, svo og launauppbót fyrir hvern dag er hann gegnir störfum sínum enda skal heildarupphæðin, sem greiða á dómara í launauppbót, ekki vera hærri á nokkru ári en nemur upphæð árslaunanna.

2. Forsetinn skal þiggja árlega launauppbót.

3. Varaforsetinn skal þiggja launauppbót fyrir hvern dag er hann starfar sem forseti.

2. The Tribunal shall form a chamber for dealing with a particular dispute submitted to it if the parties so request. The composition of such a chamber shall be determined by the Tribunal with the approval of the parties.

3. With a view to the speedy dispatch of business, the Tribunal shall form annually a chamber composed of five of its elected members which may hear and determine disputes by summary procedure. Two alternative members shall be selected for the purpose of replacing members who are unable to participate in a particular proceeding.

4. Disputes shall be heard and determined by the chambers provided for in this article if the parties so request.

5. A judgment given by any of the chambers provided for in this article and in article 14 of this Annex shall be considered as rendered by the Tribunal.

Article 16
Rules of the Tribunal

The Tribunal shall frame rules for carrying out its functions. In particular it shall lay down rules of procedure.

Article 17
Nationality of members

1. Members of the Tribunal of the nationality of any of the parties to a dispute shall retain their right to participate as members of the Tribunal.

2. If the Tribunal, when hearing a dispute, includes upon the bench a member of the nationality of one of the parties, any other party may choose a person to participate as a member of the Tribunal.

3. If the Tribunal, when hearing a dispute, does not include upon the bench a member of the nationality of the parties, each of those parties may choose a person to participate as a member of the Tribunal.

4. This article applies to the chambers referred to in articles 14 and 15 of this Annex. In such cases, the President, in consultation with the parties, shall request specified members of the Tribunal forming the chamber, as many as necessary, to give place to the members of the Tribunal of the nationality of the parties concerned, and, failing such, or if they are unable to be present, to the members specially chosen by the parties.

5. Should there be several parties in the same interest, they shall, for the purpose of the preceding provisions, be considered as one party only. Any doubt on this point shall be settled by the decision of the Tribunal.

6. Members chosen in accordance with paragraphs 2, 3 and 4 shall fulfil the conditions required by articles 2, 8 and 11 of this Annex. They shall participate in the decision on terms of complete equality with their colleagues.

Article 18
Remuneration of members

1. Each elected member of the Tribunal shall receive an annual allowance and, for each day on which he exercises his functions, a special allowance, provided that in any year the total sum payable to any member as special allowance shall not exceed the amount of the annual allowance.

2. The President shall receive a special annual allowance.

3. The Vice-President shall receive a special allowance for each day on which he acts as President.

4. Dómararnir, sem valdir eru samkvæmt 17. gr. þessa viðauka, aðrir en kjörnir dómarar, skulu þiggja þóknun fyrir hvern dag er þeir gegna störfum sínum.

5. Launin, launauppbæturnar og þóknunina skal ákveða öðru hverju á fundum aðildarríkjanna með hliðsjón af vinnuálaginu í dóminum. Óheimilt er að lækka þau á starfstímanum.

6. Laun ritarans skal ákveða á fundum aðildarríkjanna eftir tillögu dómsins.

7. Í reglugerðum, sem samþykktar eru á fundum aðildarríkjanna, skal setja skilyrði fyrir heimild til að greiða dómurum og ritaranum eftirlaun, svo og skilyrði fyrir endurgreiðslu ferðakostnaðar þeirra.

8. Launin, launauppbæturnar og þóknunin skal undanþegin öllum sköttum.

19. gr.
Útgjöld dómsins

1. Aðildarríkin og stofnunin skulu greiða útgjöld dómsins með þeim skilmálum og á þann hátt sem ákveðið er á fundum aðildarríkjanna.

2. Þegar annar aðili en aðildarríki eða stofnunin er aðili máls sem lagt er fyrir dómstólinn skal hann ákveða upphæðina sem þeim aðila ber að leggja fram vegna útgjalda dómsins.

2. KAFLI. VALDSVIÐ

20. gr.
Aðild að máli fyrir dóminum

1. Aðildarríki geta átt aðild að máli fyrir dóminum.

2. Aðrir aðilar en aðildarríki geta átt aðild að máli fyrir dóminum þegar skýlaust er kveðið á um það í XI. hluta eða mál er lagt fram samkvæmt öðrum samningi, sem veitir dóminum lögsögu, og allir aðilar þess máls samþykkja.

21. gr.
Lögsaga

Dómurinn hefur lögsögu í öllum deilumálum og yfir öllum kröfum sem lagðar eru fyrir hann samkvæmt samningi þessum, svo og í öllum málum samkvæmt sérstökum ákvæðum einhvers annars samnings sem veitir dóminum lögsögu.

22. gr.
Deilumálum vísað til dómsins í samræmi við aðra samninga

Ef allir aðilar að samningi eða samþykkt, sem hefur þegar gengið í gildi og varðar efni innan ramma samnings þessa, ná samkomulagi um það má, samkvæmt því samkomulagi, leggja fyrir dóminn deilumál um túlkun eða beitingu þess samnings eða þeirrar samþykktar.

23. gr.
Réttarreglur sem beitt er

Dómurinn skal skera úr öllum deilumálum og kröfum samkvæmt 293. gr.

4. The members chosen under article 17 of this Annex, other than elected members of the Tribunal, shall receive compensation for each day on which they exercise their functions.

5. The salaries, allowances and compensation shall be determined from time to time at meetings of the States Parties, taking into account the work load of the Tribunal. They may not be decreased during the term of office.

6. The salary of the Registrar shall be determined at meetings of the States Parties, on the proposal of the Tribunal.

7. Regulations adopted at meetings of the States Parties shall determine the conditions under which retirement pensions may be given to members of the Tribunal and to the Registrar, and the conditions under which members of the Tribunal and Registrar shall have their travelling expenses refunded.

8. The salaries, allowances, and compensation shall be free of all taxation.

Article 19
Expenses of the Tribunal

1. The expenses of the Tribunal shall be borne by the States Parties and by the Authority on such terms and in such a manner as shall be decided at meetings of the States Parties.

2. When an entity other than a State Party or the Authority is a party to a case submitted to it, the Tribunal shall fix the amount which that party is to contribute towards the expenses of the Tribunal.

SECTION 2. COMPETENCE

Article 20
Access to the Tribunal

1. The Tribunal shall be open to States Parties.

2. The Tribunal shall be open to entities other than States Parties in any case expressly provided for in Part XI or in any case submitted pursuant to any other agreement conferring jurisdiction on the Tribunal which is accepted by all the parties to that case.

Article 21
Jurisdiction

The jurisdiction of the Tribunal comprises all disputes and all applications submitted to it in accordance with this Convention and all matters specifically provided for in any other agreement which confers jurisdiction on the Tribunal.

Article 22
Reference of disputes subject to other agreements

If all the parties to a treaty or convention already in force and concerning the subject-matter covered by this Convention so agree, any disputes concerning the interpretation or application of such treaty or convention may, in accordance with such agreement, be submitted to the Tribunal.

Article 23
Applicable law

The Tribunal shall decide all disputes and applications in accordance with article 293.

3. KAFLI. MÁLSMEÐFERÐ

24. gr.
Höfðun máls

1. Deilumál eru eftir atvikum lögð fyrir dóminn með tilkynningu um sérstakan samning eða skriflegri kröfu sem stíluð er á ritarann. Í hvoru tilvikinu sem er skal tilgreina deiluefnið og aðilana.

2. Ritarinn skal þegar í stað tilkynna öllum hlutaðeigendum sérstaka samninginn eða kröfuna.
3. Ritarinn skal einnig tilkynna öllum aðildarríkjum þetta.

25. gr.
Bráðabirgðaráðstafanir

1. Dómurinn og hafsbotnsdeilnadeild hans skulu hafa vald til að mæla fyrir um bráðabirgðaráðstafanir samkvæmt 290. gr.
2. Ef dómurinn situr ekki eða nægilegur fjöldi dómara er ekki viðlátinn svo að hann sé ályktunarhæfur skal skyndimeðferðardeildin, sem stofnuð er samkvæmt 15. gr., 3. tl., þessa viðauka, mæla fyrir um bráðabirgðaráðstafanirnar. Þrátt fyrir 15. gr., 4. tl., þessa viðauka má samþykkja þessar bráðabirgðaráðstafanir að beiðni einhvers aðila deilumálsins. Dómurinn má endurskoða og breyta þeim.

26. gr.
Dómþing

1. Forsetinn stýrir dómþinginu, ellegar varaforsetinn ef hann getur ekki stýrt dómi. Ef hvorugur getur stýrt dómi skal elsti dómarinn, sem er viðstaddur, stýra dómi.
2. Dómþingið skal heyja í heyranda hljóði nema dómurinn kveði upp úrskurð um annað eða aðilarnir krefjist þess að almenningi sé bannaður aðgangur.

27. gr.
Flutningur máls

Dómurinn skal kveða upp úrskurði um flutning málsins, ákveða í hvaða formi og á hvaða tíma sérhver aðili skuli flytja mál sitt og gera allar ráðstafanir í sambandi við öflun sönnunargagna.

28. gr.
Útivist

Þegar annar aðilinn sækir ekki dómþing eða hefur ekki uppi varnir í máli sínu getur hinn aðilinn beðið dóminn að halda málinu áfram og kveða upp úrskurð sinn. Fjarvera aðila eða misbrestur á því, að aðili hafi uppi varnir í máli sínu, skal ekki girða fyrir málið. Áður en dómurinn kveður upp úrskurð sinn ber honum ekki aðeins að ganga úr skugga um að hann hafi lögsögu í deilumálinu heldur einnig að krafan sé vel grundvölluð hvað staðreyndir og réttarreglur snertir.

SECTION 3. PROCEDURE

Article 24
Institution of proceedings

1. Disputes are submitted to the Tribunal, as the case may be, either by notification of a special agreement or by written application, addressed to the Registrar. In either case, the subject of the dispute and the parties shall be indicated.

2. The Registrar shall forthwith notify the special agreement or the application to all concerned.

3. The Registrar shall also notify all States Parties.

Article 25
Provisional measures

1. In accordance with article 290, the Tribunal and its Sea-Bed Disputes Chamber shall have the power to prescribe provisional measures.

2. If the Tribunal is not in session or a sufficient number of members is not available to constitute a quorum, the provisional measures shall be prescribed by the chamber of summary procedure formed under article 15, paragraph 3, of this Annex. Notwithstanding article 15, paragraph 4, of this Annex, such provisional measures may be adopted at the request of any party to the dispute. They shall be subject to review and revision by the Tribunal.

Article 26
Hearing

1. The hearing shall be under the control of the President or, if he is unable to preside, of the Vice-President. If neither is able to preside, the senior judge present of the Tribunal shall preside.

2. The hearing shall be public, unless the Tribunal decides otherwise or unless the parties demand that the public be not admitted.

Article 27
Conduct of case

The Tribunal shall make orders for the conduct of the case, decide the form and time in which each party must conclude its arguments, and make all arrangements connected with the taking of evidence.

Article 28
Default

When one of the parties does not appear before the Tribunal or fails to defend its case, the other party may request the Tribunal to continue the proceedings and make its decision. Absence of a party or failure of a party to defend its case shall not constitute a bar to the proceedings. Before making its decision, the Tribunal must satisfy itself not only that it has jurisdiction over the dispute, but also that the claim is well founded in fact and law.

29. gr.
Meirihluti að baki úrskurði

1. Meirihluti dómaranna, sem eru viðstaddir, skal kveða upp úrskurði um öll atriði.

2. Séu atkvæði jöfn skal atkvæði forsetans eða dómarans, sem skipar sæti hans, ráða.

30. gr.
Dómur

1. Í dóminum skal greina forsendurnar sem hann er byggður á.

2. Í honum skal greina nöfn dómaranna sem hafa tekið þátt í úrskurðinum.

3. Ef dómurinn greinir ekki að öllu eða einhverju leyti samhljóða álit dómaranna skal dómara heimilt að greiða sératkvæði.

4. Forsetinn og ritarinn skulu undirrita dóminn. Skal lesa hann upp í dómi í heyranda hljóði eftir að aðilum deilumálsins hefur verið tilkynnt þar um á tilhlýðilegan hátt.

31. gr.
Beiðni um meðalgöngu

1. Telji aðildarríki sig eiga lögmætra hagsmuna að gæta sem úrskurður í deilumáli kunni að hafa áhrif á getur það lagt fyrir dóminn beiðni um að því verði leyfð meðalganga.

2. Dómurinn skal kveða upp úrskurð um þessa beiðni.

3. Ef orðið er við beiðni um meðalgöngu skal úrskurður dómsins í deilumálinu vera bindandi fyrir aðildarríkið, sem leyfð er meðalganga, að svo miklu leyti sem hann snertir mál er það aðildarríki gekk inn í.

32. gr.
Réttur til meðalgöngu vegna túlkunar eða beitingar

1. Hvenær sem reynir á túlkun eða beitingu samnings þessa skal ritarinn tilkynna öllum aðildarríkjum það þegar í stað.

2. Hvenær sem reynir á túlkun eða beitingu alþjóðasamnings samkvæmt 21. eða 22. gr. þessa viðauka skal ritarinn tilkynna öllum samningsaðilunum það.

3. Sérhver aðili, sem getið er í 1. og 2. tl., hefur rétt til að ganga inn í málið; ef hann neytir þessa réttar er túlkunin, sem kemur fram í dóminum, jafnbindandi fyrir hann.

33. gr.
Endanleiki og bindandi áhrif úrskurða

1. Úrskurður dómsins er endanlegur og skulu allir aðilar deilumálsins hlíta honum.

2. Úrskurðurinn skal engin bindandi áhrif hafa nema fyrir aðilana um hið tiltekna deilumál.

3. Ef ágreiningur verður um merkingu eða umfang úrskurðarins skal dómurinn skýra hann að beiðni aðila.

34. gr.
Málskostnaður

Ef dómurinn kveður ekki á um annað skal sérhver aðili greiða sinn eiginn málskostnað.

Article 29
Majority for decision

1. All questions shall be decided by a majority of the members of the Tribunal who are present.

2. In the event of an equality of votes, the President or the member of the Tribunal who acts in his place shall have a casting vote.

Article 30
Judgment

1. The judgment shall state the reasons on which it is based.

2. It shall contain the names of the members of the Tribunal who have taken part in the decision.

3. If the judgment does not represent in whole or in part the unanimous opinion of the members of the Tribunal, any member shall be entitled to deliver a separate opinion.

4. The judgment shall be signed by the President and by the Registrar. It shall be read in open court, due notice having been given to the parties to the dispute.

Article 31
Request to intervene

1. Should a State Party consider that it has an interest of a legal nature which may be affected by the decision in any dispute, it may submit a request to the Tribunal to be permitted to intervene.

2. It shall be for the Tribunal to decide upon this request.

3. If a request to intervene is granted, the decision of the Tribunal in respect of the dispute shall be binding upon the intervening State Party in so far as it relates to matters in respect of which that State Party intervened.

Article 32
Right to intervene in cases of interpretation or application

1. Whenever the interpretation or application of this Convention is in question, the Registrar shall notify all States Parties forthwith.

2. Whenever pursuant to article 21 or 22 of this Annex the interpretation or application of an international agreement is in question, the Registrar shall notify all the parties to the agreement.

3. Every party referred to in paragraphs 1 and 2 has the right to intervene in the proceedings; if it uses this right, the interpretation given by the judgment will be equally binding upon it.

Article 33
Finality and binding force of decisions

1. The decision of the Tribunal is final and shall be complied with by all the parties to the dispute.

2. The decision shall have no binding force except between the parties in respect of that particular dispute.

3. In the event of dispute as to the meaning or scope of the decision, the Tribunal shall construe it upon the request of any party.

Article 34
Costs

Unless otherwise decided by the Tribunal, each party shall bear its own costs.

4. KAFLI. HAFSBOTNSDEILNADEILD

35. gr.
Skipun

1. Hafsbotnsdeilnadeildin, sem getið er í 14. gr. þessa viðauka, skal skipuð 11 dómurum sem meirihluti kjörinna dómara velur úr sínum hópi.

2. Við val dómara deildarinnar skal tryggja að fulltrúar séu frá helstu réttarkerfum heimsins, svo og sanngjarna hnattsvæðisdreifingu. Þing stofnunarinnar getur samþykkt tillögur almenns eðlis um þessa fulltrúa og dreifingu.

3. Dómara deildarinnar skal velja þriðja hvert ár og má velja þá annað starfstímabil.

4. Deildin skal kjósa sér forseta úr hópi dómara sinna og skal hann starfa tímann sem deildin hefur verið valin til.

5. Ef máli er enn ólokið að liðnu þriggja ára tímabili sem deildin hefur verið valin til skal deildin, eins og hún var upphaflega skipuð, ljúka málinu.

6. Ef sæti verður autt í deildinni skal dómurinn velja úr hópi kjörinna dómara sinna eftirmann sem skal gegna störfum það sem eftir er af starfstíma fyrirrennara síns.

7. Sjö dómarar, sem dómurinn velur, skulu vera nauðsynlegt skilyrði fyrir ályktunarhæfi deildarinnar.

36. gr.
Sérmálsdeildir

1. Hafsbotnsdeilnadeildin skal stofna sérmálsdeild, skipaða þremur dómurum sínum, til að fjalla um einstakt deilumál sem lagt er fyrir hana samkvæmt 188. gr., 1. tl. b). Hafsbotnsdeilnadeildin skal ákveða skipun þessarar deildar með samþykki aðilanna.

2. Ef aðilarnir koma sér ekki saman um skipun sérmálsdeildar skal hvor aðili deilumálsins um sig skipa einn dómara og með samkomulagi sín á milli skulu þeir skipa þriðja dómarann. Ef þeir eru ósammála eða aðili lætur undir höfuð leggjast að framkvæma skipun skal forseti hafsbotnsdeilnadeildarinnar tafarlaust framkvæma skipunina eða skipanirnar úr hópi dómara hennar að höfðu samráði við aðilana.

3. Dómarar sérmálsdeildarinnar mega ekki vera í þjónustu nokkurra aðila deilumálsins né ríkisborgarar þeirra.

37. gr.
Aðild

Aðildarríkin, stofnunin og hinir aðilarnir, sem getið er í XI. hluta, 5. kafla, geta átt aðild að máli fyrir deildinni.

38. gr.
Réttarreglur sem beitt er

Auk ákvæða 293. gr. skal deildin beita:

a) reglum, reglugerðum og starfsháttum stofnunarinnar sem mótaðir eru samkvæmt samningi þessum; og

SECTION 4. SEA-BED DISPUTES CHAMBER

Article 35
Composition

1. The Sea-Bed Disputes Chamber referred to in article 14 of this Annex shall be composed of 11 members, selected by a majority of the elected members of the Tribunal from among them.

2. In the selection of the members of the Chamber, the representation of the principal legal systems of the world and equitable geographical distribution shall be assured. The Assembly of the Authority may adopt recommendations of a general nature relating to such representation and distribution.

3. The members of the Chamber shall be selected every three years and may be selected for a second term.

4. The Chamber shall elect its President from among its members, who shall serve for the term for which the Chamber has been selected.

5. If any proceedings are still pending at the end of any three-year period for which the Chamber has been selected, the Chamber shall complete the proceedings in its original composition.

6. If a vacancy occurs in the Chamber, the Tribunal shall select a successor from among its elected members, who shall hold office for the remainder of his predecessor's term.

7. A quorum of seven of the members selected by the Tribunal shall be required to constitute the Chamber.

Article 36
Ad hoc chambers

1. The Sea-Bed Disputes Chamber shall form an *ad hoc* chamber, composed of three of its members, for dealing with a particular dispute submitted to it in accordance with article 188, paragraph 1(b). The composition of such a chamber shall be determined by the Sea-Bed Disputes Chamber with the approval of the parties.

2. If the parties do not agree on the composition of an *ad hoc* chamber, each party to the dispute shall appoint one member, and the third member shall be appointed by them in agreement. If they disagree, or if any party fails to make an appointment, the President of the Sea-Bed Disputes Chamber shall promptly make the appointment or appointments from among its members, after consultation with the parties.

3. Members of the *ad hoc* chamber must not be in the service of, or nationals of, any of the parties to the dispute.

Article 37
Access

The Chamber shall be open to the States Parties, the Authority and the other entities referred to in Part XI, section 5.

Article 38
Applicable law

In addition to the provisions of article 293, the Chamber shall apply:

(a) the rules, regulations and procedures of the Authority adopted in accordance with this Convention; and

b) ákvæðum samninga varðandi starfsemi á svæðinu í málum sem snerta þá samninga.

39. gr.
Fullnusta úrskurða deildarinnar

Úrskurðum deildarinnar má fullnægja í löndum aðildarríkjanna á sama hátt og dómum eða úrskurðum æðsta dómstóls í landi aðildarríkisins þar sem fullnustu er leitað.

40. gr.
Gildissvið annarra kafla þessa viðauka

1. Aðrir kaflar þessa viðauka, sem eru ekki ósamrýmanlegir þessum kafla, gilda um deildina.

2. Þegar deildin starfar að álitsgerðum skal hún fara eftir ákvæðum þessa viðauka um málsmeðferð fyrir dóminum að því leyti sem hún telur þeim verða beitt.

5. KAFLI. BREYTINGAR

41. gr.
Breytingar

1. Aðrar breytingar á þessum viðauka en breytingar á 4. kafla má aðeins samþykkja samkvæmt 313. gr. eða samhljóða á ráðstefnu sem boðað er til samkvæmt samningi þessum.

2. Breytingar á 4. kafla má aðeins samþykkja samkvæmt 314. gr.

3. Dómurinn getur með skriflegum orðsendingum til aðildarríkjanna, til athugunar í samræmi við 1. og 2. tl., gert þær tillögur um breytingar á þessari samþykkt sem hann kann að telja nauðsynlegar.

VII. VIÐAUKI. GERÐ

1. gr.
Höfðun máls

Í samræmi við ákvæði XV. hluta getur aðili deilumáls með skriflegri tilkynningu, sem stíluð er á hinn eða hina aðila deilumálsins, látið deilumálið sæta gerðardómsmeðferðinni sem kveðið er á um í þessum viðauka. Tilkynningunni skal fylgja greinargerð um kröfuna og ástæðurnar sem hún er byggð á.

2. gr.
Skrá um gerðarmenn

1. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal gera og halda skrá um gerðarmenn. Sérhverju aðildarríki skal heimilt að tilnefna fjóra gerðarmenn og

(b) the terms of contracts concerning activities in the Area in matters relating to those contracts.

Article 39
Enforcement of decisions of the Chamber

The decisions of the Chamber shall be enforceable in the territories of the States Parties in the same manner as judgments or orders of the highest court of the State Party in whose territory the enforcement is sought.

Article 40
Applicability of other sections of this Annex

1. The other sections of this Annex which are not incompatible with this section apply to the Chamber.

2. In the exercise of its functions relating to advisory opinions, the Chamber shall be guided by the provisions of this Annex relating to procedure before the Tribunal to the extent to which it recognizes them to be applicable.

SECTION 5. AMENDMENTS

Article 41
Amendments

1. Amendments to this Annex, other than amendments to section 4, may be adopted only in accordance with article 313 or by consensus at a conference convened in accordance with this Convention.

2. Amendments to section 4 may be adopted only in accordance with article 314.

3. The Tribunal may propose such amendments to this Statute as it may consider necessary, by written communications to the States Parties for their consideration in conformity with paragraphs 1 and 2.

ANNEX VII. ARBITRATION

Article 1
Institution of proceedings

Subject to the provisions of Part XV, any party to a dispute may submit the dispute to the arbitral procedure provided for in this Annex by written notification addressed to the other party or parties to the dispute. The notification shall be accompanied by a statement of the claim and the grounds on which it is based.

Article 2
List of arbitrators

1. A list of arbitrators shall be drawn up and maintained by the Secretary-General of the United Nations. Every State Party shall be entitled to nominate

skal hver þeirra hafa reynslu í málefnum hafsins og vera í mjög miklu áliti sakir réttsýni, hæfni og heiðarleika. Skráin skal felast í nöfnum þannig tilnefndra manna.

2. Ef gerðarmennirnir, sem aðildarríki hefur tilnefnt, eru einhvern tíma færri en fjórir á þannig gerðri skrá skal því aðildarríki heimilt að koma með fleiri tilnefningar eftir þörfum.

3. Nafn gerðarmanns skal vera á skránni þar til aðildarríkið, sem kom með tilnefninguna, afturkallar hana enda skal þessi gerðarmaður starfa áfram í gerðardómi sem hann hefur verið skipaður í uns málinu fyrir þeim gerðardómi lýkur.

3. gr.
Skipun gerðardóms

Í málum samkvæmt þessum viðauka skal gerðardómurinn skipaður á eftirfarandi hátt nema aðilarnir komi sér saman um annað:

a) Gerðardómurinn skal skipaður fimm mönnum, samanber þó g-lið.

b) Aðilinn, sem höfðar málið, skal skipa einn mann, helst valinn af skránni sem getið er í 2. gr. þessa viðauka, og má sá vera ríkisborgari hans. Tilkynningin, sem getið er í 1. gr. þessa viðauka, skal geyma skipunina.

c) Hinn aðili deilumálsins skal innan 30 daga frá móttöku tilkynningarinnar, sem getið er í 1. gr. þessa viðauka, skipa einn mann, helst valinn af skránni, og má sá vera ríkisborgari hans. Ef skipunin er ekki framkvæmd innan þess tíma getur aðilinn, sem höfðar málið, innan tveggja vikna frá lokum þess tíma, óskað þess að skipunin sé framkvæmd samkvæmt e-lið.

d) Hina mennina þrjá skal skipa með samkomulagi á milli aðilanna. Skal helst velja þá af skránni og skulu þeir vera ríkisborgarar þriðja ríkis nema aðilarnir komi sér saman um annað. Aðilar deilumálsins skulu skipa forseta gerðardómsins úr hópi þessara þriggja manna. Ef aðilarnir geta ekki innan 60 daga frá móttöku tilkynningarinnar, sem getið er í 1. gr. þessa viðauka, komist að samkomulagi um skipun eins eða fleiri þeirra manna í dóminn, sem skipa á með samkomulagi, né skipun forsetans skal að beiðni aðila deilumálsins framkvæma skipunina eða skipanirnar, sem eftir eru, samkvæmt e-lið. Þessa beiðni skal bera fram innan tveggja vikna frá lokum fyrrnefnds 60 daga frests.

e) Forseti Alþjóðlega hafréttardómsins skal framkvæma nauðsynlegar skipanir nema aðilarnir komi sér saman um að einstaklingur eða þriðja ríki, sem aðilarnir velja, framkvæmi skipun samkvæmt c- og d-lið. Ef forsetinn getur ekki starfað samkvæmt þessum lið eða er ríkisborgari einhvers aðila deilumálsins skal elsti dómari Alþjóðlega hafréttardómsins, sem er viðlátinn og ekki ríkisborgari einhvers aðilanna, framkvæma skipunina. Skipanirnar, sem getið er í þessum lið, skal framkvæma af skránni, sem getið er í 2. gr. þessa viðauka, innan 30 daga frests frá móttöku beiðninnar og í samráði við aðilana. Mennirnir, sem eru skipaðir þannig, skulu vera af mismunandi þjóðerni og mega ekki vera í þjónustu einhvers aðila deilumálsins, venjulega búsettir í landi hans né ríkisborgarar hans.

four arbitrators, each of whom shall be a person experienced in maritime affairs and enjoying the highest reputation for fairness, competence and integrity. The names of the persons so nominated shall constitute the list.

2. If at any time the arbitrators nominated by a State Party in the list so constituted shall be fewer than four, that State Party shall be entitled to make further nominations as necessary.

3. The name of an arbitrator shall remain on the list until withdrawn by the State Party which made the nomination, provided that such arbitrator shall continue to serve on any arbitral tribunal to which that arbitrator has been appointed until the completion of the proceedings before that arbitral tribunal.

Article 3
Constitution of arbitral tribunal

For the purpose of proceedings under this Annex, the arbitral tribunal shall, unless the parties otherwise agree, be constituted as follows:

(a) Subject to subparagraph (g), the arbitral tribunal shall consist of five members.

(b) The party instituting the proceedings shall appoint one member to be chosen preferably from the list referred to in article 2 of this Annex, who may be its national. The appointment shall be included in the notification referred to in article 1 of this Annex.

